

# EES-viðbætur

ISSN 1022-9337

Nr. 25

við Stjórnartíðindi EB

3. árgangur

13.6.1996

## I EES-STOFNANIR

### 1. EES-ráðið

#### 2. Sameiginlega EES-nefndin

<b>96/EES/25/01</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 37/95 frá 22. júní 1995 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn..... 01 Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/41/EB frá 18. júlí 1994 um breytingu á tilskipun ráðsins 70/524/EBE um aukefni í fóðri.....02
<b>96/EES/25/02</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 38/95 frá 22. júní 1995 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn..... 04 Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/40/EB frá 22. júlí 1994 um breytingu á tilskipun ráðsins 87/153/EBE um að setja viðmiðunarreglur um mat á aukefnum í dýrafæðu.....05
<b>96/EES/25/03</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 39/95 frá 22. júní 1995 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn..... 21 Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/39/EB frá 25. júlí 1994 um gerð skrár yfir fyrirhugaða notkun dýrafóðurs með sérstök næringarmarkmið í huga.....22
<b>96/EES/25/04</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 40/95 frá 22. júní 1995 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn..... 31 Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/68/EB frá 16. desember 1994 um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 78/318/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi þurrku- og sprautubúnað vélknúinna öktuækja..... 32
<b>96/EES/25/05</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 41/95 frá 22. júní 1995 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn..... 44 Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/78/EB frá 21. desember 1994 um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 78/549/EBE varðandi hjólhlífur vélknúinna ökutækja.....45
<b>96/EES/25/06</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 42/95 frá 22. júní 1995 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn..... 52 Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/54/EB frá 18. nóvember 1994 um lögbundnar upplýsingar á merkingum tiltekinna matvæla aðrar en þær sem kveðið er á um í tilskipun ráðsins 79/112/EBE..... 53
<b>96/EES/25/07</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 43/95 frá 22. júní 1995 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn..... 55 Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/52/EB frá 7. desember 1994 um aðra breytingu á tilskipun 88/344/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi leysiefni sem notuð eru við framleiðslu matvæla og efnisþátta sem notaðir eru við matvælavinnslu..... 56

<b>96/EES/25/08</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 44/95 frá 22. júní 1995 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn..... 57 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2703/94 frá 7. nóvember 1994 um breytingu á I., II. og III. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarks magn leifa dýrallyfja í matvælum úr dýrarfkinu....58
<b>96/EES/25/09</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 45/95 frá 22. júní 1995 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn..... 61 Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/48/EB frá 7. desember 1994 um 13. breytingu á tilskipun 76/769/EBE um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnarsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi takmörkun á sölu og notkun tiltekinna skaðlegra efna og efnablandna.....62 Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/60/EB frá 20. desember 1994 um 14. breytingu á tilskipun 76/769/EBE um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnarsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi takmörkun á sölu og notkun tiltekinna skaðlegra efna og efnablandna.....65
<b>96/EES/25/10</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 46/95 frá 22. júní 1995 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn..... 75 Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/79/EB frá 21. desember 1994 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE um markaðssetningu plöntuvarnarefna..... 76
<b>96/EES/25/11</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 47/95 frá 22. júní 1995 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn..... 98 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/796/EB frá 18. nóvember 1994 um sameiginlega tækniforskrift að frumtengingu við samevrópska stafræna samþætta þjónustunetið (ISDN)....99 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/797/EB frá 18. nóvember 1994 um sameiginlega tækniforskrift að grunntengingu við samevrópska stafræna samþætta þjónustunetið (ISDN)..112 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/821/EB frá 9. desember 1994 um sameiginlega tækniforskrift að tengikröfum sem eru gerðar til skilflata endabúnaðar fyrir stafrænar óskipulegar leigulínur með 64 kílóbita/s flutningsgetu í frjálsa netaðgangskerfinu (ONP-kerfinu)..... 128
<b>96/EES/25/12</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 48/95 frá 22. júní 1995 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn..... 130 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/611/EB frá 9. september 1994 um framkvæmd á 20. gr. tilskipunar ráðsins 89/106/EBE um byggingarvörur..... 131
<b>96/EES/25/13</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 50/95 frá 22. júní 1995 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn..... 136 Ályktun ráðsins 94/C 309/01 frá 24. október 1994 um gagnaflutningsþjónustu á sviði flutninga..... 137
<b>96/EES/25/14</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 51/95 frá 22. júní 1995 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn..... 139 Ályktun ráðsins 94/C 309/02 frá 24. október 1994 um aðstæður í evrópsku almenningsflugi. 140
<b>96/EES/25/15</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 52/95 frá 22. júní 1995 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn..... 142 Ályktun ráðsins 94/C 309/04 frá 24. október 1994 um farmflutninga á vegum á evrópskum innri markaði..... 143
<b>96/EES/25/16</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 53/95 frá 22. júní 1995 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn..... 145 Ályktun ráðsins 94/C 309/05 frá 24. október 1994 um skipulagsumbætur í flutningum á skipengum vatnaleiðum..... 146

96/EES/25/17	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 54/95 frá 22. júní 1995 um breytingu á XVII. viðauka (Hugverkaréttindi) við EES-samninginn..... 147	147
	Ákvörðun ráðsins 94/700/EB frá 24. október 1994 um rýmkun lögverndar fyrir svæðislýsingar smárása á hálfleiðurum þannig að hún nái til persóna frá Kanada..... 148	148
	Ákvörðun ráðsins 94/828/EB frá 19. desember 1994 um rýmkun lögverndar fyrir svæðislýsingar smárása á hálfleiðurum þannig að hún nái til persóna frá tilteknum yfirráðasvæðum..... 150	150
	Ákvörðun ráðsins 94/824/EB frá 22. desember 1994 um rýmkun lögverndar svæðislýsinga smárása á hálfleiðurum þannig að hún nái til persóna frá aðila að Alþjóðaviðskipta-stofnuninni..... 152	152
96/EES/25/18	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 55/95 frá 22. júní 1995 um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn..... 153	153
	Tilskipun ráðsins 94/45/EB frá 22. september 1994 um stofnun evrópsks samstarfsráðs eða samþykkt reglna í fyrirtækjum og fyrirtækjahópum er starfa á bandalagsvísu varðandi upplýsingamiðlun og samráð við starfsmenn..... 154	154
	<b>3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin</b>	
	<b>4. Ráðgjafarnefnd EES</b>	
	<b>II EFTA-STOFNANIR</b>	
	<b>1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna</b>	
	<b>2. Eftirlitsstofnun EFTA</b>	
96/EES/25/19	Ákvörðun eftirlitsstofnunar EFTA nr. 23/96/COL frá 6. mars 1996 um sjöundu breytingu á „Málsmeðferð og efni reglna á sviði ríkisaðstoðar”..... 162	162
96/EES/25/20	Birting á ákvörðunum aðildarríkjanna um að veita eða afturkalla flugrekstrarleyfi samkvæmt 4. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 2407/92 um flugrekstrarleyfi til handa flugfélögum..... 166	166
96/EES/25/21	Orðsending frá Konungsríkinu Noregi samkvæmt gerðinni sem um getur í 12. lið IV. viðauka við EES-samninginn um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni..... 167	167
96/EES/25/22	Orðsending frá eftirlitsstofnun EFTA..... 167	167
	<b>3. EFTA-dómstóllinn</b>	
96/EES/25/23	Beiðni um ráðgefandi álit frá héraðsréttinum í Inderøy samkvæmt úrskurði þess dómstóls frá 11. mars 1996 í máli Jørn Ulstein og Per Otto Røiseng gegn Asbjørn Møller..... 168	168

### III EB-STOFNANIR

#### 1. Ráðið

#### 2. Framkvæmdastjórnin

<b>96/EES/25/24</b>	Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram (Mál nr. IV/M.709 - Telefónica/Sogecable/Cablevisión).....	169
<b>96/EES/25/25</b>	Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram (Mál nr. IV/M.719 - Röhm/Rohm and Haas).....	170
<b>96/EES/25/26</b>	Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram (Mál nr. IV/M.735 - BPB/Isover).....	171
<b>96/EES/25/27</b>	Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram (Mál nr. IV/M.745 - Bayernwerk/Gaz de France).....	172
<b>96/EES/25/28</b>	Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram (Mál nr. IV/M.764- St-Gobain/Poliet).....	173

#### 3. Dómstóllinn

# EES-STOFNANIR

## SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

### ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

96/EES/25/01

nr. 37/95  
frá 22. júní 1995

#### um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

##### SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

I. viðauka við samninginn var síðast breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 4/95 frá 27. janúar 1995<sup>(1)</sup>.

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/41/EB frá 18. júlí 1994 um breytingu á tilskipun ráðsins 70/524/EBE um aukefni í fóðri<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

##### ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

###### 1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 1. lið (tilskipun ráðsins 70/524/EBE) í II. kafla I. viðauka við samninginn á undan aðlöguninni:

„- **394 L 0041:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/41/EB frá 18. júlí 1994 (Stjttíð. EB nr. L 209, 12. 8. 1994, bls. 18).“.

###### 2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar 94/41/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

###### 3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. júlí 1995, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

###### 4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 22. júní 1995.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

*P. Benavides*

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. L 47, 2. 3. 1995, bls. 24 og EES-viðbætur við Stjttíð. EB nr. 7, 2. 3. 1995, bls. 57.

<sup>(2)</sup> Stjttíð. EB nr. L 209, 12. 8. 1994, bls. 18.

**TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 94/41/EB****frá 18. júlí 1994****um breytingu á tilskipun ráðsins 70/524/EBE um aukefni í fóðri(\*)****FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fóðri <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/17/EB <sup>(2)</sup>, einkum 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í tilskipun 70/524/EBE er kveðið á um að efni viðauka hennar verði breytt reglulega með hliðsjón af framförum á sviði vísinda og tækni. Viðaukunum hefur verið steypt saman í tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 91/248/EBE <sup>(3)</sup>.

Notkun aukefnis er telst til bindiefna, kekkjavarnar- og storkuefna hefur verið nákvæmlega prófuð í tilteknum aðildarríkjum. Svo virðist sem unnt sé að heimila notkun þessa nýja efnis hvarvetna í bandalaginu á grundvelli fenginnar reynslu.

Ný notkun aukefna er teljast til sýklalyfja og örvera hefur verið prófuð með góðum árangri í tilteknum aðildarríkjum. Slíka nýja notkun ber að heimila til bráðabirgða innanlands meðan beðið er eftir að hún verði heimiluð á vettvangi bandalagsins.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari tilskipun eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um fóður.

**SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:**

Gjört í Brussel 18. júlí 1994.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

**René STEICHEN**

framkvæmdastjóri.

**1. gr.**

Viðaukum við tilskipun 70/524/EBE er hér með breytt eins og fram kemur í viðauka við þessa tilskipun.

**2. gr.**

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 30. júní 1995. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær verða birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem samþykkt verða um málefni sem tilskipun þessi nær til.

Tilskipun þessi öðlast gildi 20 dögum eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins*.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttíð. EB nr. L 209, 12. 8. 1994, bls. 18, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 37/95 frá 22. júní 1995 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjttíð. EB nr. L 270, 14. 12. 1970, bls. 1.

(2) Stjttíð. EB nr. L 105, 26. 4. 1994, bls. 19.

(3) Stjttíð. EB nr. L 124, 18. 5. 1991, bls. 1.

## VIÐAUKI

Viðaukum við tilskipun 70/524/EBE er breytt sem hér segir:

1. Í I. viðauka:

1.1. Í L-hluta „Bindiefni, kekkjavarnar- og storkuefni“:

1.1.1. breytist EB-númerið fyrir sepiólít í E 562;

1.1.2. bætist eftirfarandi atriði við:

EB-nr.	Aukefni	Efnaformúla, lýsing	Dýrategund eða -flokkur	Hámarksaldur	Lágmarks-	Hámarks-	Önnur ákvæði
					magn	magn	
					heilfóður, mg/kg		
„E 563	Sepiólít- kenndur leir	Vatnað magnúmsilíkat úr botnfallsefnum, sem inniheldur að minnsta kosti 40% af sepiólíti og 25% af illíti. Laust við asbest	Allar dýrategundir og- flokkar	-	-	20 000	Allt fóður“

2. Í II. viðauka:

2.1. Í A-hluta „Sýklalyf“ bætist eftirfarandi við:

Nr.	Aukefni	Efnaformúla, lýsing	Dýrategund eða -flokkur	Hámarksaldur	Lágmarks-	Hámarks-	Önnur ákvæði	Gildistími heimildar
					magn	magn		
					heilfóður, mg/kg			
„31	Basítra- sínsink	$C_{66}H_{103}O_{16}N_{17}SZn$ (fjölpeptíð sem inniheldur 12 - 20% sink)	Holdakjúklingar  Svín	-  6 mánaða	5  5	50  50	-  -	30. 11. 1995  30. 11. 1995“

2.2. Í O-hluta „Örverur“ bætist eftirfarandi við:

Nr.	Aukefni	Efnaformúla, lýsing	Dýrategund eða -flokkur	Hámarksaldur	Heilfóður, CFU/kg		Önnur ákvæði	Gildistími heimildar
					hámark	lágmark		
„2	<i>Bacillus licheniformis</i> (DSM 5749) / <i>Bacillus subtilis</i> (DSM 5750) [í hlutfallinu 1/1]	Blanda af <i>Bacillus licheniformis</i> og <i>Bacillus subtilis</i> sem inniheldur $3,2 \times 10^9$ CFU/g aukefni ( $1,6 \times 10^9$ CFU/g af hverjum sýkli)	Mjólkurgrísir	4 mánaða	$1,28 \times 10^9$	$3,2 \times 10^9$	-	30. 11. 1995“

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 96/EES/25/02**

**nr. 38/95**  
**frá 22. júní 1995**

**um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn****SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,**

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

I. viðauka við samninginn var síðast breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 4/95 frá 27. janúar 1995<sup>(1)</sup>.

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/40/EB frá 22. júlí 1994 um breytingu á tilskipun ráðsins 87/153/EBE um að setja viðmiðunarreglur um mat á aukefnum í dýrafæðu<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

**ÁKVEÐID EFTIRFARANDI:****1. gr.**

Eftirfarandi bætist við í 2. lið (tilskipun ráðsins 87/153/EBE) í II. kafla I. viðauka við samninginn:

„, eins og henni var breytt með:

- **394 L 0040:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/40/EB frá 22. júlí 1994 (Stjttfð. EB nr. L 208, 11. 8. 1994, bls. 15).“.

**2. gr.**

Fullgiltur texti tilskipunar 94/40/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

**3. gr.**

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. júlí 1995, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

**4. gr.**

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 22. júní 1995.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

*P. Benavides*

<sup>(1)</sup> Stjttfð. EB nr. L 47, 2. 3. 1995, bls. 24 og EES-viðbætur við Stjttfð. EB nr. 7, 2. 3. 1995, bls. 57.

<sup>(2)</sup> Stjttfð. EB nr. L 208, 11. 8. 1994, bls. 15.



**TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 94/40/EB****frá 22. júlí 1994****um breytingu á tilskipun ráðsins 87/153/EBE um að setja viðmiðunarreglur um mat á aukefnum í dýrafæðu(\*)****FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fódri <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/17/EB <sup>(2)</sup>, einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í tilskipun 70/524/EBE er kveðið á um viðmiðunarreglur um mat á aukefnum í dýrafæðu, sem síðar voru settar með tilskipun ráðsins 87/153/EBE <sup>(3)</sup>, og breytingu á þeim í ljósi aukinnar þekkingar á sviði tækni og vísinda.

Þessum viðmiðunarreglum skulu fylgja viðmiðanir um meðhöndlun beiðna um heimild fyrir ensímum og örverum sem á að nota sem aukefni í fódur.

Samkvæmt ákvæðum tilskipunar ráðsins 93/114/EB <sup>(4)</sup> er nauðsynlegt að reglur bandalagsins um að heimila aukefni nái yfir kröfur tilskipunar ráðsins 90/220/EBE frá 23. apríl 1990 um þau tilvik er erfðabreyttum lífverum er sleppt af ásettu ráði út í umhverfið <sup>(5)</sup>, eins og henni var breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/15/EB <sup>(6)</sup>, með tilliti til sérstaks áhættumats fyrir umhverfið, til að þær geti gilt um öll aukefni sem innihalda eða samanstanda af erfðabreyttum lífverum. Af þessum sökum er rétt að breyta tilskipun 87/153/EBE til að fara að kröfum tilskipunar 90/220/EBE.

Þar eð fjölmargar breytingar hafa verið gerðar virðist hagkvæmt að steypa öllum viðmiðunarreglunum saman í viðauka við þessa tilskipun.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari tilskipun eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um fódur.

**SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:****1. gr.**

Viðauki við þessa tilskipun kemur hér með í stað viðauka við tilskipun 87/153/EBE.

**2. gr.**

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnáslu-fyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 1. október 1994. Þau skulu tilkynna framkvæmdastjórninni það þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær verða birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

**3. gr.**

Tilskipun þessi öðlast gildi 20 dögum eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins*.

Gjört í Brussel 22. júlí 1994.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

**René STEICHEN**

framkvæmdastjóri.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttíð. EB nr. L 208, 11. 8. 1994, bls. 15, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 38/95 frá 22. júní 1995 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjttíð. EB nr. L 270, 14. 12. 1970, bls. 1.

(2) Stjttíð. EB nr. L 105, 26. 4. 1994, bls. 19.

(3) Stjttíð. EB nr. L 64, 7. 3. 1987, bls. 19.

(4) Stjttíð. EB nr. L 334, 31. 12. 1993, bls. 24.

(5) Stjttíð. EB nr. L 117, 8. 5. 1990, bls. 15.

(6) Stjttíð. EB nr. L 103, 22. 4. 1994, bls. 20.

# VIÐAUKI

## VIÐMIÐUNARREGLUR UM MAT Á AUKEFNUM Í FÓÐRI

### ALMENN ATRIÐI

Þessum viðmiðunarreglum er ætlað að vera til leiðbeiningar um samantekt gagna um efni og efnablöndur við umsókn um leyfi fyrir aukefni í fóðri. Með þessum gögnum á að vera hægt að meta aukefnin með hliðsjón af þeirri þekkingu sem er fyrir hendi og að tryggja að þau séu í samræmi við grundvallarreglurnar sem mælt er fyrir um vegna þessara leyfisveitinga, samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 7. gr. tilskipunar 70/524/EBE.

Heimilt er að gera kröfur um að niðurstöður allra rannsókna sem tilgreindar eru í þessum viðmiðunarreglum og, ef nauðsyn krefur, viðbótarupplýsingar, verði lagðar fram. Almenn regla er að niðurstöður rannsókna sem miða að því að ákvarða auðkenni aukefnisins, notkunarskilyrði, eðlisefnafræðilega eiginleika, greiningaraðferðir og virkni þess auk niðurbrots, líffræðilegra og eiturefnafræðilegra áhrifa á markdýrategundir skuli lagðar fram. Þegar nota á aukefnið fyrir dýraflokk af tiltekinni tegund skulu rannsóknirnar fara fram á þeim dýraflokki. Rannsóknirnar sem eru nauðsynlegar til að meta áhættu fyrir heilsu manna eða umhverfi byggjast að miklu leyti á eðli aukefnisins og aðstæðum sem ríkja þar sem það er notað. Engin föst regla gildir í þessu sambandi.

Ekki verður ætíð þörf á að krefjast þess að haft sé eins strangt eftirlit með aukefnum sem eingöngu eru notuð í gæludýrafóður til að skera úr um hvort þau valdi langvinnum eiturrhifum, stökkbreytingum og krabbameinsmyndun eins og krafist er fyrir aukefni sem ætluð eru í fóður handa búfenaði sem gefur af sér afurðir til manneldis. Í því skyni að ákvarða hvort hætta sé á langvinnum eiturrhifum er oftast nægilegt að rannsaka tvær markdýrategundir eða eina markdýrategund og rottur um eins árs skeið. Venjulega er ekki þörf á að rannsaka stökkbreytingar og krabbameinsmyndun ef efnasamsetning, hagnýt reynsla eða aðrir þættir benda ekki til þess að líkur séu á breytingum. Hugsanlega má komast hjá að greina efnaleifar vegna gæludýra.

Mikilvægt er að kunna skil á niðurbroti aukefnanna í búfenaði til fæðuframléiðslu, efnaleifunum og líffræðilegu aðgengi. Einkum er nauðsynlegt að hægt sé að framkvæma eiturefnafræðilegar rannsóknir á tilraunadýrum til að meta hvort neytandinn á eitthvað á hættu og þá hver áhættan er. Ekki er hægt að grundvalla þetta mat eingöngu á upplýsingum sem ætlaðar eru til að ákvarða bein áhrif aukefnanna á tilraunadýr. Þau veita ekki sérstakar upplýsingar um raunveruleg áhrif efnaleifanna sem myndast við efnaskipti í dýrategundunum sem eiga að fá aukefnin.

Allar umsóknir um leyfi fyrir aukefni eða nýja notkun aukefnis skulu studdar gögnum sem ættu að innihalda nákvæmar skýrslur settar fram í þeirri röð og með númerakerfinu sem viðmiðunarreglurnar segja til um. Ef gögn sem tilgreind eru í viðmiðunarreglunum eru ekki fyrir hendi skal tilgreina ástæðurnar. Ef vísad er til rita skulu þau fylgja með. Rannsóknarskýrslur skulu fylgja áætlanir, tilvísunarnúmer, dagsetning á upphafi og lokum tilraunar, nákvæm lýsing á prófum, niðurstöðum og greiningum, svo og nafn, heimilisfang og undirskrift þess sem ber ábyrgð á rannsókninni. Á sérhverri framleiðslulotu fóðurs, sem er notuð við tilraunir á dýrum, skal fara fram greining á styrk virku efnanna með viðeigandi aðferð og lögð fram skýrsla um niðurstöðurnar. Í skýrslunni skulu einnig koma fram upplýsingar um einstaka skammta sem finnast í hverri tilraun, dagsetningar tilrauna og nafn, heimilisfang og undirskrift þess sem ber ábyrgð á eftirlitinu. Auk þess skal skýrslunni fylgja vottorð frá rannsóknarstofunni eða rannsóknarstofunum, þar sem tilraunirnar voru gerðar, þess efnis að prófanirnar hafi farið fram í samræmi við meginreglur um góðar starfsvenjur við rannsóknir samkvæmt tilskipun ráðsins 87/18/EBE um samhæfingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum um beitingu meginreglna varðandi góðar starfsvenjur við rannsóknir og sannprófun á beitingu þeirra vegna prófana á efnunum <sup>(1)</sup>.

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. L 15, 17. 1. 1987, bls. 29.

Eðlisefnafræðilegir, eiturefnafræðilegir og umhverfiseiturefnafræðilegir eiginleikar skulu ákvarðaðir í samræmi við aðferðirnar sem mælt er fyrir um í tilskipun ráðsins 67/548/EBE um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum um flokkun, þökkun og merkingu hættulegra efna <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 93/105/EB <sup>(2)</sup>, eða við aðferðir sem eru alþjóðlega viðurkenndar af vísindastofnunum. Notkun annarra aðferða skal rökstudd.

Með gögnunum skal fylgja viðeigandi yfirlit. Með gögnunum um sýklalyf, hníslalyf og önnur lyfjaefni, vaxtarhvata, örverur og/eða ensímefnablöndur skal fylgja greinargerð sem er í samræmi við fyrirmyndina sem kveðið er á um í V. hluta þar sem hægt er að auðkenna og greina eðli aukefnisins sem um ræðir í samræmi við 1. mgr. 8. gr. tilskipunar 70/524/EBE.

Hugtakið „aukefni“, eins og það er notað í þessum viðmiðunarreglum, vísar til virku efnanna eða efnablandnanna sem innihalda virku efni í sama ástandi og í forblöndum og í fóðri. Virkt efni getur verið efnafræðilega skilgreint efni, örvera eða ensímefnablanda.

Í þessum viðmiðunarreglum merkir „efnafræðilega skilgreint efni“ kemískt efni sem ber samþykkt efnaheiti í samræmi við IUPAC-flokkunarkerfið.

Framkvæmdastjórninni skal tilkynnt með hæfilegum fyrirvara, af aðildarríkinu sem afhendir henni gögnin, um allar breytingar sem kunna að vera gerðar á framleiðsluferlinu eða samsetningu aukefnis, notkunarsviði þess og notkunarskilyrðum. Vegna þessa kann að vera nauðsynlegt að leggja fram skjöl sem verða notuð til að framkvæma nýtt mat. Þessar kröfur verða sérstaklega brynar vegna afurða sem unnar eru úr erfðabreyttum örverum eða verða til sem náttúruleg stökkbrigði.

#### EFNISYFIRLIT

I. ÞÁTTUR:	Yfirlit yfir gögnin .....	08
II. ÞÁTTUR:	Auðkenni, lýsing á eiginleikum og notkunarskilyrði aukefnis .....	08
	Eftirlitsaðferðir .....	08
III. ÞÁTTUR:	Rannsóknir á áhrifum aukefnisins .....	10
	1. Rannsóknir í því skyni að bæta eiginleika fóðurs .....	10
	2. Rannsóknir á áhrifum aukefna á dýraafurðir .....	11
	3. Rannsóknir á gæðum dýraafurða .....	11
IV. ÞÁTTUR:	Rannsóknir á öryggi við notkun aukefna .....	12
	1. Rannsóknir á markdýrategundum .....	12
	1.1. Eiturefnafræðilegar rannsóknir á aukefninu .....	12
	1.2. Örverufræðilegar rannsóknir á aukefninu .....	13
	1.3. Rannsóknir á niðurbroti og efnaleifum .....	14
	2. Rannsóknir á útskildum efnaleifum .....	14
	3. Rannsóknir á tilraunadýrum .....	15
V. ÞÁTTUR:	Form greinargerðar .....	18

<sup>(1)</sup> Stjútíð. EB nr. L 196, 16. 8. 1967, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjútíð. EB nr. L 294, 30. 11. 1993, bls. 21.

## I. ÞÁTTUR

## YFIRLIT YFIR GÖGNIN

## II. ÞÁTTUR

## AUÐKENNI, LÝSING Á EIGINLEIKUM OG NOTKUNARSKILYRÐI AUKEFNIS

## EFTIRLITSADFERÐIR

## 1. Auðkenni aukefnis

- 1.1. Fyrirhugað (fyrirhuguð) vöruheiti.
- 1.2. Tegund aukefnis með tilliti til meginvirkni þess. 1.3. Efnisleg og töluleg samsetning (virk efni, aðrir efnisþættir, óhreinindi).
- 1.4. Eðlisástand, kornastærð.
- 1.5. Framleiðsluferli, þar með taldar allar sérhæfðar vinnsluaðferðir.

*Ath.:* Ef virka efnið er blanda virkra efnisþátta, sem allir eru skilgreinanlegir, skal helstu efnisþáttum lýst sérstaklega og hlutföll blöndunnar gefin.

## 2. Tækniforskriftir fyrir virka efnið

- 2.1. Fyrir efnafræðilega skilgreind efni: almennt heiti, efnaheiti samkvæmt IUPAC-flokkunarkerfinu, önnur almenn alþjóðleg heiti og skammstafanir. Chemical Abstracts Service-númer (CAS).

Fyrir örverur: heiti og flokkunarfræðileg lýsing í samræmi við alþjóðlegu flokkunarkerfistáknin (Codes of Nomenclature). Einnig má nota aðrar alþjóðlega viðurkenndar flokkunarhandbækur <sup>(1)</sup>.

Fyrir ensímefnablöndur: heiti eftir mikilvægustu virknieiginleikum ensíms í samræmi við lýsingu í IUB/IUPAC. EINECS- og CAS-númer.

- 2.2. Formúla, hlutfalls- og byggingarformúla ásamt mólþunga. Ef virka efnið er gerjunarafurð skal tilgreina efnislega og tölulega samsetningu helstu efnisþátta.

Fyrir örverur: heiti og söfnunarstaður ræktunar, helst EB-söfnunarstaður, þar sem stofninn er geymdur ásamt geymslunúmeri, breytingum á erfðaeefni og öllum eiginleikum sem gera kleift að auðkenna örverur. Að viðbættum uppruna, viðeigandi útlitseinkennum og lífeðlisfræðilegum eiginleikum, þróunarstigum, viðkomandi þáttum er kunna að vera hluti af líffræðilegri virkni örveru (sem aukefni) og öðrum erfðafræðilegum upplýsingum fyrir auðkenningu. Fjöldi gerlaklasaeininga sem myndast (CFU/g).

Fyrir ensímefnablöndur: líffræðilegur uppruni (ef um er að ræða örverufræðilegan uppruna: heiti og söfnunarstaður ræktunar, helst EB-söfnunarstaður, þar sem stofninn er geymdur ásamt geymslunúmeri, breytingum á erfðaeefni og öllum eiginleikum sem gera kleift að auðkenna örverur, að meðtöldum erfðafræðilegum upplýsingum fyrir auðkenningu), virkni gagnvart viðkomandi gerðum efnafræðilega hreinna ensímhvarfefna og öðrum eðlisefnafræðilegum eiginleikum.

<sup>(1)</sup> Til dæmis *Bergey's Manual of Systematic Bacteriology, The Yeasts, a Taxonomic study* eftir Lodder og Kreger van Rij, *Ainsworth and Bisby's Dictionary of the Fungi* eftir Hawksworth, Sutton og Ainsworth eða *The Genus Aspergillus* eftir Raper og Fennel.

### 2.3. *Hreinleikastig*

Efnisleg og töluleg samsetning óhreinindanna.

Fyrir örverur: erfðafræðilegur stöðugleiki og hreinleiki ræktaðra stofna.

Fyrir ensímefnablöndur:

- hreinleiki, með því að fylgjast með innihaldi mengandi örvera, þungamálma, að eiturefni úr upprunalegu lífverunni (þ.e. sveppaeitur) séu ekki til staðar, eins og sýnt er með viðeigandi aðferð;
- að örverueyðandi virkni sé ekki fyrir hendi miðað við styrk efnisins í fóðri eins og hann er ákvarðaður með viðeigandi aðferð;
- samsetning þátta sem eru ekki ensím (einkum TOS = Total Organic Solids <sup>(1)</sup>).

### 2.4. *Eiginleikar sem skipta máli*

Fyrir efnafræðilega skilgreind efni: rafstöðueiginleikar, bræðslumark, suðumark, niðurbrotshitastig, þéttleiki, gufuþrýstingur, leysni í vatni og lífræn leysiefni, massi og litrófsísog og aðrir eðlisfræðilegir eiginleikar sem máli skipta.

Fyrir örverur: eiginleikar sem varða auðkenningu og fyrirhugaða notkun (t.d. vaxtar- eða grómyndunarform, CFU/g).

Fyrir ensímefnablöndur: valfrjáls pH-gildi, valfrjálst hitastig og aðrir viðeigandi eiginleikar.

### 2.5. *Framleiðslu- og hreinsunarferli og vaxtarefni sem eru notuð*

Breyting á samsetningu lotanna meðan á framleiðslu stendur.

## 3. **Eðlisefnafræðilegir, tæknilegir og líffræðilegir eiginleikar aukefnisins**

- 3.1. Stöðugleiki (fyrir örverur: tap á líffræðilegri virkni, t.d. lífvænleika) gagnvart umhverfisáhrifum, svo sem ljósi, hita, pH, raka og súrefni. Geymsluþol.
- 3.2. Stöðugleiki (fyrir örverur: tap á líffræðilegri virkni, t.d. lífvænleika) við framleiðslu forblandna og fóðurs, einkum stöðugleiki gagnvart hita, þrýstingi og raka. Hugsanlegar niðurbrotsáfurðir.
- 3.3. Stöðugleiki (fyrir örverur: tap á líffræðilegri virkni, t.d. lífvænleika) við geymslu forblandna og fóðurs við tiltekin skilyrði. Geymsluþol.

Fyrir ensímefnablöndur: upplýsingar um efni sem myndast óvænt, annaðhvort við ensímefnahvörf eða kemísk efnahvörf ensímefnablöndu með fóðurefnum eða við niðurbrot ensímefnablöndu við geymslu fóðursins.

- 3.4. Aðrir eðlisefnafræðilegir, tæknilegir eða líffræðilegir eiginleikar sem máli skipta, svo sem hæfni til að mynda einsleitar blöndur í forblöndum og fóðri, rykmyndunareiginleikar og, fyrir örverur og/eða ensímefnablöndur, mat á viðnámi gegn niðurbroti eða tapi á líffræðilegri virkni í meltingarvegi eða við prófanir með hermitækni í glasi.
- 3.5. Eðlisefnafræðilegur eða líffræðilegur ósamrýmanleiki eða víxlverkanir (t.d. við fóður, önnur viðurkennd aukefni eða lyf).

(1)  $TOS (\%) = 100 - (\% \text{ aska} + \text{vatn} + \% \text{ þynningarefni og/eða aukefni og innihaldsefni})$ .

**4. Notkunarskilyrði aukefnisins**

- 4.1. Fyrirhuguð notkun í dýrafæðu (t.d. dýrategund og -flokkur, fódurtegund, tímabil inngjafar og fráhrarfstími).
- 4.2. *Frábendingar*
- 4.3. Fyrirhugaður skammtur í forblöndum og fódri, gefið upp sem:
- hundraðshluti virks efnis miðað við þyngd fyrir fódurblöndur og sem mg/kg fyrir fóður, þegar um efnafræðilega skilgreind efni er að ræða,
  - viðeigandi einingar líffræðilegrar virkni, svo sem CFU í hverju grammi efnisins fyrir örverur eða virknieiningar fyrir ensímefnablöndur.
- 4.4. Önnur þekkt notkun virka efnisins eða efnablöndu (t.d. í fódri, lyfjum fyrir menn eða dýr, í landbúnaði og iðnaði). Fyrir hverja notkun skal tilgreina vöruheiti, ábendingar og frábendingar.
- 4.5. Ef nauðsyn krefur, ráðstafanir til að fyrirbyggja áhættu og varnaraðferðir meðan á framleiðslu og meðhöndlun stendur.

**5. Eftirlitsaðferðir**

- 5.1. Lýsing á þeim aðferðum sem notaðar eru við að ákvarða viðmiðanirnar sem eru taldar upp í liðum 1.3, 2.3, 2.4, 2.5, 3.1, 3.2, 3.3, 3.4 og 4.3.
- 5.2. Lýsing á efnislegum og tölulegum greiningaraðferðum við venjubundið eftirlit með aukefni í forblöndum og fódri.
- 5.3. Lýsing á efnislegum og tölulegum greiningaraðferðum til að ákvarða leifar aukefna í dýraafurðum.

*Ath.:* Með aðferðunum sem tilgreindar eru og niðurstöðunum skulu fylgja upplýsingar um hundraðshluta þeirra efna sem eru endurheimt, sérhæfni, næmi, greiningarmörk, mögulegar truflanir, endurtekingarhæfni og sýnatökuaðferð sem notuð er. Tilvísunarstaðlar fyrir efnablönduna og virka efnið skulu vera fyrir hendi.

Fyrir örverur skal taka fram greiningar-, skráningar- og auðkenningaraðferð og viðeigandi markaði.

**III. ÞÁTTUR****RANNSÓKNIR Á ÁHRIFUM AUKEFNISINS****1. Rannsóknir í því skyni að bæta eiginleika fódurs**

Þessar rannsóknir varða tæknileg aukefni á borð við þráavarnarefni, rotvarnarefni, bindiefni, ýruefni, varðveisluefni, hleypiefni o.s.frv., sem ætlað er að bæta eða styrkja eiginleika forblandna og fódurs. Einnig má líta á sumar örverur og/eða ensímefnablöndur sem tæknileg aukefni ef þær bæta viðkomandi eiginleika fódursins.

Færa skal sönnur á áhrif aukefnisins með viðeigandi viðmiðum við fyrirhugaðar notkunaraðstæður í samanburði við neikvætt samanburðarfóður og hugsanlega við fóður sem inniheldur tæknileg aukefni sem hefur þekkt áhrif.

Tilgreina skal nákvæmlega í hverri tilraun eðli virku efnanna, efnablandna, forblandna og fódurs sem rannsakað er, lotunúmer, styrk virka efnisins í forblöndum og fódri, prófunaraðstæður (hita, raka o.s.frv.), svo og dagsetningar og prófunartíma, skaðleg og neikvæð áhrif sem komu í ljós við prófun.

## 2. Rannsóknir á áhrifum aukefna á dýraafurðir

Þessar rannsóknir varða aukefni á sviði dýraræktar er hafa áhrif á dýraafurðir. Eftirtaldar rannsóknir, að meðtalinni ákvörðun á tengslum skammts og svörunar, skulu gerðar á sérhverri markdýrategund og niðurstöður bornar saman við neikvæða samanburðarhópa og ef til vill við hópa sem fá fóður með aukefni sem hefur þekkt áhrif.

Ef virka efnið er blanda virkra efnisþátta verður að vera unnt að færa rök fyrir notkun hvers efnisþáttar.

2.1. Vegna hníslalyfja og annarra lyfjaefna skal í fyrstu leggja áherslu á að sanna tiltekin áhrif, einkum sjúkdómsvörn (t.d. sóttarfar, fjöldi eggblaðra og umfang vefjaskemmda). Upplýsingar um áhrif á fódurgildi, vöxt dýranna og magn og markaðsgæði dýraafurðanna mega einnig fylgja.

2.2. Vegna annarra aukefna á sviði dýraræktar (þar með talið, ef við á, örverur og/eða ensímefnablöndur) skal veita upplýsingar um áhrif á: næringargildi, vöxt dýrsins, eiginleika dýraafurðar og afrakstur, velferð dýrsins og aðra þætti sem hafa jákvæð áhrif á dýraafurðir.

### 2.3. Tilraunaaðstæður

Hverri tilraun skal lýst í smáatriðum og niðurstöðurnar settar fram á nákvæman hátt. Gera skal grein fyrir tölfræðilegu mati og því hvaða aðferðum er beitt. Eftirtaldar upplýsingar skulu lagðar fram:

2.3.1. Tegund, ætt, aldur og kynferði dýranna, auðkenningaraðferð.

2.3.2. Fjöldi tilrauna- og samanburðarhópa, fjöldi dýra í hverjum hópi. Fjöldi dýra af báðum kynjum skal uppfylla skilyrði fyrir tölfræðilegu mati.

2.3.3. Styrkur virka efnisins (og þeirra efna sem kunna að vera notuð til samanburðar) í fódri, sem er mældur með samanburðargreiningu eftir viðurkenndri aðferð. Lotunúmer. Næringarfræðileg samsetning fæðu með tilliti til gæða og magns.

2.3.4. Tilraunastaður. Heilsufar dýranna og lífeðlisfræðilegt ástand, fódrun og uppeldisskilyrði miðað við viðteknar venjur í bandalaginu. Samanburðarfóðrun og ráðstafanir til að koma í veg fyrir mengun samanburðarhópa meðan á tilrauninni stendur (einkum hvað varðar örverur að koma í veg fyrir víxlmengun í fódri).

2.3.5. Tilraunadagur og nákvæm tímalengd tilraunar. Dagsetningar rannsókna og hvers eðlis rannsóknirnar eru.

2.3.6. Óæskileg áhrif og önnur frávik meðan á tilraun stóð og hvenær þau hentu.

## 3. Rannsóknir á gæðum dýraafurða

Rannsóknir á bragði, næringu, hollustu og tæknilegum eiginleikum afurða af dýrum sem gefið er fóður sem inniheldur aukefni.

## IV. ÞÁTTUR

## RANNSÓKNIR Á ÖRYGGI VIÐ NOTKUN AUKEFNA

Rannsóknir sem lýst er í þessum hluta eiga að gera kleift að meta:

- örugga notkun aukefnisins í markdýrategundunum,
- hættu við innöndun, aðra snertingu við slímhúð, augu eða húð einstaklinga sem líklegt er að handleiki aukefnið sem slíkt eða sem innihaldsefni í forblöndum eða fóðri,
- hættu sem neytendum gæti stafað af neyslu matvæla sem innihalda leifar aukefnisins eða efnaskiptaafurða þess,
- hættu á umhverfismengun eða þrávirgni í umhverfinu af völdum aukefnisins, eða afurða úr aukefnum, í dýraúrgangi,
- hættu fyrir önnur dýr en markdýrategundir.

Þessara rannsókna er krafist í heild sinni eða að hluta eftir eðli aukefnisins og skilyrða sem sett eru um notkun þess.

Meginreglan er sú að örverur og/eða ensímefnablöndur skuli sjálfar vera örverur eða vera unnar úr örverum sem eru ekki sóttvaldandi og ekki eiturmyndandi fyrir markdýrategundir og menn við eðlileg notkunarskilyrði.

Þegar um er að ræða örverur og/eða ensímefnablöndur ber að gera viðeigandi prófanir í öryggisskyni, nema aðrar fullnægjandi heimildir liggi fyrir um að notkun þeirra sé örugg. Að því er örverur varðar skal að minnsta kosti fara fram þolpróf á markdýrategundinni.

Að meginreglu til er ekki krafist eiturefnafræðilegra prófana á ensímum úr ætum hlutum dýra eða plantna. Séu slíkar afurðir almennt ekki taldar eðlilegur liður í fóðurgjöf kann að vera þörf á eiturefnafræðilegum prófunum.

Ef virka efnið er efnafræðilega skilgreint verður mikilvægt að afla vitneskju um niðurbrot virka efnisins í hinum ýmsu markdýrategundum, svo og samsetningu og líffræðilegt aðgengi efnaleifa í vefjum til að ákvarða hversu víðtækar rannsóknir á tilraunadýrum þurfi að vera til að meta áhættu fyrir neytandann. Enn fremur verður ómetanlegt að þekkja samsetningu og eðlisefnafræðilega og líffræðilega eiginleika efnaleifa í úrgangi sem á rætur að rekja til aukefnisins í því skyni að skilgreina hversu víðtækar rannsóknir þurfa að vera svo unnt sé að meta mengunarhættu eða þrávirgni í umhverfinu.

## 1. Rannsóknir á markdýrategundum

### 1.1. Eiturefnafræðilegar rannsóknir á aukefninu

#### Þolpróf

Rannsókn á líffræðilegum, eiturefnafræðilegum, stórsæjum og vefjafraðilegum áhrifum. Ákvörðun öryggismarka milli fyrirhugaðs hámarksskammts og magns sem hefur óæskileg áhrif. Nægilegt kann að vera að tilgreina lágmarks- eða nálgunargildi fyrir þessi mörk ef hægt er að sýna fram á að magn sem hefur óæskileg áhrif er mun hærra en hámarksmagn í skammti.

### 1.2. Örverufræðilegar rannsóknir á aukefninu

- 1.2.1. Ef virka efnið er efnafræðilega skilgreint, og hefur örverueyðandi virkni í þeim styrkleika sem efnið er notað í fóðrið, skal fara fram rannsókn á sýkladrepani virknimynstri aukefnisins með því að ákvarða lágmarkshindrunarstyrk (MIC) í hinum ýmsu sóttvaldandi og ekki sóttvaldandi, gram-neikvæðum og gram-jákvæðum tegundum sýkla.



- 1.2.2. Rannsókn á víxlviðnámi gegn sýklalyfjum til lækninga með því að greina MIC í stökkbrigðum framkölluðum í tilraunaglassi sem sýnir litningaviðnám gegn aukefninu. Þegar um er að ræða örverur sem veita viðnám gegn sýklalyfjum til lækninga skal sýna fram á erfðafræðilegar forsendur viðnámsins.
- 1.2.3. Prófanir til að komast að því hvort aukefnið sé fært um að velja viðnámsþætti. Þessar prófanir skulu gerðar við raunverulegar aðstæður á þeirri dýrategund sem aukefninu er einkum ætlað. Að því búnu skal ákvarða hvort R-þættir sem kunna að hafa fundist eru með fjöl-viðnám og geti borist á milli.
- 1.2.4. Prófanir til að ákvarða áhrif aukefnis
- á gerlaflóru í meltingarveginum,
  - á gerlamyndun í meltingarveginum, ef um örverur eða blöndu nokkurra örverustofna er að ræða,
  - á losun eða úthreinsun sjúkdómsvaldandi örvera, ef virka efnið er efnafræðilega skilgreint og hefur örverueyðandi virkni.
- 1.2.5. Sýni virka efnið örverueyðandi virkni skulu fara fram rannsóknir við raunverulegar aðstæður til að fylgjast með og ákvarða hversu stór hundradshluti sýkla hefur þol gegn aukefnunum. Þær skulu fara fram með löngu millibili áður en, á meðan og eftir (einn mánuður) að aukefnið er notað.
- 1.2.6. Ef virka efnið er örvera skal ákvarða hvort það hefur þol gegn sýklalyfjum.
- 1.2.7. Ef virka efnið (þ.e. ensímefnablöndur) er úr örveru skal ákvarða fjölda lífvænlegra lífvera.
- 1.2.8. Ef aukefnið inniheldur eða samanstendur af erfðabreyttum lífverum í skilningi 1. og 2. mgr. 2. gr. tilskipunar ráðsins 90/220/EBE skulu eftirfarandi upplýsingar veittar:
- afrit af skriflegu samþykki lögbærra yfirvalda fyrir því að sleppa út af ásettu ráði erfðabreyttum lífverum í rannsóknar- og þróunarskyni, sbr. 4. mgr. 6. gr. tilskipunar 90/220/EBE, og yfirlit yfir efni tilkynningar, sem um getur í 9.gr. tilskipunar 90/220/EBE, í samræmi við fyrirmynd í ákvörðun ráðsins 91/596/EBE <sup>(1)</sup>;
  - fullbúið tækniskjal með upplýsingunum sem krafist er í II. viðauka tilskipunar 90/220/EBE, með viðbótum eftir þörfum til að unnt sé að taka tillit til fjölbreytileika þeirra staða þar sem aukefnið er notað, þar með taldar upplýsingar um gögn og niðurstöður fengnar af sleppingum sem fara fram í rannsóknar- og þróunarskyni og tengjast vistkerfum er kynnu að verða fyrir áhrifum af notkun afurðarinnar, ásamt mati á áhættu þeirri sem heilsu manna, dýra og umhverfi stafar af erfðabreyttu lífverunum sem varan hefur að geyma, að meðtöldum upplýsingum er fást á rannsóknar- og þróunarstigi um áhrif sem sleppingar hafa á heilsu manna og umhverfi;
  - skilyrði fyrir markaðssetningu aukefnis, að meðtöldum sérstökum skilyrðum fyrir notkun og meðhöndlun og tillögum um merkingu og pökkun sem skulu að minnsta kosti ná yfir þær kröfur sem mælt er fyrir um í III. viðauka við tilskipun 90/220/EBE.

Ef sá sem ber ábyrgð á skjalinu álitur, á grundvelli sleppingar sem tilkynnt er um samkvæmt B-hluta tilskipunar 90/220/EBE eða á rökstuddum vísindalegum grundvelli, að markaðssetningu eða notkun aukefnisins fylgi engin áhætta fyrir heilsu manna og dýra og fyrir umhverfið, getur hann lagt til að einni eða fleiri kröfum B-hluta III. viðauka skuli ekki fullnægt.

(1) Stjórn. EB nr. L 322, 23. 11. 1991, bls. 1.

Leggja skal fram upplýsingar um gögn eða niðurstöður sleppingar sömu erfðabreyttu lífvera, eða sama samblands erfðabreyttra lífvera, sem verið er, eða búið er, að tilkynna, og/eða sem er framkvæmd af þeim sem ber ábyrgð á skjalinu annaðhvort innan eða utan bandalagsins.

Einnig er heimilt að vísa til annarra gagna eða niðurstaðna í tengslum við tilkynningar sem aðrir hafa lagt fram áður, að því tilskildu að þeir síðarnefndu hafi veitt skriflegt samþykki fyrir því.

### 1.3. Rannsóknir á niðurbroti og efnaleifum <sup>(1)</sup> <sup>(2)</sup> (ef virka efnið er efnafræðilega skilgreint)

#### 1.3.1. Rannsóknir á niðurbroti

- niðurbrotsjafnvægi: hraði og umfang gleypni og úthreinsunar virka efnisins,
- auðkenning efnaskiptaferla og helstu efnaskiptaafurða,
- dreifing og úthreinsun efnaskiptaafurða (með galli, þvagi, saur),
- ef við á, áhrif flóru í meltingarvegi eða vömb jörturdýra, „enteróhepatískrar hringrásar“ eða „kekótrófi“ á niðurbrot.

1.3.2. Rannsóknir á efnaleifum: efnisleg og töluleg samsetning efnaleifa (virkt efni, efnaskiptaafurðir) í hinum ýmsu neysluhæfu dýraafurðum þegar niðurbrotsjafnvægi er náð og við hagnýta notkun aukefnisins.

1.3.3. Hreyfifræðileg rannsókn á efnaleifunum (að undangenginni endurtekinni gjöf aukefnisins með tilliti til fyrirhugaðrar notkunar): þrávirkni virka efnisins og helstu efnaskiptaafurða í hinum ýmsu líffærum og vefjum eftir að viðbótarfóðrið hefur verið dregið til baka.

1.3.4. Rannsókn á líffræðilegu aðgengi efnaleifanna í neysluhæfum dýraafurðum (sjá 3.7.).

1.3.5. Eftirlitsaðferðir: lýsing á efnislegum og tölulegum ákvörðunaraðferðum sem notaðar eru í rannsóknunum sem getið er um í liðum 1.3.1. til 1.3.4., með upplýsingum um hundradshluta efna sem koma fram aftur, sérhæfni og greiningarmörk. Aðferðirnar til að ákvarða efnaleifarnar skulu vera nægilega nákvæmar til að hægt sé að ákvarða magn efnaleifa sem ekki hafa þýðingu í eiturefnafræðilegu tilliti.

## 2 Rannsóknir á útskildum efnaleifum (ef virka efnið er efnafræðilega skilgreint)

2.1. Eðli og styrkur efnaleifa aukefnisins (virkt efni, efnaskiptaafurðir) í úrgangsefnunum.

2.2. Þrávirkni (helmingunartími) og eyðing þessara efnaleifa í föstum og fljótandi húsdýraáburði og hálm.

2.3. Áhrif á myndun metans.

2.4. Niðurbrot, þrávirkni (helmingunartími) og eyðing í jarðvegi (ýmsar gerðir jarðvegs).

2.5. Áhrif á dýralíf jarðvegsins og ummyndunarferli af völdum örvera (niðurbrot plöntu- og dýraleifa).

2.6. Áhrif á jarðargróður (t.d. spírunarhæfni fræja, vöxt plantna og upptöku plantna). Þessar rannsóknir skulu gerðar á ýmsum plöntutegundum og fara fram undir eftirliti við raunverulegar aðstæður.

2.7. Leysni og stöðugleiki aukefnaafurða í vatni (virkt efni, niðurbrotsafurðir).

<sup>(1)</sup> Rannsóknirnar sem getið er um í 1.3.1., 1.3.3. og 1.3.4. skulu einkum fara fram með merktum sameindum eða öðrum viðurkenndum aðferðum og skal í hverju tilviki rökstyðja ástæðuna fyrir því að viðkomandi aðferð er valin. Merkingarnar skulu sérstaklega gerðar í þessum tilgangi.

<sup>(2)</sup> Ef virka efnið er gerjunarafurð skulu rannsóknirnar einnig ná til skyldra efna úr framleiðslunni.

- 2.8. *Áhrif á lífverur í vatni*
- 2.8.1. *Áhrif á gróður (t.d. Chlorella).*
- 2.8.2. *Eiturhrif í hryggleysingjum (t.d. Daphnia magna).*
- 2.8.3. *Eiturhrif í fiski (að minnsta kosti í tveimur villtum tegundum sem lifa á yfirráðasvæði bandalagsins).*

### 3. **Rannsóknir á tilraunadýrum**

Þessar rannsóknir skulu fara fram á virka efninu og helstu efnaskiptaafurðum eða öðrum afurðum þess, ef þær eru einnig fyrir hendi í neysluhæfum dýraafurðum og eru líffræðilega aðgengilegar. Eftir því sem tók eru á skal reynt að velja tilraunadýr með meltingu og efnaskipti sem líkist meltingu og efnaskiptum manna eða markdýrategundar.

Fylgja skal nákvæm lýsing á prófunum sem fram fara þar sem tilgreindar eru dýrategundir og stofnar sem notaðir eru, stærð og fjöldi tilrauna- og samanburðarhópa, gefnar skammtastærðir, samsetning fæðu og niðurstöður greiningar á fóðri, uppeldisaðstæður, nákvæm tímalengd prófananna, dagsetningar hinna ýmsu prófana sem gerðar eru og dánartíðni. Nákvæmar upplýsingar skulu gefnar um stórsæ, meinafræðileg og vefjameinafræðileg fyrirbæri í öllum tilraunadýrunum og tilgreina skal hvenær sjúklegar vefjaskemmdir koma í ljós. Nákvæmar niðurstöður skulu lagðar fram, þar með talið tölfræðilegt mat.

- 3.1. *Bráð eiturhrif (á ekki við um örverur)*
- 3.1.1. Rannsóknir á bráðum eiturhrifum við inntöku gegnum munn skulu fara fram á tveimur dýrategundum (önnur þeirra á helst að vera rotta). Hámarksskammtur á ekki að vera stærri en 2 000 mg/kg af líkamspunga. Gera skal nákvæmar skýrslur um líffræðileg áhrif sem koma í ljós á að minnsta kosti tveggja vikna tímabili eftir inntöku. Þessar rannsóknir taka ekki til ensímefnablandna.
- 3.1.2. Rannsóknir á bráðum eiturhrifum við innöndun, húðertingu, og, ef nauðsyn krefur, ertingu í slímhúð ásamt ofnæmi sem efnið kann að valda, skulu gerðar með viðeigandi prófunum til að meta áhættu sem kann að vera samfara meðhöndlun aukefnisins.
- 3.2. *Stökkbreytingar*
- 3.2.1. Ef virka efnið er efnafræðilega skilgreint

Í því skyni að auðkenna virk efni, efnaskiptaafurðir eða aðrar afurðir þeirra sem hafa stökkbreytieiginleika skal framkvæma valdar, samhliða prófanir á stökkbreytingum, byggðar á mismunandi erfðafræðilegum lokamörkum. Framkvæma skal prófanir með eða án spendýra-míkrósómal-blöndu til að stuðla að örvun efnaskipta.

Mælt er með eftirfarandi rannsóknarlotu:

- a) prófun á stökkbreytingum í dreifkjörnungakerfi,
- b) prófun á stökkbreytingum á heilkjarnakerfi í glasi eða kynbundnu víkjandi banaprófi á *Drosophila melanogaster*,
- c) prófun á litningaskemmdum í glasi og í lífi.

Ekki ber að líta svo á að fyrrgreind rannsóknarlota geri það að verkum að aðrar prófanir séu ekki viðeigandi eða að aðrar prófanir, einkum prófanir í lífi, séu ekki ákjósanlegar sem annar kostur.

Í öllum tilvikum skal tilgreina ástæðuna fyrir vali á prófi. Prófanir skulu framkvæmdar í samræmi við viðtekna og viðurkenndar aðferðir. Með hliðsjón af niðurstöðum prófananna og að teknu tilliti til almennrar lýsingar á eiturhrifum efnisins svo og fyrirhugaðrar notkunar, kunna viðbótarrannsóknir að koma til greina.

3.2.2. Þegar um er að ræða ensímefnablöndur úr örverum skal yfirleitt gera eftirfarandi prófanir:

- a) prófun á stökkbreytingum í sýklum,
- b) prófun á litningaskemmdum (helst í glasi).

Sé þess nokkur kostur skulu eiturefnaprófanirnar gerðar á framleiðslulotu úr endanlegri hreinsaðri gerjunarafurð, áður en burðarefnum, þynningarefnum eða öðrum efnum er bætt við. Þær skulu yfirleitt fara fram í samræmi við viðmiðunarreglur <sup>(1)</sup> viðurkenndra alþjóðastofnana enda þótt einhverjar breytingar á prófunarreglum, einkum hvað varðar prófanir í glasi, kunni að vera nauðsynlegar vegna þeirra áhrifa sem prótíninnihald og/eða ensímvirkni tiltekinnna ensímefnablandna hefur á frumkerfi. Slík frávik er unnt að samþykkja ef fullnægjandi rök liggja fyrir.

Prófunarkerfið er hannað með það fyrir augum að leiða í ljós ótilgreindar eiturverkanir og erfðafræðileg eiturefnaáhrif. Saman gera upplýsingarnar úr almennu tækniforskriftunum og þessum prófunum kleift að meta efnið bæði með tilliti til innihalds tiltekinnna þekktra eiturefna og óþekktra eiturefnablandna.

Í eiturefnaskýrslunni skal koma greinilega fram að prófanirnar hafi verið gerðar á því efni sem er uppistaða verslunarvörunnar samkvæmt lýsingu í tækniskjalinu.

3.3. *Atriði sem varða lyfjahvörf*

Ef virka efnið er efnafræðilega skilgreint skulu stöðugleikarannsóknir og auðkenning efnaskiptaafurða fara fram með viðeigandi merktum sameindum eða öðrum viðurkenndum aðferðum sem fela í sér að einn eða fleiri skammtar virka efnisins eru gefnir á hæfilega löngum tíma. Rannsóknir á efnaskiptum skulu einnig fela í sér rannsókn á lyfjahvörfum virka efnisins og helstu efnaskiptaafurðum. Taka skal tilliti til þess að hinar ýmsu tegundir brjóta niður virka efnið á mjög mismunandi hátt þegar velja á hentugustu tegundirnar til rannsókna á eiturhrifum síðar meir.

3.4. *Hæglangvinn eiturhrif*

Þessar rannsóknir skulu almennt framkvæmdar á tveimur dýrategundum (önnur þeirra á helst að vera rottu). Hin tegundin má í sumum tilvikum vera markdýrategundin. Gefa má prófunarefnið gegnum munn og ákvarða skal hlutfallið milli skammts og svörunar. Tilraunatíminn fyrir nagdýr skal vera a.m.k. 90 dagar.

Í vissum tilvikum getur þurft að stunda rannsóknir í sex mánuði og allt að tveimur árum á dýrum sem ekki eru nagdýr, til að ákvarða breytilega næmni hinna ýmsu dýrategunda fyrir prófunarefnunum.

Þessar rannsóknir eiga ekki við um örverur. Þegar um er að ræða ensímefnablöndur úr örverum getur 90 daga prófun á nagdýrategund á eiturhrifum gegnum munn verið nægileg.

3.5. *Langvinn eiturhrif/krabbameinsmyndun*

Rannsóknir á eiturhrifum skulu gerðar á einni tegund (helst rottum), rannsóknir á krabbameinsmyndun einkum á tveimur nagdýrategundum. Gefa skal efnið gegnum munn í nokkrum skömmtum. Samtengd rannsókn á langvinnum eiturhrifum og krabbameinsmyndun með ertingu

<sup>(1)</sup> Svo sem:

- Framvísun umsóknar um mat á aukefni í matvælum áður en það hlýtur samþykki. 1989 (ISBN 92-826-0135-B).

- Skýrsla vísindanefndar um matvæli um viðmiðunarreglur um mat á öryggi við notkun aukefna í matvælum. 1980. 10. deild, (EUR 6892).

í legi er einnig ásættanleg. Tilraunir á rottum skulu standa yfir í minnst 24 mánuði og á músum í 18 mánuði. Ef próf standa yfir lengur en sem nemur lágmarkstímanum skal þeim hætt þegar fjöldi dýra sem lifa af í hverjum hópi, að undanskildum þeim sem hafa fengið stærsta skammtinn, fer niður í 20 %.

Frankvæma skal fullkomnar klínískar rannsóknir í efnafræði og blóðfræði og þvagprófanir með viðeigandi millibili meðan á tilraun stendur. Fullkomnar, stórsæjar rannsóknir og vefjarannsóknir skulu gerðar á öllum dýrum sem deyja meðan á prófunum stendur og á öllum lifandi tilraunadýrum við lok rannsóknarinnar.

Þessar rannsóknir eiga ekki við um örverur og ensímefnablöndur.

3.6. *Æxlunareiturhrif (ef virka efnið er efnafræðilega skilgreint)*

Æxlunarrannsóknir skulu einkum gerðar á rottum. Þær skulu ná til meira en tveggja kynslóða og þær má gera samhliða rannsókn á eiturhrifum í fóstri, þar með taldar rannsóknir á vansköpun. Rannsaka skal vandlega og skrá allar mælistærðir varðandi frjósemi, þungun, got svo og ástand fyrir og eftir got. Sérstakar vansköpunarrannsóknir skulu gerðar á að minnsta kosti tveimur heppilegum tegundum.

3.7. *Eiturhrif í efnaskiptaafurðum (ef virka efnið er efnafræðilega skilgreint)*

Nauðsynlegt er að leggja fram upplýsingar um útreikninga á styrk efnaleifa til grundvallar mati á áhættu fyrir menn.

Gögn sem útreikningur á áætluðum fráhrarfstíma er byggður á skulu lögð fram. Rannsóknirnar sem um getur í lið 1.3.4. skulu gerðar á tilraunadýrum.

3.8. *Aðrar viðeigandi rannsóknir*

Leggja má fram allar niðurstöður frekari rannsókna sem veita viðbótarupplýsingar sem nýtast til að meta prófunarefni (t.d. líffræðilegt aðgengi, taugaeiturhrif eða ónæmiseiturhrif).

## V. ÞÁTTUR

### FORM GREINARGERÐAR

#### 1. Auðkenni aukefnis

- 1.1. Fyrirhugað (fyrirhuguð) vöruheiti
- 1.2. Tegund aukefnis með tilliti til meginvirkni þess
- 1.3. Efnisleg og töluleg samsetning (virkt efni, aðrir efnisþættir, óhreinindi)
- 1.4. Eðlisástand, kornastærð
- 1.5. Sérhæfðar vinnsluaðferðir

*Ath.:* Ef virka efnið er blanda virkra efnisþátta, sem allir eru skilgreinanlegir, skal helstu efnisþáttum lýst sérstaklega og hlutföll blöndunnar gefin.

#### 2. Tækniforskriftir fyrir virka efnið

- 2.1. Fyrir efnafræðilega skilgreind efni: almennt heiti, efnaheiti samkvæmt IUPAC-flokkunarkerfinu, önnur almenn alþjóðleg heiti og skammstafanir. Chemical Abstracts Service-númer (CAS).

Fyrir örverur: heiti og flokkunarfræðileg lýsing í samræmi við alþjóðlegu flokkunarkerfistáknin (Codes of Nomenclature). Einnig má nota aðrar alþjóðlega viðurkenndar flokkunarhandbækur <sup>(1)</sup>.

Fyrir ensímeftablöndur: heiti eftir mikilvægustu virknieiginleikum ensíms í samræmi við lýsingu í IUB/IUPAC. EINECS- og CAS-númer.

- 2.2. Formúla, hlutfalls- og byggingarformúla ásamt mólþunga. Ef virka efnið er gerjunarafurð skal tilgreina efnislega og tölulega samsetningu helstu efnisþátta.

Fyrir örverur: heiti og söfnunarstaður ræktunar, helst EB-söfnunarstaður, þar sem stofninn er geymdur ásamt geymslunúmeri, breytingum á erfðæfni og öllum eiginleikum sem gera kleift að auðkenna örverur.

Fyrir ensímeftablöndur: líffræðilegur uppruni (ef um er að ræða örverufræðilegan uppruna: heiti og söfnunarstaður ræktunar, helst EB-söfnunarstaður, þar sem stofninn er geymdur ásamt geymslunúmeri, breytingum á erfðæfni og öllum eiginleikum sem gera kleift að auðkenna örverur), virkni gagnvart viðkomandi gerðum efnafræðilega hreinna ensímhvarfefna og öðrum eðlisefnafræðilegum eiginleikum.

- 2.3. *Hreinleikastig*

Efnisleg og töluleg samsetning óhreinindanna

Fyrir örverur: erfðfræðilegur stöðugleiki og hreinleiki ræktaðra stofna.

Fyrir ensímeftablöndur:

- hreinleiki, með því að fylgjast með innihaldi mengandi örvera, þungamálma, að eiturefni úr upprunalegu lífverunni (þ.e. sveppaeitur) sé ekki til staðar, eins og sýnt er með viðeigandi aðferð;
- að örverueyðandi virkni sé ekki fyrir hendi miðað við styrk efnisins í fódri eins og hann er ákvarðaður með viðeigandi aðferð;
- samsetning þátta sem eru ekki ensím (einkum TOS = Total Organic Solids).

- 2.4. *Eiginleikar sem skipta máli*

Fyrir efnafræðilega skilgreind efni: rafstöðueiginleikar, bræðslumark, suðumark, niðurbrotshitastig, þéttleiki, gufuþrýstingur, leysni í vatni og lífræn leysiefni, massi og ísogslitróf og aðrir eðlisfræðilegir eiginleikar sem máli skipta.

Fyrir örverur: eiginleikar sem varða auðkenningu og fyrirhugaða notkun (t.d. vaxtar- eða grómyndunarform, CFU/g).

Fyrir ensímeftablöndur: valfrjáls pH-gildi, valfrjálst hitastig og aðrir viðeigandi eiginleikar.

### 3. **Eðlisefnafræðilegir, tæknilegir og líffræðilegir eiginleikar aukefnisins**

- 3.1. Stöðugleiki (fyrir örverur: tap á líffræðilegri virkni, t.d. lífvænleika) gagnvart umhverfisáhrifum, svo sem ljósi, hita, pH, raka og súrefni. Geymsluþol.
- 3.2. Stöðugleiki (fyrir örverur: tap á líffræðilegri virkni, t.d. lífvænleika) við framleiðslu forblandna og fódurs, einkum við áreiti vegna hita, þrýstings og raka. Hugsanlegar niðurbrotsafurðir.

<sup>(1)</sup> Til dæmis *Bergey's Manual of Systematic Bacteriology, The Yeasts, a Taxonomic study* eftir Lodder og Kreger van Rij, *Ainsworth and Bisby's Dictionary of the Fungi* eftir Hawksworth, Sutton og Ainsworth eða *The Genus Aspergillus* eftir Raper og Fennel.

- 3.3. Stöðugleiki (fyrir örverur: tap á líffræðilegri virkni, t.d. lífvænleika) við geymslu forblandna og fódurs við tiltekin skilyrði. Geymsluþol.
- 3.4. Aðrir eðlisefnafræðilegir, tæknilegir eða líffræðilegir eiginleikar sem máli skipta eins og hæfni til að mynda einsleitar blöndur í forblöndum og fóðri, rykmyndunareiginleikar og, fyrir örverur og/eða ensímefnablöndur, mat á viðnámi gegn niðurbroti eða tapi á líffræðilegri virkni í meltingarvegi eða við prófanir með hermitækni í glasi.
- 3.5. Eðlisefnafræðilegur eða líffræðilegur ósamrýmanleiki eða víxlverkanir (t.d. við fóður, önnur viðurkennd aukefni eða lyf).

#### **4. Eftirlitsaðferðir**

- 4.1. Lýsing á þeim aðferðum sem notaðar eru við að ákvarða viðmiðanirnar sem eru taldar upp í liðum 1.3, 2.3, 2.4, 3.1, 3.2, 3.3 og 3.4 í þessum þætti.
- 4.2. Lýsing á efnislegum og tölulegum greiningaraðferðum til að ákvarða efnaleifar aukefna í dýraafurðum.
- 4.3. Ef þessar aðferðir hafa verið birtar opinberlega, nægja tilvísanir til viðkomandi rita og sérprent úr þeim.

#### **5. Líffræðilegir eiginleikar aukefnisins**

- 5.1. Upplýsingar um forvarnaráhrif vegna hníslalyfja og annarra lyfjaefna (t.d. sjúkdómsástand, fjöldi eggblaðra og mat á vefjaskemmdum).
- 5.2. Vegna annarra aukefna á sviði dýraræktar en um getur í lið 5.1., þar með talið, ef við á, örverur og/eða ensímefnablöndur: nánari upplýsingar um áhrif á næringargildi, vöxt dýrsins, eiginleika og magn dýraafurðar, líðan dýrsins og aðra þætti sem hafa jákvæð áhrif á dýraafurðir.
- 5.3. Allar frábendingar og viðvaranir, þar með talinn líffræðilegur ósamrýmanleiki, ásamt rökstuðningi.

#### **6. Nákvæmar efnislegar og tölulegar upplýsingar um efnaleifar, ef þær finnast í dýraafurðum eftir fyrirsjáanlega notkun aukefnisins**

#### **7. Önnur einkenni sem auðkenna aukefnið**





**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 96/EES/25/03**

**nr. 39/95**  
**frá 22. júní 1995**

**um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn****SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,**

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

I. viðauka við samninginn var síðast breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 4/95 frá 27. janúar 1995<sup>(1)</sup>.

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/39/EB frá 25. júlí 1994 um gerð skrár yfir fyrirhugaða notkun dýrafóðurs með sérstök næringarmarkmið í huga <sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

**ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:****1. gr.**

Eftirfarandi komi aftan við lið 4c (tilskipun ráðsins 93/74/EBE) í II. kafla I. viðauka við samninginn:

„4d. **394 L 0039:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/39/EB frá 25. júlí 1994 um gerð skrár yfir fyrirhugaða notkun dýrafóðurs með sérstök næringarmarkmið í huga (Stjtíð. EB nr. L 207, 10. 8. 1994, bls. 20).“.

**2. gr.**

Fullgiltur texti tilskipunar 94/39/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

**3. gr.**

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. júlí 1995, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

**4. gr.**

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 22. júní 1995.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

*P. Benavides*

<sup>(1)</sup> Stjtíð. EB nr. L 47, 2. 3. 1995, bls. 24 og EES-viðbætur við Stjtíð. EB nr. 7, 2. 3. 1995, bls. 57.

<sup>(2)</sup> Stjtíð. EB nr. L 207, 10. 8. 1994, bls. 20.

**TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 94/39/EB****frá 25. júlí 1994****um gerð skrár yfir fyrirhugaða notkun dýrafóðurs með sérstök næringarmarkmið í huga(\*)****FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 93/74/EBE frá 13. september 1993 um fóður sem er miðað við sérstök næringarmarkmið<sup>(1)</sup>, einkum a-lið 6. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í tilskipun ráðsins 93/74/EBE er kveðið á um lögmæta skrá yfir fyrirhugaða notkun fóðurs sem er miðað við sérstök næringarmarkmið þar sem notkun þess er nákvæmlega tilgreind, þ.e. sérstök næringarmarkmið, mikilvægir næringareiginleikar, upplýsingar á merkimiðum og, eftir því sem við á, sérstakar kröfur um merkingar.

Nú sem stendur er ekki hægt að setja tiltekin næringarmarkmið í skrá yfir fyrirhugaða notkun þar eð bandalagið hefur ekki komið sér upp greiningaraðferðum við eftirlit með orkugildi gæludýrafóðurs og trefjainnihaldi fóðurs. Um leið og slíkar aðferðir hafa verið samþykktar skal fullgera skrána.

Heimilt er að breyta skránni eftir því sem við á í ljósi aukinnar þekkingar á sviði tækni og vísinda.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari tilskipun eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um fóður.

**SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:**

Gjört í Brussel 25. júlí 1994.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

**René STEICHEN**

framkvæmdastjóri.

**1. gr.**

Aðildarríkin mæla fyrir um að eingöngu megi markaðssetja fóður sem er miðað við sérstök næringarmarkmið, í skilningi tilskipunar ráðsins 93/74/EBE, ef fyrirhuguð notkun þess kemur fram í B-hluta viðaukans við þessa tilskipun og fóðrið fullnægir öðrum ákvæðum sem eru sett í þeim hluta viðaukans.

Enn fremur skulu aðildarríkin sjá til þess að farið sé að ákvæðunum sem heyra undir „Almenn ákvæði“ í A-hluta viðaukans.

**2. gr.**

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslu-fyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 30. júní 1995. Þau skulu tilkynna framkvæmdastjórninni það þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær verða birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

**3. gr.**

Tilskipun þessi öðlast gildi 20 dögum eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins*.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttíð. EB nr. L 207, 10. 8. 1994, bls. 20, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 39/95 frá 22. júní 1995 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjttíð. EB nr. L 237, 22. 9. 1993, bls. 23.

# VIÐAUKI I

## A-HLUTI

### Almenn ákvæði

1. Ef fleiri en einn hópur næringareiginleika í 2. dálki B-hluta með athugasemdinni „og/eða“ miðast við sömu næringarmarkmið er framleiðanda frjálst að nota annan eða báða hópa mikilvægra eiginleika vegna þess næringarmarkmiðs sem er skilgreint í 1. dálki. Fyrir hvern valkost eru viðeigandi upplýsingar fyrir merkimiða gefnar í 4. dálki.
2. Ef hópur aukefna er tilgreindur í 2. eða 4. dálki B-hluta skulu þau aukefni sem eru notuð vera heimiluð í tilskipun ráðsins 70/524/EBE<sup>(1)</sup> og vera í samræmi við tilgreinda mikilvæga eiginleika.
3. Ef upplýsinga um uppruna innihaldsefna eða greiningarefna er krafist í 4. dálki B-hluta skal framleiðandi veita nákvæmar upplýsingar (t.d. um sérheiti efnis eða efna, dýrategund eða hluta dýrs) til að unnt sé að meta hvort fóðrið samrýmist viðeigandi mikilvægum næringareiginleikum.
4. Ef upplýsinga um efni, sem einnig er heimilað sem aukefni, er krafist í 4. dálki B-hluta og forskeytið „heildar-“, eða orðið „samtals“ fylgir upplýsingunum skal innihaldsefnið gefið upp með tilvísun til, eftir því sem við á, þess magns sem er fyrir hendi við eðlilegar aðstæður þegar engu hefur verið bætt við eða, með því að víkja frá tilskipun 70/524/EBE, þess heildarmagns efnisins sem er fyrir hendi við eðlilegar aðstæður og þess magns sem er bætt við í formi aukefnis.
5. Upplýsinga sem er krafist í 4. dálki með athugasemdinni „sé ... bætt við“ eru lögboðnar hafi innihaldsefnið eða aukefnið verið sett í eða aukið sérstaklega vegna sérstaks næringarmarkmiðs.
6. Upplýsingarnar sem ber að veita í samræmi við 4. dálk B-hluta um greiningarefni og aukefni skulu miðast við magn.
7. Notkunartíminn sem mælt er með og tilgreindur er í 5. dálki B-hluta er ábending um þann tíma sem að jafnaði er nauðsynlegur til að uppfylla næringarmarkmið. Framleiðendur geta gefið upp nákvæmari notkunartíma innan fastsettra marka.
8. Fóður sem er ætlað fyrir fleiri en eitt næringarmarkmið verður að samrýmast viðeigandi færslum í B-hluta.
9. Að því er varðar fóðurbæti sem miðast við sérstök næringarmarkmið skulu upplýsingar um hvernig blanda ber daglegan skammt koma fram í notkunarleいbeiningum á merkimiða.

(<sup>1</sup>) Stjórn. EB nr. L 270, 14. 12. 1970, bls. 1.

## B-HLUTI

## Skrá yfir fyrirhugaða notkun

Sérstök næringarmarkmið	Mikilvægir næringareiginleikar	Tegund eða flokkur dýra	Upplýsingar á merkimiða	Ráðlagður notkunartími	Önnur ákvæði
1	2	3	4	5	6
Stuðningur við nýrnastarfsemi vegna langvinnrar nýrnabilunar <sup>(1)</sup>	Lágt fosfórinnihald og takmarkað prótíninnihald í háum gæðaflokki	Hundar og kettir	- Prótínjafi (prótínjafar) - Kalsíum - Fosfór - Kalíum - Natríum - Innihald mikilvægra fitusýra (sé þeim bætt við)	Allt að 6 mánuðir til að byrja með <sup>(2)</sup>	Upplýsingar á umbúðum, fláti eða merkimiða: „Ráðlagt er að leita álits dýralæknis fyrir notkun eða áður en notkunartími er framlengdur.“ Upplýsingar í notkunarleiðbeiningum: „Dýrið verður ávallt að hafa aðgang að vatni.“
Upplausn strúvísteina <sup>(3)</sup>	Þvagsýringareiginleikar, lágt magnúminnihald og takmarkað prótíninnihald í háum gæðaflokki	Hundar	- Prótínjafi (prótínjafar) - Kalsíum - Fosfór - Natríum - Magníum - Kalíum - Klóríð - Brennisteinn - Þvagsýringarefni	5 - 12 vikur	Upplýsingar í notkunarleiðbeiningum: „Dýrið verður ávallt að hafa aðgang að vatni.“ Upplýsingar á umbúðum, fláti eða merkimiða: „Ráðlagt er að leita álits dýralæknis fyrir notkun.“
	Þvagsýringareiginleikar og lágt magnúminnihald	Kettir	- Kalsíum - Fosfór - Natríum - Magníum - Kalíum - Klóríð - Brennisteinn - Tárín samtals - Þvagsýringarefni		
Að draga úr endurmyndun strúvísteina <sup>(3)</sup>	Þvagsýringareiginleikar og miðlungs magnúminnihald	Hundar og kettir	- Kalsíum - Fosfór - Natríum - Magníum - Kalíum - Klóríð - Brennisteinn - Þvagsýringarefni	Allt að 6 mánuðir	Upplýsingar á umbúðum, fláti eða merkimiða: „Ráðlagt er að leita álits dýralæknis fyrir notkun.“

1	2	3	4	5	6
Að draga úr myndun úratsteina	Lágt þrótíninnihald, lágt þrótíninnihald í háum gæðaflokki	Hundar og kettir	Þrótíngjafi (þrótíngjafar)	Allt að 6 mánuðir; lífstíðarnotkun ef varanleg röskun er á þvagsýruefnaskiptum	Upplýsingar í notkunarleiðbeiningum: „Ráðlagt er að leita álits dýralæknis fyrir notkun.“
Að draga úr myndun oxalatsteina	Lágt kalsíuminnihald, lágt innihald D-vítamíns og efna sem gera þvag basískt	Hundar og kettir	- Fosfór - Kalsíum - Natríum - Magníum - Kalíum - Klóríð - Brennisteinn - D-vítamín samtals - Hýdroxýprólín - Efni sem gera þvag basískt	Allt að 6 mánuðir	Upplýsingar á umbúðum, fláti eða merkimiða: „Ráðlagt er að leita álits dýralæknis fyrir notkun.“
Að draga úr myndun systínsteina	Lágt þrótíninnihald, miðlungs innihald brennisteinsamínósýra og efna sem gera þvag basískt	Hundar og kettir	- Brennisteinsamínósýrur samtals - Natríum - Kalíum - Klóríð - Brennisteinn - Efni sem gera þvag basískt	Allt að 1 ár til að byrja með	Upplýsingar á umbúðum, fláti eða merkimiða: „Ráðlagt er að leita álits dýralæknis fyrir notkun eða áður en notkunartími er framlengdur.“
Að draga úr óþoli af völdum innihalds- og næringarefna (4)	- Úrvalsþrótíngjafi (úrvalsþrótíngjafar) og/eða  -Úrvalskolvetnisgjafi (úrvalskolvetnisgjafar)	Hundar og kettir	- Þrótíngjafi (þrótíngjafar) - Innihald mikilvægra fitusýra (sé þeim bætt við) - Kolvetnisgjafi (kolvetnisgjafar) - Innihald mikilvægra fitusýra (sé þeim bætt við)	3 - 8 vikur; ef merki um óþol hverfa má nota fóðrið í ótakmarkaðan tíma	-
Minnkun skyndilegra truflana á uppsogi í þörmum	Aukið innihald rafkleyfra efna og auðmeltanlegra innihaldsefna	Hundar og kettir	- Auðmelt innihaldsefni og meðhöndlun þeirra ef við á - Natríum - Kalíum - Slímefnagjafar (sé þeim bætt við)	1 - 2 vikur	Upplýsingar á umbúðum, fláti eða merkimiða: - „Við bráðum niðurgangi og þar til bata er náð.“ - „Ráðlagt er að leita álits dýralæknis fyrir notkun.“
Mótvægi við meltingar-truflanir (5)	Auðmeltanleg innihaldsefni og lágt fituinnihald	Hundar og kettir	Auðmeltanleg innihaldsefni og meðhöndlun þeirra ef við á	3 - 12 vikur; lífstíðarnotkun ef um langvinna brisirttilbilun er að ræða	Upplýsingar á umbúðum, fláti eða merkimiða: „Ráðlagt er að leita álits dýralæknis fyrir notkun.“
Stuðningur við hjartastarfsemi vegna langvinnrar hjartabilunar	Lágt natríuminnihald og aukið hlutfall K/Na	Hundar og kettir	- Natríum - Kalíum - Magníum	Allt að 6 mánuðir til að byrja með	Upplýsingar á umbúðum, fláti eða merkimiða: „Ráðlagt er að leita álits dýralæknis fyrir notkun eða áður en notkunartími er framlengdur.“

1	2	3	4	5	6
Stjórnun á glúkósaforða (sykursýki)	Lágt innihald kolvetna sem breytast hratt í glúkósa	Hundar og kettir	- Kolvetnisgjafi (kolvetnisgjafar) - Meðhöndlun kolvetna, ef við á - Sterkja - Heildarsykurefni - Glúkósi (sé honum bætt við) - Innihald mikilvægra fitusýra (sé þeim bætt við) - Fitusýrugjafi (fitusýrugjafar) með stuttri og miðlungslangri kolefnakeðju	Allt að 6 mánuðir til að byrja með	Upplýsingar á umbúðum, íláti eða merkimiða: „Ráðlagt er að leita áhlits dýralæknis fyrir notkun eða áður en notkunartími er framlengdur.“
Stuðningur við lifrarstarfsemi vegna langvinnrar lifrabilunar	- Prótín í háum gæðaflokki, miðlungs prótíninnihald, lágt fituinnihald, hátt innihald mikilvægra fitusýra og hátt innihald auðmeltanlegra kolvetna  - Prótín í háum gæðaflokki, miðlungs prótíninnihald, miðlungs fituinnihald og hátt innihald mikilvægra fitusýra	Hundar  Kettir	- Prótínkjafi (prótínkjafar) - Innihald mikilvægra fitusýra - Auðmeltanleg kolvetni og meðhöndlun þeirra ef við á - Natríum - Heildarinnihald kopars  - Prótínkjafi (prótínkjafar) - Innihald mikilvægra fitusýra - Natríum - Heildarinnihald kopars	Allt að 6 mánuðir til að byrja með	Upplýsingar á umbúðum, íláti eða merkimiða: „Ráðlagt er að leita áhlits dýralæknis fyrir notkun eða áður en notkunartími er framlengdur.“
Stjórnun á fituefnaskiptum vegna of hárrar blóðfitu	Lágt fituinnihald og hátt innihald mikilvægra fitusýra	Hundar og kettir	- Innihald mikilvægra fitusýra - Innihald n-3-fitusýra (sé þeim bætt við)	Allt að 2 mánuðir til að byrja með	Upplýsingar á umbúðum, íláti eða merkimiða: „Ráðlagt er að leita áhlits dýralæknis fyrir notkun eða áður en notkunartími er framlengdur.“
Minnkun á koparinnihaldi í lifur	Lágt koparinnihald	Hundar	Heildarinnihald kopars	Allt að 6 mánuðir til að byrja með	Upplýsingar á umbúðum, íláti eða merkimiða: „Ráðlagt er að leita áhlits dýralæknis fyrir notkun eða áður en notkunartími er framlengdur.“
Stuðningur við starfsemi húðar vegna húðsjúkdóma og hármisssis	Hátt innihald mikilvægra fitusýra	Hundar og kettir	Innihald mikilvægra fitusýra	Allt að 2 mánuðir	Upplýsingar á umbúðum, íláti eða merkimiða: „Ráðlagt er að leita áhlits dýralæknis fyrir notkun.“

1	2	3	4	5	6
Að draga úr hættu á doða	- Lágt kalsíuminnihald  og/eða  - Lágt hlutfall bakskauts-/forskaustsjóna	Mjólkurkúr	- Kalsíum - Fosfór - Magníum - Kalsíum - Fosfór - Natríum - Kalíum - Klóríð - Brennisteinn	1 - 4 vikur fyrir burð	Upplýsingar í notkunarleiðbeiningum: „Hættið gjöf eftir burð.“
Að draga úr hættu á súrdoða <sup>(6)</sup> <sup>(7)</sup>	Innihaldsefni sem eru orkugjafar í formi glúkósa	Mjólkurkúr og ær	- Innihaldsefni sem eru orkugjafar í formi glúkósa - Própan-1,2-díól (sé því bætt við sem forefni glúkósa) - Glýseról (sé því bætt við sem forefni glúkósa)	3 - 6 vikur eftir burð (kúr) <sup>(8)</sup> 6 vikur fyrir og 3 vikur eftir burð (ær) <sup>(9)</sup>	
Að draga úr hættu á graskrampa (hypomagnesaemia)	Hátt magníuminnihald, kolvetni sem eru auðveldlega tiltæk, miðlungs prótíninnihald og lágt kalíuminnihald	Jórturdýr	- Sterkja - Heildarsykurefni - Magníum - Natríum - Kalíum	3 - 10 vikur á þeim tíma sem grasvöxtur er mikill	Í notkunarleiðbeiningum skulu vera upplýsingar um dagskammt, að því er varðar trefjaefni og orkugjafa sem eru auðveldlega tiltækir. Upplýsingar á umbúðum, íláti eða merkimiða ef fóðrið er ætlað sauðfé: „Einkum fyrir mjólkandi ær.“
Að draga úr hættu á súrdoða	Lágt innihald auðgerjanlegra (auðmeltanlegra) kolvetna og hátt jafnamagn	Jórturdýr	- Sterkja - Heildarsykurefni	Hámark 2 mánuðir <sup>(10)</sup>	Í notkunarleiðbeiningum skulu koma fram upplýsingar um dagskammt, að því er varðar trefjaefni og auðgerjanlega kolvetnisgjafa. Upplýsingar á umbúðum, íláti eða merkimiða ef fóðrið er ætlað mjólkurkúm: „Einkum fyrir nytháar kúr.“  Upplýsingar á umbúðum, íláti eða merkimiða ef fóðrið er ætlað jórturdýrum til að auka fallþunga þeirra: „Einkum fyrir alidýr.“ <sup>(11)</sup>

1	2	3	4	5	6
Að koma vökva og rafkleyfum efnunum í jafnvægi	Einkum rafkleyf efni og kolvetni sem eru auðveld til upptöku	Kálfar Mjólkurgrísir Lömb Kiðlingar Folöld	- Kolvetnisgjafi (kolvetnisgjafar) - Natríum - Kalíum - Klóríð	1 - 7 dagar (1 - 3 dagar ef annað fóður er ekki gefið með)	Upplýsingar á umbúðum, fláti eða merkimiða: - „Ef hætta er á meltingartruflunum (niðurgangi), við meltingartruflunum og þar til bata er náð.“ - „Ráðlagt er að leita álits dýralæknis fyrir notkun.“
Að draga úr myndun þvagsteina	Lágt innihald fosfórs, magníums og þvagsýringarefna	Jórturdýr	- Kalsíum - Fosfór - Natríum - Magníum - Kalíum - Klóríð - Brennisteinn - Þvagsýringarefni	Allt að 6 vikur	Upplýsingar á umbúðum, fláti eða merkimiða: „Einkum fyrir ung alidýr. Upplýsingar í notkunarleiddbeiningum: „Dýrið verður ávallt að hafa aðgang að vatni.“
Að draga úr streituverkun	- Hátt magníuminnihald  og/eða - Auðmeltanleg innihaldsefni	Svín	Magníum  - Auðmeltanleg innihaldsefni og meðhöndlun þeirra ef við - Innihald n-3-fitusýra (sé þeim bætt við)	1 - 7 dagar	Veita skal leiðbeiningar um hvenær notkun þessa fóðurs er viðeigandi.
Að koma hinni líffræðilegu meltingu í jafnvægi	- Lágt jafnamagn og auðmeltanleg innihaldsefni  - Auðmeltanleg innihaldsefni	Mjólkurgrísir  Svín	- Auðmeltanleg innihaldsefni og meðhöndlun þeirra ef við á - Jafnamagn - Uppruni þurrkandi efna (sé þeim bætt við) - Slímefnagjafar (sé slímefnum bætt við)  - Auðmeltanleg innihaldsefni og meðhöndlun þeirra ef við á - Uppruni þurrkandi efna (sé þeim bætt við) - Slímefnagjafar (sé slímefnum bætt við)	2 - 4 vikur	Upplýsingar á umbúðum, fláti eða merkimiða: „Ef hætta er á meltingartruflunum, við meltingartruflunum og þar til bata er náð.“
Að koma í veg fyrir hægðatregðu	Innihaldsefni sem örva hægðahreyfingu	Gyltur	Innihaldsefni sem örva hægðahreyfingu	10 - 14 dagar fyrir og 10 - 14 dagar eftir got	-
Að koma í veg fyrir fitulífurheilkenni (einkenni)	Lágt orkuinnihald og hátt hlutfall niðurbriðtanlegrar orku úr lípíðum með hátt innihald fjölmettaðra fitusýra	Varphænur	- Orkugildi (reiknað út samkvæmt aðferðum EBE) - Hlutfall niðurbriðtanlegrar orku úr lípíðum - Innihald fjölmettaðra fitusýra	Allt að 12 vikur	



1	2	3	4	5	6
Mótvægi við skort á uppsoði	Lágt innihald fjölmættaðra fitusýra og hátt hlutfall fituleysanlegra vítamína	Alifuglar, nema gæsir og dúfur	- Hlutfall fjölmættaðra fitusýra með tilliti til heildarfitusýra - A-vítamín samtals - D-vítamín samtals - E-vítamín samtals - K-vítamín samtals	Tvær fyrstu vikurnar eftir klak	- -
Mótvægi við langvinnar truflanir í mjóögörn	Auðmeltanleg kolvetni, prótín og fita	Hestar	Auðmeltanlegir kolvetnis-, prótín- og fitugjafar og meðhöndlun þeirra ef við á	Allt að þrjú mánuðir	Veita skal leiðbeiningar um hvenær notkun þessa fódurs er viðeigandi. Upplýsingar á umbúðum, fláti eða merkimiða: „Ráðlagt er að leita áhlits dýralæknis fyrir notkun.“
Að draga úr hættu á meltingartruflunum í víðgírni	Hátt trefjainnihald, en auðmeltanleg innihaldsefni	Hestar	Auðmeltanleg innihaldsefni og meðhöndlun þeirra ef við á	1 - 2 vikur	Veita skal leiðbeiningar um hvenær notkun þessa fódurs er viðeigandi. Upplýsingar á umbúðum, fláti eða merkimiða: „Ráðlagt er að leita áhlits dýralæknis fyrir notkun.“
Að draga úr streituverkun	Auðmeltanleg innihaldsefni og hátt magníuminnihald	Hestar	- Magníum - Auðmeltanleg innihaldsefni og meðhöndlun þeirra ef við á	2 - 4 vikur	Veita skal leiðbeiningar um hvenær notkun þessa fódurs er viðeigandi.
Mótvægi við tap á rafkleyfum efnunum sem verður þegar dýrið svitnar mikið	Einkum rafkleyf efni og kolvetni sem eru auðveld til upptöku	Hestar	- Natríum - Kalíum - Klóríð - Glúkósi	1 - 2 dagar	Upplýsingar í notkunarleiðbeiningum: „Dýrið verður ávallt að hafa aðgang að vatni

- 1) Framleiðanda er einnig heimilt að mæla með notkun í tengslum við tímabundna nýrnabilun, ef við á.
- 2) Ef mælt er með fódurinu í tengslum við tímabundna nýrnabilun skal tímabil notkunar vera tvær til fjórar vikur.
- 3) Þegar um er að ræða fóður fyrir ketti má bæta setningunni „þvagrásarsjúkdómar katta“ eða „þvagrásarheilkenni katta - F.U.S.“ (feline urological syndrome) við dálkinn Sérstök næringarmarkmið.
- 4) Þegar um er að ræða fóður í tengslum við tiltekið óþol má tilvísun til tiltekins óþols koma í stað orðanna „innihaldsefnum og næringu“.
- 5) Framleiðanda er heimilt að bæta tilvísuninni „skortur á framleiðslu brissafa“ við dálkinn Sérstök næringarmarkmið.
- 6) Heimilt er að nota hugtakið „ketóneitrun“ í staðinn fyrir „súrdoða“.
- 7) Framleiðanda er einnig heimilt að mæla með notkun í tengslum við bata eftir súrdoða.
- 8) Þegar um er að ræða fóður fyrir mjólkurkúr.
- 9) Þegar um er að ræða fóður fyrir ær.
- 10) Þegar um er að ræða fóður fyrir mjólkurkúr: „Hámark tveir mánuðir frá því að mjólkurskeið hefst.“
- 11) Tilgreinið flokk jórturdýra.



**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 96/EES/25/04**

**nr. 40/95**  
**frá 22. júní 1995**

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)  
við EES-samninginn**

**SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,**

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var síðast breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 17/95 frá 24. febrúar 1995<sup>(1)</sup>.

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/68/EB frá 16. desember 1994 um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 78/318/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi þurrku- og sprautubúnað vélknúinna öktuækja<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

**ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:****1. gr.**

Eftirfarandi bætist við í 36. lið (tilskipun ráðsins 78/318/EBE) í I. kafla II. viðauka við samninginn:

„, eins og henni var breytt með:

- **394 L 0068:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/68/EB frá 16. desember 1994 (Stjtíð. EB nr. L 354, 31. 12. 1994, bls. 1).“.

**2. gr.**

Fullgiltur texti tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 94/68/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

**3. gr.**

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. júlí 1995, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

**4. gr.**

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 22. júní 1995.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

*P. Benavides*

(<sup>1</sup>) Stjtíð. EB nr. L 83, 13. 4. 1995, bls. 48 og EES-viðbætur við Stjtíð. EB nr. 13, 13. 4. 1995, bls 32.

(<sup>2</sup>) Stjtíð. EB nr. L 354, 31. 12. 1994, bls. 1.

**TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 94/68/EB**

frá 16. desember 1994

**um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 78/318/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi þurrku- og sprautubúnað vélknúinna ökutækja(\*)****FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 70/156/EBE frá 6. febrúar 1970 um samræmingu laga aðildarríkjanna um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 93/81/EBE <sup>(2)</sup>, einkum 2. mgr. 13. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 78/318/EBE frá 21. desember 1977 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi þurrku- og sprautubúnað vélknúinna ökutækja <sup>(3)</sup>, einkum 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Tilskipun 78/318/EBE er ein sértilskipana sem fjallar um EBE-gerðarviðurkenningarferlið sem komið var á með tilskipun 70/156/EBE. Af því leiðir að ákvæði tilskipunar 70/156/EBE um kerfi í ökutækjum, íhluta og aðskildar tæknieiningar eiga við um þessa tilskipun.

Vegna tilskipunar 70/156/EBE, einkum 4. mgr. 3. gr. og 3. mgr. 4. gr., er nauðsynlegt að hverri sértilskipun fylgi upplýsingaskjal þar sem fram koma þau atriði í I. viðauka við þá tilskipun sem skipta máli ásamt gerðarviðurkenningavottorði samkvæmt VI. viðauka við sömu tilskipun í því skyni að koma á tölvuskráningu gerðarviðurkenninga.

Með tilskipun ráðsins 77/649/EBE frá 27. september 1977 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi sjónsvið ökumanna vélknúinna ökutækja <sup>(4)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 90/630/EBE <sup>(5)</sup> er ákveðin aðferð til að ákvarða ýmis sérkenni ökutækja sem gilda áfram.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttö. EB nr. L 354, 31. 12. 1994, bls. 1, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 40/95 frá 22. júní 1995 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjttö. EB nr. L 42, 23. 2. 1970, bls. 1.

(2) Stjttö. EB nr. L 264, 23. 10. 1993, bls. 49.

(3) Stjttö. EB nr. L 81, 28. 3. 1978, bls. 49.

(4) Stjttö. EB nr. L 267, 19. 10. 1977, bls. 1.

(5) Stjttö. EB nr. L 341, 6. 12. 1990, bls. 20.

Með hliðsjón af tækniframförum er unnt að breyta tilskipun 78/318/EBE í því augnamiði að aðlaga prófunarlýsingar og -aðferðir betur því með hvaða hætti þessi kerfi virka.

Ákvæði þessarar tilskipunar eru í samræmi við álit nefndar um aðlögun tilskipana að tækniframförum sem komið var á fót með tilskipun 70/156/EBE.

**SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:****1. gr.**

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á tilskipun 78/318/EBE:

1. Í 1. gr. komi orðin „eins og þau eru skilgreind í II. viðauka A við tilskipun 70/156/EBE“ í stað orðanna „eins og þau eru skilgreind í I. viðauka við tilskipun 70/156/EBE“.
2. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 2. gr.:
  - a) orðin „viðeigandi viðauka“ komi í stað orðanna „I. til V. viðauka“ í fyrsta undirlið;
  - b) orðin „í skilningi 2. gr. tilskipunar 70/156/EBE“ komi í stað orðanna „í skilningi 9. gr. a í tilskipun 70/156/EBE“ í öðrum og þriðja undirlið.
3. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 3. gr.:
  - a) eftirfarandi breytingar eru gerðar á 1. mgr.:
    - i) orðin „viðeigandi viðauka“ komi í stað orðanna „I. til V. viðauka“ í fyrsta undirlið;
    - ii) orðin „í skilningi 2. gr. tilskipunar 70/156/EBE“ komi í stað orðanna „í skilningi 9. gr. a í tilskipun 70/156/EBE“ í öðrum undirlið;
  - b) orðin „í skilningi 2. gr. tilskipunar 70/156/EBE“ komi í stað orðanna „í skilningi 9. gr. a í tilskipun 70/156/EBE“ í annarri undirgrein.
4. Í 4. gr. komi „2.1“ í stað „2.2“.

5. Orðið „viðaukanna“ komi í stað „I. til VII. viðauka“ í 5. gr.

6. Gerðar eru breytingar á skránni yfir viðauka og I., II., VI. og VII. viðauka í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

### 2. gr.

1. Frá og með 1. júlí 1995 er aðildarríkjum óheimilt, af ástæðum er varða framrúðupurrku- og -sprautubúnað:

- að neita að veita EBE-gerðarviðurkenningu eða innlenda gerðarviðurkenningu fyrir gerð ökutækis eða gerð framrúðupurrku- og -sprautubúnaðar, eða
- að banna að ökutæki verði skráð, selt eða tekið í notkun eða framrúðupurrku- og -sprautubúnaður seldur eða tekinn í notkun,

ef framrúðupurrku- og sprautubúnaðurinn samræmist ákvæðum tilskipunar 78/318/EBE, eins og henni er breytt með þessari tilskipun.

2. Frá og með 1. janúar 1996 skulu aðildarríkin:

- ekki lengur veita EBE-gerðarviðurkenningu, og
- geta neitað að veita innlenda gerðarviðurkenningu

fyrir gerð ökutækis af ástæðum sem varða framrúðupurrku- og sprautubúnað og fyrir gerð framrúðupurrku- og sprautubúnaðar ef ákvæðum tilskipunar ráðsins 78/318/EBE, eins og henni er breytt með þessari tilskipun er ekki fullnægt.

3. Að því er varðar varahluti skulu aðildarríkin, þrátt fyrir ákvæði 2. mgr., veita áfram gerðarviðurkenningu fyrir rúðupurrku- og sprautubúnað í samræmi við upprunalega gerð tilskipunar 78/318/EBE, að því tilskildu að slíkur framrúðupurrku- og sprautubúnaður:

- verði festur á ökutæki sem þegar eru í notkun, og
- sé í samræmi við þau ákvæði þeirrar tilskipunar sem voru í gildi þegar ökutækin voru skráð í fyrsta sinn.

### 3. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari fyrir 1. júlí 1995 og tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni texta lagaákvæða sem síðar verða samþykkt um málefni sem tilskipun þessi nær til.

### 4. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins*.

Gjört í Brussel 16. desember 1994.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

*Martin BANGEMANN*

framkvæmdastjóri.

## VIÐAUKI

### 1. Í skránni yfir viðauka:

- falli stjórnurnar á eftir fyrirögnum I. til V. viðauka og samsvarandi neðanmálgrein út;
- er fyrirögn I. viðauka breytt og verði þannig: „Gildissvið, skilgreiningar, umsókn um EBE-gerðarviðurkenningu, veiting EBE-gerðarviðurkenningar, forskriftir, prófunaraðferð, merkingar, breytingar á viðurkenningum, framleiðslusamræmi“;
- er fyrirögn VI. viðauka breytt og verði þannig: „Upplýsingaskjal (ökutæki)“;
- er fyrirögn VII. viðauka breytt og verði þannig: „Upplýsingaskjal (aðskilin tæknieining)“; og
- eftirfarandi bætist við í lok skrárinnar:  
„VIII. viðauki: Gerðarviðurkenningarvottorð (Ökutæki)  
IX. viðauki: Gerðarviðurkenningarvottorð (Aðskilin tæknieining)“

### 2. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á I. viðauka:

- Fyrirsögnin verði þannig:

**„GILDISSVIÐ, SKILGREININGAR, UMSÓKN UM EBE-GERÐARVIÐURKENNINGU, FORSKRIFTIR, PRÓFUNARAÐFERÐ, MERKINGAR, BREYTINGAR Á VIÐURKENNINGUM, FRAMLEIÐSLUSAMRÆMI“**

- Liður (2.1.) falli brott.
- Liðir 2.2 til 2.4 eru tölusettir á ný og verða 2.1 til 2.3.
- Lið 2.1.2 (áður liður 2.2.2) er breytt og verði þannig:  
„2.1.2. lögum og stærð framrúðunnar og festingar hennar þar sem líklegt er að þessi atriði hafi áhrif á sjónsvæði sem fjallað er um í IV. viðauka;“
- Liður 2.5 falli brott.
- Liðir 2.6 og 2.7 eru tölusettir á ný og verða 2.4 og 2.5 og orðið „bolur“ komi í stað „sætisbaks“.
- Liðir 2.8 til 2.21 eru tölusettir á ný og verða 2.6 til 2.19.
- Lið 2.18 (áður liður 2.20) er breytt og verði þannig:

#### **„2.18. Stútur**

„Stútur“ er búnaður sem beinir rúðuvökva í átt að framrúðu.“

- Lið 3.1.1 er breytt og verði þannig:

„3.1.1. Framleiðanda ber að senda umsókn um EBE-gerðarviðurkenningu, samkvæmt 4. mgr. 3. gr. tilskipunar 70/156/EBE, fyrir gerð ökutækis með tilliti til framrúðupurrku- og framrúðusprautubúnaðar þess.“

- Lið 3.1.2 er breytt og verði þannig:  
„3.1.2. Fyrirmynd að upplýsingaskjalinu er að finna í VI. viðauka.“
- Liðir 3.1.2.1 til og með 3.1.2.3 falli brott. Liður 3.1.2.4 er töluþettur á ný og verði 3.1.3.
- Lið 3.2.1 er breytt og verði þannig:  
„3.2.1. Framleiðanda ber að senda umsókn um EBE-gerðarviðurkenningu, samkvæmt 4. mgr. 3. gr. tilskipunar 70/156/EBE, fyrir gerð framrúðusprautubúnaðar sem aðskilin tæknieining.“
- Lið 3.2.2 er breytt og verði þannig:  
„3.2.2. Fyrirmynd að upplýsingaskjalinu er að finna í VII. viðauka.“
- Liður 3.2.2.1 falli brott. Liður 3.2.2.2 er töluþettur á ný og verði 3.2.3, er breytt og verði þannig:  
„3.2.3. Senda ber tækniþjónustunni sem annast gerðarviðurkenningarþjónustuna eitt sýnishorn af gerð búnaðarins sem viðurkenna á. Tækniþjónustunni er heimilt, telji hún það nauðsynlegt, að krefjast frekari sýnishorna. Sýnishornin skulu greinilega og óafmáanlega merkt með viðskiptaheiti eða vörumerki umsækjanda og auðkenni gerðarinnar.“
- Lið 4 er breytt og verði þannig: „4. VEITING EBE-GERÐARVIÐURKENNINGAR“
- Lið (4.1) er breytt og verði þannig:  
„4.1. Sé viðeigandi kröfum fullnægt ber að veita EBE-gerðarviðurkenningu samkvæmt 3. mgr. 4. gr. og 4. mgr. 4. gr. tilskipunar 70/156/EBE.“
- Liður (4.2) falli brott.
- Liðir 4.3, 4.3.1 and 4.3.2 eru töluþettir á ný og verði 4.2, 4.2.1 og 4.2.2 og er breytt og verði þannig:  
„4.2. Fyrirmynd að EBE-gerðarviðurkenningavottorðinu er að finna í:  
4.2.1 VIII. viðauka vegna umsókna sem um getur í lið 3.1;  
4.2.2 IX. viðauka vegna umsókna sem um getur í lið 3.2.“
- Liður (4.4) er töluþettur á ný og verði 4.3, er breytt og verði þannig:  
„4.3. Hverri gerð ökutækis eða framrúðusprautubúnaðar sem fær viðurkenningu er úthlutað viðurkenningarnúmeri í samræmi við VII. viðauka við tilskipun 70/156/EBE. Aðildarríki má ekki úthluta sama númeri fyrir aðra gerð ökutækis eða framrúðusprautubúnaðar.“
- Liðir (4.4) til (4.8) falli brott.
- Lið 5.1.4 er breytt og verði þannig:  
„5.1.4. Ná skal þeirri tíðni sem mælt er fyrir um í lið 5.1.3 samkvæmt þeirri aðferð sem lýst er í liðum 6.1.1 til 6.1.6 og lið 6.1.8.“

- Lið 5.1.7 er breytt og verði þannig:  
 „5.1.7. Búnaðurinn þarf að geta staðist 15 sekúndna stöðvun af völdum hindrunar. Heimilt er að nota sjálfvirka vörn gegn skammhlaupi að því tilskildu að aðeins þurfi að hreyfa við framrúðuþurrkustýringu ef koma þarf búnaðinum í gang á ný. Prófunaraðferð og aðstæður er lýst í lið 6.1.7.“
- Lið 5.1.9.1 er breytt og verði þannig:  
 „5.1.9.1. Þegar hlutfallslegur lofthraði, 80% af hámarkshraða ökutækisins en ekki meiri en 160 km/klst, er settur á framrúðuþurrku sem gengur á mesta hraða, skal hann áfram hreinsa svæði sem tilgreint er í lið 5.1.2.1 með sömu virkni og við sömu skilyrði og fram kemur í lið 6.1.10.2.“
- Eftirfarandi bætist við lið 5.1.10:  
 „Þetta ákvæði gildir ekki um búnað sem í óvirku ástandi er á framrúðusvæði sem hlutar ökutækisins skyggja á (t.d. vélarhlíf, mælaborð, o.s.frv.).“
- Lið 5.2.2 er breytt og verði þannig:  
 „5.2.2. Afköst rúðuþurrkubúnaðar framrúðunnar mega ekki minnka vegna hitaáhrifa sem er lýst í lið 6.2.3 og 6.2.4.“
- Eftirfarandi nýr liður, 6.1.10.2, bætist við aftan við lið 6.1.10.1:  
 „6.1.10.2. Heimilt er að nota sprautubúnað í öllum prófunum hafi ytri flötur framrúðunnar verið undirbúinn eins og lýst er í lið 6.1.8 og 6.1.9.“
- Öðrum málslíð í lið 6.2.3.1 er breytt og verði þannig:  
 „Búnaðinn skal síðan setja í umhverfishitann 20+- 2°C þar til ísinn er fullbráðinn en alls ekki lengur en í fjórar klukkustundir.“
- Öðrum málslíð í lið 6.2.5.1 er breytt og verði þannig:  
 „Ef stútur eða stútar sprautunnar eru stillanlegir skal beina þeim að hinu tiltekna svæði á ytra fleti framrúðunnar á meðan ökutækið er kyrrstætt og engin marktæk áhrif eru af vindi.“
- Lið (7), (8) og (9) er breytt og verði þannig:

„7. MERKINGAR

7.1. Framrúðusprautubúnaður sem er í samræmi við viðurkenndu gerðina samkvæmt þessari tilskipun sem aðskilin tæknieining skal hafa EBE-gerðarviðurkenningarmerki.

7.2. Merkið skal vera réttthyrningur utan um lítið „e“ og skal auðkennandi númer eða bókstafir aðildarríkisins sem veitti gerðarviðurkenninguna fylgja:

1	fyrir Þýskaland,	11	fyrir Breska konungsríkið,
2	fyrir Frakkland,	13	fyrir Lúxemborg,
3	fyrir Ítalíu,	18	fyrir Danmörku,
4	fyrir Holland,	21	fyrir Portúgal,
6	fyrir Belgíu,	23	fyrir Grikkland,
9	fyrir Spán,	IRL	fyrir Írland.



„Grunnviðurkenningarnúmerinu“ sem er í 4. hluta gerðarviðurkenningarnúmersins sem um getur í VII. viðauka við tilskipun 70/156/EBE er sett nálægt réthyrningnum og þar fyrir framan tölustöfunum tveimur sem gefa til kynna raðnúmer síðustu meiriháttar tæknibreytingar á tilskipun 78/318/EBE þann dag sem EBE-gerðarviðurkenning var veitt. Í þessari tilskipun er raðnúmerið 00.

7.3. Festa ber EBE-gerðarviðurkenningarmerkið við framrúðsprautuvökvaflátið þannig að það sé óafmáanlegt og vel læsilegt jafnvel þó búnaðurinn sé festur á ökutæki.

7.4. Fyrirmynd að EBE-gerðarviðurkenningarmerkinu er að finna í viðbætinum.

#### 8. LAGFÆRINGAR Á GERÐ OG BREYTINGAR Á VIÐURKENNINGUM

8.1. Ákvæði 5. gr. tilskipunar 70/156/EBE gilda þegar um er að ræða lagfæringar á gerð sem er viðurkennd samkvæmt þessari tilskipun.

#### 9. FRAMLEIÐSLUSAMRÆMI

9.1. Gera ber ráðstafanir til að tryggja framleiðslusamræmi í samræmi við ákvæði 10. gr. tilskipunar 70/156/EBE.“

- Liður (10) til (12) falli brott.
- Eftirfarandi nýr viðbætur bætist við:

„Viðbætur

Fyrirmynd að EBE-gerðarviðurkenningarmerki

Framrúðuþurrkubúnaðurinn með EBE-gerðarviðurkenningarmerkinu hér að ofan er búnaður sem hefur verið viðurkenndur á Spáni (e 9) undir grunnviðurkenningarnúmerinu 0148 samkvæmt þessari tilskipun. Tölustafirnir eru aðeins til leiðbeiningar.“

3. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á II. viðauka:
  - „III. viðauki við tilskipun ráðsins 77/649/EBE gildir.“
  - Fyrstan neðanmálsgrein falli brott.
4. VI. og VII. viðauki falli brott og eftirfarandi VI. og VII. viðauki komi í stað þeirra:

„VI. VIÐAUKI

Upplýsingaskjal nr... ..

samkvæmt I. viðauka við tilskipun ráðsins 70/156/EBE sem fjallar um EBE-gerðarviðurkenningu ökutækis með tilliti til þurru- og sprautubúnaðar (tilskipun ráðsins 78/318/EBE, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 94/68/EB)

Eftirfarandi upplýsingar skal eftir atvikum gefa í þrírítu og með efnisyfirliti. Teikningar, ef einhverjar eru, skulu vera í hæfilegum hlutföllum og nægilega nákvæmar í A4 stærð eða brotnar saman í þá stærð. Ljósmyndir, ef einhverjar eru, skulu einnig vera nægilega nákvæmar.

Ef rafknúinn stjórnubúnaður er á kerfum, íhlutum eða aðskildum tæknieiningum skulu fylgja upplýsingar um hvernig hann vinnur.

0. ALMENNT
- 0.1. Tegund (viðskiptaheiti framleiðanda):
- 0.2. Gerð og almennt verslunarheiti):
- 0.3. Gerðarauðkenni ef slíkt er á ökutækinu (b):
  - 0.3.1. Staðsetning auðkennis:
- 0.4. Ökutækjaflokkur (c):
- 0.5. Nafn og heimilisfang framleiðanda:
- 0.8. Heimilisfang samsetningarverksmiðju eða -verksmiðja:
1. ALMENNIR SMÍÐAEIGINLEIKAR ÖKUTÆKISINS
- 1.1. Ljósmyndir og/eða teikningar af dæmigerðu ökutæki:
2. MASSAR OG MÁL (e) (í kg og mm) (Sjá teikningu þar sem við á)
- 2.6. Massi ökutækisins með yfirbyggingu tilbúins til aksturs eða massi undirvagns með stýrishúsi ef framleiðandi hefur ekki fest yfirbyggingu á (með kælivökva, olú, eldsneyti, áhöldum, varahjóli og öikumanni) (o) (hámark og lágmark fyrir hvora gerð):
3. HREYFILL (q)
  - 3.2.1.8. Hámarksnettóafli (t): ..... kW við ..... min<sup>-1</sup>
  - 3.2.5. Rafkerfi
    - 3.2.5.1. Málspenna: ..... V, jákvæð/neikvæð jarðtenging<sup>(1)</sup>

<sup>(1)</sup> Númer liða og neðanmálsgreinar sem eru notuð í þessu upplýsingaskjali svara til þeirra sem koma fram í I. viðauka við tilskipun 70/156/EBE.

Liðum sem hafa ekki þýðingu að því er varðar þessa tilskipun er sleppt.

- 3.2.5.2. Rafall
- 3.2.5.2.1. Gerð:
- 3.2.5.2.2. Nafnahrif: ..... VA
- 4. GÍRSKIPTING (v)
- 4.7. Hámarkshraði ökutækis og sá gír sem honum var náð í (í km/klst) (w):
- 9. YFIRBYGGING
- 9.4.1. Upplýsingar um helstu viðmiðunarkerki nægar til að unnt sé að þekkja þau auðveldlega og sannprófa stöðu þeirra innbyrðis og miðað við R-punktinn:
- 9.5.1. Framrúða
- 9.5.1.2. Uppsetningaraðferð:
- 9.5.1.4. Viðurkenningarnúmer:
- 9.6. Framrúðupurrka eða -þurrkur
- 9.6.1. Nákvæm tæknilysing (að meðtöldum ljósmyndum eða teikningum):
- 9.7. Framrúðusprautu
- 9.7.1. Nákvæm tæknilysing (að meðtöldum ljósmyndum eða teikningum) eða viðurkenningarnúmer ef sprautan hefur fengið viðurkenningu sem aðskilin tæknieining:
- 9.8. Afísing og rakahreinsun
- 9.8.2. Hámarksnotkun á rafmagni ..... kW
- 9.10. Innréttingar
- 9.10.3. Sæti
- 9.10.3.5. Hnit eða teikning R-punktsins (x)
- 9.10.3.5.1. Ökumannssæti:
- 9.10.3.6. Hönnunarhalli sætisbaks
- 9.10.3.6.1. Ökumannssæti:
- 9.10.3.7. Mörk sætisstillingar
- 9.10.3.7.1. Ökumannssæti:
- 9.10.5. Upphitunarkerfi fyrir farþegarými
- 9.10.5.3. Hámarksnotkun á rafmagni: ..... kW

**VII. VIÐAUKI**

Upplýsingaskjal nr... ..

um EBE-gerðarviðurkenningu framrúðusprautubúnaðar sem aðskilinnar tæknieiningar (tilskipun ráðsins 78/318/EBE, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 94/68/EB)

Eftirfarandi upplýsingar skal eftir atvikum gefa í þríriti og með efnisyfirliti. Teikningar, ef einhverjar eru, skulu vera í hæfilegum hlutföllum og nægilega nákvæmar í A4 stærð eða brotnar saman í þá stærð. Ljósmyndir, ef einhverjar eru, skulu einnig vera nægilega nákvæmar.

Ef rafknúinn stjórnubúnaður er á kerfum, íhlutum eða aðskildum tæknieiningum skulu fylgja upplýsingar um hvernig hann vinnur.

**0. ALMENNT**

0.1. Tegund (viðskiptaheiti framleiðanda):

0.2. Gerð og almennt verslunarheiti:

0.5. Nafn og heimilisfang framleiðanda:

0.7. Staðsetning og aðferð við að festa EBE-gerðarviðurkenningarmerkið, ef um er að ræða íhluta og aðskildar tæknieiningar:

0.8. Heimilisfang samsetningarverksmiðju eða -verksmiðja:

**1. LÝSING BÚNAÐAR**

1.1. Nákvæm tæknilysing (að meðtöldum ljósmyndum eða teikningum) þar sem fram kemur hvaða íhluta er heimilt að setja upp í vélarrými.

1.1. Ljósmyndir og/eða teikningar af dæmigerðu ökutæki:

1.2. Takmarkanir á notkun og skilyrði sem gilda um áfestingu.

5. Eftirfarandi tveir nýir viðaukar, VIII. og IX. viðauki, bætist við:

„VIII. VIÐAUKI

**FYRIRMYND**

(hámarksstærð: A4 (210 x 297mm))

**EBE-GERÐARVIÐURKENNINGARVOTTORÐ**

Stimpill yfirvalda

Skýrsla um:

- gerðarviðurkenningu<sup>(1)</sup>

<sup>(1)</sup> Strikið yfir það sem ekki á við.

- rýmkun gerðarviðurkenningar<sup>(1)</sup>
- synjun gerðarviðurkenningar<sup>(1)</sup>
- afturköllun gerðarviðurkenningar<sup>(1)</sup>

á gerð ökutækis/íhluta/aðskilinnar tæknieiningar<sup>(1)</sup> með hliðsjón af tilskipun 78/38/EBE eins og henni var síðast breytt með tilskipun 94/68/EB

Gerðarviðurkenningarnúmer:

Ástæða rýmkunar:

## I. Hluti

- 0.1. Tegund (viðskiptaheiti framleiðanda):
- 0.2. Gerð og almennt/almenn verslunarheiti:
- 0.3. Gerðarauðkenni ef slíkt er á ökutækinu/íhlutanum/aðskildu tæknieiningunni<sup>(1)(2)</sup>
  - 0.3.1. Staðsetning auðkennisins:
- 0.4. Ökutækjaflokkur<sup>(3)</sup>:
- 0.5. Nafn og heimilisfang framleiðanda:
- 0.7. Staðsetning og aðferð við að festa EBE-gerðarviðurkenningarmerkið, ef um er að ræða íhluta og aðskildar tæknieiningar:
- 0.8. Heiti og heimilisfang eða -föng samsetningarverksmiðju eða -verksmiðja:

## II. Hluti

1. Viðbótarupplýsingar (þar sem við á): Sjá viðbæti
2. Tækniþjónustan sem annast prófanirnar:
3. Dagsetning prófunarskýrslu:
4. Númer prófunarskýrslu:
5. Athugasemdir (þar sem við á): Sjá viðbæti
6. Staður:
7. Dagsetning:
8. Undirskrift:
9. Meðfylgjandi er skrá yfir innihald upplýsingasafnsins sem viðurkenningaryfirvöld varðveita en það má fá afhent sé þess óskað.

<sup>(1)</sup> Strikið út það sem á ekki við.

<sup>(2)</sup> Ef í auðkenningu á gerð eru staftákn sem varða ekki lýsingu á gerð ökutækis, íhluta eða aðskilinnar tæknieiningar sem þetta upplýsingaskjal nær til skal setja spurningarmerki í stað stafatákna (þ.e. ABC??123??).

<sup>(3)</sup> Samanber skilgreiningu í A-hluta II. viðauka við tilskipun 70/156/EBE.

*Viðbætur*

Við vottorð um EBE-gerðarviðurkenningu nr.....um gerðarviðurkenningu á ökutæki með hliðsjón af tilskipun 78/318/EBE eins og henni var síðast breytt með tilskipun .....

## 1. Viðbótarupplýsingar

1.1 Þurrka, - blaðafjöldi:

1.2 Sprauta, - notkunarmáti:

- gerðarviðurkenningarmerki (þar sem við á):

## 5. Athugasemdir:

(t. d. gildir jafnt um ökutæki með stýri hægra og vinstra megin.

„IX. VIÐAUKI

**FYRIRMYND**

(hámarksstærð: A4 (210 x 297mm))

## EBE-GERÐARVIÐURKENNINGARVOTTORÐ

Stimpill yfirvalda

Skýrsla um:

- gerðarviðurkenningu<sup>(1)</sup>
- rýmkun gerðarviðurkenningar<sup>(1)</sup>
- synjun gerðarviðurkenningar<sup>(1)</sup>
- afturköllun gerðarviðurkenningar<sup>(1)</sup>

á gerð ökutækis/íhluta/aðskilinnar tæknieiningar<sup>(1)</sup> með hliðsjón af tilskipun 78/318/EBE eins og henni var síðast breytt með tilskipun 94/68/EB

Gerðarviðurkenningarnúmer:

Ástæða rýmkunar:

**I. Hluti**

0.1. Tegund (viðskiptaheiti framleiðanda):

0.2. Gerð og almennt/almenn verslunarheiti:

0.3. Gerðarauðkenni ef slíkt er á ökutækinu/íhlutanum/aðskildu tæknieiningunni<sup>(1)(2)</sup>

0.3.1. Staðsetning auðkennisins:

0.4. Ökutækjaflokkur<sup>(3)</sup>:

<sup>(1)</sup> Strikið út það sem á ekki við.

<sup>(2)</sup> Ef í auðkenningu á gerð eru staftákn sem varða ekki lýsingu á gerð ökutækis, íhluta eða aðskilinnar tæknieiningar sem þetta upplýsingaskjal nær til skal setja spurningarmerki í stað stafatáknanna (þ.e. ABC??123??).

<sup>(3)</sup> Samanber skilgreiningu í A-hluta II. viðauka við tilskipun 70/156/EBE.

- 0.5. Nafn og heimilisfang framleiðanda:
- 0.7. Staðsetning og aðferð við að festa EBE-gerðarviðurkenningarmerkið, ef um er að ræða íhluta og aðskildar tæknieiningar:
- 0.8. Heiti og heimilisfang eða -föng samsetningarverksmiðju eða -verksmiðja:

## **II. Hluti**

1. Viðbótarupplýsingar (þar sem við á): Sjá viðbæti
2. Tækniþjónusta sem annast prófanirnar:
3. Dagsetning prófunarskýrslu:
4. Númer prófunarskýrslu:
5. Athugasemdir (þar sem við á): Sjá viðbæti
6. Staður:
7. Dagsetning:
8. Undirskrift:
9. Meðfylgjandi er skrá yfir innihald upplýsingasafnsins sem viðurkenningaryfirvöld varðveita en það má fá afhent sé þess óskað.

### *Viðbætur*

Við vottorð um EBE-gerðarviðurkenningu nr..... um gerðarviðurkenningu á framúðsprautubúnaði sem aðskilin tæknieining með hliðsjón af tilskipun 78/318/EBE eins og henni var síðast breytt með tilskipun 94/68/EB

1. Viðbótarupplýsingar
- 1.1 Takmarkanir á notkun og skilyrði sem gilda um áfestingu:
5. Athugasemdir:“.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 96/EES/25/05**

**nr. 41/95**  
**frá 22. júní 1995**

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)**  
**við EES-samninginn**

**SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,**

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var síðast breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 17/95 frá 24. febrúar 1995<sup>(1)</sup>.

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/78/EB frá 21. desember 1994 um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 78/549/EBE varðandi hjólhlfar vélknúinna ökutækja<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

**ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:****1. gr.**

Eftirfarandi bætist við í 38. lið (tilskipun ráðsins 78/549/EBE) í I. kafla II. viðauka við samninginn:

„,eins og henni var breytt með:

- **394 L 0078:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/78/EB frá 21. desember 1994 (Stjtið. EB nr. L 354, 31. 12. 1994, bls. 10).“.

**2. gr.**

Fullgiltur texti tilskipunar 94/78/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

**3. gr.**

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. júlí 1995, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

**4. gr.**

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 22. júní 1995.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

*P. Benavides*

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 83, 13. 4. 1995, bls. 48 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 13, 13. 4. 1995, bls 32.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. L 354, 31. 12. 1994, bls. 10.



## TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 94/78/EB

frá 21. desember 1994

### um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 78/549/EBE varðandi hjólhlfar vélknúinna ökutækja(\*)

#### FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 70/156/EBE frá 6. febrúar 1970 um samræmingu laga aðildarríkjanna um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 93/81/EBE <sup>(2)</sup>, einkum 2. mgr. 13. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 78/549/EBE frá 12. júní 1978 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi hjólhlfar vélknúinna ökutækja <sup>(3)</sup>, einkum 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Tilskipun 78/549/EBE er ein sértilskipana sem fjallar um EBE-gerðarviðurkenningarferlið sem komið var á með tilskipun 70/156/EBE. Af því leiðir að ákvæði tilskipunar 70/156/EBE um kerfi í ökutækjum, íhluta og aðskildar tæknieiningar eiga við um þessa tilskipun.

Vegna tilskipunar 70/156/EBE, einkum 4. mgr. 3. gr. og 3. mgr. 4. gr., er nauðsynlegt að hverri sértilskipun fylgi upplýsingaskjal þar sem fram koma þau atriði í I. viðauka við þá tilskipun sem skipta máli ásamt gerðarviðurkenningarvottorði samkvæmt VI. viðauka við sömu tilskipun í því skyni að koma á tölvuskráningu gerðarviðurkenninga.

Fjöldi fjórhjóladrifinna fólksbifreiða fer vaxandi, hvort sem fjórhjóladrifið er sívirkt, sjálfvirkt eða tengt af ökumanni. Nauðsynlegt er, að því er varðar þessar fólksbifreiðir og í ljósi tækniframfara, að endurskoða tiltekna hönnunar- og vinnslufæribreytur og breyta tilteknum ákvæðum tilskipunar 78/549/EBE á þann hátt sem endurspeglar markaðsaðstæður um þessar mundir og í framtíð og er í samræmi við góðar starfsvenjur í hönnun og smíði og rekstraröryggi.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttíð. EB nr. L 354, 31. 12. 1994, bls. 10, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 41/95 frá 22. júní 1995 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjttíð. EB nr. L 42, 23. 2. 1970, bls. 1.

(2) Stjttíð. EB nr. L 264, 23. 10. 1993, bls. 49.

(3) Stjttíð. EB nr. L 168, 26. 6. 1978, bls. 45.

Ákvæði þessarar tilskipunar eru í samræmi við álit nefndar um aðlögun tilskipana að tækniframförum sem komið var á fót með tilskipun 70/156/EBE.

#### SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

##### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á tilskipun 78/549/EBE:

- Í I. gr. komi orðin „eins og þau eru skilgreind í II. viðauka A við tilskipun 70/156/EBE“ í stað orðanna „eins og þau eru skilgreind í I. viðauka við tilskipun 70/156/EBE“.
- I. og II. viðauki breytist til samræmis við 1., 2. og 3. lið í viðauka við þessa tilskipun.
- III. viðauki í 4. lið í viðauka við þessa tilskipun bætist við.

##### 2. gr.

1. Frá og með 1. júlí 1995 er aðildarríkjum óheimilt, af ástæðum er varða hjólhlfar:

- að neita að veita EBE-gerðarviðurkenningu eða innlenda gerðarviðurkenningu fyrir gerð ökutækis, eða
- að banna að ökutæki verði skráð, selt eða tekið í notkun

ef hjólhlfarnar samræmast ákvæðum tilskipunar 78/549/EBE, eins og henni er breytt með þessari tilskipun.

2. Frá og með 1. janúar 1996 skulu aðildarríkin:

- ekki lengur veita EBE-gerðarviðurkenningu, og
- geta neitað að veita innlenda gerðarviðurkenningu

fyrir gerð ökutækis af ástæðum sem varða hjólhlfar ef ákvæðum tilskipunar ráðsins 78/549/EBE, eins og henni er breytt með þessari tilskipun er ekki fullnægt.

**3. gr.**

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnáskilgæfufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari fyrir 1. júlí 1995. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni texta lagaákvæða sem síðar verða samþykkt um málefni sem tilskipun þessi nær til.

**4. gr.**

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins*.

Gjört í Brussel 21. desember 1994.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

***Martin BANGEMANN***

framkvæmdastjóri.

## VIÐAUKI

1. Eftirfarandi er bætt inn fyrir framan fyrirsögnina „I. viðauki“:

„Skrá yfir viðauka

*I. viðauki* Almennar kröfur, sérkröfur, keðjunotkun, umsókn um EBE-gerðarviðurkenningu, veiting EBE-gerðarviðurkenningar, breytingar á viðurkenningu, framleiðslusamræmi

*II. viðauki* Upplýsingaskjal

*III. viðauki* Gerðarviðurkenningarvottorð“

2. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á I. viðauka:

- a) Eftirfarandi fyrirsögn I. viðauka er bætt inn:

**„ALMENNAR KRÖFUR, SÉRKRÖFUR, KEÐJUNOTKUN, UMSÓKN UM EBE-GERÐARVIÐURKENNINGU VEITING EBE-GERÐARVIÐURKENNINGAR, BREYTINGAR Á VIÐURKENNINGU, FRAMLEIÐSLU-SAMRÆMI“**

- b) Eftirfarandi komi í stað liðar 2.1:

„2.1. Hjólhlfar skulu uppfylla eftirfarandi kröfur miðað við að ökutækið sé aksturshæft (sjá lið 2.6 í II. viðauka), einn farþegi í framsæti og hjól snúi beint fram:“

- c) Eftirfarandi komi í stað liðar 2.1.1:

„2.1.1. Á því svæði, sem geislalæg plön mynda, sem myndar 30° horn fram með og 50° horn aftur með miðju hjólsins (sjá mynd 1) skal heildarbreidd hjólhlfá (q) að minnsta kosti nema heildarbreidd hjólbarða (b) þar sem tillit er tekið til ystu marka samsetningar hjólbarða og hjóls sem framleiðandi tilgreinir og eins og fram kemur í lið 1.3 í viðbæti við III. viðauka. Þegar um tvöföld hjól er að ræða skal reikna með heildarbreidd beggja hjólbarða (t).“

- d) Eftirfarandi komi í stað liðar 3.1:

„3.1. Þegar um er að ræða ökutæki með drif á aðeins tveimur hjólum skal framleiðandinn votta að ökutækið sé þannig framleitt að unnt sé að nota að minnsta kosti eina gerð snjókeðja á að minnsta kosti eina gerð hjóls og hjólbarða sem eru viðurkennd fyrir drifhjól ökutækisgerðarinnar. Framleiðandi skal tilgreina eina samsetningu keðju, hjólbarða og hjóls sem hentar fyrir viðkomandi ökutæki og geta hennar í lið 1.2 í viðbæti við III. viðauka.“

- e) Eftirfarandi nýir liðir, 3.2 og 3.3, bætist við 3. lið:

„3.2. Þegar um er að ræða ökutæki með drif á fjórum hjólum, m.a. ökutæki þar sem unnt er að aftengja einn drifás á með handvirkum eða sjálfvirkum hætti, skal framleiðandinn votta að ökutækið sé þannig framleitt að unnt sé að nota að minnsta kosti eina gerð snjókeðja á að minnsta kosti eina gerð hjóls og hjólbarða sem eru viðurkennd fyrir að minnsta kosti einn drifás ökutækisgerðarinnar sem ekki er unnt að aftengja. Framleiðandi skal tilgreina eina samsetningu keðju, hjólbarða og hjóls sem hentar fyrir viðkomandi ökutæki og þau drifhjól sem heimilt er að setja þessar keðjur á og geta hennar í lið 1.2 í viðbæti við III. viðauka.

- 3.3. Öllum ökutækjum, sem eru í samræmi við ökutækið sem hlotið hefur EBE-gerðarviðurkenningu, skulu fylgja leiðbeiningar varðandi þá eða þær gerðir keðja sem heimilt er að nota.“
- f) Eftirfarandi komi í stað liðar 4.1:
- „4.1. Framleiðandi skal leggja fram umsókn um EBE-gerðarviðurkenningu, samkvæmt 4. mgr. 3. gr. tilskipunar 70/156/EBE, fyrir ökutækisgerð með tilliti til hjóhlífa.“
- g) Eftirfarandi komi í stað liðar 4.2:
- „4.2. Fyrirmynd að upplýsingaskjalinu er að finna í II. viðauka.“
- h) Liðir 4.2.1 og 4.2.2 falli brott.
- i) Eftirfarandi liðir, 5, 6 og 7, bætist við:
- „5. VEITING EBE-GERÐARVIÐURKENNINGAR
- 5.1. Veita skal EBE-gerðarviðurkenningu samkvæmt 3. mgr. 4. gr. tilskipunar 70/156/EBE hafi viðeigandi kröfum verið fullnægt.
- 5.2. Fyrirmynd að EBE-gerðarviðurkenningarvottorði er að finna í III. viðauka.
- 5.3. Allar viðurkenndar gerðir ökutækja skulu fá viðurkenningarnúmer í samræmi við VII. viðauka við tilskipun 70/156/EBE. Aðildarríki skal ekki úthluta ólíkum gerðum ökutækja sama númeri.
6. LAGFÆRINGAR Á GERÐINI OG BREYTINGAR Á VIÐURKENNINGU
- 6.1. Ákvæði 5. gr. tilskipunar 70/156/EBE gilda þegar um er að ræða lagfæringar á gerð sem er viðurkennd samkvæmt þessari tilskipun.
7. FRAMLEIÐSLUSAMRÆMI
- 7.1. Gera ber ráðstafanir til að tryggja framleiðslusamræmi í samræmi við ákvæði 10. gr. tilskipunar 70/156/EBE.“
3. Eftirfarandi komi í stað II. viðauka:

„II. VIÐAUKI

Upplýsingaskjal nr.... samkvæmt I. viðauka við tilskipun ráðsins 70/156/EBE sem fjallar um EBE-gerðarviðurkenningu ökutækis með tilliti til hjóhlífa, tilskipun 78/549/EBE, eins og henni var síðast breytt með tilskipun .../... /EBE.

Eftirfarandi upplýsingar, eigi þær á annað borð við, skal gefa í þrítí og með efnisyfirliti. Teikningar, ef einhverjar eru, skulu vera í hæfilegum hlutföllum og nægilega nákvæmar í A4 stærð eða brotnar saman í þá stærð. Ljósmyndir, ef einhverjar eru, skulu einnig vera nægilega nákvæmar.

Ef rafknúinn stjórnbúnaður er á kerfum, íhlutum eða aðskildum tæknieiningum skulu fylgja upplýsingar um hvernig hann vinnur.

- 0. ALMENNT
- 0.1. Tegund (viðskiptaheiti framleiðanda):
- 0.2. Gerð og almennt/almenn verslunarheiti:
- 0.3. Gerðarauðkenni ef slíkt er á ökutækinu<sup>(b)</sup>:
  - 0.3.1. Staðsetning auðkennis:
- 0.4. Ökutækjaflokkur<sup>(c)</sup>:
- 0.5. Nafn og heimilisfang framleiðanda:
- 0.8. Heimilisfang samsetningarverksmiðju eða -verksmiðja:
- 1. ALMENNIR SMÍÐAEIGINLEIKAR ÖKUTÆKIS
- 1.1. Ljósmyndir og/eða teikningar af dæmigerðu ökutæki:
  - 1.3. Fjöldi ása og hjóla:
    - 1.3.1. Fjöldi og staða ása með tvöföldum hjólum:
- 2. MASSAR OG MÁL<sup>(e)</sup>

(í kg og mm) (sjá teikningu þar sem við á)

  - 2.4. Stærðamörk ökutækis (heildar)
    - 2.4.1. Fyrir undirvagn án yfirbyggingar
 

Númer liða og neðanmálgreinar sem eru notuð í þessu upplýsingaskjali svara til þeirra sem koma fram í I. viðauka við tilskipun 70/156/EEB.

Liðum sem hafa enga þýðingu að því er varðar þessa tilskipun er sleppt.
    - 2.4.1.3. Hæð (án hleðslu)<sup>(f)</sup> (ef upphengjur eru stillanlegar fyrir hæð skal gefa upp eðlilega stöðu við akstur):
    - 2.4.2. Fyrir undirvagn með yfirbyggingu
      - 2.4.2.3. Hæð (án hleðslu)<sup>(f)</sup> (ef upphengjur eru stillanlegar fyrir hæð skal gefa upp eðlilega stöðu við akstur):
  - 2.6. Massi ökutækisins með yfirbyggingu tilbúins til aksturs eða massi undirvagns með stýrishúsi ef framleiðandi hefur ekki fest yfirbyggingu á (með kælivökva, olíu, eldsneyti, áhöldum, varahjólum og ökuþömlum)<sup>(e)</sup> (hámark og lágmark fyrir hvora útgáfu):
- 6. FJÖÐRUN
- 6.6. Hjólbarðar og hjól
  - 6.6.1. Hjólbarða- og hjólasamsetning(ar) (fyrir hjólbarða skal tilgreina stærðarmerkingu, tölu fyrir lágmarkshleðslugetu, tákni fyrir flokk lágmarkshraða; fyrir hjól skal sýna stærð

<sup>(f)</sup> Strikið yfir það sem ekki á við.

felgu eða felgna og útskögum)

6.6.1.1. Ásar

6.6.1.1.1. 1. ás:

6.6.1.1.2. 2. ás:

6.6.1.1.3. 3. ás:

6.6.1.1.4. 4. ás:

6.6.4. Samsetning keðju, hjólbarða og hjóls á fremri og/eða aftari ás sem, samkvæmt tilmælum framleiðanda, hentar fyrir ökutækisgerðina.

9. YFIRBYGGING

9.16. Hjólhlífur

9.16.1. Stutt lýsing á ökutækinu með tilliti til hjólhlífa þess:

9.16.2. Nákvæmar teikningar af hjólhlífum og staðsetningu þeirra á ökutækinu þar sem fram komi stærðir sem tilgreindar eru á mynd 1 í I. viðauka við tilskipun 78/549/EEB og þar sem tekið er tillit til ystu hluta hjólbarða/hjólasmætninga.“

4. Eftirfarandi III. viðauki bætist við:

„III. VIÐAUKI

**FYRIRMYND**

[hámarksstærð: A4 (210 x 297mm)]



EEB-GERÐARVIÐURKENNINGARVOTTORÐ

Stimpill yfirvalda

Skýrsla um:

- gerðarviðurkenningu<sup>(1)</sup>
- útvíkkun gerðarviðurkenningar<sup>(1)</sup>
- synjun gerðarviðurkenningar<sup>(1)</sup>
- afturköllun gerðarviðurkenningar<sup>(1)</sup>

á gerð ökutækis/íhluta/aðskilinnar tæknieiningar<sup>(1)</sup> með hliðsjón af tilskipun .../... /EEB, eins og henni var síðast breytt með tilskipun .../... /EEB.

Gerðarviðurkenningarnúmer:

Ástæða útvíkkunar:

**I. Hluti**

- 0.1. Tegund (viðskiptaheiti framleiðanda):
- 0.2. Gerð og almennt/almenn verslunarheiti:
- 0.3. Gerðarauðkenni ef slíkt er á ökutækinu/íhlutanum/aðskildu tæknieiningunni<sup>(1)</sup>(<sup>2</sup>)
- 0.3.1. Staðsetning auðkennis:
- 0.4. Ökutækjaflokkur<sup>(3)</sup>:
- 0.5. Nafn og heimilisfang framleiðanda:
- 0.7. Staðsetning og aðferð við að festa EBE-gerðarviðurkenningarmerkið, ef um er að ræða íhluta og aðskildar tæknieingar:
- 0.8. Heiti og heimilisfang eða -föng samsetningarverksmiðju eða -verksmiðja:

## II. Hluti

1. Viðbótarupplýsingar (þar sem við á): Sjá viðbæti
2. Tækniþjónustan sem annast prófanirnar:
3. Dagsetning prófunarskýrslu:
4. Númer prófunarskýrslu:
5. Athugasemdir (þar sem við á): Sjá viðbæti
6. Staður:
7. Dagsetning:
8. Undirskrift:
9. Meðfylgjandi er skrá yfir innihald upplýsingasafnsins sem yfirvöld varðveita en það má fá afhent sé þess óskað.

### Viðbætur

Við vottorð um EBE-gerðarviðurkenningu nr..... um gerðarviðurkenningu á ökutæki með hliðsjón af tilskipun 78/549/EBE eins og henni var síðast breytt með tilskipun .../.../EBE

1. Viðbótarupplýsingar
- 1.1 Stutt lýsing ökutækis með tilliti til hjólhífa:
- 1.2 Samsetning keðju-, hjólbarða- og hjólstærðar á fram- og/eða afturási sem framleiðandi tilgreinir:
- 1.3 Hjólbarða- og hjólasamsetning(ar), þar með talin útskögum, sem framleiðandi tilgreinir:
5. Athugasemdir.“

(1) Strikið út það sem á ekki við.

(2) Ef í auðkenningu á gerð eru staftákn sem varða ekki lýsingu á gerð ökutækis, íhluta eða aðskilinnar tæknieingar sem þetta upplýsingaskjal nær til skal setja spurningarmerki í stað stafatáknanna (þ.e. ABC??123??).

(3) Samanber skilgreiningu í A-hluta II. viðauka við tilskipun 70/156/EBE.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 96/EES/25/06**

**nr. 42/95**  
**frá 22. júní 1995**

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)  
við EES-samninginn**

**SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,**

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var síðast breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 17/95 frá 24. febrúar 1995<sup>(1)</sup>.

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/54/EB frá 18. nóvember 1994 um lögbundnar upplýsingar á merkingum tiltekinnar matvæla aðrar en þær sem kveðið er á um í tilskipun ráðsins 79/112/EBE<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

**ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:****1. gr.**

Eftirfarandi undirliður bætist við í 18. lið (tilskipun ráðsins 79/112/EBE) í XII. kafla II. viðauka við samninginn á undan aðlöguninni:

„ - **394 L 0054:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/54/EB frá 18. nóvember 1994 (Stjtið. EB nr. L 300, 23. 11. 1994, bls. 14).“.

**2. gr.**

Fullgiltur texti tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 94/54/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

**3. gr.**

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. júlí 1995, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

**4. gr.**

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 22. júní 1995.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

*P. Benavides*

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 83, 13. 4. 1995, bls. 48 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 13, 13. 4. 1995, bls 32.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. L 300, 23. 11. 1994, bls. 14.



**TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 94/54/EB****frá 18. nóvember 1994****um lögbundnar upplýsingar á merkingum tiltekinna matvæla aðrar en þær sem kveðið er á um í tilskipun ráðsins 79/112/EBE(\*)****FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 79/112/EBE frá 18. desember 1978 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um merkingu, kynningu og auglýsingu matvæla til sölu til neytenda (<sup>1</sup>), eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 93/102/EB (<sup>2</sup>), einkum 2. mgr. 4. gr.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í samræmi við umfang og áhrif fyrirhugaðra aðgerða eru ráðstafanir bandalagsins sem kveðið er á um í þessari tilskipun nauðsynlegar svo unnt sé að ná settum markmiðum. Einstök aðildarríki eru ekki fær um að ná þessum markmiðum. Enn fremur er nú þegar kveðið á um hvernig þeim skuli náð innan bandalagsins í tilskipun 79/112/EBE.

Til að tryggja neytendum nægilegar upplýsingar ber að kveða á um aðrar lögbundnar upplýsingar um tiltekin matvæli auk þeirra sem kveðið er á um í 3. gr. tilskipunar 79/112/EBE.

Eigi ber að líta á lofttegundir í pakkningum sem eru notaðar við þökkun tiltekinna matvæla sem innihaldsefni í skilningi 1. mgr. 6. gr. tilskipunar 79/112/EBE og ber því ekki að telja þær upp í skrá yfir innihaldsefni á merkimiðanum.

Samt sem áður ber að upplýsa neytendur um notkun slíkra lofttegunda þar eð slíkar upplýsingar skýra fyrir þeim ástæðu þess að matvælin sem þeir hafa keypt hafa meira geymsluþol en svipaðar vörur sem er pakkað á annan hátt.

Nauðsyn ber til að samþykka bandalagsákvæði til að koma í veg fyrir að einhliða aðgerðir aðildarríkja leiði til nýrra viðskiptahindrana.

Tilskipun þessi var send fastanefndinni um matvæli, í samræmi við málsmeðferðina í 17. gr. tilskipunar ráðsins 79/112/EBE, en

hún gat ekki komið sér saman um álit. Framkvæmdastjórnin sendi síðar ráðinu, í samræmi við sömu málsmeðferð, tillögur um ráðstafanir sem gera þarf.

Þar eð ráðið samþykkti ekki þessar ráðstafanir fyrir lok þriggja mánaða frestsins sem það hafði kemur það í hlut framkvæmdastjórnarinnar að samþykkja þær.

**SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:****1. gr.**

Í merkingum þeirra matvæla sem eru talin upp í viðauka við þessa tilskipun skulu vera viðbótarupplýsingar eins og fram kemur í þeim viðauka, samanber þó ákvæði 3. gr. tilskipunar 79/112/EBE.

**2. gr.**

Aðildarríki skulu, ef þörf krefur, breyta lögum sínum og stjórnsýslufyrirmælum eigi síðar en 30. júní 1995 þannig að þau:

- heimili viðskipti með vörur sem samræmast ákvæðum þessarar tilskipunar eigi síðar en 1. júlí 1995,
- banni viðskipti með vörur sem samræmast ekki ákvæðum þessarar tilskipunar frá og með 1. janúar 1997; þó er heimilt að versla með vörur sem settar eru á markað eða merktar fyrir þann tíma þótt ekki séu í samræmi við tilskipun þessa þar til birgðir eru uppnar.

Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

**3. gr.**

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi frá því að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins*.

Gjört í Brussel 18. nóvember 1994.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

**Martin BANGEMANN**

framkvæmdastjóri.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttíð. EB nr. L 300, 23. 11. 1994, bls. 14, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 42/95 frá 22. júní 1995 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(<sup>1</sup>) Stjttíð. EB nr. L 33, 8. 2. 1979, bls. 1.

(<sup>2</sup>) Stjttíð. EB nr. L 291, 25. 11. 1993, bls. 14.

# VIÐAUKI

## Skrá yfir matvæli sem skulu merkt með viðbótarupplýsingum

Gerð eða flokkur matvæla	Upplýsingar
Matvæli sem hefur verið pakkað með lofttegundum, sem heimilar eru samkvæmt tilskipun ráðsins 89/107/EBE <sup>(1)</sup> , til að auka geymsluþol þeirra	„Pakkað í verndandi andrúmslofti“

<sup>(1)</sup> Stjórn. EB nr. L 40, 11. 2. 1989, bls. 27.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 96/EES/25/07**

**nr. 43/95**  
**frá 22. júní 1995**

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)  
við EES-samninginn**

**SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,**

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var síðast breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 17/95 frá 24. febrúar 1995<sup>(1)</sup>.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/52/EB frá 7. desember 1994 um aðra breytingu á tilskipun 88/344/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi leysiefni sem notuð eru við framleiðslu matvæla og efnisþátta sem notaðir eru við matvæla-vinnslu<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

**ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:****1. gr.**

Eftirfarandi undirliður bætist við í 43. lið (tilskipun ráðsins 88/344/EBE) í XII. kafla II. viðauka við samninginn:

„ - **394 L 0052:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/52/EB frá 7. desember 1994 (Stjttíð. EB nr. L 331, 21. 12. 1994, bls. 10).“.

**2. gr.**

Fullgiltur texti tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/52/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

**3. gr.**

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. júlí 1995, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

**4. gr.**

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins*.

Gjört í Brussel 22. júní 1995.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

*P. Benavides*

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. L 83, 13. 4. 1995, bls. 48 og EES-viðbætur við Stjttíð. EB nr. 13, 13. 4. 1995, bls. 32.

<sup>(2)</sup> Stjttíð. EB nr. L 331, 21. 12. 1994, bls. 10.

## TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 94/52/EB

frá 7. desember 1994

um aðra breytingu á tilskipun 88/344/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi leysiefni sem notuð eru við framleiðslu matvæla og efnisþátta sem notaðir eru við matvælavinnslu(\*)

### EVROÞUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAGA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 100. gr. a, með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>,

með hliðsjón af álitni efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(2)</sup>,

í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 189. gr. b í sáttmálanum <sup>(3)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Leysiefnið sýklóhexan, sem er notað við framleiðslu bragðefna, var felld brott úr III. hluta viðaukans við tilskipun 88/344/EBE <sup>(4)</sup> frá og með 1. janúar 1994.

Vísindanefndin um matvæli hefur ákveðið, á grundvelli viðbótarupplýsinga sem síðan hafa borist, að tímabundið samþykki hennar fyrir efninu gildi á ný. Því er heimilt að nota leysiefnið áfram á meðan endanlegs álits nefndarinnar er beðið.

### SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

#### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á viðauka við tilskipun 88/344/EBE:

Í III. hluta: Notkun leysiefnisins sýklóhexan er heimil á ný með hámarks magn lyfjaleifa 1 mg/kg.

#### 2. gr.

1. Aðildarríkin skulu breyta lögum sínum og stjórnslu-fyrirmælum til að heimila viðskipti með vörur sem samræmast ákvæðum þessarar tilskipunar eigi síðar en 7. desember 1995.

Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

2. Þegar aðildarríkin samþykkja ráðstafanirnar sem um getur í 1. mgr. skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

#### 3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á sjöunda degi frá því að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins*.

#### 4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 7. desember 1994.

Fyrir hönd Evrópuþingsins

**K. HÄNSCH**

forseti

Fyrir hönd ráðsins,

**G. REXRODT**

forseti.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 331, 21. 12. 1994, bls. 10, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 43/95 frá 22. júní 1995 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjtið. EB nr. C 15, 18. 1. 1994, bls. 17.

(2) Stjtið. EB nr. C 133, 16. 5. 1994, bls. 21.

(3) Álit Evrópuþingsins frá 9. febrúar 1994. (Stjtið. EB nr. C 61, 28. 2. 1994, bls. 101), sameiginleg afstaða ráðsins frá 10. mars 1994 (Stjtið. EB nr. C 172, 24. 6. 1994, bls. 1) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 15. september 1994 (Stjtið. EB nr. C 276, 3. 10. 1994, bls. 13).

(4) Stjtið. EB nr. L 157, 24. 6. 1988, bls. 28. Tilskipuninni var breytt með tilskipun 92/115/EBE (Stjtið. EB nr. L 409, 31. 12. 1992, bls. 31).

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 96/EES/25/08**

**nr. 44/95**  
**frá 22. júní 1995**

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)  
við EES-samninginn**

**SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,**

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var síðast breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 17/95 frá 24. febrúar 1995<sup>(1)</sup>.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2703/94 frá 7. nóvember 1994 um breytingu á I., II. og III. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarksmagn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

**ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:****1. gr.**

Eftirfarandi undirliður bætist við í 14. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90) í XIII. kafla II. viðauka við samninginn á undan aðlöguninni:

„ - **394 R 2703:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2703/94 frá 7. nóvember 1994 (Stjtið. EB nr. L 287, 8. 11. 1994, bls. 19).“.

**2. gr.**

Fullgiltur texti reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2703/94 á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

**3. gr.**

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. júlí 1995, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

**4. gr.**

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 22. júní 1995.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

*P. Benavides*

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 83, 13. 4. 1995, bls. 48 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 13, 13. 4. 1995, bls. 32.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. L 287, 8. 11. 1994, bls. 19.

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 2703/94**

frá 7. nóvember 1994

**um breytingu á I., II. og III. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarksmagn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu(\*)**

**FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 frá 26. júní 1990 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarksmagn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2701/94 <sup>(2)</sup>, einkum 6., 7. og 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í samræmi við reglugerð (EBE) nr. 2377/90 verður smám saman að ákvarða hámarksmagn leifa allra lyfjafraðilega virkra efna sem eru notuð í bandalaginu í dýralyf fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til mannelis.

Ekki skal ákvarða hámarksmagn lyfjaleifa fyrr en dýralyfjanevnd hefur kannað allar upplýsingar sem máli skipta og varða skaðleysi leifa viðkomandi efnis fyrir þá sem neyta matvæla úr dýraríkinu og áhrif þessara leifa á iðnaðarvinnslu matvæla.

Við ákvörðun á hámarksmagni dýralyfjaleifa í matvælum úr dýraríkinu verður að tilgreina dýrategundina sem lyfjaleifarnar kunna að finnast í, magnið sem kann að finnast í hverjum viðkomandi kjötvefi úr dýri sem hefur fengið lyfjameðferð (markvefur) og hvaða eiginleikar leifarinnar skipta máli við eftirlit með lyfjaleifum (leifamerki).

Til að auðvelda eftirlit með lyfjaleifum, eins og kveðið er á um í viðeigandi lögjöf bandalagsins, skal að jafnaði ákvarða hámarksmagn lyfjaleifa í lifur eða nýrum. Hins vegar eru lifur og nýru oft fjarlægð úr skrokkum í alþjóðaviðskiptum og því skal einnig ávallt ákvarða hámarksmagn lyfjaleifa í vöðva- eða fituvef.

Þegar um er að ræða dýralyf fyrir varpfugla, mjólkandi dýr eða hunangsflugur skal einnig ákvarða hámarksmagn lyfjaleifa í eggjum, mjólk eða hunangi.

Bæta ber flórfevíkóli við I. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2377/90.

Bæta ber loshormónum gónadótrópíns við II. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2377/90. Með framreikningi á vísindalegum gögnum skal þessi flokkun í II. viðauka gilda um allar dýrategundir sem gefa af sér afurðir til mannelis.

Bæta ber moxídektíni við III. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2377/90 svo að unnt verði að ákveða sérhæfni greiningar- aðferðarinnar fyrir dóramektín sem setja verður staðal um sem er aðgengilegur öllum.

Bæta ber seftíófur við III. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2377/90 svo að unnt verði að ljúka gildingu greiningar- aðferðarinnar fyrir lifur og fituvef úr nautgripum og svínunum. Eftirlit með seftíófurleifum byggist á greiningu á vöðva- og nýrnavef úr nautgripum og svínunum.

Veita skal 60 daga frest áður en þessi reglugerð öðlast gildi svo að aðildarríkin fái svigrúm til að gera þær breytingar sem nauðsynlegar kunna að vera, með tilliti til ákvæða þessarar reglugerðar, á markaðsleyfum sem veitt hafa verið fyrir viðkomandi dýralyf í samræmi við tilskipun ráðsins 81/851/EBE <sup>(3)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 93/40/EBE <sup>(4)</sup>.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari reglugerð eru í samræmi við álit nefndar um að laga að tækniframförum þær tilskipanir er fjalla um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með dýralyf.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttíð. EB nr. L 287, 8. 11. 1994, bls. 19, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 44/95 frá 22. júní 1995 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. L 224, 18. 8. 1990, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjttíð. EB nr. L 287, 8. 11. 1994, bls. 7.

<sup>(3)</sup> Stjttíð. EB nr. L 317, 6. 11. 1981, bls. 1.

<sup>(4)</sup> Stjttíð. EB nr. L 214, 24. 8. 1993, bls. 31.

**SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:****1. gr.**

Á I. II. og III. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2377/90 verða þær breytingar sem tilgreindar eru í viðaukanum.

**2. gr.**

Reglugerð þessi öðlast gildi 60 dögum eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 7. nóvember 1994.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

**Martín BANGEMANN**

framkvæmdastjóri.

## VIÐAUKI

## A. I. viðauki breytist sem hér segir:

1. Sýkingarlyf
- 1.2. Sýklalyf
- 1.2.5. Flórfeníkól og skyld sambönd

Lyfjafræðilega virk efni	Leifamerki	Dýrategund	MRL	Markvefur	Önnur ákvæði
„1.2.5.1. Flórfeníkól	Summa flórfeníkóls og umbrotsefna þess mæld sem flórfeníkól-amín	Nautgripir	200 mg/kg 300 mg/kg 3 000 mg/kg	Vöðvi Nýra Lifur“	

## B. Við „Lífræn efnasambönd“ í 2. lið II. viðauka bætist eftirfarandi liður:

2. Lífræn efnasambönd

Lyfjafræðilega virk efni	Dýrategund	Önnur ákvæði
„2.9. Loshormón gónadótrópíns	Allar tegundir sem eru nýttar til matar“	

## C. III. viðauki breytist sem hér segir:

1. Sýkingarlyf
- 1.2. Sýklalyf
- 1.2.4. Sefalósporín

Lyfjafræðilega virk efni	Leifamerki	Dýrategund	MRL	Markvefur	Önnur ákvæði
„1.2.4.1. Seftíófúr	Summa allra leifa sem halda betalaktambyggingu sinni, gefin upp sem desfúróýlseftíófúr	Nautgripir  Svín	2 000 mg/kg 200 mg/kg 600 mg/kg 100 mg/kg 4 000 mg/kg 3 000 mg/kg 500 mg/kg 600 mg/kg	Nýra, lifur Vöðvi Fita Mjólk Nýra Lifur Vöðvi Fita	Bráðabirgðagildi fyrir MRL falla úr gildi 1. júlí 1997“

## 2. Sníklaeyðar

## 2.1. Inn- og útsníklalyf

## 2.1.1. Avermekín

Lyfjafræðilega virk efni	Leifamerki	Dýrategund	MRL	Markvefur	Önnur ákvæði
„ 2.3.1.1. Moxídektín	Moxídektín	Nautgripir Sauðfé	200 mg/kg 20 mg/kg	Fita Nýra, lifur	Bráðabirgðagildi fyrir MRL falla úr gildi 1. júlí 1997“



**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 96/EES/25/09**

**nr. 45/95**  
**frá 22. júní 1995**

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)  
við EES-samninginn**

**SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,**

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var síðast breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 17/95 frá 24. febrúar 1995<sup>(1)</sup>.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/48/EB frá 7. desember 1994 um 13. breytingu á tilskipun 76/769/EBE um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi takmörkun á sölu og notkun tiltekinna skaðlegra efna og efnablandna<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/60/EB frá 20. desember 1994 um 14. breytingu á tilskipun 76/769/EBE um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi takmörkun á sölu og notkun tiltekinna skaðlegra efna og efnablandna<sup>(3)</sup> skal felld inn í samninginn.

**ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:****1. gr.**

Eftirfarandi undirliðir bætist við í 4. lið (tilskipun ráðsins 76/769/EBE) í XV. kafla II. viðauka við samninginn á undan aðlöguninni:

„ - **394 L 0048:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/48/EB frá 7. desember 1994 (Stjttíð. EB nr. L 331, 21. 12. 1994, bls. 7).

- **394 L 0060:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/60/EB frá 20. desember 1994 (Stjttíð. EB nr. L 365, 31. 12. 1994, bls. 1).“.

**2. gr.**

Fullgiltur texti tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/48/EB og tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/60/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

**3. gr.**

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. júlí 1995, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

**4. gr.**

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 22. júní 1995.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

*P. Benavides*

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. L 83, 13. 4. 1995, bls. 48 og EES-viðbætur við Stjttíð. EB nr. 13, 13. 4. 1995, bls. 32.

<sup>(2)</sup> Stjttíð. EB nr. L 331, 21. 12. 1994, bls. 7.

<sup>(3)</sup> Stjttíð. EB nr. L 365, 31. 12. 1994, bls. 1.

**TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 94/48/EB**

frá 7. desember 1994

**um 13. breytingu á tilskipun 76/769/EBE um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnarsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi takmörkun á sölu og notkun tiltekinna skaðlegra efna og efnablandna(\*)****EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFNA,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 100. gr. a,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(2)</sup>,

í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 189. gr. b í sáttmálanum <sup>(3)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í 7. gr. a í sáttmálanum er mælt fyrir um stofnun svæðis án innri landamæra þar sem frjálsir vöruflutningar, frjálsir fólksflutningar, frjáls þjónustustarfsemi og frjálsir fjármagnsflutningar eru tryggðir.

Þróun innri markaðarins ætti smám saman að bæta lífsgæði, heilsuvernd og öryggi neytenda. Ráðstafanirnar sem eru lagðar til í þessari tilskipun eru í samræmi við ályktun ráðsins frá 9. nóvember 1989 um framtíðarforgangsverkefni sem miða að því að endurskoða stefnu í neytendaverndarmálum <sup>(4)</sup>.

Tiltekin efni og efnablöndur sem eru notaðar sem drifefni fyrir úðabrúsa eru mjög eldfim.

Síaukin notkun eldfimra efna í stað klórflúorokolefna sem drifefni fyrir úðabrúsa hefur í för með sér hættu fyrir neytendur. Hætta af þessu tagi er einkar bráð ef slíkir úðabrúsar eru notaðir til skemmtunar eða skreytinga.

Hægt er að draga úr þessari hættu með því að aðlaga í samræmi við tækniframfarir tilskipun ráðsins 75/324/EBE frá 20. maí 1975 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi úðabrúsa <sup>(5)</sup> og takmarka þannig notkun eldfimra efna sem drifefni fyrir úðabrúsa sem ætlaðir eru til skemmtunar eða skreytinga.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttíð. EB nr. L 331, 21. 12. 1994, bls. 7, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 45/95 frá 22. júní 1995 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. 306, 12. 11. 1993, bls. 14.

<sup>(2)</sup> Stjttíð. EB nr. C 133, 16. 5. 1994, bls. 15.

<sup>(3)</sup> Álit Evrópuþingsins frá 15. desember 1993 (Stjttíð. EB nr. C 20, 24. 1. 1994, bls. 77), sameiginleg afstaða ráðsins frá 27. júní 1994 (Stjttíð. EB nr. C 244, 31. 8. 1994, bls. 13) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 15. september 1994 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).

Takmarkanirnar sem eitt aðildarríkjanna hyggst setja vegna markaðssetningar tiltekinna drifefna fyrir úðabrúsa sem ætlaðir eru til skemmtunar eða skreytinga hafa bein áhrif á tilkomu og starfsemi hins sameiginlega markaðar. Nauðsynlegt er því að samhæfa lagaákvæði aðildarríkjanna á þessu sviði og þar af leiðandi að breyta I. viðauka við tilskipun ráðsins 76/769/EBE <sup>(6)</sup>.

Í samræmi við umfang og áhrif fyrirhugaðra aðgerða eru ráðstafanir bandalagsins í þessari tilskipun ekki einungis nauðsynlegar heldur óhjákvæmilegar til að ná settum markmiðum. Aðildarríkin geta ekki náð þessum markmiðum hvert um sig þar eð þegar er kveðið á um í tilskipun 76/769/EBE að þessum markmiðum skuli náð innan bandalagsins.

**SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:****1. gr.**

I. viðauka við tilskipun 76/769/EBE er hér með breytt í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

**2. gr.**

1. Aðildarríkin skulu samþykkja lög og stjórnarsýslu-fyrirmæli sem nauðsynleg eru til að fara að tilskipun þessari:

- annaðhvort eigi síðar en sex mánuðum eftir samþykki tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar sem aðlagar tilskipun 75/324/EBE um úðabrúsa að tækniframförum þannig að hún nái til allra prófunaraðferða sem beitt er til að votta að framleiðsluvörur samræmist þessari tilskipun,
- eða einu ári eftir samþykki þessarar tilskipunar ef sá dagur er síðar en sá fyrrnefndi.

Þau skulu beita þessum ákvæðum sex mánuðum eftir lok tímabilsins sem hér um ræðir.

<sup>(4)</sup> Stjttíð. EB nr. C 294, 23. 11. 1989, bls. 1.

<sup>(5)</sup> Stjttíð. EB nr. L 147, 9. 6. 1975, bls. 40, tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 94/1/EB (Stjttíð. EB nr. L 23, 28. 1. 1994, bls. 28).

<sup>(6)</sup> Stjttíð. EB nr. L 262, 27. 9. 1976, bls. 201, tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 91/339/EBE (Stjttíð. EB nr. L 186, 12. 7. 1991, bls. 64).

2. Þegar aðildarríkin samþykkja ákvæðin sem um getur í 1. mgr. skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

**3. gr.**

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 7. desember 1994.

Fyrir hönd Evrópuþingsins

***K. HÄNSCH***

forseti,

Fyrir hönd ráðsins,

***G. REXRODT***

forseti.

## VIÐAUKI

Efni

sem eru annaðhvort

- tilgreind í I. viðauka við tilskipun 67/548/EBE og flokkuð sem eldfim eða mjög eldfim og merkt sem slík, eða
  - hafa enn ekki verið tilgreind í I. viðauka tilskipunar 67/548/EBE en uppfylla viðmiðunarkröfur VI. viðauka við tilskipun 67/548/EBE varðandi eldfimi og eru til bráðabirgða flokkuð og merkt sem eldfim, mjög eldfim eða gifurlega eldfimt samkvæmt 2. mgr. 5. gr. tilskipunar 67/548/EBE.
1. Má ekki nota sem slík eða sem efnablöndur í úðabrusa ef markaðssetja á þau og selja almenningi til skemmtunar eða skreytinga, til dæmis:
    - málmglimmer sem aðallega er ætlað til skrauts,
    - gervisnjór og -hrím,
    - fretpúðar,
    - reimaúði,
    - gervisaur,
    - samkvæmislúðrar,
    - skrautflögur og -löður,
    - gerviköngulóarvefur,
    - fylubombur
    - o.s.frv.
  2. Með fyrirvara um beitingu annarra ákvæða bandalagsins um flokkun, pökkun og merkingar hættulegra efna skulu eftirtalin orð vera auðlæsileg og óafmáanleg á umbúðum úðabrusanna sem vísað er til hér að framan: „Aðeins til nota fyrir fagfólk“.
  3. Ákvæði 1. og 2. liðar eiga þó ekki við um úðabrusa sem um getur í 9. gr. a í tilskipun 75/324/EBE.
  4. Ekki má markaðssetja framangreindar framleiðsluvörur nema þær uppfylli tilskildar kröfur.

**TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 94/60/EB****frá 20. desember 1994****um 14. breytingu á tilskipun 76/769/EBE um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnarsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi takmörkun á sölu og notkun tiltekinna skaðlegra efna og efnablöndna(\*)****EVROÞUPINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS Hafa,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 100. gr. a, með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>,

með hliðsjón af álit efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(2)</sup>,

í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 189. gr. b í sáttmálanum <sup>(3)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Samþykjja ber ráðstafanir til að koma á fót innri markaði. Innri markaðurinn er svæði án innri landamæra þar sem frjálsir vöruflutningar, fólksflutningar, þjónustustarfsemi og fjármagnsflutningar eru tryggðir.

Starfsemi hins innri markaðar ætti einnig smám saman að bæta lífsgæði, heilsuvernd og öryggi neytenda. Ráðstafanirnar sem eru lagðar til í þessari tilskipun eru í samræmi við ályktun ráðsins frá 9. nóvember 1989 um mikilvægustu framtíðarverkefni við mótun stefnu um neytendavernd <sup>(4)</sup>.

Ráðið og fulltrúar ríkisstjórna aðildarríkjanna, sem komu saman á vegum ráðsins, samþykktu ákvörðun 90/238/KBE, KSE, EBE <sup>(5)</sup> um framkvæmdaáætlun fyrir 1990 til 1994 í tengslum við áætlunina „Evrópa gegn krabbameini.“

Efnin sem eru tilgreind í I. viðauka við tilskipun ráðsins 67/548/EBE <sup>(6)</sup> og flokkuð sem krabbameinsvaldar í 1. eða 2. flokki geta valdið krabbameini. Til að efla heilsuvernd ætti ekki að markaðssetja slík efni eða efnablöndur til nota fyrir almenning.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttíð. EB nr. L 365, 31. 12. 1994, bls. 1, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 45/95 frá 22. júní 1995 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjttíð. EB nr. C 157, 24. 6. 1992, bls. 6.

(2) Stjttíð. EB nr. C 332, 16. 12. 1992, bls. 8.

(3) Álit Evrópuþingsins frá 19. janúar 1994 (Stjttíð. EB nr. C 44, 14. 2. 1994, bls. 2), sameiginleg afstaða ráðsins frá 16. júní 1994 (Stjttíð. EB nr. C 244, 31. 8. 1994, bls. 1) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 26. október 1994 (Stjttíð. EB nr. C 323, 21. 11. 1994).

(4) Stjttíð. EB nr. C 294, 23. 11. 1989, bls. 1.

(5) Stjttíð. EB nr. L 137, 30. 5. 1990, bls. 31.

(6) Stjttíð. EB nr. L 196, 16. 8. 1967, bls. 1/67. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 91/632/EBE (Stjttíð. EB nr. L 338, 10. 12. 1991, bls. 23).

Efnin sem eru tilgreind í I. viðauka við tilskipun 67/548/EBE og flokkuð sem stökkbreytivaldar í 1. eða 2. flokki geta valdið arfgengum skaða á erfðafni. Til að efla heilsuvernd ætti ekki að markaðssetja slík efni eða efnablöndur til nota fyrir almenning.

Efnin sem eru tilgreind í I. viðauka við tilskipun 67/548/EBE og flokkuð sem eituráhrifavaldar á æxlun í 1. eða 2. flokki geta valdið fæðingargöllum. Til að efla heilsuvernd ætti ekki að markaðssetja slík efni eða efnablöndur til nota fyrir almenning.

Til að tryggja gagnsæi og nákvæmni skal vísa til slíkra efna með því að nota viðurkennt flokkunarkerfi, öðru fremur IUPAC-nafnakerfið (International Union of Pure and Applied Chemistry). I. viðauki við tilskipun 67/548/EBE („Skrá yfir hættuleg efni“) er uppfærður reglulega með því að laga hann að tækni framförum. Framkvæmdastjórnin leggur fyrir Evrópuþingið, eigi síðar en sex mánuðum eftir að slík aðlögun að tækni framförum er birt í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins, tillögu að tilskipun sem tekur til efnanna sem nýlega hafa verið flokkuð sem krabbameinsvaldar í 1. og 2. flokki, stökkbreytivaldar í 1. og 2. flokki og eituráhrifavaldar í 1. og 2. flokki þannig að þessi tilskipun sé uppfærð.

Í fyrrnefndri tillögu framkvæmdastjórnarinnar mun verða höfð hliðsjón af áhættuþáttum og kostum sem fylgja efnunum, sem nýlega hafa verið flokkuð, sem og lagaákvæðum bandalagsins um áhættugreiningu.

Í I. viðauka við tilskipun 67/548/EBE er kveðið á um tiltekin styrkleikamörk fyrir slík efni og, ef engin slík mörk eru fyrir hendi, er kveðið á um almenn styrkleikamörk sem gilda um slík efni í efnablöndum í VI. töflu í I. viðauka við tilskipun ráðsins 88/379/EBE <sup>(7)</sup>.

Kreósót, sem er skilgreint í viðaukanum við þessa tilskipun, getur verið óheilsusamlegt vegna þess að það inniheldur þekkta krabbameinsvalda. Af þessum sökum ætti að takmarka notkun kreósóts í viðarvarnarefnum og markaðssetningu og notkun viðar sem hlotið hefur kreósótmeðferð.

(7) Stjttíð. EB nr. L 187, 16. 7. 1988, bls. 14. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 93/18/EBE (Stjttíð. EB nr. L 104, 29. 4. 1993, bls. 46).

Sumir efnisþættir kreósoúts brotna illa niður og eru skaðlegir tilteknum lífverum í umhverfinu. Þessir efnisþættir geta komist út í umhverfið í kjölfar notkunar viðvarnarefna.

Sum klóruð leysiefni eru óheilsusamleg og ætti ekki að setja þau á markað fyrir almenning í efnun eða efnablöndum.

Takmarkanirnar á notkun kreósoúts í viðvarnarefnum, á markaðssetningu og notkun viðar sem hlotið hefur kreósoútsmeðferð og á markaðssetningu og notkun klóraðra leysiefna, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, taka mið af þeirri þekkingu og tækni sem nú er fyrir hendi varðandi öruggari aðferðir.

Takmarkanir sem þegar hafa verið samþykktar í tilteknum aðildarríkjum að því er varðar markaðssetningu og notkun framangreindra efna hafa bein áhrif á stofnun og starfsemi innri markaðarins. Nauðsynlegt er því að samræma núgildandi löggjöf aðildarríkjanna á þessu sviði og breyta I. viðauka við tilskipun ráðsins 76/769/EBE <sup>(1)</sup> í samræmi við það.

Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á löggjöf bandalagsins þar sem kveðið er á um lágmarkskröfur um vernd starfsmanna sem fjallað er um í tilskipun ráðsins 89/391/EBE <sup>(2)</sup> og í sérstökum tilskipunum sem byggðar eru á henni, einkum tilskipun 90/394/EBE <sup>(3)</sup>.

#### SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

##### 1. gr.

I. viðauka við tilskipun 76/769/EBE er hér með breytt í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

##### 2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykka og birta lög og stjórnslu-fyrirmæli sem nauðsynleg eru til að fara að þessari tilskipun eigi síðar en einu ári eftir samþykki hennar. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þessi ákvæði skulu koma til framkvæmda eigi síðar en 20. júní 1995.

2. Þegar aðildarríkin samþykka þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim skal fylgja slík tilvísun þegar þær verða birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

##### 3. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 20. desember 1994.

Fyrir hönd Evrópuþingsins

**K. HÄNSCH**

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

**K. KINKEL**

forseti.

<sup>(1)</sup> Stjótt. EB nr. L 262, 27. 9. 1976, bls. 201. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 91/659/EBE (Stjótt. EB nr. L 363, 31. 12. 1991, bls. 36).

<sup>(2)</sup> Stjótt. EB nr. L 183, 29. 6. 1989, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjótt. EB nr. L 196, 26. 7. 1990, bls. 1.

## VIÐAUKI

Eftirfarandi bætist við I. viðauka við tilskipun 76/769/EBE:

### „Heiti efnisins, efnahópanna eða efnablöndu-hópanna

29. Efni sem eru tilgreind í I. viðauka við tilskipun 67/548/EBE og flokkuð sem krabbameinsvaldar samkvæmt 1. eða 2. flokki og að minnsta kosti merkt sem „Eitrað (T)“ fá hættusetninguna H 45 „getur valdið krabbameini“ eða hættusetninguna H 49 „getur valdið krabbameini við innöndun“ og eru flokkuð á eftirfarandi hátt:

Krabbameinsvaldar samkvæmt 1. flokki  
Sjá 1. skrá í viðbætinum

Krabbameinsvaldar samkvæmt 2. flokki  
Sjá 2. skrá í viðbætinum

30. Efni sem eru tilgreind í I. viðauka við tilskipun 67/548/EBE og flokkuð sem stökkbreytivaldar samkvæmt 1. flokki eða stökkbreytivaldar samkvæmt 2. flokki og merkt með hættusetningunni H 46:

### Takmarkanir

Má ekki nota í efni og efnablöndur sem á að markaðssetja og selja almenningi í styrk sem er jafn eða meiri en:

- annaðhvort styrkurinn sem er tilgreindur í I. viðauka við tilskipun 67/548/EBE, eða
- styrkurinn sem er tilgreindur í 6. lið VI. töflu í I. viðauka við tilskipun 88/379/EBE ef engin styrkleikamörk eru tilgreind í I. viðauka við tilskipun 67/548/EBE.

Með fyrirvara um beitingu annarra bandalagsákvæða um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efna og efnablandna skal á umbúðum slíkra efnablandna vera eftirfarandi með læsilegu og óafmáanlegu lettri: „Einungis til faglegra nota. Athugið: Forðist áreitun - leitið sérstakra leiðbeininga fyrir notkun.“

Þetta ákvæði gildir þó ekki um:

- a) lyf og dýralyf sem skilgreind eru í tilskipun 65/65/EBE <sup>(1)</sup>;
- b) snyrtivörur sem skilgreindar eru í tilskipun 76/768/EBE <sup>(2)</sup>;
- c) - vélaeldsneyti sem fjallað er um í tilskipun 85/210/EBE <sup>(3)</sup>,
  - jarðolúafurðir ætlaðar til notkunar sem eldsneyti í færanlegum eða föstum brennsluverum,
  - eldsneyti selt í lokuðum kerfum (t.d. hylkjum fyrir fljóttandi gas);
- d) önnur efni og efnablöndur sem tilgreindar eru í I. viðauka við þessa tilskipun undir öðrum liðum en 30. og 31. lið;
- e) málningu til listmálunar sem fjallað er um í tilskipun 88/379/EBE <sup>(4)</sup>.

Óheimilt að nota í efni og efnablöndur sem á að markaðssetja og selja almenningi í styrk sem er jafn eða meiri en:

- <sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 22, 9. 2. 1965, bls. 369/65. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 93/39/EBE (Stjtið. EB nr. L 214, 24. 8. 1993, bls. 22).
- <sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. L 262, 27. 9. 1976, bls. 169. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 93/35/EBE (Stjtið. EB nr. L 151, 23. 6. 1993, bls. 32).
- <sup>(3)</sup> Stjtið. EB nr. L 96, 3. 4. 1985, bls. 25.
- <sup>(4)</sup> Stjtið. EB nr. L 187, 16. 7. 1988, bls. 14.

- „Getur valdið arfgengum skaða á erfðafefni“ og skráð sem hér segir:
- Stökkbreytivaldur samkvæmt 1. flokki Sjá 3. skrá í viðbætinum
- Stökkbreytivaldar samkvæmt 2. flokki Sjá 4. skrá í viðbætinum
31. Efni sem eru tilgreind í I. viðauka við tilskipun 67/548/EBE og flokkuð sem eituráhrifavaldar við æxlun samkvæmt 1. flokki eða stökkbreytivaldar samkvæmt 2. flokki og merkt með hættusetningunni H 60: „Getur dregið úr frjósemi“ og/eða H 61: „Getur haft skaðleg áhrif á fóstur“ og eru flokkuð á eftirfarandi hátt:
- Eituráhrifavaldar samkvæmt 1. flokki Sjá 5. skrá í viðbætinum
- Eituráhrifavaldar samkvæmt 2. flokki Sjá 6. skrá í viðbætinum
- annaðhvort styrkurinn sem er tilgreindur í I. viðauka við tilskipun 67/548/EBE, eða
- styrkurinn sem er tilgreindur í 6. lið VI. töflu I. viðauka við tilskipun 88/379/EBE ef engin styrkleikamörk eru tilgreind í I. viðauka við tilskipun 67/548/EBE.
- Með fyrirvara um beitingu annarra bandalagsákvæða um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efna og efnablandna skal á umbúðum slíkra efnablandna vera eftirfarandi með læsilegu og óafmáanlegu lettri: „Einungis til faglegra nota. Athugið: Forðist áreitun - leitið sérstakra leiðbeininga fyrir notkun.“
- Þetta ákvæði gildir þó ekki um:
- a) lyf og dýralyf sem skilgreind eru í tilskipun 65/65/EBE;
- b) snyrtivörur sem skilgreindar eru í tilskipun 76/768/EBE;
- c) - vélaldsneyti sem fjallað er um í tilskipun 85/210/EBE,
- jarðolíuafurðir ætlaðar til notkunar sem eldsneyti í færanlegum eða föstum brennsluverum,
- eldsneyti selt í lokuðum kerfum (t.d. hylkjum fyrir fljótandi gas);
- d) önnur efni og efnablöndur sem tilgreindar eru í I. viðauka við þessa tilskipun undir öðrum liðum en 29. og 31. lið;
- e) málningu til listmálunar sem fjallað er um í tilskipun 88/379/EBE.
- Má ekki nota í efni og efnablöndur sem á að markaðssetja og selja almenningi í styrk sem er jafn eða meiri en:
- annaðhvort styrkurinn sem er tilgreindur í I. viðauka við tilskipun 67/548/EBE, eða
- styrkurinn sem er tilgreindur í 6. lið VI. töflu í I. viðauka við tilskipun 88/379/EBE ef engin styrkleikamörk eru tilgreind í I. viðauka við tilskipun 67/548/EBE.
- Með fyrirvara um beitingu annarra bandalagsákvæða um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efna og efnablandna skal á umbúðum slíkra efnablandna vera eftirfarandi með læsilegu og óafmáanlegu lettri: „Einungis til faglegra nota. Athugið: Forðist áreitun - leitið sérstakra leiðbeininga fyrir notkun.“
- Þetta ákvæði gildir þó ekki um:
- a) lyf og dýralyf sem skilgreind eru í tilskipun 65/65/EBE;



- b) snyrtivörur sem skilgreindar eru í tilskipun 76/768/EBE;
- c) - vélaeldsneyti sem fjallað er um í tilskipun 85/210/EBE,
- jarðolíuafurðir ætlaðar til notkunar sem eldsneyti í færanlegum eða föstum brennsluverum,
  - eldsneyti selt í lokuðum kerfum (t.d. hylkjum fyrir fljótandi gas);
- d) önnur efni og efnablöndur sem tilgreindar eru í I. viðauka við þessa tilskipun undir öðrum liðum en 29. og 30. lið;
- e) málningu til listmálunar sem fjallað er um í tilskipun 88/379/EBE.
32. Efni og efnablöndur sem innihalda eitt eða fleiri eftirtalinn efna:
- a) Kreósót EINECS nr. 232-287-5  
CAS nr. 8001-58-9
- b) Kreósótolú EINECS nr. 263-047-8  
CAS nr. 61789-28-4
- c) Eimingarafurðir (kol, tjara) naftalín-  
olíur EINECS nr. 283-484-8  
CAS nr. 84650-04-4
- d) Kreósótolú, asenaftínþáttur EINECS  
nr. 292-605-3  
CAS nr. 90640-84-9
- e) Eimingarafurðir (kol, tjara), efri  
EINECS nr. 266-026-1 CAS  
nr. 65996-91-0
- f) Anþrasínolíu EINECS nr. 292-602-7  
CAS nr. 90640-80-5
- g) Tjörusýru, kol, hrá EINECS nr.  
266-019-3 CAS nr. 65996-85-2
- h) Kreósót, víður EINECS  
nr. 232-419-1 CAS nr. 8021-39-4
- j) Lághitatjörulólu, alkalí EINECS  
nr. 310-191-5  
CAS nr. 122384-78-5
- 32.1 Má ekki nota til meðferðar á viði innihaldi þau:
- a) bensó-a-pýrín í meiri styrk en 0,005% miðað við  
massa; eða
- b) fenól sem hægt er að draga út í vatni í meiri styrk en  
3% miðað við massa eða bæði ákvæði a- og b-liðar.
- Enn fremur má ekki markaðssetja við sem meðhöndlaður  
hefur verið með þessum efnum.
- Undantekningar:
- i) Þessi efni og efnablöndur má nota sem viðurvarnarefni við  
iðnaðarframleiðslu ef þau innihalda:
- a) bensó-a-pýrín í minni styrk en 0,05% miðað við  
massa; og
- b) fenól sem hægt er að draga út í vatni í minni styrk en  
3% miðað við massa.
- Slík efni og efnablöndur:
- má aðeins markaðssetja í 200 lítra pakkningum eða  
stærri,
  - má ekki selja almenningi.
- Með fyrirvara um beitingu annarra bandalagsákvæða um  
flokkun, þökkun og merkingu hættulegra efna og  
efnablandna skal á umbúðum slíkra efnablandna vera  
eftirfarandi með læsilegu og óafmáanlegu letri: „Einungis  
til nota í iðnaðarmannvirkjum“.
- ii) Að því er varðar við sem er meðhöndlaður samkvæmt i-lið  
og markaðssettur er í fyrsta skipti má einungis nota hann í  
faglegum tilgangi og í atvinnuskyni, t.d. í járnbrautir, í  
tengslum við raforkuflutninga og fjarskiptakerfi, girðingar  
og til nota í hafnargerð og mannvirki á vatnaleiðum.

Þó má ekki nota slíkan við:

- innanstokks í byggingum hvort sem er til skreytinga eða ekki, án tillits til notkunar þeirra (í íbúðir, vinnustaði eða frístundasvæði),
- til framleiðslu íláta undir ræktun eða endurvinnslu og til framleiðslu umbúða sem geta komist í snertingu við hráefni, hálfunnar og/eða fullunnar vörur sem eru ætlaðar til manndis eða dýraeldis, eða til framleiðslu annarra efna sem geta mengað þau, og hvers konar endurvinnslu,
- á leikvöllum og annars staðar utanhúss á skemmtisvæðum fyrir almenning eða annars staðar þar sem hætta er á að hann komist í snertingu við húð.

iii) Að því er varðar gamlan við sem meðhöndlaður hefur verið gildir bannið ekki ef hann er settur á endursölumarkað. Þó má ekki nota slíkan við:

- innanstokks í byggingum hvort sem er til skreytinga eða ekki, án tillits til notkunar þeirra (í íbúðir, vinnustaði eða frístundasvæði),
- til framleiðslu íláta undir ræktun eða endurvinnslu og til framleiðslu umbúða sem geta komist í snertingu við hráefni, hálfunnar og/eða fullunnar vörur sem eru ætlaðar til manndis eða dýraeldis, eða til framleiðslu annarra efna sem geta mengað þau, og hvers konar endurvinnslu,
- á leikvöllum og annars staðar utanhúss á skemmtisvæðum fyrir almenning eða annars staðar þar sem hætta er á að hann komist í snertingu við húð.

33. Klóróform CAS 67-66-3

Má ekki nota í styrkleika sem er jafn eða meiri en 0,1% miðað við þyngd í efni og efnablöndur sem á að markaðssetja og selja almenningi.

34. Koltetraklóríð CAS nr. 56-23-5

35. 1,1,2 Tríklóróetan CAS nr. 79-00-5

Með fyrirvara um beitingu annarra bandalags-ákvæða um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efna og efnablandna skal á umbúðum slíkra efnablandna sem innihalda þau í meiri styrk en 0,1% vera eftirfarandi með læsilegu og óafmáanlegu letri: „Einungis til faglegra nota.“

36. 1,1,2,2, Tetraklóretan CAS nr. 79-34-5

37. 1,1,1,2 Tetraklóretan CAS nr. 630-20-6

38. Pentaklóretan CAS nr. 76-01-7

Þetta ákvæði gildir þó ekki um:

39. 1,1 Díklorotetylen CAS nr. 75-35-4

a) lyf og dýralyf sem skilgreind eru í tilskipun 65/65/EBE, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 89/381/EBE;

40. 1,1,1 Tríklóróetan CAS nr. 71-55-6

b) snyrtivörur sem skilgreindar eru í tilskipun 76/768/EBE eins og henni var síðast breytt með tilskipun 89/679/EBE.

## VIÐBÆTUR

## 29. liður - Krabbameinsvaldar

## 1. skrá, 1. flokkur

2-naftýlamín; β-naftýlamín	CAS nr.	91-5999-8
bífenýl-4-ýlamín; xenýlamín; 4-amínóbífenýl	CAS nr.	92-67-1
bensídín; 4,4'-díamínóbífenýl; bífenýl-4,4'-ýlendíamín	CAS nr.	92-87-5
krómíumtríoxíð	CAS nr.	1333-82-0
arsensýra og sölt hennar	CAS nr.	—
arsenpentoxíð; arsenoxíð	CAS nr.	1303-28-2
díarsentríoxíð; arsenríoxíð	CAS nr.	1327-53-3
asbest	CAS nr.	132207-33-1 132207-32-0 12172-73-5 77536-66-4 77536-68-6 77536-67-5
bensen	CAS nr.	71-43-2
bis (klórmetýl) eter	CAS nr.	542-88-1
klórmetýl metýleter, klórdímetýleter	CAS nr.	107-30-2
díníkkeltríoxíð	CAS nr.	1314-06-3
eríónít	CAS nr.	12510-42-8
nikkeldíoxíð	CAS nr.	12035-36-8
nikkelmónoxíð	CAS nr.	1313-99-1
nikkelsúbsúlfíð	CAS nr.	12035-72-2
nikkelsúlfíð	CAS nr.	16812-54-7
sölt 2-naftýlamíns	CAS nr.	—
sölt bífenýl-4-ýlamíns; sölt xenýlamíns; sölt 4-amínóbífenýls	CAS nr.	—
sölt bensídíns	CAS nr.	—
vinýlklóríð; klóretýl	CAS nr.	75-01-4
sínkkrómat, þar með talið kalíumkrómat	CAS nr.	—

## 2. skrá, 2. flokkur

1-metýl-3-nítro-1-nítrósogúanídín	CAS nr.	70-25-7
1,2-díbróm-3-klórprópan	CAS nr.	96-12-8
1,2-dímetýlhýdrasín	CAS nr.	540-73-8
1,3-bítadíen, búta-1,3-díen	CAS nr.	106-99-0
1,3-díklór-2-própanól	CAS nr.	96-23-1
1,3-própanasúltón	CAS nr.	1120-71-4
3-própanólíð; 1,3-própiólaktón	CAS nr.	57-57-8
1,4-díklórbút-2-en	CAS nr.	764-41-0
2-nítrónaftalín	CAS nr.	581-89-5
2-nítróprópan	CAS nr.	79-46-9
2,2'-díklór-4,4'-metýlendíanílín; 4,4'-metýlenbis(2-klóránílín)	CAS nr.	101-14-4
2,2'-(nítrosómínó)bisetanól	CAS nr.	1116-54-7
3,3'-díklórbensídín; 3,3'-díklórbífenýl-4,4'-ýlendíamín	CAS nr.	91-94-1
3,3'-dímetoxybensídín; o-díanísídín	CAS nr.	119-90-4
3,3'-dímetýlbensídín; o-tólídín	CAS nr.	119-93-7
4-amínóasóbensen	CAS nr.	60-09-3
4-amínó-3-flúorfenól	CAS nr.	399-95-1
4-metýl-m-fenýlendíamín	CAS nr.	95-80-7

4-nítróbífenýl	CAS nr. 92-93-3
4,4'-metýlendí-o-tólúídín	CAS nr. 838-88-0
4,4'-díamínódífenýlmetan; 4,4'-metýlendíaniólín	CAS nr. 101-77-9
5-nítróasenafthen	CAS nr. 602-87-9
4-o-tólýlasó-o-tólúídín; 4-amínó-2', 3-dímetýlasóbensen; „fast gamet GBC base“; AAT o-amínóasótólúen; dínatríum- {5[(4'-((2,6-hýdroxý-3-((2-hýdroxý-5-súlfófenýl) asó)fenýl)asó)(1,1'-bífenýl)-4-ýl)asó]salísýlató(4-)}kúprat(2-); CI Direct Brown 95	CAS nr. 16071-86-6
kadmíumoxíð	CAS nr. 1306-19-0
Útdráttur (jarðolía), þungt naftaneimað leysiefni	CAS nr. 64742-11-6
Útdráttur (jarðolía), þungt paraffíneimað leysiefni	CAS nr. 64742-04-7
Útdráttur (jarðolía), létt naftaneimað leysiefni	CAS nr. 64742-03-6
Útdráttur (jarðolía), létt paraffíneimað leysiefni	CAS nr. 64742-05-8
Útdráttur (jarðolía), létt vakúmgasolíu-leysiefni	CAS nr. 91995-78-7
Vetniskolefni, C26-55-, arómatrík	CAS nr. 97722-04-8
N,N-dímetýlhýdrasín	CAS nr. 57-14-7
akrýlamíð	CAS nr. 79-06-1
akrýlónítríl	CAS nr. 107-13-1
a,a,a- tríklórtólúen; bensótríklóríð	CAS nr. 98-07-7
bensó[a]anþrasín	CAS nr. 56-55-3
bensó[a]pýrín; bensó[d,e,f]krýsen	CAS nr. 50-32-8
bensó[b]flúoranþen; bensó[e]asefenþrýlen	CAS nr. 205-99-2
bensó[j]flúoranþen	CAS nr. 205-82-3
bensó[k]flúoranþen	CAS nr. 207-08-9
berýllíum	CAS nr. 7440-41-7
berýllíumsambönd að undanskildum álberýllíumsilikötum	CAS nr. -
kadmíumklóríð	CAS nr. 10108-64-2
kadmíumsúlfat	CAS nr. 10124-36-4
kadmíumkrómat	CAS nr. 13765-19-0
kaptafól (ISO); 1,2,3,6-tetrahydró-N-(1,1,2,2-tetraklóretýlþíó)þalamíð	CAS nr. 2425-06-1
karbadox (INN); metýl-3-(kínóxalín-2-ýlmetýlen)karbasat	CAS nr. 6804-07-5
1,4-díoxíð; 2-(metoxýkarbónýlhýdasónmetýl)kínóxalín 1,4-díoxíð	
króm III krómat; krómkrómat	CAS nr. 24613-89-6
díasómetan	CAS nr. 334-88-3
díbens[a,h]anþrakan	CAS nr. 53-70-3
díetýlsúlfat	CAS nr. 64-67-5
dímetýlsúlfat	CAS nr. 77-78-1
dímetýlkarbamóýlklóríð	CAS nr. 79-44-7
N-nítrósódímetýlamín; dímetýlnítrósamín	CAS nr. 62-75-9
dímetýlsúlfamóýlklóríð	CAS nr. 13360-57-1
1-klór-2,3-epoxýprópan; epíklórþýdrín	CAS nr. 106-89-8
1,2-díklóretan; etýlendíklóríð	CAS nr. 107-06-2
etýlenoxíð; oxíran	CAS nr. 75-21-8
etýlenimín; asírdín	CAS nr. 151-56-4
hexaklórbensen	CAS nr. 118-74-1
hexametylfosfórtíamíð; hexametylfosfóramíð	CAS nr. 680-31-9
hýdrasín	CAS nr. 302-01-2
hýdrasóbensen; 1,2-dífenýlhýdrasín	CAS nr. 122-66-7
metýlakrýlamíðómetoxýasetat (inniheldur <sup>3</sup> 0,1% akrýlamíð)	CAS nr. 77402-03-0
metýl-ONN-asoxýmetýlasetat; metýlasoxýmetýlasetat	CAS nr. 592-62-1
nítrófen (ISO); 2,4-díklórfenýl 4-nítrófenýleter	CAS nr. 1836-75-5
nítrósódíprópýlamín	CAS nr. 621-64-7
2-metoxýanilín; o-anisídín	CAS nr. 90-04-0
natríumbromat	CAS nr. 7758-01-2

própylenoxíð; 1,2-epoxýprópan; metýloxíran	CAS nr.	75-56-9
o-tólúidín	CAS nr.	95-53-4
2-metýlasiridín; própylenímín	CAS nr.	75-55-8
sölt 2,2'-díklór-4,4'-metýlendíamílns; sölt 4,4'-metýlenbis (2-klóranylíns)	CAS nr.	—
sölt 3,3'-díklórbensidíns; sölt 3,3'-díklórbífenýl-4,4'-ýlendíamíns	CAS nr.	—
sölt 3,3'-dímetoxýbensidíns; sölt o-díanísidíns	CAS nr.	—
sölt 3,3'-dímetýlbensidíns; sölt o-tólídín	CAS nr.	—
strontíumkrómat	CAS nr.	7789-06-2
stýrenoxíð; (epoxýetýl)bensen; fenýloxíran	CAS nr.	96-09-3
súlfallat (ISO); 2-klórallýldíetýldíþíókarbamát	CAS nr.	95-06-7
þíóketamíð	CAS nr.	62-55-5
úretan (INN); etýlkarbamát	CAS nr.	51-79-6

### 30. liður - Stökkbreytivaldar

#### 3. skrá, 1. flokkur

Engin efni eru í þessum flokki

#### 4. skrá, 2. flokkur

1,2-díbrómó-3-klórprópan	CAS nr.	96-12-8
akrýlamíð	CAS nr.	79-06-1
bensó[a]pýren; bensó[d,e,f]krýsen	CAS nr.	50-32-8
díetýlsúlfat	CAS nr.	64-67-5
etýlenoxíð; oxíran	CAS nr.	75-21-8
etýlenímín, asírdín	CAS nr.	151-56-4
hexametýlfosfórtríamíð; hexametýlfosfórámíð	CAS nr.	680-31-9
metýlakrýlamíðmetoxýasetat (inniheldur <sup>3</sup> 0,1% akrýlamíð)	CAS nr.	77402-03-0

### 31. liður - Eituráhrifavaldar á æxlun

#### 5. skrá, 1. flokkur

blýhexaflúorsilíkat	CAS nr.	25808-74-6
blýasetat	CAS nr.	1335-32-6
blýalkýl	CAS nr.	—
blýasíð	CAS nr.	13424-46-9
blýkrómat	CAS nr.	7758-97-6
blýsambönd að undanskildum þeim sem eru tilgreind annars staðar í þessum viðauka blýdí(asetat)	CAS nr.	—
staðar í þessum viðauka blýdí(asetat)	CAS nr.	301-04-2
blý 2,4,6-trínítróresorsinoxíð; blýstýfnat	CAS nr.	15245-44-0
blý(II)metansúlfónat	CAS nr.	17570-76-2
tríblýbis(ortófosfat)	CAS nr.	7446-27-7
varfarín (*); 4-hýdroxý-3-(3-oxó-1-fenýlbútýl)kúmarín	CAS nr.	81-81-2

#### 6. skrá, 2. flokkur

2-etoxýetanól; etýlenglýkólmonetýleter	CAS nr.	110-80-5
2-etýlhexýl 3,5-bis(1,1-dímetýletýl)-4-hýdroxýfenýlmetýlþíóasetat	CAS nr.	80387-97-9 2-
metoxýetanól, etýlenglýkólmonómetýleter	CAS nr.	109-86-4
bensó[a]pýren; bensó[d,e,f]krýsen	CAS nr.	50-32-8
bínapakrýl (ISO); 2-sek-bútýl-4,6-dínítrófenýl-3-metýlkrótónat	CAS nr.	485-31-4
N,N-dímetýlformamíð; dímetýlformamíð	CAS nr.	68-12-2
dínóseb; 6-sek-bútýl-2,4-dínítrófenól	CAS nr.	88-85-7
dínóterb; 2-tert-bútýl-4,6-dínítrófenól	CAS nr.	1420-07-1

etýlenþíópvagefni; imídasólídín-2-þíón; 2-imídsólín-2-þíól	CAS nr.	96-45-7 2-
etoxýetýlasetat; etýlglykólasetat	CAS nr.	111-15-9
metýl-ONN-asoxýmetýlasetat; metýlasoxýmetýlasetat	CAS nr.	592-62-1
2-metoxýetýlasetat; metýlglykólasetat	CAS nr.	110-49-6
nikkeltetrakarbónýl	CAS nr.	13463-39-3
nítrófen (ISO); 2,4-díklórfenýl 4-nítrófenýleter	CAS nr.	1836-75-6
sölt og esterar dínósebs, að undanskildum þeim sem eru tilgreind annars staðar í þessum viðauka	CAS nr.	—
sölt og esterar dínóterbs	CAS nr.	—

(\*) Heitið „varfarín“ er ekki heimilað í Frakklandi.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 96/EES/25/10**

**nr. 46/95**  
**frá 22. júní 1995**

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)  
við EES-samninginn**

**SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,**

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var síðast breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 17/95 frá 24. febrúar 1995<sup>(1)</sup>.

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/79/EB frá 21. desember 1994 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE um markaðssetningu plöntuvarnarefna<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

**ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:****1. gr.**

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 12a (tilskipun ráðsins 91/414/EBE) í XV. kafla II. viðauka við samninginn á undan aðlöguninni:

„ - **394 L 0079:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/79/EB frá 21. desember 1994 (Stjttð. EB nr. L 354, 31. 12. 1994, bls. 16).“

**2. gr.**

Fullgiltur texti tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 94/79/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

**3. gr.**

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. júlí 1995, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

**4. gr.**

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 22. júní 1995.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

*P. Benavides*

<sup>(1)</sup> Stjttð. EB nr. L 83, 13. 4. 1995, bls. 48 og EES-viðbætur við Stjttð. EB nr. 13, 13. 4. 1995, bls. 32.

<sup>(2)</sup> Stjttð. EB nr. L 354, 31. 12. 1994, bls. 16.

**TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 94/79/EB**

frá 21. desember 1994

**um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE um markaðssetningu plöntuvarnarefna(\*)****FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna<sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast með tilskipun 94/43/EB<sup>(2)</sup>, einkum 2. mgr. 18. gr.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í II. og III. viðauka við tilskipun 91/414/EBE eru settar fram kröfur um skjöl sem umsækjendur eiga að leggja fram við skráningu virks efnis í I. viðauka og til að fá leyfi fyrir plöntuvarnarefni.

Í II. og III. viðauka verður að skýra fyrir umsækjendum eins nákvæmlega og unnt er hvaða upplýsinga er krafist, svo sem við hvaða aðstæður, skilyrði og með hvaða tæknilegu aðferðarlýsingum ákveðin próf skulu gerð. Þessum ákvæðum skal komið á framfæri um leið og þau liggja fyrir til að umsækjendur geti notað þau við skjalagerð sína.

Nú er einnig unnt að gera nákvæmari grein fyrir kröfum um gögn varðandi eiturefna- og efnaskiptarannsóknir á virka efninu sem kveðið er á um í 5. þætti A-hluta II. viðauka.

Nú er unnt að gera nákvæmari grein fyrir kröfum um gögn varðandi eiturefnarannsóknir á plöntuvarnarefninu sem kveðið er á um í 7. þætti A-hluta II. viðauka.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í tilskipun þessari eru í samræmi við álit fastanefndar um plöntuheilbrigði.

**SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:****1. gr.**

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á tilskipun 91/414/EBE:

1. í stað 5. liðar, „Eiturefnafræðilegar og efnaskiptarannsóknir á virka efninu“ í A-hluta II. viðauka komi I. viðauki við þessa tilskipun;
2. í stað 7. liðar, „Eiturefnafræðilegar rannsóknir“, í A-hluta III. viðauka komi II. viðauki við þessa tilskipun;
3. í stað liðar 1.2 í inngangi að II. og III. viðauka komi eftirfarandi: „1.2. skulu, þar sem við á, fengnar með prófleiðbeiningunum, í samræmi við síðustu útgáfu sem samþykkt hefur verið og sem getið er um eða lýst í þessum viðauka; sé um að ræða rannsóknir sem hafnar eru áður en breytingar á þessum viðauka voru samþykktar skulu upplýsingarnar fengnar með því að nota staðfestar alþjóðlegar eða innlendar prófleiðbeiningar eða, séu þær ekki til, prófleiðbeiningar sem lögbæra yfirvaldið samþykkir;“
4. í lið 1.3 í inngangi að II. og III. viðauka bætast eftirfarandi orð við í lokin: „einkum ef í þessum viðauka er getið um EBE-aðferð sem felur í sér yfirfærslu aðferðar sem hefur verið þróuð af alþjóðasamtökum (t.d. OECD) en þá er aðildarríki heimilt að samþykkja að upplýsingar sem krafist er séu fengnar í samræmi við síðustu útgáfu af þeirri aðferð ef EBE-aðferðin hefur ekki verið uppfærð áður en rannsóknir hefjast;“.

**2. gr.**

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslu-fyrirmæli til að fara að tilskipun þessari, eigi síðar en 31. janúar 1996. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttíð. EB nr. L 354, 31. 12. 1994, bls. 16, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 46/95 frá 22. júní 1995 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjttíð. EB nr. L 230, 19. 8. 1991, bls. 1.

(2) Stjttíð. EB nr. L 227, 1. 9. 1994, bls. 31.



**3. gr.**

Tilskipun þessi öðlast gildi 1. febrúar 1995.

**4. gr.**

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 21. desember 1994.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

***René STEICHEN***

framkvæmdastjóri.

## I. VIÐAUKI

### „5. EITUREFNA- OG EFNASKIPTARANNSÓKNIR

#### Inngangur

- i) Upplýsingar sem eru veittar, ásamt þeim sem látnar eru í té fyrir eina eða fleiri efnablöndur sem innihalda virka efnið, skulu vera fullnægjandi til að hægt sé að framkvæma mat á áhættu fyrir þá sem meðhöndla og nota plöntuvarnarefni sem innihalda virka efnið og áhættu sem mönnum stafar af leifum í matvælum og vatni. Þar að auki skulu upplýsingar sem látnar eru í té vera fullnægjandi til að hægt sé að:
  - taka ákvörðun um hvort skrá eigi virka efnið í I. viðauka,
  - tilgreina viðeigandi aðstæður eða takmarkanir sem tengjast skráningu í I. viðauka,
  - flokka virkt efni í hættuflokk,
  - ákvarða viðtekinn dagskammt (ADI) fyrir menn,
  - ákvarða viðtekið áreitistig notanda (AOEL),
  - tilgreina hættutákn, upplýsingar um hættu og hættu- og varnaðarsetningar sem eiga að vera á umbúðunum til verndar mönnum, dýrum og umhverfinu,
  - tilgreina viðeigandi ráðstafanir um skyndihjálp og viðeigandi ráðstafanir um sjúkdómsgreiningu og meðferð sem fara skal eftir ef menn verða fyrir eiturrifum, og
  - að meta eðli og umfang áhættu fyrir menn, dýr (tegundir sem menn fóðra, halda eða neyta) og áhættu fyrir aðrar tegundir hryggleysingja sem eru ekki markhópur.
- ii) Nauðsynlegt er að rannsaka og skýra frá öllum hugsanlegum skaðlegum áhrifum sem finnast við venjubundnar eiturefnrannsóknir (þar með talin áhrif á líffæri og sérstök kerfi, eins og ónæmiseiturhrif og taugaeiturhrif) og að gera og skýra frá þeim viðbótarrannsóknunum sem nauðsynlegar reynast til að rannsaka líklega verkun sem um ræðir til að ákveða mörk um engin skaðleg áhrif (NOAEL) og til að meta mikilvægi þessara áhrifa. Skýra skal frá öllum fánlegum líffræðilegum gögnum og upplýsingum sem máli skipta við mat á eiturefnafræðilegu sviði prófunarefnisins.
- iii) Bráðnauðsynlegt er, í tengslum við þau áhrif sem óhreinindi geta haft á eiturefnahegðun, að gefa við hverja rannsókn nákvæma lýsingu (forskrift) á efninu sem er notað, eins og um getur í 11. lið 1. þáttar. Prófin skulu gerð með því að nota virkt efni með þeirri forskrift sem notuð er við framleiðslu efnablöndunnar sem heimila á, nema þegar krafist er eða leyft að efnið sé merkt sem geislavirkt.
- iv) Ef rannsóknir eru gerðar með því að nota virkt efni sem er framleitt á rannsóknarstofu eða við plönturæktunartilraun verður að endurtaka rannsóknirnar með því að nota virkt efni sem er framleitt, nema hægt sé að færa rök fyrir því að prófefnið sé í meginráttum hið sama að því er varðar eiturefnapróf og -mat. Ef um óvissu er að ræða verður að leggja fram viðeigandi samantækkarrannsóknir og á grundvelli þeirra er ákveðið hvort nauðsynlegt sé að endurtaka rannsóknirnar.
- v) Ef um er að ræða rannsóknir þar sem skammtar eru gefnir yfir tiltekið tímabil skulu skammtarnir helst teknir úr sömu framleiðslulotu virks efnis ef stöðugleiki þess leyfir það.

- vi) Fyrir öll próf skal skýra frá þeim raunskammti sem fæst í mg/kg líkamsþyngdar og í öðrum þekktum einingum. Ef skammturinn er settur í fóður skal prófunarefninu dreift jafnt í fóðrið.
- vii) Ef efnaleifar (sem neytendur eða starfsmenn, eins og skilgreint er í lið 7.2.3 í III. viðauka, verða fyrir áreitun af), vegna efnaskipta eða annarrar vinnslu á eða í meðhöndluðum plöntum, innihalda efni sem er ekki hið eiginlega virka efni og sem er ekki skilgreint sem umbrotsefni í spendýrum, er nauðsynlegt að gera eiturhrifarannsóknir á þessum þáttum efnaleifanna nema hægt sé að færa sönnur á að áreitun sem neytandi eða starfsmaður verða fyrir af völdum þessara efna hafi ekki í för með sér heilsufarshættu. Einungis skal gera rannsóknir á eiturefnaferlum og efnaskiptum sem tengjast umbrotsefnum og niðurbrotsefnum ef ekki er hægt að meta niðurstöður eiturhrifa með því að nota niðurstöður sem liggja fyrir varðandi virka efnið.
- viii) Hvernig prófunarefnið er gefið inn er háð helstu áreitunarleiðum. Ef áreitun verður aðallega um lofffasa gæti verið hagstæðara að gera innöndunarrannsóknir í stað rannsókna á inntöku um munn.

### 5.1. Rannsóknir á upptöku, dreifingu, útskiljun og efnaskiptum í spendýrum

Hugsanlega þarf einungis að afla takmarkaðra gagna á þessu sviði eins og lýst er hér fyrir neðan, afmarkað við eina prófunartegund (venjulega rottur). Þessi gögn geta veitt upplýsingar sem nýtast við hönnun og túlkun síðari eiturhrifaþrifa. Hafa ber þó hugfast að upplýsingar um mun milli tegunda geta haft mikla þýðingu við að staðfesta gildi framreiknings gagna um dýr yfir á menn og upplýsingar um upptöku í gegnum húð, upptöku, dreifingu, útskiljun og efnaskipti er hægt að nota til að meta hættu fyrir notanda. Ekki er mögulegt að gera kröfur um nákvæmar upplýsingar á öllum sviðum þar eð nákvæmar kröfur byggjast á niðurstöðum fyrir hvert einstakt prófunarefni.

Markmið prófsins:

Prófið ætti að veita nægilegar upplýsingar til að hægt sé að:

- meta hraða og umfang upptöku,
- meta dreifingu prófunarefnisins í vefjum og hraða og umfang útskiljunar þess og viðeigandi umbrotsefni,
- greina umbrotsefni og efnaskiptaleiðir.

Einnig ætti að rannsaka áhrif skammtastigs á þessar færðbreytur og hvort niðurstöður eru mismunandi eftir því hvort gefinn er einn eða fleiri skammtar.

Aðstæður þar sem upplýsinga er krafist

Gera skal og skýra frá rannsóknum á eiturefnaferlum í rottum þar sem gefinn er einn skammtur (í gegnum munn) í a.m.k. tveimur styrkleikum og rannsókn á eiturefnaferlum í rottum þar sem um endurtekna skammta í einum styrkleika er að ræða (í gegnum munn). Í sumum tilvikum gæti verið nauðsynlegt að gera viðbótarrannsóknir á öðrum tegundum (eins og geitum eða hænsnum).

Prófleiddbeiningar

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 88/302/EBE frá 18. nóvember 1987 um nýndu aðlögun að tækni framförum á tilskipun ráðsins 67/548/EBE um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum um flokkun, þökkun og merkingu hættulegra efna<sup>(1)</sup>, B-hluti, eiturefnaferlar.

(1) Stjútíð. EB nr. L 133, 30. 5. 1988, bls. 1.

## 5.2. Bráð eiturhrif

Rannsóknir, gögn og upplýsingar sem á að veita og meta verða að vera fullnægjandi til að hægt sé að greina áhrif af völdum einstakrar áreitunar af virka efninu, einkum til að ákveða eða gefa til kynna

- eiturhrif virka efnisins,
- hve lengi áhrifin vara og einkenni þeirra, ásamt nákvæmri lýsingu á hegðunarbreytingum og mögulegum niðurstöðum stórsærra meinafræðilegra breytinga eftir krufningu,
- ef hægt er, tegund eiturverkunar, og
- hlutfallslega hættu sem tengist ólíkum áreitunarleiðum.

Leggja verður áherslu á að meta þau svið eiturhrifa sem um er að ræða og þær upplýsingar sem fást verða einnig að gera kleift að flokka virka efnið í samræmi við tilskipun ráðsins 67/548/EBE. Upplýsingar sem fást úr prófi á bráðum eiturhrifum hafa sérstakt gildi fyrir mat á hættu sem gæti orðið ef slys verða.

### 5.2.1 Í gegnum munn

Aðstæður þar sem upplýsinga er krafist

Ætíð ber að skýra frá bráðum eiturhrifum virka efnisins gefið í gegnum munn.

Prófleiðbeiningar

Prófið ber að gera í samræmi við viðauka við tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 92/69/EBE frá 31. júlí 1992 um sautjándu aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 67/548/EBE um samræmingu á lögum og stjórnsýsluáðgerðum aðildarríkjanna um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efna <sup>(2)</sup>, aðferð B1 eða B1 a.

### 5.2.2 Í gegnum húð

Aðstæður þar sem upplýsinga er krafist

Ætíð ber að skýra frá bráðum virka efnisins gefið í gegnum húð.

Prófleiðbeiningar

Rannsaka skal bæði staðbundna verkun og kerfisverkun. Gera ber prófið í samræmi við tilskipun 92/69/EBE, aðferð B3.

### 5.2.3. Innöndun

Aðstæður þar sem upplýsinga er krafist

Skýra ber frá eiturhrifum virka efnisins við innöndun þar sem virka efnið:

- er lofttegund eða fljótandi lofttegund,
- skal notast sem úðunareitur,
- skal sett í blöndu sem myndar reyk, úða eða gufu
- skal notast með gufubúnaði,

(2) Stjtið. EB nr. L 383A, 29. 12. 1992, bls. 1.

- hefur gufuþrýsting  $> 1 \times 10^{-2}$  Pa og verður notuð í blöndur sem á að nota í lokuðum rýmum, eins og vöruhúsum eða gróðurhúsum,
- verður notað í blöndur í púðurformi sem innihalda mikið hlutfall af kornum sem eru  $> 50$  mm að þvermáli ( $> 1\%$  miðað við þyngd), eða
- verður notað í blöndur sem á að nota þannig að mikið magn af kornum eða smádropum myndist sem eru  $< 50$  mm að þvermáli ( $> 1\%$  miðað við þyngd).

#### Prófleiðbeiningar

Prófið ber að gera í samræmi við tilskipun 92/69/EBE, aðferð B2.

#### 5.2.4. Húðerting

##### Markmið prófsins

Prófið gefur upplýsingar um getu virka efnisins til að framkalla húðertingu, þar með talið möguleiki á því hvort áhrifin gangi til baka.

Aðstæður þar sem upplýsinga er krafist

Ákvarða skal getu virka efnisins til að framkalla húðertingu nema þegar líklegt er, eins og fram kemur í prófleiðbeiningunum, að efnið framkalli alvarlega húðertingu eða að hægt sé að koma í veg fyrir þessa verkun.

##### Prófleiðbeiningar

Próf sem framkallar bráða húðertingu verður að gera í samræmi við tilskipun 92/69/EBE, aðferð B4.

#### 5.2.5. Augnerting

##### Markmið prófsins

Prófið gefur upplýsingar um getu efnisins til að framkalla augnertingu, þar með talin möguleiki á því hvort áhrifin gangi til baka.

Aðstæður þar sem upplýsinga er krafist

Gera skal augnertingarpróf nema þegar líklegt er, eins og fram kemur í prófleiðbeiningunum, að efnið hafi í för með sér alvarleg áhrif á augun.

##### Prófleiðbeiningar

Ákvarða verður bráða augnertingu í samræmi við tilskipun 92/69/EBE, aðferð B 5.

#### 5.2.6 Húðnæmi

##### Markmið prófsins

Prófið gefur fullnægjandi upplýsingar til að meta getu virka efnisins til að framkalla ofnæmisviðbrögð á húð.

Aðstæður þar sem upplýsinga er krafist

Gera skal próf nema þegar vitað er að efnið hefur næmiáhrif.

Prófleiðbeiningar

Prófið ber að gera í samræmi við tilskipun 92/69/EBE, aðferð B6.

### 5.3. Skammvinn eiturhrif

Hanna verður rannsóknir á skammvinnnum eiturhrifum til að fá upplýsingar um það magn virka efnisins sem hægt er að nota án þess að eiturhrif myndist við prófaðstæður. Slíkar rannsóknir veita nýtsamar upplýsingar um hættu sem steðjar að þeim sem meðhöndla eða nota efnablöndur sem innihalda virka efnið. Rannsóknir á skammvinnnum eiturhrifum gefa einnig mikilvægar upplýsingar um hugsanlega uppsafnaða verkun virka efnisins og hættu sem steðjar að starfsmönnum sem geta orðið fyrir mikilli áreitun. Þar að auki geta rannsóknir á skammvinnnum eiturhrifum einnig gefið nýtsamar upplýsingar um hönnun á rannsóknum á langvinnnum eiturhrif.

Rannsóknirnar, gögnin og upplýsingarnar sem á að láta í té og meta verða að vera fullnægjandi til að hægt sé að greina áhrif sem verða í kjölfar endurtekinnar áreitunar af völdum virka efnisins, einkum til að ákveða frekar eða gefa til kynna:

- tengsl milli skammtar og skaðlegra áhrifa,
- eiturhrif virka efnisins, þar með talin mörk um engin skaðleg áhrif (NOAEL) ef hægt er,
- marklíffæri, ef við á,
- hve lengi áhrifin vara og einkenni eitrunar með nákvæmri lýsingu á hegðunarbreytingum og mögulegum niðurstöðum meinafræðilegra breytinga eftir krufningu,
- tiltekin eiturhrif og meinafræðilegar breytingar sem verða,
- ef hægt er, þrávirkni tiltekinna eiturhrifa og að hve miklu leyti áhrifin ganga til baka þegar hætt er að gefa efnið inn,
- ef hægt er, tegund eiturverkunar, og
- hlutfallslega hættu sem tengist ólíkum áreitunarleiðum.

#### 5.3.1 28 daga rannsókn, gefið um munn

Aðstæður þar sem upplýsinga er krafist

Jafnvel þótt ekki sé skylda að gera 28 daga rannsóknir á skammvinnnum eiturhrifum geta þær verið mjög nýtsamlegar sem athuganir til að finna mörk. Ef rannsóknirnar fara fram verður að skýra frá niðurstöðum þeirra því þær gætu verið þýðingarmiklar við að greina aðlögunarviðbrögð sem gætu dulist við rannsóknir á langvinnnum eiturhrifum.

Prófleiðbeiningar

Prófið ber að gera í samræmi við tilskipun 92/69/EBE, aðferð B7.

#### 5.3.2 90 daga rannsókn, gefið um munn

Aðstæður þar sem upplýsinga er krafist

Ætíð ber að skýra frá prófi á skammvinnum eiturhrifum virka efnisins við munninntöku (90 dagar) bæði í rottum og hundum. Ef rannsóknin sýnir að hundurinn sé mun viðkvæmari og ef slík gögn eru líkleg til að hafa þýðingu þegar gögnin eru framreiknuð yfir menn ber að gera og skýra frá 12 mánaða eiturhrifarannsókn í hundum.

Prófleiðbeiningar

Tilskipun 88/302/EBE, B-hluti, meðalbráð eiturhrif, gefið um munn.

### 5.3.3 Aðrar áreitunarleiðir

Aðstæður þar sem upplýsinga er krafist

Til að hægt sé að meta áreitun sem notendur verða fyrir gæti verið nytsamlegt að gera viðbótarrannsóknir þar sem efni er gefið í gegnum húð.

Ef um rokgjörn efni er að ræða (gufuþrýstingur  $> 10^2$  Pa) er mikilvægt að ráðfæra sig við sérfræðinga til að ákveða hvort rannsóknir á skammvinnum eiturhrifum eigi að fara fram með því að gefa efni um munn eða með innöndun.

Prófleiðbeiningar

- 28 daga próf, gefið í gegnum húð: Tilskipun 92/69/EBE, aðferð B9,
- 90 daga próf, gefið í gegnum húð: Tilskipun 88/302/EBE, B-hluti, Meðalbráð eiturhrif, gefið í gegnum húð,
- 28 daga próf, gefið með innöndun: Tilskipun 92/69/EBE, aðferð B8,
- 90 daga próf, gefið með innöndun: Tilskipun 88/302/EBE, B-hluti, meðalbráð eiturhrif, gefið með innöndun.

## 5.4 Próf á erfðaeiturhrifum

Markmið prófsins

Þessar rannsóknir eru þýðingarmiklar til að:

- spá fyrir um getu efnis til að framkalla erfðaeitur,
- greina snemma efni sem framkalla erfðaeitur og eru krabbameinsvaldandi,
- skýra verkun sumra krabbameinsvalda.

Til að forðast viðbrögð vegna galla í prófkerfinu má ekki nota mjög eitraða skammta í stökkbreytivaldaprófi í glasi eða í lfi. Þessari reglu skal að öllu jöfnu fylgt. Það er mikilvægt að reglur séu sveigjanlegar þar eð síðari próf byggjast á túlkun niðurstaðna á hverju stigi.

### 5.4.1 Próf í glasi

Aðstæður þar sem upplýsinga er krafist

Ætíð ber að gera stökkbreytivaldapróf í glasi (gerlagreining á genastökkbreytingum, próf á litningabrenslun í frumum spendýra og próf á genastökkbreytingum í spendýrafrumum).

Prófleiðbeiningar

Dæmi um viðurkenndar prófleiðbeiningar:

Tilskipun 92/69/EBE, aðferð B14 - *Salmonella Typhimurium*, afturhvarfsbreytingapróf

Tilskipun 92/69/EBE, aðferð B10 - frumuerfðafræðipróf á spendýrum í glasi

Tilskipun 88/302/EBE, B-hluti - genastökkbreytingapróf í spendýrafrumum í lífi

#### 5.4.2 Próf í lífi í líkamsfrumum

Aðstæður þar sem upplýsinga er krafist

Ef allar niðurstöður úr rannsóknum í lífi eru neikvæðar skal gera frekari próf með tilliti til annarra fyrirliggjandi upplýsinga sem máli skipta (þar með talið gögn um eiturefnaferli, eiturefnahvörf og eðlis- og efnafræði og gögn um sambærileg efni). Prófið getur verið í glasi eða í lífi með því að nota önnur efnaskiptakerfi en áður voru notuð.

Ef frumuerfðafræðipróf í lífi er jákvætt verður að gera próf í glasi á líkamsfrumum (greining á beinmergsfrumum nagdýra í metafasa eða próf á smákjörnum nagdýra).

Ef annað hvort genastökkbreytingaprófið í glasi er jákvætt verður að gera próf lífi til að rannsaka viðgerðareftirmyndun á DNA eða gera blettapróf á músum.

Prófleiðbeiningar

Dæmi um viðurkenndar prófleiðbeiningar:

Tilskipun 92/69/EBE, aðferð B12 - smákjarnapróf,

Tilskipun 88/302/EBE, B-hluti - blettapróf á músum,

Tilskipun 92/69/EBE, aðferð B11 - frumuerfðafræðipróf í lífi á beinmergsfrumum spendýra, litningagreining.

#### 5.4.3. Próf í lífi á kímfrumum

Aðstæður þar sem upplýsinga er krafist

Ef niðurstöður prófs í lífi á líkamsfrumum eru jákvæðar er réttlætanlegt að gera próf í lífi á áhrifum í kímfrumum. Þörfina á að gera þessi próf verður að meta í hverju tilviki fyrir sig, að teknu tilliti til upplýsinga varðandi eiturefnaferli, notkun og áreitun sem búist er við. Í viðeigandi prófum þarf að rannsaka samspil við DNA (eins og ríkjandi banapróf), athuga hugsanleg arfgeng áhrif og mögulega að framkvæma magnbundið mat á arfgengum áhrifum. Þar eð alkunna er að arfgeng áhrif eru mjög flókin þyrfti að færa gild rök fyrir notkun magnbundinna rannsókna.

### 5.5. Langvinn eiturhrif og krabbameinsvaldandi áhrif

Markmið prófsins

Rannsóknir á langvinnu eiturhrifum sem fara fram og skýrt er frá ásamt öðrum gögnum og upplýsingum sem máli skipta um virka efnið verða að vera fullnægjandi til að hægt sé að greina áhrif í kjölfar endurtekinnar áreitunar af völdum virka efnisins, einkum skulu þær gera kleift að:



- greina skaðleg áhrif sem stafar af áreitun af völdum virka efnisins,
- greina marklíffæri, ef við á,
- greina tengsl milli skammtar og verkunar,
- greina breytingar á merkjum um eiturrhif og á verksummerkjum,
- ákvarða mörk þar sem engin skaðleg áhrif (NOAEL) finnast.

Að sama skapi verða krabbameinsvaldapróf, ásamt öðrum gögnum sem máli skipta og upplýsingum um virka efni að vera fullnægjandi til að hægt sé að meta hættu sem steðjar að mönnum vegna endurtekinna áreitunar af virka efninu, einkum skulu þau gera kleift að:

- greina skaðleg áhrif sem stafa af áreitun af völdum virka efnisins,
- ákvarða sérvirkni tegundar og líffæris að því er varðar æxlismyndun,
- greina tengsl milli skammtar og verkunar,
- greina, fyrir krabbameinsvalda sem hafa ekki erfðaeituráhrif, hámarksskammt sem veldur ekki skaðlegum áhrifum (viðmiðunarskammtur).

Aðstæður þar sem upplýsinga er krafist

Ákvarða skal langvinn eiturrhif og krabbameinsvaldandi áhrif allra virkra efna. Ef staðhæft er í undantekningartilvikum að slík próf séu óþörf verður að færa rök fyrir þeirri staðhæfingu, þ.e.a.s. að gögn um eiturefnaferli sýni að upptaka virka efnisins sé ekki frá þörmunum, í gegnum húð eða í gegnum lungun.

#### Prófskilyrði

Gera verður próf á langvinnum eiturrhifum (tvö ár) og krabbameinsvaldandi áhrifum virka efnisins við munninntöku með því að nota rottur sem tilraunadýr; hægt er að sameina þessi próf.

Nota skal mýs sem tilraunadýr fyrir krabbameinsvaldapróf á virka efninu.

Ef haldið er fram að krabbameinsvaldandi áhrif hafi ekki erfðaeiturverkun skal færa fyrir því gild rök studd viðeigandi tilraunagögnum, þar með talið nauðsyn þess að skýra hugsanlega verkun þar að lútandi.

Ef staðlaðir viðmiðunarpunktur fyrir svörun við meðferð eru samkeppnissamanburðargögn kunna eldri samanburðargögn að koma að gagni við túlkun á tilteknum rannsóknum á krabbameinsvöldum. Ef eldri samanburðargögn eru lögð fram ættu þau að vera um sömu dýrategund og -stofn, aldir við svipuð skilyrði, og samanburðargögnin ættu að fást við rannsóknir sem eiga sér stað samtímis. Upplýsingar um eldri samanburðargögn sem láta á í té skulu fela í sér:

- upplýsingar um tegund, stofn, nafn birgis og sérstakt landsvæði ef birgirinn hefur aðsetur á fleiri en einu landsvæði,
- heiti rannsóknarstofu og upplýsingar um hvenær prófið var gert,
- lýsingu á almennum skilyrðum sem dýrunum er haldið við, þar með talið gerð eða vöruheiti fóðurs og, þar sem hægt er, það magn sem er innbyrt,

- aldur samanburðardýranna (í dögum talið) við upphaf rannsóknarinnar og þegar þau eru drepin eða aflífuð,
- lýsingu á dauðamynstri dýra í samanburðarhópnum við upphaf eða lok rannsóknarinnar, ásamt öðrum atriðum sem máli skipta (t.d. sjúkdómar, sýkingar),
- heiti rannsóknarstofunnar og nöfn vísindamanna sem eru ábyrgir fyrir söfnun og túlkun meinafræðilegra gagna úr rannsókninni, og
- yfirlýsingu um eðli æxla þar sem upplýsingar hafa verið sameinaðar til að fá gögn um útbreiðslu þeirra.

Velja skal prófskammtana, þar með talið stærsta prófskammtinn, á grundvelli niðurstaðna úr prófi á skammvinnnum eiturhrifum og á grundvelli gagna um efnaskipti og eiturefnaferli, ef slíkar upplýsingar liggja fyrir þegar viðkomandi rannsóknir eru skipulagðar. Hæsta skammtastig í krabbameinsvaldaprófi ætti að sýna merki um lágmarkseiturhrif, eins og örlitla minnkun á þyngdaraukningu (minna en 10%), án þess að drep myndist í vefjum eða efnaskiptamettun verði og án þess að breyta verulega eðlilegum líftíma af völdum annarra verkana en æxla.

Ef rannsóknir á langvinnnum eiturhrifum eru framkvæmdar sérstaklega ætti hæsta skammtastig að sýna greinileg merki um eiturhrif án þess að valda verulega hárrí dánartíðni. Stærri skammtar sem valda miklum eiturhrifum teljast ekki mikilvægir fyrir það mat sem á að fara fram.

Þegar gögn eru tekin saman og skýrslur samdar má ekki sameina upplýsingar um góðkynja og illkynja æxli nema fullvíst sé að góðkynja æxli breytist í illkynja æxli með tímanum. Við skráningu æxla má að sama skapi ekki sameina upplýsingar um æxli, góðkynja eða illkynja, af mismunandi tegundum og sem tengjast ekki, sem myndast í sama líffæri. Til að forðast misskilning skal í flokkunarkerfi fyrir æxli og við skráningu þeirra nota hugtök sem þróuð hafa verið af *American Society of Toxicologic Pathologists* <sup>(1)</sup> eða *Hannover Tumour Registry* (RENI). Tilgreina skal kerfið sem er notað.

Afar mikilvægt er að líffræðilegt efni sem er valið til vefjameinafræðilegrar rannsóknar feli í sér efni sem veitir frekari upplýsingar um vefjaskemmdir sem greinast við stórsæa meinafræðirannsókn. Ef nauðsyn krefur, og hægt er, til að skýra verkunina skal beita og skýra frá sérstakri vefjameinafræðilegri aðferð, vefjaefnafræðilegri aðferð og smásjárrannsóknunum.

#### Prófleiðbeiningar

Gera ber prófið í samræmi við tilskipun 88/302/EBE, B-hluta, próf á langvinnnum eiturhrifum, krabbameinsvaldapróf eða sameinað próf á langvinnnum eiturhrifum og krabbameinsvöldum.

### 5.6. Eiturhrif við æxlun

Skaðleg eiturhrif við æxlun skiptast í tvo meginflokka:

- skerðing á frjósemi karl- og kvendýra,
- áhrif á eðlilegan þroska afkvæma (þróun eiturhrifa)

Rannsaka skal og skýra frá mögulegum áhrifum á alla þætti æxlunarlífeðlisfræði í bæði karl- og kvendýrum og mögulegum áhrifum á þróun á fósturskeiði og eftir fæðingu. Ef staðhæft er í undantekningartilvikum að slík próf séu óþörf verður að færa gild rök fyrir þeirri staðhæfingu.

Ef staðlaðir viðmiðunarpunktur fyrir svörun við meðferð eru samkeppnissamanburðargögn kunna eldri samanburðargögn að koma að gagni við túlkun á tilteknum rannsóknum á æxlun. Ef eldri samanburðargögn eru lögð fram ættu þau að vera um sömu dýrategund og -stofn, aldir við svipuð skilyrði, og samanburðargögnin ættu að fást úr rannsóknum sem eiga sér stað samtímis. Upplýsingar um eldri samanburðargögn sem láta á í té skulu fela í sér:

(1) Standardized System of Nomenclature and Diagnostic Criteria - Guides for Toxicological Pathology

- upplýsingar um tegund, stofn, nafn birgis og sérstakt landsvæði ef birgirinn hefur aðsetur á fleiri en einu landsvæði,
- heiti rannsóknarstofu og upplýsingar um hvenær prófið var gert,
- lýsingu á almennum skilyrðum sem dýrunum er haldið við, þar með talið gerð eða vöruheiti fóðurs og, þar sem hægt er, það magn sem er innbyrt,
- aldur samanburðardýranna (í dögum talið) við upphaf rannsóknarinnar og þegar þau eru drepin eða aflífuð,
- lýsingu á dauðamynstri dýra í samanburðarhópnum við upphaf eða lok rannsóknarinnar, ásamt öðrum atriðum sem máli skipta (t.d. sjúkdómar, sýkingar), og
- heiti rannsóknarstofunnar og nöfn vísindamanna sem eru ábyrgir fyrir söfnun og túlkun eiturefnagagna úr rannsókninni.

#### 5.6.1. Rannsóknir á mörgum kynslóðum

##### Markmið með prófinu

Rannsóknir sem eru skráðar, ásamt öðrum gögnum sem máli skipta og upplýsingum um virka efnið verða að vera fullnægjandi til að hægt sé að greina áhrif á æxlun í kjölfar endurtekinnar áreitunar virka efnisins, einkum skulu þær gera kleift að:

- greina bein og óbein áhrif á æxlun vegna áreitunar virka efnisins,
- greina aukningu almennra eiturrhifa (við próf á skamm- og langvinnum eiturrhifum),
- ákvarða tengsl milli skammts og verkunar, að greina breytingar á merkjum um eiturrhif og á verksummerkjum,
- ákvarða mörk þar sem engin skaðleg áhrif (NOAEL) finnast.

Aðstæður þar sem upplýsinga er krafist

Ætíð ber að skýra frá rannsókn á eiturrhifum við æxlun hjá minnst tveimur kynslóðum af rottum.

##### Prófleiddbeiningar

Gera ber prófið í samræmi við tilskipun 88/302/EBE, B-hluta, próf á eiturrhifum við æxlun hjá tveimur kynslóðum. Þar að auki ber að skrá þyngd æxlunarfæra.

##### Viðbótarrannsóknir

Ef þörf krefur, til að túlka betur áhrif á æxlun og svo framarlega sem þessar upplýsingar eru ekki fáanlegar, gæti verið nauðsynlegt að gera viðbótarrannsóknir til að veita eftirfarandi upplýsingar um:

- aðgreindar rannsóknir á kven- og karldýrum,
- þriggja stiga athugun,
- ríkjandi banapróf á frjósemi karldýra,
- víxlun á meðhöndluðum karldýrum og ómeðhöndluðum kvendýrum og öfugt,

- áhrif á sæðismyndun,
- áhrif á eggmyndun,
- hreyfanleika sæðisfrumna, hreyfanleiki og formfræði, og
- rannsóknir á hormónavirkni.

#### 5.6.2. Rannsóknir á þróun eiturrhifa

##### Markmið prófsins

Rannsóknir sem skýrt er frá skulu, ásamt öðrum viðeigandi gögnum og upplýsingum um virka efnið nægja til að hægt sé að meta áhrif á þróun fósturvísa og fóstura eftir endurtekna áreitun af völdum virka efnisins sem meta á, og þau skulu einkum nægja til að:

- greina bein og óbein áhrif á þróun fósturvísa og fóstura eftir áreitun af völdum virka efnisins,
- greina meðgöngueitrun,
- ákvarða tengslin milli mældra viðbragða og skammts í bæði móður og afkvæmi,
- að greina breytingar á merkjum um eiturrhif og á verksummerkjum, og
- ákvarða mörk þar sem engin skaðleg áhrif (NOAEL) finnast.

Enn fremur gefur prófið viðbótarupplýsingar um hugsanlega aukningu á almennum eiturrhifum hjá þunguðum dýrum.

Aðstæður þar sem upplýsinga er krafist

Prófið ber ætíð að gera.

##### Prófskilyrði

Þróun eiturrhifa skal greina bæði hjá rottum og kaninum við munninntöku. Vansköpun og afbrigði skulu skráð sérstaklega. Orðalisti yfir hugtök og greiningarreglur um vansköpun og afbrigði skal fylgja skýrslunni.

##### Prófleiðbeiningar

Prófið skal gert í samræmi við tilskipun 88/302/EBE, B-hluta, Vansköpunarpróf - nagdýr og önnur dýr.

#### 5.7. Próf á seinkuðum taugaeiturrhifum

##### Markmið prófsins

Prófið skal veita nægilegar upplýsingar til að meta hvort virka efnið geti valdið seinkuðum taugaeiturrhifum eftir bráðaáreitun.

Aðstæður þar sem upplýsinga er krafist

Gera skal þessar rannsóknir á efnum sem eru af svipaðri eða skyldri uppbyggingu og þau sem geta framkallað seinkuð taugaeiturrhif, eins og lífræn fosföt.

Prófskilyrði

Prófið skal gert í samræmi við leiðbeiningar OECD nr. 418.

## 5.8. Aðrar eiturefnafræðilegar rannsóknir

### 5.8.1. Rannsóknir á eiturhrifum umbrotsefna eins og um getu í vii-lið í innganginum

Venjulega er ekki krafist viðbótarrannsókna ef þær tengjast öðrum efnum en virku efnunum.

Ákvarðanir um þörf á viðbótarrannsóknum skulu teknar í hverju tilviki fyrir sig.

### 5.8.2. Viðbótarrannsóknir á virka efninu

Í vissum tilvikum kann að vera nauðsynlegt að framkvæma viðbótarrannsóknir til að skýra frekar mæld áhrif. Þessar rannsóknir geta falið í sér:

- rannsóknir á upptöku, dreifingu, útskiljun og efnaskiptum,
- rannsóknir á getu efnisins til að framkalla taugaeiturhrif,
- rannsóknir á getu efnisins til að framkalla ónæmiseiturhrif,
- rannsóknir á öðrum aðferðum við að gefa efnið.

Ákvarðanir um þörf á viðbótarrannsóknum skulu teknar í hverju tilviki fyrir sig að teknu tilliti til niðurstaðna fyrirliggjandi eiturefnaog efnaskiptarrannsókna ásamt helstu áreitunarleiðum.

Nauðsynlegar rannsóknir skulu skipulagðar í hverju tilviki fyrir sig í ljósi þeirra tilteknu færíbreytna sem rannsóknin beinist að og þeirra markmiða sem stefnt er að.

## 5.9. Læknisfræðileg gögn

Með fyrirvara um ákvæði 5. gr. tilskipunar ráðsins 80/1107/EBE frá 27. nóvember 1980 um verndun starfsmanna gegn áhættu vegna efna-, eðlis- og líffræðilegra áhrifavalda á vinnustöðum <sup>(1)</sup>, skal leggja fram hagnýt gögn og upplýsingar sem lúta að því að þekkja einkenni eiturhrifa og áhrif skyndihjálpar og ráðstafana til læknismeðferðar, að því tilskildu að slíkar upplýsingar séu tiltækar. Leggja skal fram frekari tilvísanir í rannsóknir á mótefnalyfjafræði eða öryggislyfjafræði þar sem dýr eru notuð. Ef við á skal rannsaka og skýra frá hugsanlegu mótlyfi gegn eiturhrifum.

Gögn og upplýsingar sem lúta að því hvaða áhrif áreitun hefur á menn, ef upplýsingar eru tiltækar og nægilega góðar, hafa mjög mikla þýðingu við að staðfesta gildi framreiknings sem gerður er og niðurstaðna að því er varðar marklíffæri, tengsl milli skammtar og verkunar og möguleika á því að eiturhrif gangi til baka. Hægt er að afla slíkra gagna í kjölfar áreitunar vegna slysa eða á vinnustað.

### 5.9.1. Heilbrigðiseftirlit með starfsfólki í verksmiðjum

Leggja skal fram skýrslur um áætlanir um heilbrigðiseftirlit á vinnustöðum, studdar nákvæmum upplýsingum um hönnun áætlunarinnar, áreitun af völdum virka efnisins og áreitun af völdum annarra efna. Í slíkum skýrslum skulu, ef það er mögulegt, koma fram upplýsingar sem tengjast verkun virka efnisins. Þessar skýrslur skulu, séu þær tiltækar, innihalda upplýsingar frá einstaklingum sem verða fyrir áreitun í verksmiðjum eða eftir notkun virka efnisins (t.d. við prófanir á áhrifum).

Fyrirliggjandi upplýsingar um næmi, þar með talið ofnæmisviðbrögð starfsmanna og annarra sem verða fyrir áreitun af völdum virka efnisins, skulu lagðar fram og þær skulu innihalda viðeigandi upplýsingar um tilvik ofurnæmi. Þar skulu einnig koma fram upplýsingar um tíðni, umfang áreitunar sem og hve lengi hún hefur varað, greind einkenni og aðrar viðeigandi klínískar upplýsingar.

<sup>(1)</sup> Stjóttíð. EB nr. L 327, 3. 12. 1980, bls. 8.

### 5.9.2. Bein athugun, t.d. klínísk tilfelli og eitrunartilvik

Skýrslur sem liggja fyrir í almennum ritum og tengjast klínískum tilvikum og eitrunartilvikum skulu, ef þær koma frá tímaritum þar sem strangar reglur gilda um birtingarhæfni eða úr opinberum skýrslum, lagðar fram með skýrslum um framhaldsrannsóknir sem gerðar eru. Í slíkum skýrslum ættu að vera lýsingar á eðli og umfangi áreitunar sem og hve lengi hún hefur varað og greind klínísk einkenni, skyndihjálpar, ráðstafanir til læknismeðferðar og mælingar og athuganir sem gerðar eru. Yfirlitsskýrslur og útdrættir hafa ekki gildi.

Ef slíkar skýrslur eru studdar nauðsynlegum ítarupplýsingum geta skýrslurnar haft mikla þýðingu við að staðfesta gildi framreiknings gagna um dýr yfir á menn og að ákvarða ófyrirsjáanleg skaðleg áhrif sem eru bundin við menn.

### 5.9.3. Athuganir á áreitun sem almenningur getur orðið fyrir og faraldsfræðilegar rannsóknir, ef við á

Ef fyrir liggja faraldsfræðilegar rannsóknir sem eru studdar gögnum um umfang áreitunar og hve lengi hún hefur varað og ef þær hafa farið fram í samræmi við viðurkennda staðla (<sup>(1)</sup>), hafa þær mjög mikla þýðingu og skulu lagðar fram.

### 5.9.4. Greining eitrunar (ákvörðun virkra efna, umbrotsefna) sérstök merki um eitrun, klínísk próf

Leggja skal fram nákvæma lýsingu á klínískum eitureinkennum, þar með töldum fyrstu merkjum og sjúkdómseinkennum sem og nákvæmri lýsingu á klínískum prófum sem eru notadrjúg til sjúkdómsgreiningar, ef þau liggja fyrir, auk þess sem koma skal fram nákvæm útlistun á tíma í tengslum við inntöku, húðáreitun eða innöndun mismunandi skammta af virka efninu.

### 5.9.5. Meðferðartillaga: ráðstafanir til skyndihjálpar, móteitur, læknismeðferð

Tilgreina skal ráðstafanir sem beita skal til skyndihjálpar í eitrunartilvikum (rauneitrun eða ef grunur leikur á eitrun) og ef augu hafa orðið fyrir áreitun.

Nákvæm lýsing skal vera á meðferðarúrræðum sem beita á ef augu verða fyrir eitrun eða áreitun, þar með talin notkun móteiturs ef þörf krefur. Ef svo ber undir skal leggja fram upplýsingar byggðar á hagnýtri reynslu, sé hún fyrir hendi og aðgengileg, eða í öðrum tilvikum á fræðilegum grunni, að því er varðar virkni annarra meðferðarúrræða. Lýsa skal frábendingum sem tengjast tilteknum úrræðum, einkum þeim sem snerta almenn heilbrigðisvandamál og -skilyrði.

### 5.9.6. Eiturhrif sem vænta má

Lýsa skal eiturhrifum sem vænta má, ef þau eru þekkt, og tilgreina hve lengi áhrifin vara eftir eitrun auk þess sem lýsa skal áhrifum:

- tegundar, umfangs og tíma áreitunar eða inntöku, og
- breytilegs tíma sem líður milli áreitunar, eða inntöku, og byrjun meðferðar.

## 5.10. Yfirlit yfir eiturhrif í spendýrum og heildarmat

Leggja skal fram yfirlit yfir öll gögn og upplýsingar sem kveðið er á um í liðum 5.1. til 5.10 þar sem koma skal fram ítarlegt og gagnrýnið mat á gögnum í tengslum við viðeigandi viðmið til mats og ákvarðanatöku sem og leiðbeiningar, með sérstakri vísan til áhættu sem að mönnum og dýrum steðjar eða kann að steðja, og umfang, gæði og áreiðanleiki gagnagrunnsins.

Þegar við á, í ljósi niðurstaðna í tengslum við greiningarsvið framleiðslulotu virka efnisins (liður 1.11) og samanburðarrannsókna sem gerðar hafa verið (í iv. lið 5. liðar) skal færa rök fyrir þýðingu gagnanna sem lögð eru fram til mats á eiturefnafræðilegu sviði virka efnisins eins og það er framleitt.

(<sup>1</sup>) Guidelines for Good Epidemiology Practices for Occupational and Environmental Research saminn af Chemical Manufacturers Association's Epidemiology Task Group, sem liður í tilraunaverkefni árið 1991 á vegum Epidemiology Resource and Information Centre (ERIC).

Á grundvelli mats á gagnagrunninum og viðeigandi viðmiðunum til ákvarðanatöku og leiðbeininga skal réttlæta ákvörðun marka um engin skaðleg áhrif (NOAEL) sem lögð eru fram fyrir hverja rannsókn sem um ræðir.

Á grundvelli þessara gagna skal leggja fram tillögur studdar vísindalegum rökum um ákvörðun viðtekis dagskammts (ADI) og viðtekis áreitistigs notanda (AOEL) fyrir virka efnið.“

## II. VIÐAUKI

### „7. EITUREFNAFRÆÐIRANNSÓKNIR

Fullnægjandi upplýsingar þurfa að liggja fyrir um bráð eiturhrif, ertandi áhrif og næmiáhrif virka efnisins til að hægt sé að meta eiturhrif efnablandanna á réttan hátt. Ef hægt er ber að leggja fram viðbótarupplýsingar um tegund eiturverkunar, eiturefnafræðilegt svið og alla aðra eiturefnafræðilega þætti virka efnisins.

Nauðsynlegt er, að því er varðar áhrif óhreininda og annarra efnisþátta á eiturefnafræðilega hegðun, að gefa nákvæma lýsingu (forskrift) á þeim efnum sem notuð er í hverri rannsókn. Við prófanir ber að nota leyfileg plöntuvarnarefni.

#### 7.1. Bráð eiturhrif

Rannsóknir, gögn og upplýsingar sem láta á í té og til stendur að meta verða að vera fullnægjandi til að hægt sé að greina áhrif í kjölfar einstakrar áreitunar af völdum plöntuvarnarefnisins sem á að meta og einkum að ákvarða eða tilgreina:

- eiturhrif plöntuvarnarefnanna,
- eiturhrif plöntuvarnarefnisins miðað við virka efnið,
- hve lengi áhrifin vara og einkenni þeirra, ásamt nákvæmri lýsingu á hegðunarbreytingum og mögulegum stórsæum meinafræðilegum niðurstöðum við krufningu,
- ef hægt er, tegund eiturverkunar, og
- hlutfallslega hættu sem tengist ólíkum áreitunarleiðum.

Áhersla skal lögð á að meta eiturhrifamörk sem um ræðir en upplýsingar sem fást skulu einnig gera kleift að flokka plöntuvarnarefnið í samræmi við tilskipun ráðsins 78/631/EBE. Upplýsingar sem fást við próf á bráðum eiturhrifum hafa sérstaka þýðingu við mat á hættu sem kann að skapast þegar slys verða.

##### 7.1.1. Við munninntöku

Aðstæður þar sem upplýsinga er krafist

Ætíð ber að gera próf á bráðum eiturhrifum við munninntöku nema þegar umsækjandi getur sannfært lögbær yfirvöld um að hægt sé að bera fyrir sig 2. mgr. 3. gr. tilskipunar ráðsins 78/631/EBE.

Prófleiddbeiningar

Gera ber prófið í samræmi við tilskipun 92/69/EBE, aðferð B1 eða B1 a (b og c).

### 7.1.2. Í gegnum húð

Aðstæður þar sem upplýsinga er krafist

Ætíð ber að gera próf á bráðum eiturhrifum við upptöku í gegnum húð nema þegar umsækjandi getur sannfært lögbær yfirvöld um að hægt sé að bera fyrir sig 2. mgr. 3. gr. tilskipunar ráðsins 78/631/EBE.

Prófleiðbeiningar

Gera ber prófið í samræmi við tilskipun 92/69/EBE, aðferð B3.

### 7.1.3. Innöndun

Markmið prófsins

Prófið gefur upplýsingar um eiturhrif í rottum við innöndun plöntuvarnarefnisins eða reyksins sem myndast.

Aðstæður þar sem upplýsinga er krafist

Prófið skal gert ef plöntuvarnarefnið:

- er lofttegund eða fljótandi lofttegund,
- er úðunareitur eða efnablanda sem myndar reyk,
- skal notast með gufubúnaði,
- er efnablanda sem losar gufu,
- er úðaefni,
- er púður sem inniheldur mikið hlutfall af kornum sem eru  $\leq 50$  mm að þvermáli ( $\geq 1\%$  miðað við þyngd)
- er ætlað til dreifingar úr flugvél og innöndunarefni skiptir máli,
- inniheldur virkt efni með gufuþrýsting  $\geq 1 \times 10^{-2}$  Pa og sem á að nota í lokuðum rýmum, eins og vöruhúsum og gróðurhúsum.
- skal notast þannig að mikið magn af kornum eða smádropum myndist sem eru  $\leq 50$  mm að þvermáli ( $\geq 1\%$  miðað við þyngd).

Prófleiðbeiningar

Prófið ber að gera í samræmi við tilskipun 92/69/EBE, aðferð B2.

### 7.1.4. Húðerting

Markmið prófsins

Prófið gefur upplýsingar um getu efnisins til að framkalla húðertingu, þar með talin möguleiki á því hvort áhrifin gangi til baka.



Aðstæður þar sem upplýsinga er krafist

Ákvarða skal getu virka efnisins til að framkalla húðertingu nema þegar líklegt er, eins og fram kemur í prófleiðbeiningunum, að efnið framkalli alvarlega húðertingu eða að hægt sé að koma í veg fyrir þessa verkun.

Prófleiðbeiningar

Gera ber prófið í samræmi við tilskipun 92/69/EBE, aðferð B4.

#### 7.1.5. *Augnering*

Markmið prófsins

Prófið gefur upplýsingar um getu plöntuvarnarefnisins til að framkalla augneringu, þar með talin möguleiki á því hvort áhrifin gangi til baka.

Aðstæður þar sem upplýsinga er krafist

Gera skal augneringarpróf nema þegar líklegt er, eins og fram kemur í prófleiðbeiningunum, að plöntuvarnarefnið hafi í för með sér alvarleg áhrif á augun.

Prófleiðbeiningar

Ákvarða skal augneringu í samræmi við tilskipun 92/69/EBE, aðferð B5.

#### 7.1.6. *Húðnæmi*

Markmið prófsins

Prófið gefur fullnægjandi upplýsingar til að meta getu plöntuvarnarefnisins til að framkalla næmisviðbrögð.

Aðstæður þar sem upplýsinga er krafist

Gera ber prófið nema þegar vitað er að virka efnið (-in) eða hjálparefnin hafi næmieiginleika.

Prófleiðbeiningar

Prófið ber að gera í samræmi við tilskipun 92/69/EBE, aðferð B6.

#### 7.1.7 *Viðbótarrannsóknir á ýmsum blöndum plöntuvarnarefna*

Markmið prófsins

Í sérstökum tilvikum gæti verið nauðsynlegt að gera rannsóknirnar sem um getur í lið 7.1.1 til 7.1.6 fyrir ýmsar blöndur plöntuvarnarefna þar sem tilgreint er á merkimiðanum kröfur um notkun plöntuvarnarefnisins með öðrum plöntuvarnarefnum og/eða með hjálparefnum sem notuð eru sem tankblanda. Taka má ákvarðanir í hverju tilviki fyrir sig um hvort þörf sé á að gera viðbótarrannsóknirnar, að teknu tilliti til niðurstaðna úr rannsóknum á bráðum eituhrifum einstaks plöntuvarnarefnis, möguleika á áreitun af völdum ýmissa blandna hlutaðeigandi efna og upplýsinga sem liggja fyrir eða hagnýtrar reynslu af hlutaðeigandi efnum eða svipuðum efnum.

## 7.2. Gögn um áreitun

### 7.2.1. Áreitun sem notendur geta orðið fyrir

Áhættan fyrir þá sem nota plöntuvarnarefni er háð eðlis-, efna- og eiturefnafræðilegum eiginleikum plöntuvarnarefnisins og gerð efnisins (óþynnt/þynnt), áreitunarleið og -stigi og hve lengi áreitunin varir. Leggja skal fram og skýra frá fullnægjandi upplýsingum og gögnum til að hægt sé að meta umfang áreitunar af virka efninu (-unum) og/eða eiturefnafræðilegum efnasamböndum sem máli skipta í plöntuvarnarefninu sem kynnu að myndast við fyrirhuguð notkunarskilyrði. Á þessum upplýsingum og gögnum grundvallast mat á vali á viðeigandi verndarráðstöfunum, þar með talið persónuhlífar sem notendur skulu bera og sem tilgreina skal á merkimiðanum.

#### 7.2.1.1. Mat á áreitun sem notendur geta orðið fyrir

Markmið matsins

Framkvæma skal mat, með því að nota viðeigandi reiknilíkan, eftir því sem unnt er, til að hægt sé að meta hættu af áreitun sem notendur kynnu að verða fyrir við fyrirhuguð notkunarskilyrði.

Aðstæður þar sem upplýsinga er krafist

Ætíð skal framkvæma mat á áreitun sem notendur geta orðið fyrir.

Matsskilyrði

Framkvæma skal mat á sérhverri gerð notkunaráferðar og notkunarbúnaðar sem fyrirhugað er að nota fyrir plöntuvarnarefnið, að teknu tilliti til krafna vegna framkvæmdar á flokkunar- og merkingarákvæðum tilskipunar 78/631/EBE til að meðhöndla óþynnt eða þynnt efni, ásamt ólíkum gerðum og stærðum íláta sem á að nota, blöndun, áfyllingarskilyrðum, notkun plöntuvarnarefnisins, loftslagsskilyrðum og hreinsun og daglegu viðhaldi á notkunarbúnaðinum.

Í fyrstu skal framkvæma mat á þeirri forsendu að notendur beri engar persónuhlífar.

Ef við á, skal framkvæma annað mat á þeirri forsendu að notendur beri traustar og auðfengnar persónuhlífar sem er gerlegt fyrir þá að nota. Ef verndarráðstafanir eru tilgreindar á merkimiðanum skal tekið tillit til þess í matinu.

#### 7.2.1.2. Mæling á áreitun sem notendur geta orðið fyrir

Markmið prófsins

Prófið skal veita fullnægjandi upplýsingar til að hægt sé að meta hættu af áreitun sem notendur kynnu að verða fyrir við fyrirhuguð notkunarskilyrði.

Aðstæður þar sem upplýsinga er krafist

Skýra skal frá raunverulegum gögnum um áreiti fyrir viðeigandi áreitunarleið (-ir) ef áhættumatið gefur til kynna að farið sé yfir viðmiðunarmörk byggð á heilbrigðiskröfum. Þetta verður t.d. reyndin þegar niðurstöður á mati á áreitun sem notendur geta orðið fyrir, samkvæmt lið 7.2.1.1 gefa til kynna að fara megi yfir:

- viðtekið áreitistig notanda (AOEL) sem er ákvarðað í tengslum við skráningu virka efnisins (-anna) í I. viðauka, og/eða
- viðmiðunarmörk sem eru ákvörðuð fyrir virka efnið og/eða eiturefnafræðilegt efnasamband (-bönd) plöntuvarnarefnisins í samræmi við tilskipun ráðsins 80/1107/EBE og tilskipun ráðsins 90/394/EBE frá 28. júní 1990 um verndun starfsmanna gegn áhættu vegna áhrifa af krabbameinsvöldum á vinnustað <sup>(1)</sup>,

(1) Stjttíð. EB nr. L 196, 26. 7. 1990, bls. 1.

Einnig ber að skýra frá raunverulegum gögnum um áreitun þegar ekkert viðeigandi reiknilíkan eða gögn liggja fyrir til að framkvæma matið sem kveðið er á um í lið 7.2.1.1.

Ef húðáreitun er helsta áreitunarleiðin er nýtsamlegt að gera próf á upptöku í gegnum húð eða að styðjast við upplýsingar úr rannsókn á meðalbráðum eiturrhifum við upptöku í gegnum húð, ef þær liggja ekki fyrir, til að afla gagna til að betrubæta matið sem kveðið er á um í lið 7.2.1.1.

#### Prófskilyrði

Gera ber prófið við raunhæf áreitiskilyrði, að teknu tilliti til fyrirhugaðra notkunarskilyrða.

#### 7.2.2 *Áreitun sem nærstaddir geta orðið fyrir*

Nærstaddir geta orðið fyrir áreitun þegar verið er að nota plöntuvarnarefni. Skýra skal frá fullnægjandi upplýsingum og gögnum sem byggja má á þegar valin eru viðeigandi notkunarskilyrði, þar með talið lokun svæða sem hafa verið meðhöndluð og öryggissvæða fyrir utanaðkomandi.

#### Markmið matsins

Matið skal framkvæmt, ef hægt er, með hjálp viðeigandi reiknilíkans til að hægt sé að meta áreitun sem nærstaddir kynnu að verða fyrir við fyrirhuguð notkunarskilyrði.

Aðstæður þar sem upplýsinga er krafist

Ætíð ber gera mat á áreitun sem nærstaddir geta orðið fyrir.

#### Matsskilyrði

Framkvæma skal mat á áreitun sem nærstaddir geta orðið fyrir á öllum gerðum notkunaraðferða. Matið skal framkvæmt á þeirri forsendu að nærstaddir beri ekki persónuhlífar.

Hægt er að krefjast þess að áreitun sem nærstaddir geta orðið fyrir verði mæld ef mat leiðir í ljós að frekari aðgerða er þörf.

#### 7.2.3. *Áreitun sem starfsmenn geta orðið fyrir*

Starfsmenn geta orðið fyrir áreitun eftir meðhöndlun plöntuvarnarefna ef þeir fara inn á meðhöndlaða akra eða inn í meðhöndlað húsnæði eða ef þeir handleika meðhöndlaðar plöntur eða plöntuafurðir sem leifar er að finna á. Skýra skal frá nægilegum upplýsingum til að skapa grunn til að byggja á val á viðeigandi varnaráðstöfunum, þar með talið biðtími og sá tími sem líða þarf áður en farið er aftur inn á svæði.

#### 7.2.3.1. *Mat á áreitun sem starfsmenn geta orðið fyrir*

#### Markmið matsins

Framkvæma skal mat, með því að nota viðeigandi reiknilíkan, til að hægt sé að meta hættu af áreitun sem starfsmenn kynnu að verða fyrir við fyrirhuguð notkunarskilyrði.

Aðstæður þar sem upplýsinga er krafist

Ætíð skal framkvæma mat á áreitun sem starfsmenn geta orðið fyrir.

#### Matsskilyrði

Framkvæma skal mat á áreitun starfsmanna vegna hvernar uppskeru og verkefnis sem gera á.

Í fyrstu skal framkvæma matið með hliðsjón af aðgengilegum gögnum um væntanlega áreitun á þeirri forsendu að starfsmennirnir beri engar persónuhlífar.

Ef við á, skal framkvæma annað mat á þeirri forsendu að starfsmenn beri haldgóðar og auðfengnar persónuhlífar sem er gerlegt fyrir þá að nota.

Ef við á, skal framkvæma frekara mat með hliðsjón af fengnum gögnum um magn losanlegra efnaleifa við fyrirhuguð notkunarskilyrði.

#### 7.2.1.2. Mæling á áreitun sem starfsmenn geta orðið fyrir

Markmið prófsins

Prófið skal veita fullnægjandi upplýsingar til að hægt sé að meta hættu af áreitun sem starfsmenn kynnu að verða fyrir við fyrirhuguð notkunarskilyrði.

Aðstæður þar sem upplýsinga er krafist

Skýra skal frá raunverulegum gögnum um áreiti fyrir viðeigandi áreitunarleið (-ir) ef áhættumatið gefur til kynna að farið sé yfir viðmiðunarmörk byggð á heilbrigðiskröfum. Þetta verður t.d. reyndin þegar niðurstöður á mati á áreitun sem notendur getur orðið fyrir, samkvæmt lið 7.2.3.1 gefa til kynna að fara megi yfir:

- viðtekið áreitistig notanda (AOEL) sem er ákvarðað í tengslum við skráningu virka efnisins (-anna) í I. viðauka, og/eða
- viðmiðunarmörk sem eru ákvörðuð fyrir virka efnið og/eða eiturefnafræðilegt efnasamband (-bönd) plöntuvarnarefnisins í samræmi við tilskipun ráðsins 80/1107/EBE og tilskipun ráðsins 90/394/EBE.

Einnig ber að skýra frá raunverulegum gögnum um áreitun þegar ekkert viðeigandi reiknilíkan eða gögn liggja fyrir til að framkvæma matið sem kveðið er á um í lið 7.2.3.1.

Ef húðáreitun er helsta áreitunarleiðin er nytsamlegt að gera próf á upptöku í gegnum húð eða að styðjast við upplýsingar úr rannsókn á meðalbráðum eiturhrifum við upptöku í gegnum húð, ef þær liggja ekki fyrir, til að afla gagna til að betrubæta matið sem kveðið er á um í lið 7.2.3.1.

Prófskilyrði

Gera ber prófið við raunhæf áreitiskilyrði, að teknu tilliti til fyrirhugaðra notkunarskilyrða.

### 7.3. Upptaka í gegnum húð

Markmið prófsins

Prófið skal gefa upplýsingar um mælingar á upptöku virka efnisins í gegnum húð sem og eiturefnafræðilegar efnablöndur sem máli skipta.

Aðstæður þar sem upplýsinga er krafist

Rannsóknin skal framkvæmd ef upptaka í gegnum húð er helsta áreitunarleiðin og ef áhættumatið gefur til kynna að farið sé yfir viðmiðunarmörk byggð á heilbrigðiskröfum. Þetta verður t.d. reyndin þegar niðurstöður á mati á áreitun sem starfsmenn verða fyrir, samkvæmt lið 7.2.1.1 eða 7.2.1.2 gefa til kynna að hægt sé að fara yfir:

- viðtekið áreitistig notanda (AOEL) sem er ákvarðað í tengslum við skráningu virka efnisins (-anna) í I. viðauka, og/eða
- viðmiðunarmörk sem eru ákvörðuð fyrir virka efnið og/eða eiturefnafræðilegt efnasamband (-bönd) plöntuvarnarefnisins í samræmi við tilskipun ráðsins 80/1107/EBE og tilskipun ráðsins 90/394/EBE

#### Prófskilyrði

Að meginreglu til skal skrá upplýsingar um rannsókn í lífi á eiturhrifum við upptöku í gegnum húð á rottum. Ef í ljós kemur, þegar niðurstöður á mati þar sem stuðst er við upplýsingar um rannsóknir í lífi á eiturhrifum við upptöku í gegnum húð eru felldar inn í áhættumatið, að mikil áreitun hefur átt sér stað kann að vera nauðsynlegt að framkvæma samanburðarrannsókn í lífi á rottum og á húð manna.

#### Prófleiddbeiningar

Nota skal viðeigandi þætti leiðbeiningar OECD nr. 417. Að því er varðar hönnun rannsóknarinnar er nauðsynlegt að hafa hliðsjón af niðurstöðum rannsókna á upptöku virka efnisins (-anna) í gegnum húð.

#### **7.4. Fyrirliggjandi eiturefnagögn sem tengjast óvirkum efnum**

Ef hægt er skal leggja fram fyrir hvert hjálparefni afrit af tilkynningunni og öryggisgögnunum sem lögð eru fram í samræmi við tilskipun 67/548/EBE og tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE frá 5. mars 1991 þar sem mælt er fyrir um sérstök upplýsingakerfi er varða hættulegar efnablöndur við framkvæmd 10. gr. tilskipunar ráðsins 88/379/EBE <sup>(1)</sup>. Allar aðrar aðgengilegar upplýsingar skulu lagðar fram.“

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 76, 22. 3. 1991, bls. 35.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 96/EES/25/11**

**nr. 47/95**  
**frá 22. júní 1995**

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)  
við EES-samninginn**

**SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,**

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var síðast breytt með ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 17/95 frá 24. febrúar 1995<sup>(1)</sup>.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/796/EB frá 18. nóvember 1994 um sameiginlega tækniforskrift að framtengingu við samevrópska stafræna samþætta þjónustunetið (ISDN)<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/797/EB frá 18. nóvember 1994 um sameiginlega tækniforskrift að grunntengingu við samevrópska stafræna samþætta þjónustunetið (ISDN)<sup>(3)</sup> skal felld inn í samninginn.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/821/EB frá 9. desember 1994 um sameiginlega tækniforskrift að tengikröfum sem eru gerðar til skilflata endabúnaðar fyrir stafrænar óskipulegar leigulínur með 64 kílóbita/s flutningsgetu í frjálsa netaðgangskerfinu (ONP-kerfinu)<sup>(4)</sup> skal felld inn í samninginn.

**ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:****1. gr.**

Eftirfarandi liðir komi aftan við lið 4e (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/472/EB) í XVIII. kafla II. viðauka við samninginn:

„4f. **394 D 0796:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/796/EB frá 18. nóvember 1994 um sameiginlega tækniforskrift að framtengingu við samevrópska stafræna samþætta þjónustunetið (ISDN) (Stjttíð. EB nr. L 329, 20. 12. 1994, bls. 1).

4g. **394 D 0797:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/796/EB frá 18. nóvember 1994 um sameiginlega tækniforskrift að grunntengingu við samevrópska stafræna samþætta þjónustunetið (ISDN) (Stjttíð. EB nr. L 329, 20. 12. 1994, bls. 14).

4h. **394 D 0821:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/821/EB frá 9. desember 1994 um sameiginlega tækniforskrift að tengikröfum sem eru gerðar til skilflata endabúnaðar fyrir stafrænar óskipulegar leigulínur með 64 kílóbita/s flutningsgetu í frjálsa netaðgangskerfinu (ONP-kerfinu) (Stjttíð. EB nr. L 339, 29. 12. 1994, bls. 81).“.

**2. gr.**

Fullgiltur texti ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 94/796/EB, ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 94/797/EB og ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 94/821/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

**3. gr.**

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. júlí 1995, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

**4. gr.**

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 22. júní 1995.

Fyrir hönd sameiginlegru EES-nefndarinnar

Formaður

*P. Benavides*

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. L 83, 13. 4. 1995, bls. 48 og EES-viðbætur við Stjttíð. EB nr. 13, 13. 4. 1995, bls. 32.

<sup>(2)</sup> Stjttíð. EB nr. L 329, 20. 12. 1994, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjttíð. EB nr. L 329, 20. 12. 1994, bls. 14.

<sup>(4)</sup> Stjttíð. EB nr. L 339, 29. 12. 1994, bls. 81.

# ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 18. nóvember 1994

## um sameiginlega tækniforskrift að framtengingu við samevrópska stafræna samþætta þjónustunetið (ISDN)(\*)

(94/796/EB)

### FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/263/EBE frá 29. apríl 1991 um samþæfingu laga aðildarríkjanna um notendabúnað til fjarskipta ásamt gagnkvæmri viðurkenningu á samræmi <sup>(1)</sup>, eins og henni var breytt með tilskipun 93/68/EBE <sup>(2)</sup>, einkum 2. mgr. 6. gr. og 4. mgr. 16. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Framkvæmdastjórnin hefur með tilskipun ráðsins 86/361/EBE <sup>(3)</sup> mælt fyrir um hvaða gerð af endabúnaði skuli falla undir þessa sameiginlegu tækniforskrift og lagt fram tilheyrandi yfirlýsingu um gildissvið.

Þessi ákvörðun er bráðabirgðaráðstöfun, sem ber að endurskoða innan tveggja ára frá samþykkt hennar, en við þá endurskoðun skal tekið tilhlýðilegt tillit til undirbúningsvinnu viðkomandi staðlastofnunar við gerð nýs samhæfðs staðals til framkvæmdar grunnkröfunum.

Á þessu tímabili getur reynst nauðsynlegt að breyta þessari ákvörðun með tilliti til samhæfðu staðlanna sem fjallað er um í þessari ákvörðun.

Í sumum aðildarríkjum var ISDN innleitt snemma og því geta einstök frávik innanlands verið réttlætunleg.

Til að tryggja órofinn aðgang að mörkuðum fyrir framleiðendur, sem nú þjóna einum eða fleiri innlendum mörkuðum, er nauðsynlegt að heimila bráðabirgðafyrirkomulag svo að unnt sé að beita innlendum kröfum á tímabilinu sem um ræðir í þessari ákvörðun.

Hámarkstímabilið sem um ræðir í þessari ákvörðun skal miðast við að viðkomandi staðlastofnun hafi lokið við að semja tilskilda samhæfða staðla til framkvæmdar viðeigandi grunnkröfum.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttö. EB nr. L 329, 20. 12. 1994, bls. 1, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 47/95 frá 22. júní 1995 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þe ssa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjttö. EB nr. L 128, 23. 5. 1991, bls. 1.

(2) Stjttö. EB nr. L 220, 31. 8. 1993, bls. 1.

(3) Stjttö. EB nr. L 217, 5. 8. 1986, bls. 21.

Sameiginlega tækniforskriftin sem er samþykkt með þessari ákvörðun er í samræmi við álit samþykkisnefndar endabúnaðar (ACTE).

### SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

#### 1. gr.

1. Þessi ákvörðun gildir um endabúnað sem á að tengja við almennt fjarskiptanet og fellur undir gildissvið samhæfða staðalsins sem vísað er til í 1. mgr. 2. gr. þessarar ákvörðunar.

2. Í þessari ákvörðun er mælt fyrir um sameiginlega tækniforskrift að því hvaða tæknilegir eiginleikar, með tilliti til krafna varðandi rafræna og vélræna skilfleti, og samskiptareglur varðandi aðgang eiga að gilda fyrir endabúnað, sem hægt er að tengja, og sem samkvæmt upplýsingum framleiðanda eða fulltrúa hans er gert ráð fyrir að tengist, T-viðmiðunarpunkti, eða samliggjandi S- og T-viðmiðunarpunkti, fyrir framtengingu við skilflöt að almennu fjarskiptaneti, nánar tiltekið samevrópskum ISDN (EURO-ISDN) framtengingarpunkti.

#### 2. gr.

1. Sameiginlega tækniforskriftin tekur til samhæfða staðalsins, sem er saminn með hliðsjón af samsvarandi ráðstöfun samkvæmt tilskipun 86/361/EBE, en skal engu að síður takmörkuð við grunnkröfurnar sem um getur í c- til f-lið 4. gr. tilskipunar 91/263/EBE. Tilvísun í þennan staðal er tilgreind í I. viðauka, og viðeigandi hlutar staðalsins eru birtir í II. viðauka.

2. Endabúnaður sem fellur undir þessa ákvörðun skal vera í samræmi við sameiginlegu tækniforskriftina sem um getur í 1. mgr., uppfylla grunnkröfurnar sem um getur í a- og b-lið 4. gr. tilskipunar 91/263/EBE, auk þess að uppfylla kröfur annarra tilskipana sem gilda um búnaðinn, einkum tilskipana ráðsins 73/23/EBE<sup>(4)</sup> og 89/336/EBE<sup>(5)</sup>.

#### 3. gr.

Tilkynntir aðilar, sem eru útnefndir til að hafa umsjón með framkvæmd þeirrar málsmeðferðar sem um getur í 9. gr. tilskipunar 91/263/EBE, skulu sjá til þess að samhæfði staðallinn, sem er tilgreindur í I. viðauka, sé notaður fyrir endabúnaðinn sem fjallað er um í 1. mgr. 1. gr. þessarar ákvörðunar, nema í þeim tilvikum þar sem réttlætunlegt er að víkja frá honum á innanlandsvettvangi í þann tíma sem um getur í 4. gr.

(4) Stjttö. EB nr. L 77, 26. 3. 1973, bls. 29.

(5) Stjttö. EB nr. L 139, 23. 5. 1989, bls. 19.

**4. gr.**

Framkvæmdastjórnin skal fylgjast með því hvernig til tekst með beitingu þessarar ákvörðunar og hvernig viðkomandi viðurkenndri staðlastofnun gengur að tryggja að umræddur samhæfður staðall liggi fyrir sem fyrst. Framkvæmdastjórnin skal í þessu skyni samþykkja nauðsynlegar breytingar á þessari ákvörðun í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í tilskipun

91/263/EBE og hún skal gera endanlega ráðstöfun innan tveggja ára hið mesta eftir að þessi ákvörðun hefur komið til framkvæmda.

**5. gr.**

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 18. nóvember 1994.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

***Martin BANGEMANN***

framkvæmdastjóri.



# I. VIÐAUKI

## Tilvísun í samhæfða staðallinn sem gildir að hluta

Samhæfði staðallinn sem vísað er til í 2. gr. ákvörðunarinnar er:

NET 5 (ISDN-frumtenging)

Stjtið. EB nr. C 53, 24. 2. 1993, bls. 6.

## Viðbótarupplýsingar

Samhæfði staðallinn sem vísað er til hér að framan, NET 5, var samþykktur samkvæmt tilskipun 86/361/EBE.

Unnt er að fá orðréttan texta NET 5 með því að snúa sér til:

Fjarskiptastaðlastofnunar Evrópu  
(European Telecommunications Standards Institute),  
F-06921 Sophia Antipolis Cedex.

## II. VIÐAUKI

### Skrá yfir viðeigandi hluta samhæfða staðalsins

#### Lag 1, NET 5, skrá yfir millivísanir

Tilvísun í NET 5 (ETS 300 011)	Tilvísun í prTBR 4 <sup>(1)</sup> (drög)	Prófunar-forskriftar-aðferð	Tilgangur prófunar samkvæmt skilgreiningu í NET 5 (ETS 300 011)
C.2.1	9.2.3	Ekki TTCN	Mæla bitahraða þegar prófunarbúnaður (IUT — Implementation Under Test) er ekki samstilltur.
C.2.3.1	9.2.1	Ekki TTCN	Athuga samkvæmni í lögun allra markpúlsa, óháð skautun, sem prófunarbúnaðurinn sendir.
C.2.3.2	9.2.1	Ekki TTCN	Ganga úr skugga um að spenna við sendingu bils (space) (enginn púls) sé ekki hærrí en 10 % af tilgreindu toppgildi fyrir púlss.
C.2.3.3	9.2.1	Ekki TTCN	Kanna hvort jafnvægi ríkir milli sveifluviddar jákvæðra og neikvæðra púlssa (mælt við miðbik hléa milli púlssa).
C.2.3.4	9.2.1	Ekki TTCN	Kanna hvort jafnvægi ríkir milli þess hve lengi púlssar með mismunandi skautun vara (mælt við helminginn af tilgreindri sveifluvidd púlss).
C.2.4.1	9.3.1	Ekki TTCN	Mæla skilatapið við viðtökuhluta prófunarbúnaðarins.
C.2.4.2	9.3.2	Ekki TTCN	Kanna ónæmi flagsportsins gegn truflunum á meðan flagsmerki er til staðar við kapaldeygingu að hámarki 6 dB.
C.2.5.3.1	9.4.8	Ekki TTCN	Kanna rétta myndun ramma-samstillingarorðs, fjölramma-samstillingarorðs og CRC-bitu C <sub>1</sub> til C <sub>4</sub> .
C.2.8.1	9.3.3 9.4.4	Ekki TTCN	Kanna getu prófunarbúnaðar til að standast sínusflökt (jitter/wander) á 2 048 kílóbita/s flagsmerki í samræmi við undirlið 9.3.3.
C.2.8.2.1	9.2.4	Ekki TTCN	Mæla flökt sem prófunarbúnaðurinn myndar ef flagsflökt er til staðar þegar prófunarbúnaðurinn er samstilltur með herminum.
C.2.9	9.3.4	Ekki TTCN	Kanna lágmarksþol gegn langspennu við flagsport.
C.2.11.1	9.3.5	Ekki TTCN	Kanna flagssamviðnám viðtökuhluta prófunarbúnaðarins gegn jörðu.
C.2.11.2	9.2.2	Ekki TTCN	Kanna frálagsssamviðnám sendingarhluta prófunarbúnaðarins gegn jörðu.
C.3.1.1	9.2.5	Ekki TTCN	Kanna kótun, afkótun og tvíundarfyrirkomulag staðlaðs aðgerðarramma (Normal Operational Frame).
C.3.2.2	9.5.4.2.1 9.5.4.2.2 9.5.4.2.3	Ekki TTCN	Prófanirnar sem eru skilgreindar í þessum undirlið hafa það að markmiði að fylgjast með misjafnlega stöðugu ástandi hliða prófunarbúnaðarins og hugsanlegum tilflutningi milli þeirra. Þessar prófanir eru framkvæmdar með því að herma eftir gagnstæðri hlið, fylgjast með prófunarbúnaðinum við skilflötin og kanna hvort tilflutningurinn á ástandi hliðanna gengur eðlilega fyrir sig.
C.4.3	9.5.5.1 9.5.5.2	Ekki TTCN	Kanna hvort prófunarbúnaðurinn útfærir rammastillinguna rétt.
C.4.4	9.4.8 9.5.5.3	Ekki TTCN	Kanna hvort prófunarbúnaðurinn útfærir CRC-fjölrammastillinguna rétt.
C.4.5	9.5.5.4 9.5.5.5	Ekki TTCN	Kanna hvort CRC-útreikningurinn er rétt útfærður, bera saman við móttekna bitu C <sub>1</sub> til C <sub>4</sub> og myndun CRC-villuskýrslu með bitu E.

<sup>(1)</sup> Drög að prTBR 4, apríl 1994.

## Lag 2, NET 5, skrá yfir millivísanir

Tilvísun í NET 5	Tilvísun í NET 3	Tilvísun í I-ETS 300 313	Tilvísun í prTBR 4 (1) (drög)	Prófunar-forskriftar-aðferð	Tilgangur prófunar samkvæmt skilgreiningu í NET 5
A.2.2.1	A.2.2.1.1	TC24004	10.6.1.2	TTCN	Kanna staðlaða frumstillingu fjölrammaaðgerðar.
A.2.2.1	A.2.2.1.3	TC25002	10.6.1.2	TTCN	Kanna hvort búnaðurinn bregst rétt við ef ekki er hægt að frumstillta gagnatenginguna, t.d. vegna þess að viðeigandi búnað vantar netmegin.
A.2.2.1	A.2.2.1.4	TC25005	10.6.1.3	TTCN	Kanna hvort búnaðurinn bregst rétt við ef netið er ekki fært um að svara boði um að frumstillta gagnatenginguna og tryggja að prófunarbúnaðurinn geri einungis N200 + 1 tilraunir til að frumstillta gagnatenginguna.
A.2.2.1	A.2.2.1.5	TC27022	10.8	TTCN	Tryggja að búnaðurinn endurstilli gagnatenginguna rétt.
A.2.2.2	A.2.2.2.2	TC27003	10.7.1 10.7.2 10.7.2.2 10.7.3	TTCN	Prófa númeraröðun aðgerða í lagi 2. Þar sem um 128 raðnúmer er að ræða verður prófunarforritið ætíð að senda þennan fjölda mismunandi upplýsingaramma.
A.2.2.2	A.2.2.2.3	TC27004	10.7.3	TTCN	Kanna hvort búnaðurinn gengst á réttan hátt við „I“-skipunarramma sem réttir svörun við „I“-skipunarramma sem búnaðurinn hefur sent frá sér.
A.2.2.2	A.2.2.2.4	TC28012	10.7.2	TTCN	Tryggja að búnaðurinn geti tekið við I-römmum á meðan tímamælir er að endurstillast.
A.2.2.2.5	—	TC27076	10.7.1	TTCN	Tryggja að hámarksfjöldiostaðfestra I-ramma sé jafn k (=7).
A.2.2.3	A.2.2.3.1	TC27012	10.6.2	TTCN	Prófa staðlaðar aftengingarraðir gagnatengingar.
A.2.2.4	A.2.2.4.1	TC27058	10.9.2	TTCN	Prófa FCS-gátbúnað lags 2.
A.2.2.4	A.2.2.4.2	TC27015	10.7.6	TTCN	Prófa endurstillingarbúnað lags 2 ef I-rammi tapast.
A.2.2.4	A.2.2.4.3	TC27019	10.7.6	TTCN	Prófa endurstillingarbúnað lags 2 ef RR-rammi tapast.
A.2.2.4	A.2.2.4.4 (b)	TC27027	10.9.1	TTCN	Prófa endurstillingarbúnað lags 2 ef RR-rammi tapast.
A.2.2.4.5	—	TC27075	10.7.3	TTCN	Tryggja að staðfesting á fleiri en einum ramma sé leyfð samtímis.
A.2.2.5	A.2.2.5.1	TC27404	10.7.5	TTCN	Tryggja rétta meðhöndlun á því ástandi sem kallast jafnhliða-upptekið (peer busy). (Rammar númer 1 og 4 til 9).
A.2.2.5	A.2.2.5.1	TC28406	10.7.1 10.7.2	TTCN	Tryggja rétta meðhöndlun á því ástandi sem kallast jafnhliða-upptekið. (Rammar númer 1 til 3).
A.2.2.7	A.2.2.7.1	TC14002	10.5.3.2	TTCN	Kanna úthlutun auðkenna endabúnaðar (TEI) með því að nota stjórnunaraðferðir og prófa hvort endabúnaðurinn gátar auðkenni endabúnaðar komi fram beiðni um athugun á tilteknu gildi fyrir auðkenni endabúnaðar.
A.2.2.7	A.2.2.7.2	TC13008	10.5.2.1	TTCN	Kanna svörun endabúnaðar við TEI-ramma sem hefur verið hafnað.
A.2.2.7	A.2.2.7.3	TC14001	10.4.1 10.4.2 10.5.3.2	TTCN	Kanna hvort endabúnaðurinn gátar auðkenni endabúnaðar komi fram beiðni um slíkt frá ET.
A.2.2.7	A.2.2.7.4	TC13010	10.6.2.1	TTCN	Kanna hvort prófunarbúnaðurinn hættir við frekari tilraunir eftir N202 misheppnaðar tilraunir til að komast yfir gildi fyrir auðkenni endabúnaðar.
A.2.2.8	A.2.2.8.1.1	TC24020	10.9.2	TTCN	Tryggja að endabúnaðurinn gangist ekki við römmum sem innihalda ógilt vistfang og að hann bregðist á engan hátt við þegar slíkur rammi berst.

(1) Drög að prTBR 4, apríl 1994.

Tilvísun í NET 5	Tilvísun í NET 3	Tilvísun í I-ETS 300 313	Tilvísun í prTBR 4 (1) (drög)	Prófunar-forskriftar-aðferð	Tilgangur prófunar samkvæmt skilgreiningu í NET 5
A.2.2.8	A.2.2.8.4.1	TC27028	10.9.1	TTCN	Tryggja að endabúnaðurinn sendi REJ-ramma sem svar við I-ramma sem ekki raðast rétt.
A.2.2.8.4.2	—	TC27074	10.7.3	TTCN	Tryggja að endabúnaðurinn sendi rétta I-ramma við móttöku REJ-ramma.
A.2.2.8	A.2.2.8.4.3	TC28005	10.7.4 10.7.6	TTCN	Tryggja að endabúnaðurinn endursendi viðeigandi I-ramma við móttöku REJ-ramma á meðan tímamælir endurstillist.
A.2.2.8	A.2.2.8.5.1 (a)	TC27040	10.9.3	TTCN	Tryggja að endabúnaðurinn endurstilli gagnatenginguna við móttöku ramma með ógildu N(R)-gildi. (N(R) er gilt á bilinu V(A) $\leq$ N(R) $\leq$ V(S)).
A.2.2.8	A.2.2.8.5.1 (b)	TC27043	10.9.3	TTCN	Tryggja að endabúnaðurinn endurstilli gagnatenginguna við móttöku ramma með ógildu N(R)-gildi. (N(R) er gilt á bilinu V(A) $\leq$ N(R) $\leq$ V(S)).
A.2.2.8	A.2.2.8.5.1 (c)	TC27046	10.9.3	TTCN	Tryggja að endabúnaðurinn endurstilli gagnatenginguna við móttöku ramma með ógildu N(R)-gildi. (N(R) er gilt á bilinu V(A) $\leq$ N(R) $\leq$ V(S)).
A.2.2.8	A.2.2.8.7	TC11013	10.4.2	TTCN	Tryggja að endabúnaðurinn gangist ekki við römmum — að undanskildum þeim sem er krafist við úthlutun auðkenna endabúnaðar — á meðan gildum fyrir auðkenni endabúnaðar hefur ekki verið úthlutað.
A.2.2.9	A.2.2.9.1	TC27417	10.7.5 10.7.6	TTCN	Tryggja að T200 sé innan leyfilegra vikmarka sem er 1 sekúnda ( $\pm$ 5%).
A.2.2.9	A.2.2.9.2	TC27411	10.7.5 10.7.6	TTCN	Tryggja að rétt gildi sé fyrir N200, hámarksfjöldi (endursendingar á ramma (sjálfgildi 3)).
A.2.2.9.3	—	TC27061	10.7.3	TTCN	Fylgjast með því að endabúnaðurinn endurstilli tímamæli T200 er tilkynning um staðfestingu berst þegar enn eru útistandandi óstaðfestir I-rammar.

Tilvísun í NET 5	Tilvísun í NET 3	Tilvísun í I-ETS 300 322	Tilvísun í prTBR 4 (1) (drög)	Prófunar-forskriftar-aðferð	Tilgangur prófunar samkvæmt skilgreiningu í NET 5
A.3.1	A.1.1.1.1	TC10005	11.4.2.1 11.4.2.5.1	TTCN	Tryggja, þegar staðfest boð um uppsetningu (SETUP) berst, án upplýsingareiningar um að sending hafi tekist (Sending complete), að endabúnaðurinn svari með boðnum staðfesting á uppsetningu (SETUP AC KNOWLEDGE), uppsetning stendur yfir (CALL PROCEEDING), hringing (ALERTING) eða tenging (CONNECT) og fari í viðeigandi stöðu.
A.3.1	A.1.1.1.2	TC10006	11.4.2.1 11.4.25.1	TTCN	Tryggja, þegar staðfest uppsetningarboð berst, með upplýsingareiningu um að sending hafi tekist, að endabúnaðurinn svari annaðhvort með boðum um að uppsetning standi yfir, um hringingu eða tengingu og fari í viðeigandi stöðu.
A.3.1	A.1.1.2.1 (Enginn kostur A)	TC10008	11.4.2.2	TTCN	Tryggja, þegar staðfest uppsetningarboð berst, með upplýsingareiningu um ósamrýmanlegan burðarkóta (incompatibly coded bearer), að endabúnaðurinn svari með boðum um að sleppingu sé lokið (RELEASE COMPLETE) og haldist í núll-stöðu.

(1) Drög að prTBR 4, apríl 1994.

Tilvísun í NET 5	Tilvísun í NET 3	Tilvísun í I-ETS 300 322	Tilvísun í prTBR 4 (1) (drög)	Prófunar-forskriftar-aðferð	Tilgangur prófunar samkvæmt skilgreiningu í NET 5
A.3.1	A.1.1.2.2	TC10009	11.4.2.2	TTCN	Þessi prófun gildir aðeins fyrir endabúnað sem er útbúinn (Enginn HLC-aðgerð (High Layer Compatibility). Hún tryggir, kostur A) þegar staðfest uppsetningarboð berst sem inniheldur samrýmanlega BC-upplýsingareiningu en ósamrýmanlega HLC-upplýsingareiningu (sem sannprófar HL-samhæfið), að endabúnaðurinn svari með því að senda boð um að sleppingu sé lokið og haldist í núll-stöðu.
A.3.1	A.1.2	TC10011	11.4.6.2	TTCN	Tryggja, þegar endurtekið staðfest uppsetningarboð berst, með sömu uppkallstilvísun og upprunalega uppsetningarboðið, að endabúnaðurinn hansi síðara uppsetningarboðið og haldist í sömu stöðu.
A.10.3.1	TC10107	11.4.6.3	TTCN	Tryggja að endabúnaðurinn svari ótímabæru boði með stöðuboði og að engin breyting verði á stöðu.

(1) Drög að prTBR 3, apríl 1994.

Tilvísun í NET 3 (ETS 300 012)	Tilvísun í TTCN-prófunartilvik prTBR3 <sup>(1)</sup> (drög)	Tilvísun í prTBR 3 <sup>(1)</sup> (drög)	Prófunar forskriftar-aðferð	Tilgangur prófunar skv. skilgreiningu í NET 3 (ETS 300012)
A.10.3.2	TC10120	11.4.6.3	TTCN	Tryggja að endabúnaðurinn svari boði af ógildri gerð með stöðuboði og að engin breyting verði á stöðu.
A.10.4.1	TC10105	11.4.6.8	TTCN	Tryggja að endabúnaðurinn fari í núll-stöðu þegar stöðuboð, sem sýnir núll-stöðu, berst.
A.10.5	TC10101	11.4.1.3.1	TTCN	Tryggja, þegar boð um að uppsetning standi yfir berst, að endabúnaðurinn fari í stöðuna verið er að ljúka uppsetningu (Outgoing CALL PROCEEDING).
A.10.6	TC10104	11.4.1.2	TTCN	Tryggja, þegar boð til staðfestingar á uppsetningu berst, að endabúnaðurinn fari í stöðuna skörun í sendingum (Overlap Sending).
A.11.1	TC10204	11.4.3.4.2	TTCN	Tryggja, þegar boð um aftengingu berst, að endabúnaðurinn fari í stöðuna aftenging stendur yfir (Disconnect Indication).
A.11.2	TC10208	11.4.6.3	TTCN	Tryggja, þegar boð um sleppingu berst, að endabúnaðurinn svari með boði um að sleppingu sé lokið og fari í núll-stöðu.
A.11.3	TC10207	11.4.6.3	TTCN	Tryggja, þegar boð um að sleppingu sé lokið berst, að endabúnaðurinn svari ekki heldur fari í núll-stöðu.
A.11.4.1	TC10211	11.4.6.3	TTCN	Tryggja að endabúnaðurinn svari ótímabæru boði með stöðuboði og að engin breyting verði á stöðu.
A.11.4.2	TC10224	11.4.6.3	TTCN	Tryggja að endabúnaðurinn svari boði af ógildri gerð með stöðuboði og að engin breyting verði á stöðu.
A.11.6.1	TC10210	11.4.6.8	TTCN	Tryggja að endabúnaðurinn fari í núll-stöðu þegar stöðuboð, sem sýnir núll-stöðu, berst.
A.11.8	TC10203	11.4.1.3.2	TTCN	Tryggja, þegar boð um að uppsetning standi yfir berst, að endabúnaðurinn fari í stöðuna verið er að ljúka uppsetningu (staða 3).
A.11.9	TC10201	11.4.1.4	TTCN	Tryggja, þegar boð um hringingu berst, að endabúnaðurinn fari í stöðuna uppkall afgreitt (Call Delivered).
A.11.10	TC10202	11.4.1.5	TTCN	Tryggja, þegar boð um tengingu berst, að endabúnaðurinn fari í virka stöðu (einnig getur endabúnaðurinn sent boð til staðfestingar á tengingu, en þetta er valfrjálst).
A.11.11	TC20204	11.4.1.2	TTCN	Tryggja að endabúnaðurinn sendi upplýsingaboð þegar farið er fram á það og haldist í sömu stöðu.
A.11.12	TC20203	11.4.3.3	TTCN	Tryggja að endabúnaðurinn sendi boð um aftengingu og fari í stöðuna beiðni um aftengingu þegar endabúnaðurinn byrjar að rjúfa sambandið.
A.12.1	TC10303	11.4.3.4.2	TTCN	Tryggja, þegar boð um aftengingu berst, að endabúnaðurinn fari í stöðuna beiðni um sleppingu (Release Request).
A.12.2	TC10307	11.4.6.3	TTCN	Tryggja, þegar boð um sleppingu berst, að endabúnaðurinn svari með boði um að sleppingu sé lokið og fari í núll-stöðu.
A.12.3	TC10306	11.4.6.3	TTCN	Tryggja, þegar boð um að sleppingu sé lokið berst, að endabúnaðurinn svari ekki heldur fari í núll-stöðu.
A.12.4.1	TC10310	11.4.6.3	TTCN	Tryggja að endabúnaðurinn svari ótímabæru boði með stöðuboði og að engin breyting verði á stöðu.
A.12.4.2	TC10323	11.4.6.3	TTCN	Tryggja að endabúnaðurinn svari boði af ógildri gerð með stöðuboði og að engin breyting verði á stöðu.
A.12.6.1	TC10309	11.4.6.8	TTCN	Tryggja að endabúnaðurinn fari í núll-stöðu þegar stöðuboð, sem sýnir núll-stöðu, berst.
A.12.9	TC10302	11.4.1.5	TTCN	Tryggja, þegar boð um tengingu berst, að endabúnaðurinn fari í virka stöðu (einnig getur endabúnaðurinn sent boð til staðfestingar á tengingu, en þetta er valfrjálst).
A.12.10	TC20301	11.4.3.3	TTCN	Tryggja að endabúnaðurinn fari í stöðuna beiðni um aftengingu þegar hann sendir boð um aftengingu.

(1) Drög að prTBR 3, apríl 1994.



Tilvísun í NET 3 (ETS 300 012)	Tilvísun í TTCN-prófunartilvik prTBR3 <sup>(1)</sup> (drög)	Tilvísun í prTBR 3 <sup>(1)</sup> (drög)	Prófunar forskriftar-aðferð	Tilgangur prófunar skv. skilgreiningu í NET 3 (ETS 300012)
A.13.1	TC10402	11.4.3.4.2	TTCN	Tryggja, þegar boð um aftengingu berst, að endabúnaðurinn svari með boði um sleppingu og fari í stöðuna beiðni um sleppingu.
A.13.2	TC10406	11.4.6.3	TTCN	Tryggja, þegar boð um sleppingu berst, að endabúnaðurinn svari með boði um að sleppingu sé lokið og fari í núll-stöðu.
A.13.3	TC10405	11.4.6.3	TTCN	Tryggja, þegar boð um að sleppingu sé lokið berst, að endabúnaðurinn svari ekki heldur fari í núll-stöðu.
A.13.4.1	TC10409	11.4.6.3	TTCN	Tryggja að endabúnaðurinn svari ótímabæru boði með stöðuboði og að engin breyting verði á stöðu.
A.13.4.2	TC10422	11.4.6.3	TTCN	Tryggja að endabúnaðurinn svari boði af ógildri gerð með stöðuboði og að engin breyting verði á stöðu.
A.13.6.1	TC10408	11.4.6.8	TTCN	Tryggja að endabúnaðurinn fari í núll-stöðu þegar stöðuboð, sem sýnir núll-stöðu, berst.
A.13.8	TC10401	11.4.1.5	TTCN	Tryggja, þegar boð um tengingu berst, að endabúnaðurinn fari í virka stöðu (einnig getur endabúnaðurinn sent boð til staðfestingar á tengingu, en þetta er valfrjálst).
A.13.9	TC20401	11.4.3.3	TTCN	Tryggja að endabúnaðurinn fari í stöðuna beiðni um aftengingu þegar hann sendir boð um aftengingu.
A.14.1	TC11101	11.4.3.4.2 11.4.3.5	TTCN	Tryggja að endabúnaðurinn bregðist við boði um aftengingu með boði um sleppingu og fari í stöðuna beiðni um sleppingu.
A.14.2	TC11105	11.4.3.3	TTCN	Tryggja að endabúnaðurinn bregðist við boði um sleppingu með boði um að sleppingu sé lokið og fari í núll-stöðu.
A.14.3	TC11104	11.4.6.3	TTCN	Tryggja, þegar boð um að sleppingu sé lokið berst, að endabúnaðurinn svari ekki heldur fari í núll-stöðu.
A.14.4.1	TC11107	11.4.6.3 11.4.6.7	TTCN	Tryggja að endabúnaðurinn svari ótímabæru boði með stöðuboði og að engin breyting verði á stöðu.
A.14.4.2	TC11120	11.4.6.3	TTCN	Tryggja að endabúnaðurinn svari boði af ógildri gerð með stöðuboði og að engin breyting verði á stöðu.
A.14.6.1	TC11106	11.4.6.8	TTCN	Tryggja að endabúnaðurinn fari í núll-stöðu þegar stöðuboð, sem sýnir núll-stöðu, berst.
A.14.7	TC11103	11.4.7	TTCN	Tryggja, þegar tilkynningarboð berst, að endabúnaðurinn svari ekki eða sendi stöðuboð og haldist í sömu stöðu.
A.16.1	TC11904	11.4.3.5 11.4.6.3	TTCN	Tryggja að endabúnaðurinn fari umsvifalaust í núll-stöðu þegar boð um sleppingu berst. Hér er um að ræða prófun á því hvernig tekið er á sleppingarárækkstrum (RELEASE collision).
A.16.2	TC11903	11.4.3.4.3 11.4.6.3	TTCN	Tryggja að endabúnaðurinn fari aftur í núll-stöðu þegar boð um að sleppingu sé lokið berst.
A.16.3.1	TC11908	11.4.6.3	TTCN	Tryggja að endabúnaðurinn svari ótímabæru boði með stöðuboði og að engin breyting verði á stöðu.
A.16.3.2	TC11909	11.4.6.3	TTCN	Tryggja að endabúnaðurinn svari boði af ógildri gerð með stöðuboði og að engin breyting verði á stöðu.
A.16.5.1	TC11906	11.4.6.8	TTCN	Tryggja að endabúnaðurinn sleppi kerfisbúnaðinum og fari í núll-stöðu þegar stöðuboð berst.
A.16.5.2	TC11907	11.4.6.8	TTCN	Tryggja, þegar stöðuboð berst, að endabúnaðurinn svari ekki og haldist í sömu stöðu.
A.17.1	TC11501	11.4.3.4.2	TTCN	Tryggja að endabúnaðurinn bregðist við boði um aftengingu með boði um sleppingu og fari í stöðuna beiðni um sleppingu.
A.17.2	TC11506	11.4.6.3	TTCN	Tryggja að endabúnaðurinn bregðist við boði um sleppingu með boði um að sleppingu sé lokið og fari aftur í núll-stöðu.
A.17.3	TC11505	11.4.6.3	TTCN	Tryggja, þegar boð um að sleppingu sé lokið berst, að endabúnaðurinn svari ekki heldur fari í núll-stöðu.

(1) Drög að prTBR 3, apríl 1994.

Tilvísun í NET 3 (ETS 300 012)	Tilvísun í TTCN-prófunartilvik prTBR3 <sup>(1)</sup> (drög)	Tilvísun í prTBR 3 <sup>(1)</sup> (drög)	Prófunar forskriftar- aðferð	Tilgangur prófunar skv. skilgreiningu í NET 3 (ETS 300012)
A.17.4.1	TC11510	11.4.6.3	TTCN	Tryggja að endabúnaðurinn svari ótímabæru boði með stöðuboði og að engin breyting verði á stöðu.
A.17.4.2	TC11512	11.4.6.3	TTCN	Tryggja að endabúnaðurinn svari boði af ógildri gerð með stöðuboði og að engin breyting verði á stöðu.
A.17.6.1	TC11509	11.4.6.8	TTCN	Tryggja að endabúnaðurinn fari í núll-stöðu þegar stöðuboð, sem sýnir núll-stöðu, berst.
A.17.7	TC11503	11.4.7	TTCN	Tryggja, þegar tilkynningarboð berst, að endabúnaðurinn svari ekki eða sendi stöðuboð og haldist í sömu stöðu.
A.17.8	TC11508	11.4.4.3	TTCN	Tryggja, þegar boð um að biðsetningu hafi verið hafnað (SUSPEND REJECT) berst, að endabúnaðurinn fari aftur í virka stöðu.
A.17.9	TC11504	11.4.4.2	TTCN	Tryggja, þegar boð um staðfestingu á biðsetningu (SUSPEND ACKNOWLEDGE) berst, að endabúnaðurinn fari í núll-stöðu.
A.18.1	TC11701	11.4.3.4.2	TTCN	Tryggja að endabúnaðurinn bregðist við boði um aftengingu með boði um sleppingu og fari í stöðuna beiðni um sleppingu.
A.18.2	TC11705	11.4.6.3	TTCN	Tryggja að endabúnaðurinn bregðist við boði um sleppingu með boði um að sleppingu sé lokið og fari aftur í núll-stöðu.
A.18.3	TC11704	11.4.6.3	TTCN	Tryggja, þegar boð um að sleppingu sé lokið berst, að endabúnaðurinn svari ekki heldur fari í núll-stöðu.
A.18.4.1	TC11709	11.4.6.3	TTCN	Tryggja að endabúnaðurinn svari ótímabæru boði með stöðuboði og að engin breyting verði á stöðu.
A.18.4.2	TC11711	11.4.6.3	TTCN	Tryggja að endabúnaðurinn svari boði af ógildri gerð með stöðuboði og að engin breyting verði á stöðu.
A.18.6.1	TC11708	11.4.6.8	TTCN	Tryggja að endabúnaðurinn fari í núll-stöðu þegar stöðuboð, sem sýnir núll-stöðu, berst.
A.18.7	TC11706	11.4.4.5	TTCN	Tryggja, þegar boð um að endurupptöku hafi verið hafnað (RESUME REJECT) berst, að endabúnaðurinn fari aftur í núll-stöðu.
A.18.8	TC11703	11.4.4.4	TTCN	Tryggja, þegar boð um staðfestingu á endurupptöku (RESUME ACKNOWLEDGE) berst, að endabúnaðurinn fari aftur í virka stöðu.

<sup>(1)</sup> Drög að prTBR 3, apríl 1994.

### III. VIÐAUKI

#### Viðbótarupplýsingar

Í mörgum tilvikum er unnt að byggja prófunarraðir, sem miða að því að ganga úr skugga um að búnaðurinn sé í samræmi við viðkomandi grunnkröfur, á prófunum þar sem TTCN-táknun er notuð. Forskriftir að þessum prófunum eru með eftirfarandi tilvísunarnúmer: I-ETS 300 312, I-ETS 300 313 og I-ETS 300 322.

Unnt er að fá orðréttan texta þessara I-ETS-prófunarforskrifta með því að snúa sér til:

Fjarskiptastaðlastofnunar Evrópu  
(European Telecommunications Standards Institute),  
F-06921 Sophia Antipolis Cedex.

## ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 9. desember 1994

um sameiginlega tækniforskrift að tengikröfum sem eru gerðar til skilflata endabúnaðar fyrir stafrænar óskipulegar leigulínur með 64 kílóbita/s flutningsgetu í frjálsa netaðgangskerfinu (ONP-kerfinu)(\*)

(94/821/EB)

### FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/263/EBE frá 29. apríl 1991 um samþefingu laga aðildarríkjanna um notendabúnað til fjarskipta ásamt gagnkvæmri viðurkenningu á samræmi <sup>(1)</sup>, eins og henni var breytt með tilskipun 93/68/EBE <sup>(2)</sup>, einkum 2. mgr. 6. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Samkvæmt málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í 14. gr. tilskipunar 91/263/EBE, og ekki síst í samræmi við álit sem samþykkisnefnd endabúnaðar (ACTE) lagði fram hinn 23. apríl 1992, hefur framkvæmdastjórnin gert ráðstafanir til að ákveða hvaða gerð af endabúnaði skuli falla undir sameiginlegar tækniforskriftir og tilheyrandi yfirlýsingu um gildissvið.

Viðkomandi staðlastofnun hefur samið samþæfðu staðlana til framkvæmdar viðeigandi grunnkröfum.

Framkvæmdastjórnin hefur lagt fram drög að ákvæðum fyrir samþykkisnefndina með álit í samræmi við annan undirlið 2. mgr. 6. gr. tilskipunar 91/263/EBE í huga.

Samkvæmt ákvæðum annars undirliðar 2. mgr. 6. gr. tilskipunar 91/263/EBE ber framkvæmdastjórnin ábyrgð á því að settir verði samsvarandi samþæfðir staðlar til framkvæmdar grunnkröfum sem síðan verða að sameiginlegum tækniforskriftum.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari ákvörðun eru í samræmi við álit samþykkisnefndar endabúnaðar (ACTE).

### SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

#### 1. gr.

1. Þessi ákvörðun gildir um endabúnað sem á að tengja við nettengipunktinn fyrir stafrænar óskipulegar leigulínur með 64 kílóbita/s flutningsgetu í frjálsa netaðgangskerfinu (ONP-kerfinu), þar sem 120 ohma skilfletir eru notaðir, og fellur undir gildissvið samþæfða staðalsins sem er tilgreindur í 1. mgr. 2. gr. þessarar ákvörðunar.

2. Með þessari ákvörðun er mælt fyrir um sameiginlega tækniforskrift að tengikröfum sem eru gerðar til skilflata endabúnaðar fyrir leigulínur í frjálsa netaðgangskerfinu (ONP-kerfinu), eins og um getur í 1. mgr.

#### 2. gr.

1. Sameiginlega tækniforskriftin tekur til samþæfða staðalsins sem viðkomandi staðlastofnun hefur samið til framkvæmdar grunnkröfunum sem um getur í c-, d- og f-lið 4. gr. tilskipunar 91/263/EBE, að því marki sem þær eiga við. Tilvísun í þennan staðal er að finna í viðaukanum.

2. Endabúnaður sem fellur undir þessa ákvörðun skal vera í samræmi við sameiginlegu tækniforskriftina sem um getur í 1. mgr., uppfylla grunnkröfurnar sem um getur í a- og b-lið 4. gr. tilskipunar 91/263/EBE, auk þess að uppfylla kröfur annarra tilskipana sem gilda um búnaðinn, einkum tilskipana ráðsins 73/23/EBE(1) og 89/336/EBE(2).

#### 3. gr.

Tilkynntir aðilar, sem eru útnefndir til að hafa umsjón með framkvæmd þeirrar málsmeðferðar sem um getur í 9. gr. tilskipunar 91/263/EBE, skulu sjá til þess að samþæfði staðallinn sem er tilgreindur í viðaukanum sé notaður fyrir endabúnaðinn sem fjallað er um í 1. mgr. 1. gr. þessarar ákvörðunar, í síðasti lagi frá þeim degi er þessi ákvörðun kemur til framkvæmda.

#### 4. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 9. desember 1994.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

*Martin BANGEMANN*

framkvæmdastjóri.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttíð. EB nr. L 339, 29. 12. 1994, bls. 81, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 47/95 frá 22. júní 1995 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(<sup>1</sup>) Stjttíð. EB nr. L 128, 23. 5. 1991, bls. 1.

(<sup>2</sup>) Stjttíð. EB nr. L 220, 31. 8. 1993, bls. 1.

(<sup>1</sup>) Stjttíð. EB nr. L 77, 26. 3. 1973, bls. 29.

(<sup>2</sup>) Stjttíð. EB nr. L 139, 23. 5. 1989, bls. 19.

# VIÐAUKI

## Tilvísun í gildandi samhæfðan staðal

Heiti samhæfða staðalsins sem vísað er til í 2. gr. þessarar ákvörðunar er:

Fjarskipti í atvinnulífinu

(Business Telecommunications (BT))

Tæknilegar kröfur í tengslum við frjálsan aðgang að netum (ONP)

Stafrænar óskipulegar leigulínur með 64 kílóbita/s flutningsgetu (D64 U)

Tengikröfur sem eru gerðar til skilflata fyrir endabúnað

ETSI

Fjarskiptastaðlastofnun Evrópu

Stjórnarskrifstofan

TBR 14 - janúar 1994

(að formálsorðunum undanskildum)

## Viðbótarupplýsingar

Fjarskiptastaðlastofnun Evrópu (ETSI) er viðurkennd samkvæmt tilskipun ráðsins 83/189/EBE<sup>(1)</sup>.

Samhæfði staðallinn sem vísað er til hér að framan er saminn samkvæmt umboði gefnu út í samræmi við viðeigandi málsmeðferð í tilskipun 83/189/EBE.

Unnt er að fá orðréttan texta framangreinds samhæfðs staðals með því að snúa sér til:

Fjarskiptastaðlastofnunar Evrópu  
(European Telecommunications Standards Institute),  
F-06921 Sophia Antipolis Cedex.

(<sup>1</sup>) Stjóttíð. EB nr. L 109, 26. 4. 1983, bls. 8.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 94/EES/25/12**

**nr. 48/95**  
**frá 22. júní 1995**

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)  
við EES-samninginn**

**SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,**

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var síðast breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 17/95 frá 24. febrúar 1995<sup>(1)</sup>.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/611/EB frá 9. september 1994 um framkvæmd á 20. gr. tilskipunar ráðsins 89/106/EBE um byggingarvörur<sup>(2)</sup>, skal felld inn í samninginn.

**ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:****1. gr.**

Eftirfarandi undirliður bætist við í 1. lið (tilskipun ráðsins 89/106/EBE) í XXI. kafla II. viðauka við samninginn á undan aðlöguninni:

„- **394 D 0611:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/611/EB frá 9. september 1994 (Stjttf. EB nr. L 241, 16. 9. 1994, bls. 25).“.

**2. gr.**

Fullgiltur texti ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 94/611/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

**3. gr.**

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. júlí 1995, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

**4. gr.**

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 22. júní 1995.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

*P. Benavides*

<sup>(1)</sup> Stjttf. EB nr. L 83, 13. 4. 1995, bls. 48 og EES-viðbætur við Stjttf. EB nr. 13, 13. 4. 1995, bls. 32.

<sup>(2)</sup> Stjttf. EB nr. L 241, 16. 9. 1994, bls. 25.

## ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 9. september 1994

um framkvæmd 20. gr. tilskipunar 89/106/EBE um byggingarvörur(\*)

(94/611/EB)

### FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun 89/106/EBE frá 21. desember 1988 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna um byggingarvörur <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 93/68/EBE <sup>(2)</sup>, einkum 3., 6. og 20. gr.,

með hliðsjón af orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar varðandi grunnskjal með tilskipun 89/106/EBE,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í 2. mgr. 3. gr. tilskipunar 89/106/EBE segir að til að mið sé tekið af ólíkum kröfum um vernd byggingarframkvæmda í mismunandi löndum, héruðum eða byggðum, kunni að vera ástæða til að skipta hverri grunnkröfu í flokka í grunnskjalunum og tækniforskriftunum.

Samkvæmt lið 4.2.1 í grunnskjali nr. 2 „varnir gegn eldsvoða“ geta stig grunnkraftna ákvarðast af:

- gerð mannvirkis, notkun þess og staðsetningu,
- útfærslu byggingarmannvirkis,
- hversu aðgengilegur neyðarbúnaður er.

Í lið 2.2 í grunnskjali nr. 2. eru taldar upp ýmsar innbyrðis tengdar ráðstafanir sem hafa það að markmiði að fullnægja grunnkröfunni „varnir gegn eldsvoða“ auk þess sem með þeim er lagður grunnur að stefnumótun á sviði brunavarna sem má útfæra á mismunandi vegu í aðildarríkjunum.

Í lið 4.2.3.3 í grunnskjali nr. 2. er gerð grein fyrir einni þeirra aðgerða sem er útbreidd í aðildarríkjunum og felst í því að takmarka myndun og útbreiðslu elds og reyks á upptakastað (eða á nánar tilgreindu svæði) með því að draga úr því að byggingarvörur stuðli að fullþróuðum brunu.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 241, 16. 9. 1994, bls. 25, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 48/95 frá 22. júní 1995 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjtið. EB nr. L 40, 11. 2. 1989, bls. 12.

(2) Stjtið. EB nr. L 220, 30. 8. 1993, bls. 1.

Skilgreining á flokkum grunnkraftna er að hluta til háð því á hvaða stigi slík takmörkun er.

Einungis er unnt að greina frá umfangi þessarar takmörkunar með því að flokka nothæfi byggingarvara eftir stigum með hliðsjón af viðbrögðum við bruna við raunveruleg notkunarskilyrði.

Í lið 4.3.1.1 í grunnskjali nr. 2 segir að til að hægt sé að meta byggingarvörur með hliðsjón af viðbrögðum þeirra við bruna verði fundin samhæfð lausn sem felur í sér allsherjar- eða hlutaprófanir sem samsvara raunverulegum brunaaðstæðum.

Þessi lausn er hluti af flokkunarkerfi sem ekki er fjallað um í grunnskjalinu.

Flokkunarkerfið sem á að nota í þessu samhengi byggist á allmörgum prófunaraðferðum sem staðlastofnanir hafa þegar skilgreint, að undanskilinni einni aðferð þar sem um einstakan brennandi hlut (EBH) er að ræða.

Markgildi fyrir flokka B, C og D verða tilgreind síðar með nýrri ákvörðun sem verður samþykkt eftir því sem vinnu við EBH-aðferðina miðar áfram.

Í 2. mgr. 20. gr tilskipunar 89/106/EBE er mælt fyrir um hvaða aðferð beri að nota við setningu ákvæða þegar ákveða þarf kröfuflokka sem eru ekki tilgreindir í grunnskjalunum.

Samráð var haft við fastanefndina um byggingarmál, í samræmi við aðferðina sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 20. gr. tilskipunarinnar, og var álit hennar jákvætt.

### SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

#### 1. gr.

1. Þegar raunveruleg notkunarskilyrði byggingarvöru eru með þeim hætti að hún stuðlar að myndun og útbreiðslu elds og reyks á upptakastað (eða á nánar tilgreindu svæði) er varan flokkuð á grundvelli þess hvernig hún bregst við brunu að teknu tilliti til flokkunarkerfisins í töflu 1 og 2 í viðaukanum.

2. Byggingarvörurnar eru metnar við raunveruleg notkunarskilyrði.
3. Tafla 1 gildir um eftirfarandi:
- byggingarvörur fyrir veggi og loft, þar með talin yfirborðsklæðning,
  - byggingareiningar,
  - byggingarvörur sem eru felldar inn í byggingareiningar,
- íhluta fyrir pípulagnir og rásir,
- byggingarvörur fyrir klæðningu/útveggi.
- Tafla 2 gildir um gólf og gólfefni.
- 2. gr.**
- Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 9. september 1994.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

**Martin BANGEMANN**

framkvæmdastjóri.



## VIÐAUKI

TAFLA 1

Flokkar yfir nothæfi byggingarvara með hliðsjón af viðbrögðum við bruna, að gólfefnum undanskildum

Brunaaðstæður		Evró-flokkur	Vöruflokkur		Prófunaraðferð	
Fullþróaður bruni í rými	Stig brunaáraunar: meira en 60 kW/m <sup>2</sup>	A	Stuðlar ekki að útbreiðslu elds	- Mjög takmarkað brennslu- gildi og hitalosun - Bruni skapast ekki af loga - Takmarkað massatap	<i>Fyrirliggjandi tilvísunarskjal:</i>  CEN/TC 127/N 229 og CEN/TC 127/N 230 og skrá yfir eldtraust efni	D T $\leq$ 30°C D m $\leq$ 50% $t_f$ 5 sekúndur PCS $\leq$ 1,7-2,4 MJ/kg eða $\leq$ 1,4-2,0 MJ/m <sup>2</sup>
		B	Stuðlar mjög takmarkað að útbreiðslu elds	- Mjög takmarkað brennslu- gildi og og/eða hitalosun - Takmarkað massatap - Í raun engin útbreiðsla loga - Mjög takmörkuð reykmyndun - Engir logandi dropar og/eða agnir eða blanda af þessum þáttum	<i>Fyrirliggjandi tilvísunarskjal:</i>  CEN/TC 127/N 229 og/eða CEN/TC 127/N 230  EBH-prófun	D T $\leq$ 50°C D m $\leq$ 50% $t_f$ 20 sekúndur <input type="checkbox"/> $\leq$ PCS $\leq$ <input type="checkbox"/> MJ/kg <input type="checkbox"/> $\leq$ PCS $\leq$ <input type="checkbox"/> MJ/m <sup>2</sup>  Útbreiðsla loga ákveða þarf gildi Reykmyndun
Einn brennandi hlutur í rými 30mm	Stig brunaáraunar: hámark um 40 kW/m <sup>2</sup> á takmörkuðu svæði og minnkandi eftir yfirborðinu	C	Stuðlar takmarkað að útbreiðslu elds	- Mjög takmörkuð útbreiðsla loga <sup>(1)</sup> - Takmörkuð hitalosun - Takmörkuð reykmyndun - Stuðlar takmarkað að íkviknun - Mjög takmarkað magn logandi dropa og/eða agna eða blanda af þessum þáttum	<i>Fyrirliggjandi tilvísunarskjal:</i>  EBH-prófun  CEN/TC 127/AH 2 N156 <sup>(2)</sup> ISO/DIS 11925-2	Tími að íkviknun D T Útbreiðsla loga ákveða þarf gildi Reykmyndun Dropar/agnir  - Áreitunartími: 30 sekúndur - Tími þar til logar ná tilteknum stað - Stærð svæðis sem hefur orðið fyrir skemmdum - Brennandi dropum gefinn gaumur

Brunaaðstæður		Evró flokkur	Vöruflokkur		Prófunaraðferð	
		D	Stuðlar að útbreiðslu elds í viðunandi mæli	- Takmörkuð útbreiðsla loga <sup>(1)</sup> - Viðunandi hitalosun - Takmörkuð reykmyndun - Líkur á íkviknun viðunandi - Takmarkað magn logandi dropa/agna og/eða blanda af þessum þáttum	<i>Fyrirliggjandi tilvísunarskjal:</i> EBH-prófun  CEN/TC 127/AH 2/N156 <sup>(2)</sup> ISO/DIS 11925-2	Tími að íkviknun D T Útbreiðsla loga ákveða þarf gildi Reykmyndun Dropar/agnir  - Áreitunartími: 30 sekúndur - Tími þar til logar ná tilteknum stað - Stærð svæðis sem hefur orðið fyrir skemmdum - Brennandi dropum gefinn gaumur
Minniháttar brunaáraun á takmörkuðu yfirborðssvæði byggingarvöru	Stig brunaáraunar: brennari með 20 mm logahæð	E	Viðunandi viðbrögð við eldi	Leyfilegar líkur á íkviknun	<i>Fyrirliggjandi tilvísunarskjal:</i>  CEN/TC 127/AH 2/N156 <sup>(2)</sup> ISO/DIS 11925-2	- Áreitunartími: 15 sekúndur - Enginn logi í 150 mm fjarlægð eftir 20 sekúndur - Brennandi dropum gefinn gaumur
		F	Ekki kveðið á um nothæfi			

(<sup>1</sup>) Þegar byggingarvörur eru notaðar lóðrétt er miðað við lóðréttu útbreiðslu loga.

t<sub>i</sub> = hve lengi logi varir <<D>>m = massatap

(<sup>2</sup>) Þegar um er að ræða byggingarvörur sem t.d. skreppa saman við áreitun: hreyfanlegur lítill logi þar sem gaumur er gefinn að brennandi dropum.

PCS = meiriháttar varmaleiðni

D T = hækkun hitastigs

Ath. Eiginleikarnir eru skilgreindir með tilliti til tilvísunarskjálanna.

Gildin verða ákveðin eftir útfærslu EBH.

TAFLA 2

## Flokkar yfir nothæfi gólfefna með hliðsjón af viðbrögðum við bruna

Brunaaðstæður		Vöruflokkur			Prófunaraðferð	
Fullþróaður bruni í rými	Stig brunaáraunar: meira en 60 kW/m <sup>2</sup>	A <sub>n</sub> <sup>(1)</sup>	Stuðlar ekki að útbreiðslu elds	- Mjög takmarkað brennslugildi og hitalosun - Takmarkað massatap - Bruni skapast ekki af loga	<i>Fyrirliggjandi tilvísunarskjal:</i>  CEN/TC 127/N 229 og CEN/TC 127/N 230	D T ≤ 30°C D m ≤ 50% t <sub>f</sub> 5 sekúndur PCS ≤ 1,7-2,4 MJ/kg eða ≤ 1,4-2,0 MJ/m <sup>2</sup>
		B <sub>n</sub> <sup>(1)</sup>	Stuðlar mjög takmarkað að útbreiðslu elds	- Mjög takmarkað brennslugildi  - Takmarkað massatap - Í raun engin útbreiðslaloga - Mjög takmörkuð reykmyndun	<i>Fyrirliggjandi tilvísunarskjal:</i>  CEN/TC 127/N 229 og eða CEN/TC 127/N 230	D T ≤ 50°C D m ≤ 50% t <sub>f</sub> 20 sekúndur □ ≤ PCS ≤ □ MJ/kg □ ≤ PCS ≤ □ MJ/m <sup>2</sup>
Fullþróaður bruni í aðliggjandi rými	Stig brunaáraunar: geislun á takmörkuðu	C <sub>n</sub>	Stuðlar takmarkað að útbreiðslu elds svæði að hámarki 10 kW/m <sub>2</sub>	Mjög takmörkuð: - útbreiðsla loga - reykmyndun	<i>Fyrirliggjandi tilvísunarskjal:</i>  CEN/TC 127/N 125	Áhættuvarmaflæði: 10 kW/m <sup>2</sup> Tímalengd prófunar: 30 mínútur Gaurur gefinn að: - útbreiðslu loga - reykmyndun Mat: staðist/ekki staðist
		D <sub>n</sub>	Stuðlar að útbreiðslu elds í viðunandi mæli	Takmörkuð: - útbreiðsla loga - reykmyndun	<i>Fyrirliggjandi tilvísunarskjal:</i>  CEN/TC 127/N 125	Áhættuvarmaflæði: 4,5 kW/m <sup>2</sup> Tímalengd prófunar: 30 mínútur Gaurur gefinn að: - útbreiðslu loga - reykmyndun Mat: staðist/ekki staðist
Minniháttar brunaáraun á takmörkuðu yfirborðs-svæði bygg-ingarvöru	Stig brunaáraunar: logandi vindlingur	E <sub>n</sub>	Viðunandi viðbrögð við eldi	Leyfilegar líkur á íkviknun	<i>Fyrirliggjandi tilvísunarskjal:</i>  Metanamín „pillu-prófun“	- stærð svæðis sem hefur orðið fyrir skemmdum
		F <sub>n</sub>	Ekki kveðið á um nothæfi			

t<sub>f</sub> = hve lengi logi varir

Dm = massatap

PCS = meiriháttar varmaleiðni

DT = hækkun hitastigs

(1) Þegar prófunaraðferðin er fullmótuð er unnt að setja flokka A<sub>n</sub> og B<sub>n</sub> saman í einn flokk með því að breyta umboðinu.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 96/EES/25/13**

**nr. 50/95**  
**frá 22. júní 1995**

**um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn****SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,**

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 34/95 frá 19. maí 1995<sup>(1)</sup>.

Ályktun ráðsins 94/C 309/01 frá 24. október 1994 um gagnaflutningsþjónustu á sviði flutninga<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

**ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:****1. gr.**

Eftirfarandi liður komi aftan við 78. lið (ályktun ráðsins 94/C 379/02) í XIII. viðauka við samninginn:

„79. **394 Y 1105(01)**: Ályktun ráðsins frá 24. október 1994 um gagnaflutningsþjónustu á sviði flutninga (Stjttíð. EB nr. C 309, 5. 11. 1994, bls. 1).“.

**2. gr.**

Fullgiltur texti ályktunar ráðsins 94/C 309/01 á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

**3. gr.**

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. júlí 1995, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

**4. gr.**

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 22. júní 1995.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

*P. Benavides*

(1) Stjttíð. EB nr. L 273, 16. 11. 1995, bls. 53 og EES-viðbætur við Stjttíð. EB nr. 43, 16. 11. 1995, bls. 69.

(2) Stjttíð. EB nr. C 309, 5. 11. 1994, bls. 1.

## ÁLYKTUN RÁÐSINS

frá 24. október 1994

### um gagnaflutningsþjónustu á sviði flutninga(\*)

(94/C 309/01)

#### RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS,

sem tekur tillit til eftirfarandi:

Nota ber gagnaflutningsþjónustukerfi (telematics systems) á sviði flutninga í auknum mæli að svo miklu leyti sem þau svara kostnaði, einkum í samevrópska flutninganetinu, um leið og menn hagnýta sér afrakstur vinnu sem tengist upplýsingaþjóféluginu. Flutningar ættu með þessu að verða öruggari, skilvirkari og umhverfisvænni.

Stefna bandalagsins miðar meðal annars sérstaklega að því að gera tæknikerfi samleitni eða staðla þau, þar sem við á, í þeim tilgangi að tryggja samhæfi þeirra og rekstrarsamhæfni milli aðildarríkjanna til að vegfarendur og rekstraraðilar geti notað þau eins vítt og breitt um alla Evrópu og frekast er unnt.

Úrval tæknikerfa á markaði um þessar mundir býður upp á lausnir á viðráðanlegu verði. Þess er vænst að mjög verði hraðað því frumkvæði sem einkafyrirtæki hafa haft forystu um til að koma á fót evrópsku upplýsingakerfi.

TEKUR MIÐ AF orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar „Leiðsögupjónusta um gervihnött: evrópsk aðferð“ og tillögum í ályktun ráðstefnu evrópskra samgönguráðherra (CEMT) frá 26. og 27. maí 1994 um notkun nýrrar upplýsingatækni á sviði flutninga (1),

ER SAMMÁLA UM að aðgerðir á eftirtöldum sviðum séu afar mikilvægar:

- framfarir í átt að því að koma á í aðildarríkjunum samevrópskum rekstrarsamhæfum sjálfvirkum upplýsinga- og viðvörunarkerfum fyrir umferð á vegum,
- stöðlun prófunarviðmiða og mats- og viðurkenningar- aðferða fyrir innbyggðan vísibúnað í ökutækjum sem lýtur að flutningum á vegum,
- trygging fyrir samhæfi og rekstrarsamhæfni kerfa sem miðla upplýsingum í flutningum á vegum milli ökutækja og mannvirkja,

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. C 309, 5. 11. 1994, bls. 1, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 50/95 frá 22. júní 1995 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) CEMT/CM(94) 19, bls. 26.

- samræming gagnasafna með tilliti til notkunar stafrænna vegakorta um alla Evrópu,
- bindandi samþykki staðla sem Evrópustofnun um flugumferðaröryggi (Eurocontrol) hefur samið samkvæmt skilmálum tilskipunar ráðsins 93/65/EBE frá 19. júlí 1993 um skilgreiningu og notkun samhæfðra tækniforskrifta vegna kaupna á búnaði og kerfum fyrir flugumferðarþjónustu (2),
- gildistaka evrópsks tilkynningakerfis fyrir ferðir skipa, sem flytja hættulegan eða umhverfisskaðlegan varning, sem byggir á rafrænni upplýsingamiðlun,
- frekari þróun upplýsinga- og samskiptakerfa fyrir tölvuvædda gagnamiðlun milli yfirvalda sem bera ábyrgð á ríkiseftirliti með höfnum,
- upptaka og endurbætur rafrænna upplýsingaskipta fyrir stjórnvöld, verslun og flutninga (Edifact) með tilliti til samhæfis upplýsinga- og samskiptakerfa og sjálfvirks eftirlits með flutningum,

STAÐFESTIR að einnig beri að stuðla að gildistöku samhæfðra gagnaflutningsþjónustukerfa í járnbrautarflutningum,

BIDUR framkvæmdastjórnina og aðildarríkin að:

- a) beita áhrifum sínum til að evrópsku járnbrautirnar taki upp evrópskt stjórn- og eftirlitskerfi;
- b) velja í sameiningu vega- og járnbrautarsamband yfir landamæri um Evrópu þvera og endilanga þar sem gagnaflutningsþjónustukerfi, sem nú eru fánleg, eru nýtt eins og best verður á kosið; einkum þegar um er að ræða flutninga á vegum, að skilgreina í sameiningu staðlaðar matsaðferðir í því augnamiði að prófa samhæfi vegaupplýsingaþjónustna og upplýsingamiðlunarkerfa í Evrópu í samræmi við þá afstöðu sem tekin er í þessari ályktun;
- c) taka orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar um leiðsöguþjónustu um gervihnött tafarlaust til umfjöllunar og leggja fram tillögur eins fljótt og við verður komið,
- (2) Stjtið. EB nr. L 187, 29. 7. 1993, bls. 52.

ÓSKAR EFTIR að framkvæmdastjórnin:

- a) semji áætlun um nauðsynlegar ráðstafanir á vettvangi bandalagsins til að koma á gagnaflutningsþjónustu flutningasviðinu (aðgerðaáætlun);
- b) stuðli að vinnu við stöðlun í flugumferðarþjónustu með öllum viðeigandi ráðum, meðal annars rannsóknum og þróun á þessu sviði;
- c) hraði nauðsynlegri vinnu og leggi fram tillögur sem eru í samræmi við hlutfalls- og dreifræðisregluna og hafa ekki aukið skrifræði í för með sér.

Gjört í Lúxemborg 24. október 1994.

Fyrir hönd ráðsins,

**J. BORCHERT**

forseti.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 96/EES/25/14**

**nr. 51/95**  
**frá 22. júní 1995**

**um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn****SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,**

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 34/95 frá 19. maí 1995<sup>(1)</sup>.

Ályktun ráðsins 94/C 309/02 frá 24. október 1994 um aðstæður í evrópsku almenningssflugi<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

**ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:****1. gr.**

Eftirfarandi liður komi aftan við 79. lið (ályktun ráðsins 94/C 309/01) í XIII. viðauka við samninginn:

„80. **394 Y 1105(02)**: Ályktun ráðsins frá 24. október 1994 um aðstæður í evrópsku almenningssflugi (Stjtið. EB nr. C 309, 5. 11. 1994, bls. 2).“

**2. gr.**

Fullgiltur texti ályktunar ráðsins 94/C 309/02 á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

**3. gr.**

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. júlí 1995, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

**4. gr.**

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 22. júní 1995.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

*P. Benavides*

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 273, 16. 11. 1995, bls. 53 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 43, 16. 11. 1995, bls. 69.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. C 309, 5. 11. 1994, bls. 2.

## ÁLYKTUN RÁÐSINS

frá 24. október 1994

### um aðstæður í evrópsku almenningssflugi(\*)

(94/C 309/02)

#### RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS,

sem hefur hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

sem veitir athygli skýrslu nefndarinnar „Comité des Sages“ sem framkvæmdastjórnin kom á fót og ber yfirskriftina „Expanding Horizons“ og lögð var fram 1. febrúar 1994,

sem hefur hliðsjón af niðurstöðum fundar ráðsins 18. apríl 1994 um aðstæður í evrópsku almenningssflugi, sem hefur hliðsjón af orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar „Framtíð evrópsks almenningssflugs“,

sem hefur hliðsjón af orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar „Leiðsöguþjónusta um gervihnött: evrópsk aðferð“,

og sem tekur tillit til eftirfarandi:

Sameiginleg stefna Evrópusambandsins varðandi almenningssflug er forsenda þess að evrópskt almenningssflug standist samkeppni á alheimsmarkaði.

Í framangreindum orðsendingum framkvæmdastjórnarinnar er vísað til viðeigandi ráðstafana og getið, stundum með beinum dagsetningum, um tillögur að reglugerðum á einstökum sviðum.

ÁLÍTUR að með hliðsjón af þeim mikla fjölda ráðstafana sem getið er um og þörf aðgerða sem er brýn á sumum sviðum sé við hæfi að beina sérstakri athygli að tilteknum verkefnum,

FAGNAR framkominni orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar um aðstæður í evrópsku almenningssflugi sem var fyrsta skref í þá átt að fullnægja kröfu ráðsins um að viðeigandi ráðstafanir verði undirbúnar,

ER ÞEIRRAR SKOÐUNAR að þær ráðstafanir sem boðaðar eru í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar geti almennt stuðlað verulega að aukinni samkeppnishæfni og fjárhagslegum bata í evrópsku almenningssflugi um heim allan og halda beri undirbúningsvinnu áfram tafarlaust. Eftirfarandi viðfangsefni ættu að hafa sérstakan forgang í þessu tilliti:

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. C 309, 5. 11. 1994, bls. 2, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 51/95 frá 22. júní 1995 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(<sup>1</sup>) Stjtið. EB nr. L 273, 16. 11. 1995, bls. 53 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 43, 16. 11. 1995, bls. 69.

(<sup>2</sup>) Stjtið. EB nr. C 309, 5. 11. 1994, bls. 2.

a) verulegar framfarir á sviði flugumferðarstjórnar/ flugumferðarþjónustu og leiðsögukerfa um gervihnött er forsenda öflugss flugrekstrar í Evrópu:

- samhæfing og samruni kerfa í evrópskri flugumferðarstjórn gerir að verkum að nauðsynlegt er að þróa fjölmarga tæknistaðla samkvæmt skilyrðum sem eru skilgreind í tilskipun ráðsins 93/65/EBE frá 19. júlí 1993 um skilgreiningu og notkun samhæfðra tækniforskrifta vegna kaupa á búnaði og kerfum fyrir flugumferðarþjónustu(<sup>1</sup>) á grundvelli staðla Evrópustofnunar um flugumferðaröryggi (Eurocontrol) í þeim tilgangi að tryggja milliverkun og samhæfi tæknikerfa í aðildarríkjunum og innleiða nýjan tækjabúnað og þjónustu sem uppfylla þessa staðla með það í huga að auka afkastagetu alls evrópska kerfisins. Framkvæmdastjórninni ber að styðja starf sem unnið er í þessu skyni með öllum viðeigandi ráðum,

- leiðsögn og samskipti um gervihnött verða sífellt mikilvægari og leggja ber ríka áherslu á framlag Evrópu til alþjóðlegra leiðsögukerfa um gervihnött. Samræmingarnefnd háttsettra embættismanna sem er gerð tillaga um í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 14. júní 1994 ætti að hefja störf eins fljótt og við verður komið;

b) tilurð sameiginlegs loftflutningamarkaðar ætti einnig að leiða til samþykktar almennra ákvæða og einsleitra aðferða sem lúta að flugöryggi. Fylgja ber eftir án tafar hugmyndum um að setja á stofn skilvirkt stjórnsýsluyfirvald fyrir Evrópu, reist á Samtökum flugmálastjórna í Evrópu (JAA), er fjalla um öryggisstaðla. Einnig ber með sama hætti að kanna hvort koma skuli á sameiginlegri lofthæfisvottun fyrir allan tækjabúnað til flugs;

c) til að koma í veg fyrir röskun á samkeppni í evrópskum loftflutningum ber að útiloka ríkisaðstoð sem hefur eða gæti haft neikvæð áhrif á samkeppni. Aðeins er heimilt að veita slíka ríkisaðstoð í tilteknum skýrt afmörkuðum undantekningartilvikum í samræmi við ákvæði sáttmálans og á grundvelli gagnsærra ákvarðana;

(<sup>1</sup>) Stjtið. EB nr. L 187, 29. 7. 1993, bls. 52.



- d) nauðsynlegt er að tryggja að mannvirki til flutninga í lofti séu nýtt á skilvirkan hátt í þeim tilgangi að renna styrkari stoðum undir samkeppni í evrópskum loftflutningum. Skilvirk afgreiðsla á flugvöllum og sem miðast við þarfir markaðarins er mikilvægt framlag til þess að mannvirki til flutninga í lofti séu nýtt á skilvirkan hátt. Þjóða skal slíka flugafgreiðslu fram á grundvelli jafnréttis, gagnsæis og rekstrarhagkvæmni. Ráðstafanir sem eru gerðar á þessu sviði skulu miðast við þessar skoðanir, en einnig við afkastagetu og öryggisaðstæður á flugvöllum,

VÆNTIR ÞESS að allar aðgerðir sem miða að því að auka samkeppnishæfni loftflutningafyrirtækja í Evrópusambandinu og aðlaga innri gerð þeirra muni tryggja að starfsemi loftflutningafyrirtækja verði áfram reist á sterkum efnahagslegum grunni í Evrópusambandinu á komandi árum,

ÁLÍTUR að rannsaka þurfi betur hættu á að þróun hentifána og annarra aðferða, burt séð frá þeim sveigjanleika sem einkenna skal allan rekstur, leiði til notkunar annarra fanga en bandalagsins í verulegum mæli. Framkvæmdastjórnin gæti við fyrsta tækifæri gert könnun, og lagt fram viðeigandi tillögur ef nauðsyn krefur, sem reynst gæti góður stuðningur við slíka rannsókn,

BIÐUR FRAMKVÆMDASTJÓRNINA að grípa án tafar til nauðsynlegra ráðstafana til að hrinda ákvæðum þessarar ályktunar í framkvæmd og gefa skýrslu um þær á næsta fundi ráðsins,

ER ÞEIRRAR SKOÐUNAR að í samskiptum bandalagsins og þriðju landa á sviði flutninga í lofti skuli þróa stefnuna í samræmi við ályktanir ráðsins frá 15. mars 1993 skref fyrir skref, af raunsæi og í því augnamiði að vinna að hagsmunum bandalagsins.

Gjört í Lúxemborg 24. október 1994.

Fyrir hönd ráðsins,

**J. BORCHERT**

forseti.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 96/EES/25/15****nr. 52/95****frá 22. júní 1995****um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn****SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,**

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 34/95 frá 19. maí 1995<sup>(1)</sup>.

Ályktun ráðsins 94/C 309/04 frá 24. október 1994 um farmflutninga á vegum á evrópskum innri markaði<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

**ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:****1. gr.**

Eftirfarandi liður komi aftan við 80. lið (ályktun ráðsins 94/C 309/02) í XIII. viðauka við samninginn:

„81. **394 Y 1105(03)**: Ályktun ráðsins frá 24. október 1994 um farmflutninga á vegum á evrópskum innri markaði (Stjttíð. EB nr. C 309, 5. 11. 1994, bls. 4).“

**2. gr.**

Fullgiltur texti ályktunar ráðsins 94/C 309/04 á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

**3. gr.**

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. júlí 1995, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

**4. gr.**

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 22. júní 1995.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

*P. Benavides*

(<sup>1</sup>) Stjttíð. EB nr. L 273, 16. 11. 1995, bls. 53 og EES-viðbætur við Stjttíð. EB nr. 43, 16. 11. 1995, bls. 69.

(<sup>2</sup>) Stjttíð. EB nr. C 309, 5. 11. 1994, bls. 4.

## ÁLYKTUN RÁÐSINS

frá 24. október 1994

### um farmflutninga á vegum á evrópskum innri markaði(\*)

(94/C 309/03)

#### RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS,

FAGNAR skýrslunni „Farmflutningar á vegum á evrópskum innri markaði“ sem rannsóknarnefndin sem framkvæmdastjórnin kom á fót lagði fram í júlí 1994,

GEFUR ÞVÍ GAUM að jafnframt því að viðurkennt er í skýrslunni að farmflutningar á vegum hafi æ mikilvægara og ráðandi hlutverki að gegna sem stuðningur við iðnað og smásölu er bent á tiltekinn aðlögunarvanda sem þróun þeirra á hinum innri markaði hefur valdið í flutningum á vegum á undanförunum árum og vanda sem stöðjar að almenningi sem stafar af því að gildandi reglum er ekki framfylgt sem skyldi,

GEFUR ÞVÍ GAUM að alhliða greining í skýrslunni og lausnir á vandkvæðum, einkum með tilliti til varanlega virkrar samkeppni, öryggis og umhverfisverndar, eru jákvæðar,

ER EINHUGA um eftirfarandi atriði:

- halda ber áfram að koma hinum innri markaði á að því er varðar farmflutninga á vegum, einkum með tilliti til afnáms takmarkana á markaðsaðgangi hvað magn varðar og til afnáms verðstýringar,
- forsendur óhefts innri markaðar eru samræming nauðsynlegra skilyrða fyrir sanngjarnri samkeppni og það að þeim sé beitt og framfylgt meira og minna á einsleitann hátt. Virða ber dreifráðisregluna í þessu sambandi,

GEFUR GAUM að ályktunum um ríkisaðstoð í fyrrnefndri skýrslu,

LEGGUR ÁHERSLU Á að í þágu sanngjarnrar samkeppni milli ólíkra greina flutninga og á sviði flutninga á vegum sé æskilegt að stefna að því í náinni framtíð að tryggja, eins og frekast er unnt, að allar greinar flutninga greiði þann kostnað sem af þeim hlýst í samræmi við meginregluna um yfirráðasvæði,

UNDIRSTRIKAR mikilvægi þess að öllum reglugerðum um farmflutninga á vegum sé beitt og framfylgt á samræmdan og

einsleitann hátt, meðal annars reglugerðum um öryggis- og umhverfismál og félagslegar aðstæður og, ef nauðsyn krefur, að þær séu færðar til nútímahorfs og einfaldaðar, ÁLÍTUR að til þess að farmflutningar á vegum komist í jafnvægi og til þess að vernda almenning sé nauðsynlegt að beita ákvæðum um aðgang að starfsgreininni nákvæmlega, svo að viðunandi stigi sé náð í Evrópusambandinu, og um leið forðast að markaðsaðgangur sé hindraður með tilviljunarkenndum hætti,

ÓSKAR EFTIR að framkvæmdastjórnin:

- undirbúi samanburðarkönnun á kröfum í einstökum aðildarríkjum með hliðsjón af umfangi ráðstafana sem nauðsynlegt er að grípa til á einstaka sviðum í tengslum við aðgang að starfsgreininni; í könnuninni skal einkum skoða ofan í kjölinn:
- kröfur um menntun og hæfi til að við þjálfun og próf sé unnt að taka tillit til þróunar á sviði stjórnunar nútímaflutningafyrirtækja,
- lágmarkskröfur um fjárhagsgetu til að komast að því hvort þær séu enn við hæfi,
- kanni, í samræmi við ályktun ráðsins frá 16. júní 1994 <sup>(1)</sup>, leiðir til að efla samstarf á sviði stjórnunar þannig að auðveldar sé að uppgötva og ákæra fyrir brot gegn félagsmálareglugerðum,
- vinni skýrslu um gildandi reglugerðir í aðildarríkjunum um þjálfun ökumanna langferðaþungaflutningabifreiða, meðal annars ökumanna ökutækja sem flytja hættuleg efni, og semji, þar sem við á, tillögur um grunnþjálfun sem skylt er að gangast undir og viðeigandi framhaldsþjálfun,
- leggi sem fyrst fram tillögur sem hún hefur boðað um kaupleigu eða leigu á ökutækjum í atvinnurekstri,

HVETUR aðildarríkin til að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að koma í veg fyrir brot á ákvæðum um farmflutninga á vegum, meðal annars að beita nýjustu tækni,

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttíð. EB nr. C 309, 5. 11. 1994, bls. 4, var nefnd í ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 52/95 frá 22. júní 1995 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjttíð. EB nr. C 179, 1. 7. 1994, bls. 1.

## TILKYNNIR AÐ ÞAÐ HYGGST

- þróa í áföngum tengsl milli Evrópubandalagsins og þriðju landa á sviði flutninga að því tilskildu að samhæfing samkeppnisskilyrða eigi sér stað milli hlutaðeigandi aðila í nægilega ríkum mæli,
- koma af stað umræðum þegar í stað um tillögu framkvæmdastjórnarinnar<sup>(1)</sup> um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 3821/85<sup>(2)</sup> og tilskipun ráðsins 88/599/EBE frá 23. nóvember 1988 um staðlaðar aðferðir við eftirlit með

framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 3820/85 um samhæfingu tiltekinnar löggjafar á sviði félagsmála er varðar flutninga á vegum og reglugerðar (EBE) nr. 3821/85 um að taka upp skráningarbúnað í ökutækjum í flutningum á vegum<sup>(3)</sup> og komast að niðurstöðu eins skjótt og auðið er,

GEFUR ÞVÍ GAUM að framkvæmdastjórnin hyggst fylgja eftir orðsendingu sinni frá 20. mars 1992 um að fella annan tíma en ökutíma inn í reglugerð (EBE) nr. 3820/85<sup>(4)</sup> og (EBE) nr. 3821/85, sem meðal annars fjallar um aksturs- og hvíldartíma í flutningum á vegum og að hún kunni, ef nauðsyn krefur, að leggja fram viðeigandi tillögur.

Gjört í Lúxemborg 24. október 1994.

Fyrir hönd ráðsins,

**J. BORCHERT**

forseti.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. C 243, 31. 8. 1984, bls. 8.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. L 370, 31. 12. 1985, bls. 8. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EBE) nr. 3688/92 (Stjtið. EB nr. L 374, 22. 12. 1992, bls. 12).

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB nr. L 325, 29. 11. 1988, bls. 55. Tilskipuninni var síðast breytt með bókun um aðlögun EES-samningsins (Stjtið. EB nr. L 1, 3. 1. 1994,

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 96/EES/25/16**

**nr. 53/95**  
**frá 22. júní 1995**

**um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn****SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,**

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 34/95 frá 19. maí 1995<sup>(1)</sup>.

Ályktun ráðsins 94/C 309/05 frá 24. október 1994 um skipulagsumbætur í flutningum á skipgengum vatnaleiðum<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

**ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:****1. gr.**

Eftirfarandi liður komi aftan við 81. lið (ályktun ráðsins 94/C 309/04) í XIII. viðauka við samninginn:

„82. **394 Y 1105(04)**: Ályktun ráðsins frá 24. október 1994 um skipulagsumbætur í flutningum á skipgengum vatnaleiðum (Stjtfð. EB nr. C 309, 5. 11. 1994, bls. 5).“.

**2. gr.**

Fullgiltur texti ályktunar ráðsins 94/C 309/05 á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

**3. gr.**

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. júlí 1995, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

**4. gr.**

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 22. júní 1995.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

*P. Benavides*

(<sup>1</sup>) Stjtfð. EB nr. L 273, 16. 11. 1995, bls. 53 og EES-viðbætur við Stjtfð. EB nr. 43, 16. 11. 1995, bls. 69.

(<sup>2</sup>) Stjtfð. EB nr. C 309, 5. 11. 1994, bls. 5.

**ÁLYKTUN RÁÐSINS****frá 24. október 1994****um skipulagsumbætur í flutningum á skipgengum vatnaleiðum(\*)****(94/C 309/04)****RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS,**

HEFUR ÁHYGGJUR AF ÞVÍ að viðvarandi ójafnvægi ríkir milli framboðs á og eftirspurnar eftir flutningsgetu sem rekja má til efnahagslegrar niðursveiflu og skipulagsbreytinga sem vart hefur orðið við nokkur undanfarin ár á flutningsmarkaðinum á skipgengum vatnaleiðum. Farmgjöld eru einnig af þessum sökum enn óviðunandi eða hafa áfram tilhneigingu til að fara niður á við,

ÁLÍTUR afar mikilvægt, ef endurskipuleggja á flutningsmarkaðinn á skipgengum vatnaleiðum í vestur-Evrópu og tryggja samkeppnishæfni í flutningum á skipgengum vatnaleiðum til frambúðar, að grípa til róttækari aðgerða en nú er gert í því augnamiði að skapa á ný eðlilegan hagnað á ókomnum árum,

VÍSAR til reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1101/89<sup>(1)</sup> og reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 1102/89<sup>(2)</sup> um skipulagsumbætur í flutningum á skipgengum vatnaleiðum,

ÁLÍTUR að viðunandi ráðstafanir hljóti að felast í nýstárlegum allsherjarskipulagsbreytingum ef tryggja á samkeppnishæfni flutninga á skipgengum vatnaleiðum til frambúðar,

HVETUR framkvæmdastjórnina til að leggja fram tillögur eða samþykkja aðrar ráðstafanir við hæfi á valdsviði hennar með það í huga að auka áhrif reglugerðarinnar um skipulagsumbætur og GEFUR ÞVÍ GAUM í þessu sambandi að framkvæmdastjórnin hyggst auka hlutfall milli skipastóls til úreldingar og nýs skipastóls, svokallað „hlutfall gamals fyrir nýtt“, í 1,5 : 1,

HVETUR EINNIG framkvæmdastjórnina til að leggja fram, fyrir 1. janúar 1995, allsherjartillögu um flutninga á skipgengum vatnaleiðum sem fjallar einkum um framtíðarskipulag markaðarins og úreldingu.

Gjört í Lúxemborg 24. október 1994.

Fyrir hönd ráðsins,

**J. BORCHERT**

forseti.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttíð. EB nr. C 309, 5. 11. 1994, bls. 5, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 53/95 frá 22. júní 1995 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(<sup>1</sup>) Stjttíð. EB nr. L 116, 28.4.1989, bls. 25. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 844/94 (Stjttíð. EB nr. L 98, 16.4.1994, bls. 1).

(<sup>2</sup>) Stjttíð. EB nr. L 116, 28.4.1989, bls. 30. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 3433/93 (Stjttíð. EB nr. L 314, 16.12.1993, bls. 10).

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 96/EES/25/17**

**nr. 54/95**  
**frá 22. júní 1995**

**um breytingu á XVII. viðauka (Hugverkaréttindi) við EES-samninginn****SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,**

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XVII. viðauka við samninginn var síðast breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 10/95 frá 27. janúar 1995<sup>(1)</sup>.

Ákvörðun ráðsins 94/700/EB frá 24. október 1994 um rýmkun lögverndar fyrir svæðislýsingar smárása á hálfleiðurum þannig að hún nái til persóna frá Kanada<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

Ákvörðun ráðsins 94/828/EB frá 19. desember 1994 um rýmkun lögverndar fyrir svæðislýsingar smárása á hálfleiðurum þannig að hún nái til persóna frá tilteknum yfirráðasvæðum<sup>(3)</sup> skal felld inn í samninginn.

Ákvörðun ráðsins 94/824/EB frá 22. desember 1994 um rýmkun lögverndar svæðislýsinga smárása á hálfleiðurum þannig að hún nái til persóna frá aðila að Alþjóðaviðskiptastofnuninni<sup>(4)</sup> skal felld inn í samninginn.

**ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:****1. gr.**

Eftirfarandi liðir komi aftan við lið 3f (ákvörðun ráðsins 94/373/EB) í XVII. viðauka við samninginn:

„3g. **394 D 0700:** Ákvörðun ráðsins 94/700/EB frá 24. október 1994 um rýmkun lögverndar fyrir svæðislýsingar smárása á hálfleiðurum þannig að hún nái til aðila frá Kanada skal felld inn í samninginn. (Stjttíð. EB nr. L 284, 1. 11. 1994, bls. 61).

3h. **394 D 0828:** Ákvörðun ráðsins 94/828/EB frá 19. desember 1994 um rýmkun lögverndar fyrir svæðislýsingar smárása á hálfleiðurum þannig að hún nái til aðila frá tilteknum yfirráðasvæðum. (Stjttíð. EB nr. L 251, 31. 12. 1994, bls. 12).

3i. **394 D 0824:** Ákvörðun ráðsins 94/824/EB frá 22. desember 1994 um rýmkun lögverndar svæðislýsinga smárása á hálfleiðurum þannig að hún nái til einstaklinga frá aðila að Alþjóðaviðskiptastofnuninni. (Stjttíð. EB nr. L 349, 31. 12. 1994, bls. 201).“.

**2. gr.**

Fullgiltur texti ákvarðana ráðsins 94/700/EB, 94/828/EB og 94/824/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

**3. gr.**

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. júlí 1995, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

**4. gr.**

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 22. júní 1995.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

*P. Benavides*

(<sup>1</sup>) Stjttíð. EB nr. L 47, 2. 3. 1995, bls. 30 og EES-viðbætur við Stjttíð. EB nr. 7, 2. 3. 1995, bls. 125.

(<sup>2</sup>) Stjttíð. EB nr. L 284, 1. 11. 1994, bls. 61.

(<sup>3</sup>) Stjttíð. EB nr. L 351, 31. 12. 1994, bls. 12.

(<sup>4</sup>) Stjttíð. EB nr. L 349, 31. 12. 1994, bls. 201.

**ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS**

frá 24. október 1994

**um rýmkun lögverndar svæðislýsinga smárása á hálfleiðurum þannig að hún nái til persóna frá Kanada(\*)**

(94/700/EB)

**RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 87/54/EBE frá 16. desember 1986 um vernd svæðislýsinga smárása á hálfleiðurum <sup>(1)</sup>, einkum 7. mgr. 3. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Réttur til lögverndar svæðislýsinga smárása á hálfleiðurum í bandalaginu nær til þeirra persóna sem eiga rétt á vernd samkvæmt 1. til 5. mgr. 3. gr. tilskipunar 87/54/EBE.

Heimilt er að rýmka þennan rétt með ákvörðun ráðsins þannig að hann nái til þeirra sem njóta ekki verndar samkvæmt fyrrgreindum ákvæðum.

Æskilegt er að ákvörðun um rýmkun þeirrar verndar sem hér um ræðir sé tekin fyrir bandalagið í heild, að því marki sem unnt er.

Áður hefur persónum frá tilteknum löndum og yfirráðasvæðum utan bandalagsins í einstökum tilvikum verið veitt vernd sem er þá gagnvirk, í sumum tilvikum ótímabundið, samanber ákvörðun 90/510/EBE <sup>(2)</sup>, en tímabundið í öðrum, samanber ákvörðun 93/16/EBE <sup>(3)</sup>.

Í Kanada er í gildi löggjöf sem veitir hönnuðum svæðislýsinga tilhlýðilega vernd og hafa Kanadamenn tilkynnt að þeir hafi í hyggju að rýmka gildissvið löggjafarinnar, frá og með 1. nóvember 1994, þannig að hún nái til ríkisborgara bandalagsins og einstaklinga og lögpersóna sem eru með raunverulegan atvinnurekstur þar í þeim tilgangi að hanna svæðislýsingar eða framleiða smárásir.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttíð. EB nr. L 284, 1. 11. 1994, bls. 61, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 54/95 frá 22. júní 1995 um breytingu á XVII. viðauka (Hugverkaréttindi) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. L 24, 27. 1. 1987, bls. 36.<sup>(2)</sup> Stjttíð. EB nr. L 285, 17. 10. 1990, bls. 29. Ákvörðuninni var breytt með ákvörðun 93/17/EBE (Stjttíð. EB nr. L 11, 19. 1. 1993, bls. 22).<sup>(3)</sup> Stjttíð. EB nr. L 11, 19. 1. 1993, bls. 20. Ákvörðuninni var breytt með ákvörðun 93/520/EBE (Stjttíð. EB nr. L 246, 2. 10. 1993, bls. 31) sem veitir einstaklingum frá Bandaríkjum Norður-Ameríku vernd tímabundið (til 31. 12. 1993) og frá tilteknum landsvæðum (til 31. 12. 1994), og ákvörðun 94/373/EBE (Stjttíð. EB nr. L 170, 5. 7. 1994, bls. 34) sem framlengir verndina að því er varðar Bandaríki Norður-Ameríku til 1. júlí 1995.

Samningurinn um hugverkarétt í viðskiptum, sem er hluti af niðurstöðum Úrúgvæ-samningaviðræðnanna um marghliða viðskipti og fellur undir Marakess-lokagerðina frá 15. apríl 1994, leggur aðilum þær skyldur á herðar að veita svæðislýsingum smárása vernd í samræmi við ákvæði samningsins, og ákvæði sáttmálans um hugverk er varða smárásir, sem hann vísar til.

Þessi samningur ásamt samningnum um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar öðlast gildi 1. janúar 1995 eða eins fljótt og unnt er eftir það. Þau iðnríki sem eiga aðild að samningnum um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar hafa eins árs frest frá því að sá samningur öðlast gildi til að láta ákvæði samningsins um hugverkarétt í viðskiptum koma til framkvæmda.

Að því er lýtur að skuldbindingum kanadískra yfirvalda ætti að rýmka réttinn til verndar samkvæmt ákvæðum tilskipunar 87/54/EBE, frá og með 1. nóvember 1994 og þar til ákvæði samningsins um hugverkarétt í viðskiptum koma til framkvæmda, þannig að hann nái til einstaklinga, félaga og annarra lögpersóna frá Kanada.

**SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:****1. gr.**

Aðildarríkin skulu rýmka lögverndina sem kveðið er á um í tilskipun 87/54/EBE eins og hér greinir:

- a) einstaklingar, sem eru ríkisborgarar í Kanada eða sem hafa fasta búsetu á yfirráðasvæði Kanada, skulu fá sömu meðferð og væru þeir ríkisborgarar aðildarríkis;
- b) félög og aðrar lögpersónur frá Kanada sem starfrækja raunveruleg iðnaðar- eða verslunarfyrirtæki í því landi skulu fá sömu meðferð og þeir sem starfrækja raunveruleg iðnaðar- eða verslunarfyrirtæki á yfirráðasvæði aðildarríkis.



**2. gr.**

Ákvörðun þessi gildir frá og með 1. nóvember 1994.

**3. gr.**

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 24. október 1994.

Fyrir hönd ráðsins,

***J. BORCHERT***

forseti.

## ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS

frá 19. desember 1994

### um rýmkun lögverndar svæðislýsinga smárása á hálfleiðurum þannig að hún nái til persóna frá tilteknum yferráðasvæðum(\*)

(94/828/EB)

#### RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 87/54/EBE frá 16. desember 1986 um vernd svæðislýsinga smárása á hálfleiðurum <sup>(1)</sup>, einkum 7. mgr. 3. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Réttur til lögverndar svæðislýsinga smárása á hálfleiðurum í bandalaginu nær til þeirra persóna sem eiga rétt á vernd samkvæmt 1. til 5. mgr. 3. gr. tilskipunar 87/54/EBE.

Heimilt er að rýmka þennan rétt með ákvörðun ráðsins þannig að hann nái til þeirra sem njóta ekki verndar samkvæmt fyrrgreindum ákvæðum.

Æskilegt er að ákvörðun um rýmkun þeirrar verndar sem hér um ræðir sé tekin fyrir bandalagið í heild, að því marki sem unnt er.

Allt frá 7. nóvember 1987 hefur bandalagið rýmkað þessa vernd til bráðabirgða, með röð ákvarðana sem ráðið tekur, þannig að hún nái til persóna frá tilteknum yferráðasvæðum, en þeim var fjölgað 1. nóvember 1993 <sup>(2)</sup>.

Þessar ákvarðanir voru teknar með það fyrir augum að hlutaðeigandi yferráðasvæði, sem höfðu enn sem komið var ekki sérstaka löggjöf á þessu sviði, samþykktu ákvæði þar að lútandi og hrintu þeim í framkvæmd eins skjótt og audið væri gagnvart persónum rá aðildarríkjum bandalagsins sem njóta verndar samkvæmt tilskipun 87/54/EBE.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttíð. EB nr. L 351, 31. 12. 1994, bls. 12, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 54/95 frá 22. júní 1995 um breytingu á XVII. viðauka (Hugverkaréttindi) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjttíð. EB nr. L 24, 27. 1. 1987, bls. 36.

(2) Ákvörðun ráðsins 87/532/EBE frá 26. október 1987 um aukna vernd fyrir svæðislýsingar smárása á hálfleiðurum hannaðar af einstaklingum frá tilteknum löndum og landsvæðum (Stjttíð. EB nr. L 313, 4. 11. 1987, bls. 22); ákvörðun ráðsins 90/511/EBE frá 9. október 1990 um aukna lögvernd fyrir svæðislýsingar smárása á hálfleiðurum til að ná til einstaklinga frá tilteknum löndum og yferráðasvæðum (Stjttíð. EB nr. L 285, 17. 10. 1990, bls. 31); ákvörðun ráðsins 93/16/EBE frá 21. desember 1992 um aukna lögvernd fyrir svæðislýsingar smárása á hálfleiðurum til að ná til aðila frá Bandaríkjunum Norður-Ameríku og tilteknum yferráðasvæðum (Stjttíð. EB nr. L 11, 19. 1. 1993, bls. 20), eins og henni var breytt með ákvörðun 93/520/EBE frá 27. september 1993 (Stjttíð. EB nr. L 246, 2. 10. 1993, bls. 31).

Síðust þessara ákvarðana, ákvörðun 93/16/EBE, gildir til 31. desember 1994.

Samningurinn um hugverkarétt í viðskiptum, sem er hluti af niðurstöðum Úrúgvæ-samningaviðræðnanna um marghliða viðskipti og fellur undir Marakess-lokagerðina frá 15. apríl 1994, leggur aðilum þær skyldur á herðar að veita svæðislýsingum smárása vernd í samræmi við ákvæði samningsins, og ákvæði sáttmálans um hugverk er varða smárásir, sem hann vísar til.

Þessi samningur ásamt samningnum um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, en sá fyrrnefndi er í viðauka við þann síðarnefnda, öðlast gildi 1. janúar 1995 eða eins fljótt og unnt er eftir það. Þau iðnríki sem eiga aðild að samningnum um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar hafa eins árs frest frá því að sá samningur öðlast gildi til að láta ákvæði samningsins um hugverkarétt í viðskiptum koma til framkvæmda. Þau þróunarlönd, sem eru aðilar, hafa heimild til að fresta því að hrinda ákvæðum samningsins í framkvæmd um fjögur ár til viðbótar, að undanskildum ákvæðum 3., 4. og 5. gr.

Fyrirsjáanlegt er að ákvæðum samningsins um hugverkarétt í viðskiptum verður hrundið í framkvæmd á viðkomandi yferráðasvæðum innan tilskilins frests.

Ákvæði sem tryggja persónum frá bandalaginu vernd á viðkomandi yferráðasvæðum, að því er varðar svæðislýsingar, eru enn í gildi á þessum yferráðasvæðum.

Frá 1. janúar 1995 til 31. desember 1995 ber að rýmka vernd sem kveðið er á um í tilskipun 87/54/EBE þannig að hún nái til viðkomandi yferráðasvæða.

#### SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

##### 1. gr.

Aðildarríkin skulu rýmka rétt til verndar samkvæmt tilskipun 87/54/EBE þannig að hann nái til einstaklinga sem eru ríkisborgarar á yferráðasvæðum sem eru talin upp í viðaukanum eða hafa fasta búsetu á einhverju þessara yferráðasvæða.

Þessi rýmkun gildir einnig um félög eða aðrar lögpersónur frá yferráðasvæðum sem eru talin upp í viðaukanum og starfrækja raunveruleg iðnaðar- eða verslunarfyrirtæki á viðkomandi yferráðasvæði, að því tilskildu að félög eða aðrar lögpersónur frá aðildarríki sem eiga rétt á vernd samkvæmt tilskipun 87/54/EBE njóti góðs af vernd á viðkomandi yferráðasvæði.

Framkvæmdastjórnin ákveður hvaða yfirráðasvæði, sem eru talin upp í viðaukanum, fullnægja þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í annari undirgrein og tilkynnir aðildarríkjunum um það.

**2. gr.**

Ákvörðun þessi gildir frá 1. janúar 1995.

Aðildarríkin skulu rýmka rétt til verndar samkvæmt þessari ákvörðun þannig að hann nái til þeirra einstaklinga og lögpersóna sem um getur í 1. gr. til 31. desember 1995.

Einkaréttur sem hefur áunnist samkvæmt ákvörðunum 87/532/EBE, 90/511/EBE, 93/16/EBE, eins og henni var breytt með ákvörðun 93/520/EBE, eða samkvæmt þessari ákvörðun skal gilda áfram þann tíma sem mælt er fyrir um í tilskipun 85/54/EBE.

**3. gr.**

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 19. desember 1994.

Fyrir hönd ráðsins,

**K. KINKEL**

forseti.

## VIÐAUKI

Anguilla  
Arúba  
Bermúdaeyjar  
Bresk yfirráðasvæði við Indlandshaf  
Bresku-Jómfrúeyjar  
Caymaneyjar  
Ermarsundseyjar  
Falklandseyjar  
Hong Kong  
Mön  
Montserrat  
Hollensku Antillaeyjar  
Pitcairneyja  
Sankti-Helena  
Hjálendur Sankti-Helenu (Ascension, Tristan da Cunha)  
Suður-Georgía og Suður-Sandvíkureyjar  
Turks- og Caicoseyjar

## ÁKVÖRDUN RÁÐSINS

frá 22. desember 1994

um rýmkun lögverndar svæðislýsinga smárása á hálfleiðurum þannig að hún nái til persóna frá aðila að Alþjóðaviðskiptastofnuninni(\*)

(94/824/EB)

### RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 87/54/EBE frá 16. desember 1986 um vernd svæðislýsinga smárása á hálfleiðurum <sup>(1)</sup>, einkum 7. mgr. 3. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Samningurinn um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, hér á eftir nefndur WTO-samningurinn, hefur verið undirritaður af hálfu bandalagsins. Samningurinn um hugverkarétt í viðskiptum, hér á eftir nefndur TRIPs-samningurinn, sem fylgir með í viðauka við WTO-samninginn, hefur að geyma ítarleg ákvæði um verndun hugverkaréttinda sem hafa að markmiði að innleiða alþjóðlegar vinnureglur á þessu sviði til að efla alþjóðaviðskipti og koma í veg fyrir að skortur á fullnægjandi og skilvirkri verndun hugverkaréttinda leiði af sér röskun og hindranir í viðskiptum.

Til að tryggja að öll viðeigandi löggjöf bandalagsins sé í fullu samræmi við TRIPs-samninginn verður bandalagið að gera tiltekna ráðstafanir í tengslum við gildandi gerðir bandalagsins um verndun hugverkaréttinda. Þessar ráðstafanir felast í vissum tilvikum í breytingu eða aðlögun á gerðum bandalagsins. Þessar ráðstafanir geta einnig falist í viðbótum við gildandi gerðir bandalagsins.

Tilskipun 87/54/EBE varðar lögvernd svæðislýsinga smárása á hálfleiðurum. Ákvæði 35. til 38. gr. TRIPs-samningsins fjalla um skyldur aðila að Alþjóðaviðskiptastofnuninni með tilliti til verndar formhönnunar (svæðislýsinga) smárása. Samkvæmt 3. mgr. 1. gr. og 3. gr. TRIPs-samningsins verður bandalagið að sjá til þess að ríkisborgarar allra annarra aðila að Alþjóðaviðskiptastofnuninni njóti góðs af slíkri vernd og af innlendi meðferð. Af þeim sökum er nauðsynlegt að rýmka þá vernd sem kveðið er á um í tilskipun 87/54/EBE þannig að hún nái til ríkisborgara allra

aðila að Alþjóðaviðskiptastofnuninni, án þess að gerð sé krafa um gagnvirkni. Fullnægjandi er að beita málsmeðferð 7. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar í þessu skyni.

### ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

#### 1. gr.

Aðildarríkin skulu rýmka lögvernd svæðislýsinga smárása á hálfleiðurum sem kveðið er á um í tilskipun 87/54/EBE eins og hér greinir:

- einstaklingar, sem eru ríkisborgarar eða sem eiga lögheimili á yfirráðasvæði aðila að WTO-samningnum, skulu fá sömu meðferð og væru þeir ríkisborgarar aðildarríkis;
- lögaðilar eða einstaklingar, sem eru með raunverulegan atvinnurekstur í því skyni að búa til svæðislýsingar eða framleiða smárásir á yfirráðasvæði aðila að WTO-samningnum, skulu fá sömu meðferð og lögaðilar eða einstaklingar sem starfrækja raunveruleg iðnaðar- eða verslunarfyrirtæki á yfirráðasvæði aðildarríkis.

#### 2. gr.

- Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. janúar 1995.
- Hún kemur til framkvæmda frá 1. janúar 1996.
- Ákvörðun ráðsins 90/510/EBE frá 9. október 1990 um aukna lögvernd fyrir svæðislýsingar smárása á hálfleiðurum til að ná til einstaklinga frá tilteknum löndum og yfirráðasvæðum <sup>(2)</sup> fellur úr gildi frá þeim degi er þessi ákvörðun kemur til framkvæmda, að svo miklu leyti sem hún varðar rýmkun þeirrar verndar sem kveðið er á um í tilskipun 87/54/EBE þannig að hún nái til landa eða yfirráðasvæða aðila að WTO-samningnum.

#### 3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 22. desember 1994.

Fyrir hönd ráðsins,

**H. SEEHOFER**

forseti.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 349, 31. 12. 1994, bls. 201, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 54/95 frá 22. júní 1995 um breytingu á XVII. viðauka (Hugverkaréttindi) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(<sup>1</sup>) Stjtið. EB nr. L 24, 27. 1. 1987, bls. 36.

(<sup>2</sup>) Stjtið. EB nr. L 285, 17. 10. 1990, bls. 29. Ákvörðuninni var breytt með ákvörðun 93/17/EBE (Stjtið. EB nr. L 11, 19. 1. 1993, bls. 22).

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 96/EES/25/18**

**nr. 55/95**  
**frá 22. júní 1995**

**um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn**

**SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,**

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XVIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/94 frá 21. mars 1994 um breytingu á bókun 47 og tilteknum viðaukum við EES-samninginn<sup>(1)</sup>.

Samkvæmt bókun 14 um stefnu í félagsmálum sem fylgir stofnsáttmála Evrópubandalagsins var samningur um stefnu í félagsmálum gerður milli aðildarríkja Evrópubandalagsins, að undanskildu hinu sameinaða konungsríki Stóra-Bretlands og Norður-Írlands.

Samkvæmt 2. mgr. 2. gr. samningsins um stefnu í félagsmálum samþykkti ráðið tilskipun 94/45/EB frá 22. september 1994 um stofnun evrópsks samstarfsráðs eða samþykkt reglna í fyrirtækjum og fyrirtækjahópum er starfa á bandalagsvísu varðandi upplýsingamiðlun og samráð við starfsmenn<sup>(2)</sup>, en gerðin gildir ekki gagnvart hinu sameinaða konungsríki Stóra-Bretlands og Norður-Írlands samkvæmt 2. gr. bókunar 14.

Tilskipun ráðsins 94/45/EB skal felld inn í samninginn.

**ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:****1. gr.**

Eftirfarandi liður komi aftan við 26. lið (tilskipun ráðsins 92/56/EBE) í XVIII. viðauka við samninginn:

„27. **394 L 0045:** Tilskipun ráðsins 94/45/EB frá 22. september 1994 um stofnun evrópsks samstarfsráðs eða samþykkt reglna í fyrirtækjum og fyrirtækjahópum er starfa á bandalagsvísu varðandi upplýsingamiðlun og samráð við starfsmenn. (Stjttíð. EB nr. L 254, 30. 9. 1994, bls. 64).\*“.

„\*) Tilskipun þessi gildir ekki um hið sameinaða konungsríki Stóra-Bretlands og Norður-Írlands.“

**2. gr.**

Fullgiltur texti tilskipunar ráðsins 94/45/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

**3. gr.**

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. október 1995, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

**4. gr.**

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 22. júní 1995.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

*P. Benavides*

(1) Stjttíð. EB nr. L 160, 28. 6. 1994, bls. 1 og EES-viðbætur við Stjttíð. EB nr. 17, 28. 6. 1994, bls. 1.

(2) Stjttíð. EB nr. L 254, 30. 9. 1994, bls. 64.

## TILSKIPUN RÁÐSINS 94/45/EB

### um stofnun evrópsks samstarfsráðs eða samþykkt reglna í fyrirtækjum og fyrirtækjahópum er starfa á bandalagsvísu varðandi upplýsingamiðlun og samráð við starfsmenn(\*)

#### RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af samningi um félagsmálastefnu sem fylgir með bókun 14 um félagsmálastefnu er fylgir með stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 2. mgr. 2. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(2)</sup>,

í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 189. gr. c í sáttmálanum <sup>(3)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Á grundvelli bókunar um félagsmálastefnu sem fylgir með stofnsáttmála Evrópubandalagsins hafa Konungsríkið Belgía, Konungsríkið Danmörk, Sambandslýðveldið Þýskaland, Lýðveldið Grikkland, Konungsríkið Spánn, Lýðveldið Frakkland, Írland, Lýðveldið Ítalía, Stórhertogadæmið Lúxemborg, Konungsríkið Holland og Lýðveldið Portúgal (hér á eftir nefnd „aðildarríkin“), sem vilja leggja sitt af mörkum til að hrinda ákvæðum félagsmálasáttmálans frá 1989 í framkvæmd, samþykkt samning um félagsmálastefnu.

Ráðinu er heimilt samkvæmt 2. mgr. 2. gr. samningsins að kveða á um lágmarkskröfur með tilskipunum.

Eitt af markmiðum bandalagsins og aðildarríkjanna samkvæmt 1. gr. samningsins er að stuðla að skoðanaskiptum milli vinnuveitenda og launþega.

Í 17. lið stofnskrár bandalagsins um félagsleg grundvallarréttindi launþega er meðal annars kveðið á um miðlun upplýsinga til, samráð við og þátttöku launþega skuli þróa með viðeigandi hætti þar sem tekið er mið af ríkjandi venju í hverju aðildarríki um sig. Í sáttmálanum segir: „Þetta skal einkum gilda um fyrirtæki eða fyrirtækjahópa sem hafa starfsstöðvar eða fyrirtæki í tveimur aðildarríkjum eða fleiri“.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttfö. EB nr. L 254, 30. 9. 1994, bls. 64, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 55/95 frá 22. júní 1995 um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

<sup>(1)</sup> Stjttfö. EB nr. C 135, 18. 5. 1994, bls. 8 og Stjttfö. EB nr. C 199, 21. 7. 1994, bls. 10.

<sup>(2)</sup> Álit var skilað 1. júní 1994 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).

<sup>(3)</sup> Álit Evrópuþingsins frá 4. maí 1994 (Stjttfö. EB nr. C 205, 25. 7. 1994) og sameiginleg afstaða ráðsins frá 18. júlí 1994 (Stjttfö. EB nr. C 244, 31. 8. 1994, bls. 37).

Þrátt fyrir breiða samstöðu meðal meirihluta aðildarríkjanna tókst ráðinu ekki að afgreiða tillögu að tilskipun um stofnun evrópsks samstarfsráðs eða samþykkt reglna í fyrirtækjum og fyrirtækjahópum er starfa á bandalagsvísu varðandi upplýsingamiðlun og samráð við starfsmenn <sup>(4)</sup>, eins og henni var breytt 3. desember 1991 <sup>(5)</sup>.

Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. í samningi um félagsmálastefnu hefur framkvæmdastjórnin haft samráð við vinnuveitendur og launþega víðsvegar í bandalaginu um hvert stefna beri með aðgerðum bandalagsins sem miða að því að upplýsa og eiga samráð við starfsmenn í fyrirtækjum og fyrirtækjahópum er starfa á bandalagsvísu.

Framkvæmdastjórnin álitur, að loknu þessu samráði, að rétt sé að leggja fram áætlun bandalagsins og hefur haft samráð við vinnuveitendur og launþega á ný um efni fyrirhugaðrar tillögu, samkvæmt 3. mgr. 3. gr. samningsins, og hafa vinnuveitendur og launþegar skilað álitu sínu til framkvæmdastjórnarinnar.

Vinnuveitendur og launþegar hafa að ekki loknu öðru þrepi samráðsins látið í ljós vilja sinn við framkvæmdastjórnina um að hefja þá vinnu er leitt gæti til samkomulags eins og kveðið er á um í 4. gr. samningsins.

Starfsemi innri markaðarins felur í sér samfylkingu fyrirtækja, samruna sem nær yfir landamæri, yfirtöku, sameiginleg verkefni og þar af leiðandi fyrirtæki og fyrirtækjahópa sem starfa í fleiri aðildarríkjum. Eigi greinar efnahagslífsins að þróast á samræmdan hátt verða fyrirtæki og fyrirtækjahópar sem starfa í tveimur aðildarríkjum eða fleiri að upplýsa og hafa samráð við fulltrúa þeirra starfsmanna sem ákvarðanir þeirra hafa áhrif á.

Reglur um upplýsingamiðlun og samráð við starfsmenn taka eins og þær birtast í löggjöf aðildarríkjanna eða venjum ekki alltaf mið af því að starfsemi fyrirtækis eða fyrirtækjahóps nær til fleiri landa og að þar eru teknar ákvarðanir er hafa áhrif á þessa starfsmenn. Þetta getur leitt til þess að starfsmönnum, sem ákvarðanir eins og sama fyrirtækis eða fyrirtækjahóps varða, sé mismunað.

<sup>(4)</sup> Stjttfö. EB nr. C 39, 15. 2. 1991, bls. 10.

<sup>(5)</sup> Stjttfö. EB nr. C 336, 31. 12. 1991, bls. 11.

Samþykkinga verður viðeigandi ákvæði til að tryggja að starfsmenn fyrirtækja er starfa á bandalagsvísu fái fullnægjandi upplýsingar og að haft sé samráð við þá þegar ákvarðanir sem hafa áhrif á þá eru teknar í öðru aðildarríki en starfsríkinu.

Til að tryggja að starfsmenn fyrirtækja eða fyrirtækjahópa er starfa í tveimur aðildarríkjum eða fleiri fái fullnægjandi upplýsingar og að haft sé samráð við þá er nauðsynlegt að stofna evrópsk samstarfsráð eða samþykkinga aðrar viðeigandi leiðir til að miðla upplýsingum og efna til samráðs við starfsmenn fleiri landa.

Því er nauðsynlegt að skilgreina hugtakið ráðandi fyrirtæki, sem nær aðeins til þessarar tilskipunar, án þess að fyrirfram sé lagt mat á skilgreiningar á hugtökunum hópur eða yfirráð í textum sem verða samdir síðar.

Aðferðir við upplýsingamiðlun og samráð við starfsmenn slíkra fyrirtækja eða hópa skulu gilda í öllum starfsstöðvum eða, ef við á, fyrirtækjum hópsins sem staðsett eru í aðildarríkjunum, óháð því hvort fyrirtækið eða ráðandi fyrirtæki, ef um hóp er að ræða, hefur aðalstöðvar sínar innan eða utan aðildarríkjanna.

Í samræmi við meginregluna um sjálfræði aðila skulu fulltrúar starfsmanna og stjórn fyrirtækis eða stjórn ráðandi fyrirtækis hópsins semja um eðli, skipan, hlutverk, rekstrarlag, starfsreglur og fjárhagslegan grundvöll evrópskra samstarfsráða eða aðrar reglur um upplýsingamiðlun og samráð sem henta þeim.

Í samræmi við dreifræðisregluna skulu aðildarríkin ákveða hverjir skulu vera fulltrúar starfsmanna og sjá til þess, ef ástæða þykir til, að jafnræðis sé gætt varðandi fulltrúafjölda mismunandi starfsmannahópa.

Þó skal setja ákvæði um að tiltekna dreifræðiskröfur skuli gilda ef aðilar ákveða slíkt eða neiti aðalstjórnin að hefja viðræður eða leiði viðræðurnar ekki til samkomulags.

Enn fremur geta fulltrúar starfsmanna ákveðið að sækjast ekki eftir því að stofna evrópskt samstarfsráð eða hlutaðeigandi aðilar ákveðið aðrar reglur um upplýsingamiðlun og samráð við starfsmenn í fleiri löndum.

Með fyrirvara um þann möguleika að aðilar ákveði annað skal, til að fullnægja markmiðum þessarar tilskipunar, upplýsa og hafa samráð við evrópska samstarfsráðið, sem er stofnað ef samkomulag hefur ekki náðst milli aðila um starfsemi fyrirtækis eða fyrirtækjahóps, svo að það geti metið áhrif á hagsmuni starfsmanna í að minnsta kosti tveimur aðildarríkjum. Í því skyni verður fyrirtækið eða ráðandi fyrirtæki að veita tilnefndum fulltrúum starfsmanna almennar upplýsingar um það er varðar hagsmuni starfsmanna og upplýsingar er lúta sérstaklega að þeim þætti starfsemi fyrirtækis eða fyrirtækjahóps er hefur áhrif á hagsmuni starfsmanna. Evrópska samstarfsráðinu verður að vera unnt að leggja fram álit í lok þess fundar.

Veita verður upplýsingar og hafa samráð við tilnefnda fulltrúa starfsmanna sem fyrst um tiltekna ákvarðanir er hafa umtalsverð áhrif á hagsmuni starfsmanna.

Setja ætti ákvæði um að fulltrúar starfsmanna er starfa samkvæmt ákvæðum tilskipunarinnar skuli við störf sín njóta sömu verndar og trygginga og slíkir fulltrúar njóta samkvæmt löggjöf og/eða venju í starfslandinu. Óheimilt er að beita þá misrétti vegna löglegrar starfa þeirra og þeir skulu njóta viðunandi verndar gagnvart uppsögnum og öðrum refsiaðgerðum.

Ef fyrirtæki eða ráðandi fyrirtæki hóps hefur aðalstjórn utan yfirráðasvæðis aðildarríkjanna skal fulltrúi þess á yfirráðasvæði aðildarríkjanna sem er tilnefndur í þessu skyni eða, ef slíkur fulltrúi er ekki fyrir hendi, starfsstöð eða ráðandi fyrirtæki sem hefur flesta starfsmenn í aðildarríkjunum hrinda ákvæðum um upplýsingamiðlun og samráð sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun í framkvæmd.

Þau fyrirtæki og fyrirtækjahópar er starfa á bandalagsvísu þar sem samkomulag sem nær til alls vinnuafslins er til staðar, þegar þessi tilskipun öðlast gildi, og veita upplýsingar og hafa samráð við starfsmenn fleiri landa skulu njóta sérstakrar meðferðar.

Aðildarríkin verða að gera viðeigandi ráðstafanir ef ekki er staðið við þær skuldbindingar sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun.

## SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

### I. ÞÁTTUR

#### ALMENN ÁKVÆÐI

##### 1. gr.

##### Markmið

1. Markmiðið með þessari tilskipun er að bæta rétt starfsmanna til upplýsinga og samráðs í fyrirtækjum og fyrirtækjahópum er starfa á bandalagsvísu.
2. Í því skyni skal stofna evrópskt samstarfsráð eða setja reglur í hverju fyrirtæki og hverjum fyrirtækjahópi er starfar á bandalagsvísu varðandi upplýsingamiðlun og samráð við starfsmenn, þegar farið er fram á það með þeim hætti sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 5. gr., með það í huga að veita starfsmönnum upplýsingar og hafa við þá samráð með þeim skilmálum, hætti og áhrifum sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun.
3. Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. skal stofna evrópskt samstarfsráð innan fyrirtækjahóps í skilningi c-liðar 1. mgr. 2. gr. er samanstendur af einu eða fleiri fyrirtækjum eða fyrirtækjahópum er starfa á bandalagsvísu í skilningi a- eða c-liðar 1. mgr. 2. gr., nema kveðið sé á um annað í samkomulagi sem vísað er til 6. gr.
4. Nema kveðið sé á um víðara gildissvið í samkomulagi sem um getur í 6. gr. skal valdsvið evrópskra samstarfsráða og umfang

reglna um upplýsingamiðlun og samráð sem settar eru til að ná fram þeim markmiðum sem tilgreind eru í 1. mgr., að því er varðar fyrirtæki er starfar á bandalagsvísu, ná til allra starfsstöðva sem staðsettar eru í aðildarríkjunum og, að því er varðar fyrirtækjahóp er starfar á bandalagsvísu, til allra fyrirtækja hópsins með aðsetur í aðildarríkjunum.

5. Aðildarríkin geta kveðið á um að tilskipun þessi taki ekki til áhafna á farskipum.

## 2. gr.

### Skilgreiningar

1. Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „fyrirtæki er starfar á bandalagsvísu“: fyrirtæki með minnst 1 000 starfsmenn í aðildarríkjunum og minnst 150 starfsmenn í minnst tveimur aðildarríkjum hvoru um sig;
- b) „fyrirtækjahópur“: ráðandi fyrirtæki og undirfyrirtæki þess;
- c) „fyrirtækjahópur er starfar á bandalagsvísu“: fyrirtækjahópur sem uppfyllir eftirfarandi skilyrði:
  - hefur minnst 1 000 starfsmenn í aðildarríkjunum,
  - samanstendur af minnst tveimur fyrirtækjum í mismunandi aðildarríkjunum, og
  - samanstendur af minnst einu fyrirtæki með minnst 150 starfsmenn í einu aðildarríki og minnst einu öðru fyrirtæki með minnst 150 starfsmenn í öðru aðildarríki;
- d) „fulltrúar starfsmanna“: fulltrúar starfsmanna sem kveðið er á um í landslögum og/eða venju;
- e) „aðalstjórn“: aðalstjórn fyrirtækis er starfar á bandalagsvísu eða ráðandi fyrirtækis ef um er að ræða fyrirtækjahóp er starfar á bandalagsvísu;
- f) „samráð“: skoðanaskipti og viðræður milli fulltrúa starfsmanna og aðalstjórnar eða stjórnenda á öðru stjórnunarstigi sem á betur við;
- g) „evrópskt samstarfsráð“: ráð sem er stofnuð í samræmi við 2. mgr. 1. gr. eða ákvæði viðaukans með það í huga að upplýsa og hafa samráð við starfsmenn;
- h) „sérstakt samningaráð“: ráð sem er stofnað í samræmi við 2. mgr. 5. gr. til að semja við aðalstjórnina um stofnun evrópsks samstarfsráðs eða samþykkt reglna um upplýsingamiðlun og samráð við starfsmenn í samræmi við 2. mgr. 1. gr.

2. Í þessari tilskipun skulu kröfur um fjölda starfsmanna grundvallaðar á meðalfjölda starfsmanna, að meðtöldum starfsmönnum í hlutastörfum sem hafa starfað í tvö næstliðin ár, reiknað samkvæmt landslögum og/eða venju.

## 3. gr.

### Skilgreining á hugtakinu „ráðandi fyrirtæki“

1. Í þessari tilskipun merkir hugtakið „ráðandi fyrirtæki“ fyrirtæki sem nýtur yfirburðastöðu gagnvart öðru fyrirtæki („undirfyrirtæki“) t.d. í krafti eignarréttar, hlutafjáreignar eða stjórnunarreglna.

2. Fyrirtæki er í ráðandi aðstöðu, nema fram komi sannanir um annað, gagnvart öðru fyrirtæki þegar það beint eða óbeint:

- a) á meirihluta skráðs hlutafjár í hlutaðeigandi fyrirtæki; eða
- b) ræður yfir meirihluta atkvæða vegna hlutafjáreignar í fyrirtækinu; eða
- c) hefur rétt til að tilnefna yfir helming fulltrúa í stjórn fyrirtækisins eða meirihluta þeirra sem hafa umsjón eða eftirlit fyrirtækisins með höndum.

3. Að því er 2. mgr. varðar felst í rétti ráðandi fyrirtækis varðandi kjör og tilnefningu jafnframt réttur annars undirfyrirtækis og einstaklings eða aðila sem kemur fram í eigin nafni eða nafni fyrirtækisins en fyrir hönd hins ráðandi fyrirtækis eða undirfyrirtækis.

4. Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. telst fyrirtæki ekki vera „ráðandi fyrirtæki“ gagnvart öðru fyrirtæki sem það á eignarhlut í ef fyrra fyrirtækið er félag sem um getur í a- eða c-lið 5. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89 frá 21. desember 1989 um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja <sup>(1)</sup>.

5. Ráðandi aðstaða telst ekki fyrir hendi ef aðeins er um það að ræða að embættismaður sinnir störfum sínum samkvæmt lögum aðildarríkis við uppgjör, slit, gjaldþrot, greiðslustöðvun, nauðungarsamninga eða sambærilegar aðgerðir.

6. Beita skal lögum aðildarríkisins sem gilda um fyrirtæki til að skera úr um hvort það teljist „ráðandi fyrirtæki“.

Ef lögin sem gilda um fyrirtækið eru ekki lög aðildarríkis gilda lög þess aðildarríkis þar sem fulltrúi fyrirtækisins hefur aðsetur eða, ef slíkur fulltrúi er ekki fyrir hendi, aðalstjórn þess fyrirtækis fyrirtækjahópsins sem hefur flesta starfsmenn.

7. Ef lög stangast á við beitingu 2. mgr. og tvö eða fleiri fyrirtæki úr hópi fullnægja einni eða fleiri af þeim viðmiðunum sem mælt er fyrir um í málsgreininni, skal telja fyrirtæki sem fellur undir viðmiðun c-liðar ráðandi fyrirtæki með fyrirvara um sönnun þess að annað fyrirtæki geti haft yfirráð.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989, bls. 1.



## II. ÞÁTTUR

**UM STOFNUN EVRÓPSKS SAMSTARFSRÁÐS EÐA  
SAMÞYKKT REGNA UM UPPLÝSINGAMIÐLUN OG  
SAMRÁÐ VIÐ STARFSMENN**

**4. gr.**

**Ábyrgð á stofnun evrópsks samstarfsráðs eða samþykkt reglna um upplýsingamiðlun og samráð við starfsmenn**

1. Aðalstjórnin ber ábyrgð á að skapa nauðsynleg skilyrði fyrir stofnun evrópsks samstarfsráðs eða samþykkt reglna um upplýsingamiðlun og samráð, eins og kveðið er á um í 2. mgr. 1. gr., í fyrirtækjum og fyrirtækjahópi sem starfa á bandalagsvísu.

2. Ef aðalstjórn hefur ekki aðsetur í aðildarríki skal fulltrúi aðalstjórnar í aðildarríki, sem skal tilnefndur ef nauðsyn krefur, bera þá ábyrgð sem um getur í 1. mgr.

Ef slíkur fulltrúi er ekki fyrir hendi skal stjórn starfsstöðvar eða þess fyrirtækis fyrirtækjahópsins sem hefur flesta starfsmenn í einu aðildarríki bera þá ábyrgð sem um getur í 1. mgr.

3. Að því er þessa tilskipun varðar skal fulltrúi eða fulltrúar eða, ef þeir eru ekki fyrir hendi, sú stjórn sem um getur í annari undirgrein 2. mgr. teljast vera aðalstjórn.

**5. gr.****Sérstakt samningaráð**

1. Til þess að unnt sé að ná markmiðum 1. mgr. 1. gr. skal aðalstjórnin, að eigin frumkvæði eða fyrir skriflega beiðni minnst 100 starfsmanna eða fulltrúa þeirra í að minnsta kosti tveimur fyrirtækjum eða starfsstöðvum í minnst tveimur aðildarríkjum, hefja samningaviðræður um stofnun evrópsks samstarfsráðs eða samþykkt reglna um upplýsingamiðlun og samráð.

2. Skipa skal sérstakt samningaráð í þessu skyni í samræmi við eftirtaldir viðmiðunarreglur:

- a) Aðildarríkin skulu ákveða með hvaða hætti skal kjósa eða tilnefna þann fulltrúa í samningaráðið sem skal kjósa eða tilnefna á yfirráðasvæðum þeirra.

Aðildarríkin skulu tryggja að starfsmenn í fyrirtækjum og/eða starfsstöðvum þar sem starfsmenn hafa engan fulltrúa, og við þá er ekki að sakast, hafi rétt til að kjósa eða tilnefna fulltrúa í fyrrnefnt samningaráð.

Önnur undirgrein er með fyrirvara um landslög og/eða venju þar sem mælt er fyrir um takmarkanir vegna fulltrúaráða starfsmanna.

- b) Í samningaráðinu skulu vera minnst þrjú og mest 17 fulltrúar.

- c) Við kosningu eða tilnefningu skal tryggja:

- í fyrsta lagi, að einn fulltrúi sé fyrir hvert aðildarríki þar sem fyrirtæki á bandalagsvísu starfar með eina eða fleiri starfsstöðvar eða þar sem fyrirtækjahópur er starfar á bandalagsvísu hefur ráðandi fyrirtæki eða eitt eða fleiri undirfyrirtæki,

- í öðru lagi, að viðbótarfulltrúar séu í hlutfalli við fjölda starfsmanna í starfsstöðvum, ráðandi fyrirtæki eða undirfyrirtækjum eins og mælt er fyrir um í löggjöf aðildarríkisins þar sem aðalstjórnin hefur aðsetur.

- d) Veita skal aðalstjórninni og staðbundnum stjórnnum upplýsingar um skipan samningaráðsins.

3. Samningaráðið hefur það hlutverk að ákveða, ásamt aðalstjórninni, með skriflegu samkomulagi, gildissvið, skipan, hlutverk og skipunartíma evrópsks(ra) samstarfsráðs(-ráða) eða með hvaða hætti standa skuli að upplýsingamiðlun og samráði við starfsmenn.

4. Með það í huga að ná samkomulagi í samræmi við 6. gr. skal aðalstjórnin boða til fundar í samningaráðinu. Hún skal tilkynna staðbundnum stjórnnum um það.

Samningaráðið getur notið aðstoðar sérfræðinga að eigin vali meðan á samningaviðræðum stendur.

5. Samningaráðið getur ákveðið, með minnst tveimur þriðju hlutum atkvæða, að hefja ekki samningaviðræður í samræmi við 4. mgr. eða binda enda á samningaviðræður sem þegar eru hafnar.

Slík ákvörðun bindur enda á þá gerð samkomulags sem um getur í 6. gr. Þegar slík ákvörðun hefur verið tekin gilda ákvæði viðaukans ekki.

Kalla má samningaráðið saman að nýju í fyrsta lagi tveimur árum eftir að ofangreind ákvörðun er tekin nema hlutaðeigandi aðilar mæli fyrir um skemmri tíma.

6. Aðalstjórnin skal bera þann kostnað sem hlýst af samningaviðræðunum sem um getur í 3. og 4. mgr. þannig að samningaráðinu sé gert kleift að sinna verkefnum sínum með eðlilegum hætti.

Í samræmi við þessa reglu geta aðildarríkin mælt fyrir um reglur um fjárhagsáætlun fyrir samningaráðið. Þau geta t.d. takmarkað fjárframlög þannig að einungis sé leitað til eins sérfræðings.

**6. gr.****Efni samkomulagsins**

1. Samningaviðræður aðalstjórnar og samningaráðsins skulu fara fram í anda samvinnu með það í huga að ná samkomulagi um nákvæmar viðmiðunarreglur varðandi upplýsingamiðlun og samráð við starfsmenn sem kveðið er á um í 1. mgr. 1. gr.

2. Með fyrirvara um sjálfræði aðila skal í samkomulagi sem um getur í 1. mgr. milli aðalstjórnar og samningaráðsins ákveða:

- hvaða fyrirtæki úr fyrirtækjahópi er starfar á bandalagsvísu eða starfsstöðvar fyrirtækis er starfar á bandalagsvísu falla undir samkomulagið;
- hvernig evrópska samstarfsráðið er skipað, fjölda fulltrúa, úthlutun sæta og skipunartíma;
- hlutverk það sem evrópska samstarfsráðið gegnir og upplýsingamiðlun og samráð á þess vegum;
- hvar evrópska samstarfsráðið skal hittast, hversu oft og hve lengi;
- hvert fjármagn og aðbúnaður evrópska samstarfsráðsins skal vera;
- hver gildistími samkomulags skal vera og reglur um viðræður varðandi framlengingu þess.

3. Aðalstjórnin og samningaráðið geta tekið skriflega ákvörðun um að setja eina eða fleiri reglur um upplýsingamiðlun og samráð í stað þess að skipa evrópska samstarfsráðið.

Í samkomulaginu skulu fastsettar reglur um fundi fulltrúa starfsmanna þar sem fjallað er um þær upplýsingar sem þeim berast.

Þessar upplýsingar skulu einkum vera um málefni er varða fleiri lönd og hafa umtalsverð áhrif á hagsmuni starfsmanna.

4. Samkomulag samkvæmt 2. og 3. mgr. fellur ekki undir kröfur um dreifræði í viðaukanum, nema í því sé ákvæði um annað.

5. Samningaráðið skal afgreiða samkomulag samkvæmt 2. og 3. mgr. með meirihluta fulltrúa.

#### 7. gr.

##### Kröfur um dreifræði

1. Til þess að unnt sé að ná markmiði 1. mgr. 1. gr. skulu kröfur um dreifræði í löggjöf aðildarríkisins þar sem aðalstjórnin hefur aðsetur gilda:

- ef aðalstjórnin og samningaráðið ákveða það, eða
- ef aðalstjórnin neitar að hefja samningaviðræður innan sex mánaða frá því að beiðni samkvæmt 1. mgr. 5. gr. kemur fram, eða
- ef ekki hefur tekist að ganga frá samkomulagi þremur árum eftir dagsetningu beiðninnar, eins og mælt er fyrir um í 6. gr., og samningaráðið hefur ekki tekið ákvörðun sem kveðið er á um í 5. mgr. 5. gr.

2. Kröfur um dreifræði samkvæmt 1. mgr. sem hafa verið samþykktar í aðildarríkjunum verða að vera í samræmi við ákvæði viðaukans.

### III. ÞÁTTUR

#### ÝMIS ÁKVÆÐI

##### 8. gr.

##### Trúnaðarupplýsingar

1. Aðildarríkin skulu kveða á um að fulltrúum í sérstökum samningaráðum eða evrópskum samstarfsráðum og sérfræðingum sem eru þeim til aðstoðar sé óheimilt að láta í té upplýsingar sem þeim hafa verið veittar í trúnaði.

Hið sama gildir um fulltrúa starfsmanna sem starfa samkvæmt reglum um upplýsingamiðlun og samráð.

Þessi kvöð fylgir þeim einstaklingum sem um getur í fyrstu og annarri undirgrein hvar sem þeir eru og einnig eftir að skipunartími þeirra er á enda.

2. Hvert aðildarríki um sig skal kveða á um, í sérstökum tilvikum og með þeim skilyrðum og takmörkunum sem mælt er fyrir um í landslögum, að aðalstjórnin, sem hefur aðsetur á yfirráðasvæði þess, sé ekki skuldbundin til að veita upplýsingar ef þær eru þess eðlis, samkvæmt hlutlægu mati, að það geti haft skaðleg áhrif á starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja eða verið þeim skaðlegar.

Aðildarríki getur gert það að skilyrði fyrir slíkri undanþágu að fyrst liggja fyrir til þess stjórnsýslulegar eða réttarfarlegar heimildir.

3. Hvert aðildarríki um sig getur sett sérstök ákvæði varðandi aðalstjórnir fyrirtækja með aðsetur á yfirráðasvæðum þeirra, sem vilja með beinum hætti veita hugmyndafræðilega leiðsögn að því er varðar upplýsingar og framsetningu álita, með því skilyrði að þau hafi verið samþykkt og tekin upp í landslög áður en þessi tilskipun verður samþykkt.

##### 9. gr

##### Starf evrópsks samstarfsráðs og reglur um upplýsingamiðlun og samráð við starfsmenn

Aðalstjórnin og evrópska samstarfsráðið skulu starfa í anda samvinnu með tilhlýðilegu tilliti til gagnkvæmra réttinda og skuldbindinga.

Hið sama gildir um samvinnu milli aðalstjórnar og fulltrúa starfsmanna er starfa samkvæmt reglum um upplýsingamiðlun og samráð við starfsmenn.

##### 10. gr.

##### Verndun fulltrúa starfsmanna

Fulltrúar í samningaráðinu, fulltrúar í evrópska samstarfsráðinu og fulltrúar starfsmanna er starfa samkvæmt reglum sem um

getur í 3. mgr. 6. gr. skulu við störf sín njóta sömu verndar og trygginga og kveðið er á um fyrir fulltrúa starfsmanna í gildandi landslögum og/eða venjum í starfslandi þeirra.

Þetta á einkum við um fundarsetu í sérstökum samningaráðum eða evrópskum samstarfsráðum eða aðra fundi er falla undir samkomulag sem um getur í 3. mgr. 6. gr. og greiðslu launa til fulltrúa, sem starfa hjá fyrirtæki er starfar á bandalagsvísu eða fyrirtækjahópi er starfar á bandalagsvísu, fyrir nauðsynlega fjarveru vegna skyldustarfa þeirra.

#### 11. gr.

##### Ákvæði tilskipunarinnar uppfyllt

1. Hvert aðildarríki um sig skal tryggja að stjórn starfsstöðva fyrirtækis er starfar á bandalagsvísu og stjórn fyrirtækja sem eru hluti af fyrirtækjahópi er starfar á bandalagsvísu með aðsetur á yfirlýðingum þeirra og fulltrúa starfsmanna þeirra eða, eftir því sem við á, starfsmenn uppfylli þær skuldbindingar sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, óháð því hvort aðalstjórnin hefur aðsetur á yfirlýðingum þeirra.

2. Aðildarríkin skulu tryggja að fyrirtækin veiti upplýsingar um fjölda starfsmanna sem um getur í a- og c-lið 1. mgr. 2. gr. að beiðni hlutaðeigandi aðila sem þessi tilskipun varðar.

3. Aðildarríkin skulu kveða á um viðeigandi ráðstafanir ef ekki er farið að þessari tilskipun; einkum skulu þau tryggja stjórnarfarslega og réttarfarslega málsmeðferð svo að unnt sé að standa við þær skuldbindingar sem af þessari tilskipun leiðir.

4. Ef aðildarríkin beita 8. gr. skulu þau setja ákvæði um áfrýjun til stjórnvalda og dómstóla fyrir fulltrúa starfsmanna þegar aðalstjórnin krefst trúnaðar eða veitir ekki upplýsingar í samræmi við þá grein.

Slíkar reglur geta falið í sér reglur um trúnað vegna þeirra upplýsinga sem um ræðir.

#### 12. gr.

##### Tengsl þessarar tilskipunar og annarra ákvæða

1. Þessi tilskipun gildir með fyrirvara um ráðstafanir sem gerðar eru samkvæmt tilskipun ráðsins 75/129/EBE frá 17. febrúar 1975 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um hópuppsagnir <sup>(1)</sup>, og tilskipun ráðsins 77/187/EBE frá 14. febrúar 1977 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um vernd launþega við eigendaskipti að fyrirtækjum, atvinnurekstri eða hluta atvinnurekstrar <sup>(2)</sup>.

2. Þessi tilskipun skal vera með fyrirvara um rétt starfsmanna til upplýsinga og samráðs samkvæmt landslögum.

#### 13. gr.

##### Gildandi samningar

1. Með fyrirvara um ákvæði 2. mgr. eiga skuldbindingar sem hljóta af þessari tilskipun ekki við um fyrirtæki er starfa á bandalagsvísu eða fyrirtækjahópa er starfa á bandalagsvísu þar sem fyrir hendi er, þann dag sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 14. gr. um framkvæmd þessarar tilskipunar eða þann dag sem hún verður lögfest í viðkomandi aðildarríki verði það fyrir framangreindan dag, samkomulag sem nær til alls vinnuafllsins um upplýsingamiðlun og samráð við starfsmenn fleiri landa.

2. Þegar samkomulag sem um getur í 1. mgr. fellur úr gildi geta aðilar að samkomulaginu ákveðið sameiginlega að endurnýja það.

Ef það gerist ekki skulu ákvæði þessarar tilskipunar gilda.

#### 14. gr.

##### Lokaákvæði

1. Aðildarríkin skulu samþykka nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 22. september 1996 eða tryggja eigi síðar en þann dag að vinnuveitendur og launþegar samþykki nauðsynleg ákvæði með samkomulagi sínu í milli og eru aðildarríkin þá skuldbundin til að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að gera þeim ætíð kleift að tryggja þann árangur sem náðst hefur með þessari tilskipun. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

2. Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

#### 15. gr.

##### Endurskoðun framkvæmdastjórnar

Eigi síðar en 22. september 1999 skal framkvæmdastjórnin í samráði við aðildarríkin og vinnuveitendur og launþega í Evrópu endurskoða framkvæmdaákvæði þessarar tilskipunar, einkum til að rannsaka hvort takmörk varðandi fjölda starfsmanna séu við hæfi með það í huga að leggja til viðeigandi breytingar við ráðið, ef nauðsyn krefur.

#### 16. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 22. september 1994.

Fyrir hönd ráðsins,

*N. BLÜM*

forseti.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 48, 22. 2. 1975, bls. 29. Reglugerðinni var síðast breytt með tilskipun 92/56/EBE (Stjtið. EB nr. L 245, 26. 8. 1992, bls. 3).

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. L 61, 5. 3. 1977, bls. 26.

# VIÐAUKI

## KRÖFUR UM DREIFRÆÐI

### sem um getur í 7. gr. tilskipunarinnar

1. Til þess að ná markmiði 1. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar og í þeim tilvikum sem kveðið er á um í 1. mgr. 7. gr. tilskipunarinnar skulu eftirfarandi reglur gilda um stofnun, skipan og valdsvið evrópska samstarfsráðsins:

- a) Valdsvið evrópska samstarfsráðsins skal takmarkast við upplýsingamiðlun og samráð um málefni er snerta fyrirtæki er starfar á bandalagsvísu, eða fyrirtækjahóp er starfar á bandalagsvísu sem ein heild eða minnst tvær starfsstöðvar eða fyrirtæki hans sem hafa aðsetur í mismunandi aðildarríkjum.

Að því er varðar fyrirtæki eða fyrirtækjahópa sem um getur í 2. mgr. 4. gr. skal valdsvið evrópska samstarfsráðsins takmarkast við þau málefni er snerta allar starfsstöðvar þeirra eða fyrirtæki sem hafa aðsetur í aðildarríkjunum eða snerta minnst tvær starfsstöðvar þeirra eða tvö fyrirtæki með aðsetur í mismunandi aðildarríkjum.

- b) Evrópska samstarfsráðið skal skipað starfsmönnum fyrirtækis sem starfar á bandalagsvísu eða fyrirtækjahóps er starfar á bandalagsvísu, sem fulltrúar starfsmanna eða, ef þeir er ekki til staðar, allir starfsmenn kjósa eða tilnefna úr hópi starfsmanna.

Kosning eða tilnefning fulltrúa í evrópska samstarfsráðið skal fara fram í samræmi við landslög og/eða venju.

- c) Í evrópska samstarfsráðinu skulu vera minnst þrjú fulltrúar og mest 30.

Ef stærð ráðsins gefur tilefni til slíks skal kjósa í undirnefnd úr hópi fulltrúa sem í eru mest þrjú nefndarmenn.

Ráðið setur sér starfsreglur.

- d) Tryggja verður við kosningu eða tilnefningu fulltrúa í evrópska samstarfsráðið:

- í fyrsta lagi, að einn meðlimur sé fulltrúi fyrir hvert aðildarríki þar sem fyrirtæki er starfar á bandalagsvísu á eina eða fleiri starfsstöðvar eða fyrirtækjahópur er starfar á bandalagsvísu hefur ráðandi fyrirtæki eða eitt eða fleiri undirfyrirtæki,
- í öðru lagi, að viðbótarfulltrúar séu í hlutfalli við fjölda starfsmanna í starfsstöðinni, ráðandi fyrirtæki eða undirfyrirtækjum, eins og mælt er fyrir um í löggjöf aðildarríkisins þar sem aðalstjórnin hefur aðsetur.

- e) Aðalstjórn eða stjórnendur á öðru stjórnunarstigi sem á betur við skulu fá upplýsingar um skipan evrópska samstarfsráðsins.

- f) Fjórum árum eftir að evrópska samstarfsráðið hefur verið stofnað skal það kanna hvort hefja eigi viðræður um gerð samkomulags sem um getur í 6. gr. tilskipunarinnar eða viðhalda kröfum um dreifræði sem samþykktar eru í samræmi við þennan viðauka.

Ákvæði 6. og 7. gr. skulu gilda að breyttu breytanda hafi ákvörðun verið tekin um viðræður varðandi samkomulag í samræmi við 6. gr. tilskipunarinnar, þar sem „evrópskt samstarfsráð“ komi í stað „sérstaka samningaráðsins“.

2. Evrópska samstarfsráðið hefur rétt til að hitta aðalstjórnina einu sinni á ári til upplýsingar og samráðs á grundvelli skýrslu sem aðalstjórnin tekur saman um rekstur fyrirtækja er starfa á bandalagsvísu eða fyrirtækjahóps er starfar á bandalagsvísu og rekstrarhorfur. Staðbundnar stjórnir skulu jafnframt fá upplýsingar.

Fundurinn skal einkum fjalla um skipulag, efnahagslega og fjárhagslega stöðu, líklega þróun rekstursins og framleiðslu og sölu, ástand og horfur í atvinnumálum, fjárfestingar og umtalsverðar breytingar er varða skipulag, innleiðingu nýrra vinnuhátta eða framleiðsluáferða, flutning framleiðslu, samruna, niðurskurð eða lokun fyrirtækja, starfsstöðva eða annarra mikilvægra hluta þeirra og hópuppsagnir.

3. Ef fyrir hendi eru sérstakar aðstæður sem hafa umtalsverð áhrif á hagsmuni starfsmanna einkum flutningur, lokun starfsstöðva eða fyrirtækja eða hópuppsagnir, skal undirnefndin eða, ef hún er ekki fyrir hendi, evrópska samstarfsráðið eiga rétt á upplýsingum. Hún hefur rétt til að hitta að eigin ósk aðalstjórn, eða stjórnendur á öðru stjórnunarstigi sem á betur við, fyrirtækis er starfar á bandalagsvísu eða fyrirtækjahóps með eigin ákvörðunarrétt til þess að fá upplýsingar og hafa samráð um mikilvægar ráðstafanir sem hafa umtalsverð áhrif á hagsmuni starfsmanna.

Þeir fulltrúar í evrópska samstarfsráðinu sem hafa verið kjörnir eða tilnefndir af starfsstöðvum og/ eða fyrirtækjum og viðkomandi ráðstafanir hafa bein áhrif á skulu einnig eiga rétt á að taka þátt í fundum sem ráðgerðir eru með undirnefndinni.

Þessi upplýsinga- og samráðsfundur skal haldinn eins fljótt og unnt er á grundvelli skýrslu sem aðalstjórn, eða stjórnendur á öðru stjórnunarstigi sem á betur við, í fyrirtæki eða fyrirtækjahópi er starfar á bandalagsvísu semur; heimilt er að leggja fram álit á skýrslunni í fundarlok eða innan hæfilegs tímafrests.

Þessi fundur hefur ekki áhrif á heimildir aðalstjórnar.

4. Aðildarríkjunum er heimilt að mæla fyrir um reglur um forsæti á fundum sem varða upplýsingamiðlun og samráð.

Áður en fundur er haldinn með aðalstjórninni eiga evrópska samstarfsráðið eða undirnefndin, sem er stækkuð ef nauðsyn krefur í samræmi við aðra málsgrein 3. liðar, rétt á að funda án þess að hlutaðeigandi stjórn sé viðstödd.

5. Með fyrirvara um 8. gr. tilskipunarinnar skulu fulltrúar í evrópska samstarfsráðinu veita fulltrúum starfsmanna í starfsstöðvum eða fyrirtækjum í fyrirtækjahópi er starfar á bandalagsvísu eða, ef þeir eru ekki fyrir hendi, öllum starfsmönnum vitneskju um efni og innihald upplýsinga og samráðs sem fram fer í samræmi við þennan viðauka.
6. Evrópska samstarfsráðið eða undirnefndin geta leitað aðstoðar sérfræðinga að eigin vali sé slíkt nauðsynlegt vegna starfa þeirra.
7. Aðalstjórnin greiðir rekstarkostnað evrópska samstarfsráðsins.

Hlutaðeigandi aðalstjórn skal útvega fulltrúum evrópska samstarfsráðsins það fjármagn og þá aðstöðu sem þeim er nauðsynleg til að sinna skyldum sínum.

Einkum skal aðalstjórn greiða kostnað vegna skipulags funda og aðstöðu vegna túlkunar og gisti- og ferðakostnað fulltrúa evrópska samstarfsráðsins og undirnefndar hennar, nema samið sé um annað.

Í samræmi við þessar meginreglur geta aðildarríkin samþykkt reglur um fjárhagsáætlun vegna starfsemi evrópska samstarfsráðsins. Þau geta t.d. ákveðið að gera aðeins ráð fyrir greiðslu til eins sérfræðings.

# EFTA-STOFNANIR

## EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

Ákvörðun eftirlitsstofnunar

96/EES/25/19

EFTA nr. 23/96/COL

frá 6. mars 1996

### um sjöundu breytingu á „Málsmeðferð og efni reglna á sviði ríkisaðstoðar” (nýjar reglur um ríkisaðstoð við gerviefnaiðnaðinn)

Með ákvörðun sinni 6. mars 1996 ákvað eftirlitsstofnun EFTA að innleiða nýjar reglur um ríkisaðstoð við gerviefnaiðnaðinn. Eftirfarandi breytingar verða því á „Málsmeðferð og efni reglna á sviði ríkisaðstoðar”<sup>(1)</sup>, sem voru samþykktar 19. janúar 1994<sup>(2)</sup> og síðast breytt 6. desember 1995<sup>(3)</sup>:

Í stað 22. kafla komi eftirfarandi:

„22. Aðstoð við gerviefnaiðnaðinn<sup>(4)</sup>

#### 22.1. UMFANG EFTIRLITS

- 1) Eftirfarandi reglur um aðstoð við gerviefnaiðnaðinn gilda um allar tegundir aðstoðar, án tillits til stærðar fyrirtækisins sem getur vænst aðstoðar, að undanskilinni aðstoð vegna starfsþjálfunar eða endurþjálfunar samkvæmt áætlunum sem eftirlitsstofnun EFTA hefur samþykkt eða aðstoð samkvæmt áætlunum sem stofnunin hefur samþykkt og fellur annaðhvort undir reglurnar um aðstoð á sviði umhverfisverndar<sup>(5)</sup> eða reglurnar um aðstoð við rannsóknir og þróunarverkefni<sup>(6)</sup>.
- 2) Hvað varðar almennar tegundir af trefjum og garni, fjölleiðuinnihald þeirra og lokanot þá gilda reglurnar um allar tegundir af grunntrefjum og þráðgarni úr pólýester, pólýamíð, akrýl eða pólýprópýlen, án tillits til lokanota þessara efna.
- 3) Hvað varðar vinnslu gilda reglurnar um aðstoð sem veitt er

beint til útpressunar, yfirborðsgerðar eða fjölleiðunar (þar með talinnar fjölþéttingar) svo fremi vinnslan sé samhæfð framleiðslunni í vélum þeim sem eru notaðar við útpressunina, eða um aðstoð sem veitt er beint til hverskonar skyldrar vinnslu sem í viðkomandi atvinnugrein fellur alla jafna að útpressun eða yfirborðsgerð vegna vélanna sem notaðar eru við framleiðsluna.

- 4) Reglurnar gilda ekki um beina aðstoð til vinnslu á undan fjölleiðun - t.d. framleiðslu á einliðum. Á sama hátt gilda reglurnar ekki um vinnslu á eftir útpressun eða yfirborðsgerð sem í viðkomandi atvinnugrein er alla jafna ekki samhæfð framleiðslu í vélum sem eru notaðar við útpressun eða yfirborðsgerð. Að lokum gilda reglurnar ekki um vinnslu í tengslum við útpressun á garni ef útpressaða garnið er einungis ætlað til að búa til úr því spunaefni til að framleiða óofnar vörur. Stöðugar nýjungar og mikill vöxtur á sér stað í iðnaði með óofin efni og hvorki er auðvelt né ódyrt að laga vélar sem eru notaðar til útpressunar á þessum tegundum af garni að framleiðslu á grunntrefjum eða þráðgarni.

#### 22.2. SÉRSTAKAR KVAÐIR UM TILKYNNINGARSKYLDU

- 1) EFTA-ríkjunum er samkvæmt reglunum skylt að tilkynna allar tillögur um aðstoð, sbr. 3. mgr. 1. gr. í bókun 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól, í hvaða formi sem er og án tillits til þess hvort eftirlitsstofnun EFTA hefur samþykkt viðkomandi aðstoðaráætlun, nema í þeim tilvikum sem aðstoðin uppfyllir skilyrði um minniháttar aðstoð<sup>(7)</sup>, ef um er að ræða beina aðstoð við:

- útpressun/yfirborðsgerð á öllum almennum tegundum trefja og garns úr pólýester, pólýamíð, akrýl eða pólýprópýlen, án tillits til lokanota þessara efna; eða

<sup>(7)</sup> Sjá 12. kafla í þessum leiðbeiningum.

<sup>(1)</sup> Hér á eftir vísað til sem leiðbeininganna um ríkisaðstoð.

<sup>(2)</sup> Stjttíð. EB nr. L 231, 3. 9. 1994, bls. 1 og EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins nr. 32, 3. 9. 1994.

<sup>(3)</sup> Stjttíð. EB nr. L 124, 23. 5. 1996, bls. 41 og EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins nr. 23, 23. 5. 1996, bls. 83.

<sup>(4)</sup> Þessi kafli samsvarar reglunum um aðstoð við gerviefnaiðnaðinn sem framkvæmdastjórn ESB samþykkti 16. janúar 1996 (Stjttíð. EB nr. C 94 frá 30. 3. 1996, bls. 11).

<sup>(5)</sup> Sjá 15. kafla í þessum leiðbeiningum.

<sup>(6)</sup> Sjá 14. kafla í þessum leiðbeiningum.

- fjölliðun (þar með talin fjölpétting) svo fremi hún sé samhæfð útpressun vegna þeirra véla sem eru notaðar; eða
  - hverskonar skylda vinnslu sem tengist samtíma uppsetningu á aðstöðu til útpressunar eða yfirborðsgerðar í fyrirtækinu sem hugsanlega á að aðstoða eða öðru fyrirtæki í samstæðunni sem það tilheyrir og sem í viðkomandi atvinnu-starfsemi er að öllu jöfnu samhæfð slíkri aðstöðu að því er varðar vélarnar sem eru notaðar.
- 2) EFTA-ríkin eru ekki skuldbundin til að tilkynna ákveðna flokka aðstoðar: aðstoð vegna starfsþjálfunar eða endurþjálfunar sem er veitt samkvæmt áætlunum sem eftirlitsstofnun EFTA hefur heimilað; og aðstoð sem er veitt samkvæmt áætlunum sem stofnunin hefur heimilað og eru annaðhvort í samræmi við reglurnar um aðstoð vegna umhverfisverndar eða reglurnar um aðstoð við rannsóknir og þróunarverkefni.
- 3) Allar tillögur um að veita aðstoð utan heimilaðrar aðstoðaráætlunar eru að sjálfsögðu háðar tilkynningar-skyldu samkvæmt 3. mgr. 1. gr. bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól.
- 4) Auk upplýsinganna sem að öllu jöfnu eru veittar þegar tillaga um aðstoð er tilkynnt eftirlitsstofnun EFTA<sup>(\*)</sup> eru EFTA-ríkin beðin um að veita eftirfarandi upplýsingar:
- fullt nafn fyrirtækisins sem getur vænst aðstoðar eins og það er skráð í viðkomandi EFTA-ríki og ef það tilheyrir fyrirtækjasamstæðu, fullt nafn samstæðunnar og ef nauðsyn krefur, lýsingu á eignarfyrirkomulagi;
  - upplýsingar um framleiðslugetu fyrirtækisins sem getur vænst aðstoðar (og/eða samstæðunnar sem það tilheyrir, ef við á), framleiðslugetu síðustu þriggja ára og framleiðslugetu eftir að það hefur ráðist í þá fjárfestingu sem fyrirhuguð aðstoð myndi styðja við (í tonnum á ári) til útpressunar og/eða yfirborðsgerðar á trefjum og garni sem fellur undir eftirlitið, magnið sem hefur verið framleitt í tengslum við útpressun og/eða yfirborðsgerð á þessum árum eða sem áætlað var að framleiða, sundurliðað eftir trefja- eða garntegundum og fjölliðuinnihaldi þeirra (í samræmi við sameinaða vöruflokkunarkerfi<sup>(\*)</sup>) og hvað varðar garn, upplýsingar um meðaldesítexu sem liggur til grundvallar útreikningnum á framleiðslugetu;
  - yfirlýsingu um tilgang fjárfestinganna sem aðstoðin myndi standa undir og lýsing á þeim og áætlunum ávinningi fyrir fyrirtækið sem getur vænst aðstoðar (og ef umrædd aðstoð myndi styrkja víðtækari áætlun innan samstæðunnar sem fyrirtækið tilheyrir skal einnig skýra frá áætlunum ávinningi samstæðunnar);

- og ef nota á aðstöðina til uppsetningar, endurskipulagningar eða aðlögunar á vélarbúnaði fyrir útpressun og/eða yfirborðsgerð, yfirlýsingu um hvort unnt sé að breyta vélarbúnaði til að framleiða mismunandi almennar vörutegundir með sama fjölliðuinnihaldi eða vörur úr ólíkum fjölliðum og ef slíkt er framkvæmanlegt, upplýsingar um kostnað vegna slíkrar aðlögunar og hversu auðvelt er að hrinda henni í framkvæmd.
- lýsingu á þeirri vöru og landfræðilegum mörkuðum sem væntanleg aðstoð myndi hafa áhrif á.

### 22.3. REGLUR UM MAT Á AÐSTOÐ

- 1) Við mat á því hvort aðstoð samkvæmt þessum reglum samrýmist EES-samningnum er fyrst og fremst tekið mið af áhrifum aðstoðarinnar á markaðina fyrir viðkomandi vörur, þ.e. trefjar eða garn sem framleitt yrði með aðstoð. Meðalnýting afkastagetu er enn ófullnægjandi í mörgum greinum og ríkisaðstoð til stuðnings framleiðslu mun almennt hafa neikvæð áhrif á samkeppni á EES-markaðinum nema þar sem er kerfislægur skortur er á framleiðslu viðkomandi vöru.
- 2) Óháð ástandinu á markaðinum fyrir hlutaðeigandi vörur og áhrifum aðstoðarinnar á þann markað kveða þessar reglur á um takmarkaða aðstoð í öllum tilvikum. Í samræmi við reglurnar um aðstoð við lítil og meðalstór fyrirtæki (LMF) eiga LMF þó möguleika á hærri styrkjum en stærri fyrirtæki. Í reglunum er einnig gert ráð fyrir að LMF fái enn meiri aðstoð ef um er að ræða stuðning til að framleiða vöru sem heyrir til nýjunga.
- 3) Samkvæmt reglunum mun eftirlitsstofnun EFTA meta í allt að þremur þrepum hvort aðstoð samrýmist EES-samningnum:
- ástandi markaða fyrir viðkomandi vörur;
  - áhrifum sem aðstoðin hefði á þá framleiðslugetu er um ræðir; og
  - með hliðsjón af útkomu fyrstu tveggja viðmiðanna og stærð fyrirtækisins, að hve miklu leyti viðkomandi vörur heyra til nýjunga.
- 4) Viðkomandi vörur eru trefjar og/eða garn sem fyrirhuguð aðstoð myndi styðja framleiðslu á og fellur undir gildissvið aðgerðanna. Í matinu mun eftirlitsstofnun EFTA skilgreina einstaka markaði fyrir slíka framleiðslu með hliðsjón af almennri trefja- eða garntegund (teppa-, iðnaðar- eða textílþráðgarn eða grunntrefjar) og fjölliðuinnihaldi (pólýamíð, pólýester, akrýl eða pólýpropýlen). Stofnunin mun einnig meta hvort viðkomandi búnaður sé breytanlegur eða ekki og hvort unnt sé með tiltölulega litlum kostnaði og á einfaldan hátt að aðlaga hann að framleiðslu á öðrum tegundum trefja og garns og þannig hafa áhrif á fleiri markaði en einn.

(\*) Sjá I. viðauka við þessar leiðbeiningar.

(\*) Stjótt. EB nr. L 241, 27. 9. 1993, bls. 1.

- 5) Við mat á ástandi markaðarins fyrir hverja hlutaðeigandi vöru - þ. e. stöðu framboðs og eftirspurnar - mun eftirlitsstofnun EFTA athuga upplýsingar sem verða að byggja á staðreyndum enn ekki á staðhæfingum, tilgátum eða fjarlægum möguleikum fyrst og fremst. Þessar upplýsingar gætu tekið til:
- árlegrar meðalnýtingar afkastagetu við framleiðslu á trefjum eða garni á síðustu tveimur árum sem ætla mætti að væri 90% ef um væri að ræða kerfislægan birgðaskort,
  - innflutningsmagns á trefjum eða garni inn á EES, framleiðslugetu og umfang neyslu innan EES, útflutnings, verðlags og söluhagnaðar á yfirstandandi ári, fyrir hvert ár síðustu þrjú ár ásamt spá um framtíðarþróun,
  - fyrir fyrirtækið sem getur vænst aðstoðar (og/eða ef við á samstæðuna sem það tilheyrir), markaðshluta fyrir trefjar eða garn á yfirstandandi ári og fyrir hvert ár síðustu þrjú ár.
- 6) Þó er þessi listi ekki tæmandi, né heldur eru einn eða fleiri þættir hans endilega afgerandi.
- 7) Viðkomandi framleiðslugeta er hagkvæm framleiðslugeta fyrirtækisins sem getur vænst aðstoðar (og/eða ef við á samstæðunnar sem það tilheyrir) til útpressunar og/eða yfirborðsgerðar viðkomandi vara. Í öllum tilvikum myndi hagkvæm framleiðslugeta taka til tímabundinnar ónýttar framleiðslugetu (framleiðsluáðstöðu sem yrði nýtt aftur við aukna sölu) en hún tekur ekki til úreltrar framleiðsluáðstöðu (aðstöðu sem var lögð niður áður en sótt var um aðstoð og eyrnamerkt til úreldingar eða ráðstöfunar utan EES).
- 8) Við mat á því hvort vara geti talist nýjung samkvæmt reglunum mun eftirlitsstofnun EFTA aftur taka mið af upplýsingum um eðli hennar og gerð og spám um þróun markaðarins fyrir þessa tilteknu vöru, hversu auðvelt væri að aðlaga viðkomandi búnað að framleiðslu staðlaðrar vöru eða annarrar vöru sem ekki telst jafn mikil nýjung og kostnaði við slíka aðlögun og um hvort varan var greinilega og verulega ólík öllum öðrum vörum eða einfaldlega afleiðing minni háttar breytinga á tæknilegum eiginleikum fyrirbyggjandi vöru.
- 9) Eftirlitsstofnun EFTA mun ef þörf krefur leita álits sérfræðinga og verða sér úti um upplýsingar t.d. til að ákvarða stöðu framboðs og eftirspurnar fyrir hlutaðeigandi vörur eða til að ákvarða hvort unnt sé að aðlaga framleiðslubúnað auðveldlega og með tiltölulega litlum kostnaði þannig að unnt sé að framleiða ólíkar vörur eða til að meta hvort varan teljist nýjung. Ennfremur mun stofnunin hefja formlega rannsókn samkvæmt 2. mgr. 1. gr. í bókun 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól ef hún eftir
- upphaflegt mat er þess fullviss að tillagan samrýmist ekki framkvæmd EES-samningsins eða telur það erfiðleikum bundið að meta hvort hægt sé yfirstíga alla erfiðleika sem felast í því að ákvarða hvort tillagan samrýmist samningnum.
- 10) Samkvæmt þessum reglum er fjárfestingaraðstoð eingöngu samþykkt:
- fyrir stærri fyrirtæki, þ.e. önnur fyrirtæki en LMF - allt að 50% af gildandi hámarksaðstoð:
  - ef aðstoðin leiðir til merkjanlegs samdráttar í viðkomandi afkastagetu; eða
  - ef markaðurinn fyrir viðkomandi vörur einkenndist af kerfislægum birgðaskorti og aðstoðin leiðir ekki til umtalsverðrar aukningar á viðkomandi afkastagetu,
  - fyrir LMF allt að 75% af gildandi hámarks-aðstoð ef markaðurinn fyrir viðkomandi vörur einkenndist af kerfislægum birgðaskorti og aðstoðin leiðir ekki til umtalsverðrar aukningar á viðkomandi afkastagetu,
  - fyrir LMF allt að 100% af gildandi hámarksaðstoð:
  - ef aðstoðin leiðir til merkjanlegs samdráttar í viðkomandi afkastagetu; eða
  - ef markaðurinn fyrir viðkomandi vörur einkenndist af kerfislægum birgðaskorti og aðstoðin leiðir ekki til umtalsverðrar aukningar á viðkomandi afkastagetu og viðkomandi vörur teldust til nýjunga,
- 11) Hvað varðar tillögur um að veita svæðisbundna fjárfestingaraðstoð samkvæmt áætlunum sem eftirlitsstofnun EFTA heimilar er gildandi hámarksaðstoð sú sem umrædd áætlun kveður á um. Hvað varðar tillögur um að veita svæðisbundna fjárfestingaraðstoð utan gildissviðs heimilaðra áætlana og sem heyra ekki undir gildissvið reglnanna um aðstoð til björgunar og endurskipulagningar fyrirtækja sem eiga í erfiðleikum<sup>(10)</sup> er gildandi hámarksaðstoð sú sama og fyrir viðkomandi svæði.
- 12) Við mat á því hvort breyting á framleiðslugetu sé umtalsverð með hliðsjón af reglunum mun eftirlitsstofnun EFTA taka mið af raunverulegum upplýsingum sem gætu tekið til:
- hvað varðar fyrirtækið sem vænst getur aðstoðar (og þar sem aðstoðin myndi stuðla að viðtækari áætlun innan samstæðunnar sem það tilheyrir, fyrir samstæðuna einnig):



- fyrirleggjandi framleiðslugetu, framleiðslu-getu á hverju ári síðustu þrjú ár og framleiðslugetu í kjölfar fjárfestinga sem fyrirhuguð aðstoð myndi styðja við (í tonnum á ári) til útpressunar og/ eða yfirborðsgerðar á hverri viðkomandi vöru og raunverulegt magn útpressunar- eða yfirborðsgerðarefnis sem framleitt hefur verið eða búist er við að verði framleitt á þessum árum,
  - markaðshlutdeildar hvernar viðkomandi vöru á yfirstandandi ári, á hverju ári næstliðin þrjú ár og væntanlegrar þróunar í framtíðinni,
  - stærðar, þ.e. hvort um er að ræða LMF eða stærra fyrirtæki, og
  - hagkvæmni fyrirtækisins.
- árlegrar meðalnýtingar afkastagetu vegna framleiðslu á hverri viðkomandi vöru á síðustu tveimur árum,

- væntanlegra áhrifa aðstoðarinnar á viðkomandi svæði hvað varðar kerfislæga erfiðleika á svæðinu.

13. En, á sama hátt og við greininguna á markaðsástandi fyrir viðkomandi vörur er þessi listi ekki tæmandi, né heldur eru einn eða fleiri þættir hans endilega afgerandi.

#### 22.4. EFTIRLIT FRAMKVÆMT EFTIR Á

- 1) Fjárfestingar sem hrundið er í framkvæmd með heimilaðri aðstoð að upphæð 12 50 MECU munu verða háðar sérstöku eftiráeftirliti til að staðfesta að skilyrðum fyrir samþykki hafi verið fullnægt.

#### 22.5. TÍMAMÖRK

- 1) Framangreindar reglur taka gildi 1. apríl 1996 og gilda í þrjú ár. Meginreglan er að þær falla úr gildi eigi síðar en sex mánuðum eftir dagsetninguna sem áformaðar altækar leiðbeiningar um ríkisaðstoð til stuðnings stórum fjárfestingum ganga í gildi.“

(<sup>10</sup>) Sjá 16. kafla í þessum leiðbeiningum.

**Birting á ákvörðunum aðildarríkjanna um að veita eða  
afturkalla flugrekstrarleyfi samkvæmt 4. mgr. 13. gr. reglugerðar  
nr. 2407/92 um flugrekstrarleyfi til handa flugfélögum<sup>(1)</sup>**

96/EES/25/20

NOREGUR:

**Veiting flugrekstrarleyfa**

*A-flokkur: Flugrekstrarleyfi án takmarkananna sem um getur í a-lið 7. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 2407/92*

Heiti flugfélags	Heimilisfang flugfélags	Hefur heimild til að flytja	Ákvörðun í gildi frá
Helikopter Service AS	Postboks 522 4055 Stavanger Lufthavn	farþega, póst, farm	21.2.1996
Luftrtransport AS <sup>(2)</sup>	Postboks 2500 9002 Tromso	farþega, póst, farm	1.3.1996

*B-flokkur: Flugrekstrarleyfi með takmörkununum sem um getur í a-lið 7. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 2407/92*

Heiti flugfélags	Heimilisfang flugfélags	Hefur heimild til að flytja	Ákvörðun í gildi frá
Kato Air AS	Postboks 5544 9401 Harstad	farþega, póst, farm	21.2.1996
Lofotfly AS	Postboks 45 8301 Svolveær	farþega, póst, farm	7.8.1995

**Afturköllun flugrekstrarleyfis**

*A-flokkur: Flugrekstrarleyfi með takmörkununum sem um getur í a-lið 7. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 2407/92*

Heiti flugfélags	Póstfang flugfélags	Ákvörðun í gildi frá
Helikopter Service AS	Postboks 522 4055 Stavanger Lufthavn	21.2.1996
AS Luftrtransport	Postboks 2500 9002 Tromso	31.8.1995
AS Morefly	Postboks 2500 9002 Tromso	1.3.1996

*B-flokkur: Flugrekstrarleyfi með takmörkununum sem um getur í a-lið 7. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 2407/92*

Heiti flugfélags	Póstfang flugfélags	Ákvörðun í gildi frá
Air Team AS	Postboks 35 1330 Oslo Lufthavn	16.2.1996

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. L 240, 24. 8. 1992, bls. 1.

**Orðsending frá Konungsríkinu Noregi samkvæmt gerðinni 96/EES/25/21  
sem um getur í 12. lið IV. viðauka við EES-samninginn um skilyrði  
fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna  
kolvatnsefni<sup>(1)</sup>**

Rétt yfirvald samkvæmt 10. gr. tilskipunar 94/22/EB sem hefur umsjón með veitingu, eftirliti og notkun framleiðsluleyfa á norska landgrunninu, og löggjöf þar að lútandi, er

Nærings- og energidepartementet  
Postboks 8148 Dep  
0033 OSLO  
Norge

Rétt yfirvald sem hefur umsjón með öryggi og vinnuumhverfi, og löggjöf þar að lútandi, er:

Kommunal- og arbeidsdepartementet  
Postboks 8112 Dep  
0032 OSLO  
Norge

**Orðsending frá eftirlitsstofnun EFTA**

**96/EES/25/22**

Eftirlitsstofnun EFTA tilkynnir að samkvæmt 2. og 3. mgr. 4. gr. gerðarinnar sem um getur í lið 1b í XV. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið (tilskipun ráðsins um aðstoð til skipasmíða (90/684/EBE) hafi hún ákveðið að fastsetja sameiginlegu hámarksviðmiðunina vegna rekstraraðstoðar til skipasmíða, sem um getur í 1. mgr. 4. gr. og 1. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar, við 9% fyrir tímabilið frá 1. janúar 1996 þar til 1. til 9. gr. reglugerðar ráðsins 3094/95 öðlast gildi í bandalaginu, en í síðasta lagi til 1. október 1996.

Með hliðsjón af annarri undirgrein 2. mgr. 4. gr. tilskipunarinnar var á sama tíma ákveðið að fastsetja leyfilega hámarksviðmiðun vegna smíði lítilla skipa við 4,5 % ef samningsupphæðin er andvirði 10 milljóna ECU eða minna og vegna skipabreytinga sem tilskipunin tekur til, nema ef um er að ræða smíði grískra skipa sem á að nota innanlands.

<sup>(1)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB frá 30. maí 1994. Stjtið. EB nr. L 164, 30. 6. 1994, bls. 3 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 25, 8. 7. 1995, bls. 2.

## EFTA-DÓMSTÓLLINN

**Beiðni um ráðgefandi álit frá héraðsréttinum í Inderøy 96/EES/25/23**  
**samkvæmt úrskurði þess dómstóls frá 11. mars 1996 í máli Jørn Ulstein**  
**og Per Otto Røiseng gegn Asbjørn Møller**

**(Mál E -2/96)**

Beiðni hefur verið send EFTA-dómstólnum samkvæmt úrskurði frá 11. mars 1996 frá héraðsréttinum í Inderøy, Noregi, sem barst skrifstofu hans þann 29. mars 1996, um ráðgefandi álit í máli Jørn Ulstein og Per Otto Røiseng gegn Asbjørn Møller, að því er varðar eftirfarandi spurningar:

1. Ber að túlka tilskipun ráðsins 77/187/EBE á þann hátt að orðin „eigendaskipti að fyrirtækjum, atvinnurekstri eða hluta atvinnurekstrar” nái eingöngu yfir þau tilvik þegar um er að ræða einhverskonar samning milli framseljanda og framsalshafa?
2. Ber að túlka téða tilskipun ráðsins á þann hátt að tilvitnuð orð í 1. lið feli í sér að framsalshafi verði að taka yfir eignir eða lausafé framseljanda?
3. Hefur það einhver áhrif á túlkun téðrar tilskipunar ráðsins ef einhverjir, en ekki allir starfsmenn framseljanda fá vinnu hjá framsalshafa - og ef svo er hvaða áhrif?
4. Hefur það einhver áhrif á túlkun téðrar tilskipunar ef verkefni, sem lokið skal innan ákveðins frests, er úthlutað samkvæmt útboðsreglum - og ef svo er hvaða áhrif?

# EB-STOFNANIR

## FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

### Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram (Mál nr. IV/M.709 - Telefónica/Sogecable/Cablevisión)

**96/EES/25/24**

1. Framkvæmdastjórninni barst 31. 5. 1996 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup> þar sem fyrirtækin Telefónica de España (Telefónica) og Sogecable SA (áður kallað Sociedad de Televisión Canal Plus SA), þar sem tveir stærstu hluthafarnir eru Promotora de Informaciones SA og Canal+ SA, öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins sameiginleg yfirlit yfir fyrirtækinu Cablevisión með samningi.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Telefónica: Smíði og rekstur fjarskiptaneta og fjarskiptaþjónusta,
  - Sogecable: Áskriftarsjónvarp um jörð og gervihnetti,
  - Cablevisión: Tækniþjónusta, svo og þjónusta í tengslum við stjórnun og viðskipti við kapalfyrirtæki.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjóð. EB nr. C 167, 11. 6. 1996. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01/296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.709 - Telefónica/Sogecable/Cablevisión, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Directorate B-Merger Task Force  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1049 Brussels

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

**Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram  
(Mál nr. IV/M.719 - Röhm/Rohm and Haas)****96/EES/25/25**

1. Framkvæmdastjórninni barst 24. 5. 1996 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup> þar sem fyrirtækin Röhm GmbH Chemische Fabrik (Röhm) undir yfirlýðingum Hüls AG, sem tilheyrir VEBA-samstæðunni, og Rohm and Haas Company (Rohm and Haas) öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins sameiginleg yfirlýðing yfir fyrirtæki sem fyrirhugað er að koma á fót undir heitinu RohMax Additives GmbH (RohMax).
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Röhm: Metakrýlefnafæði, smurolúíblöndunarefni,
  - Hüls: Kemísk grunnefni, fjölliður, sérhæfð kemísk efni, skilvirk kemísk efni, metakrýlefnafæði og rafeindaefni,
  - VEBA: Rafmagn, kemísk efni, olía, viðskipti, flutningar, fjarskipti og þjónusta,
  - Rohm and Haas: Fjölliður, skilvirk kemísk efni, plastefni, smurolúíblöndunarefni og kemísk efni til notkunar í landbúnaði,
  - RohMax: Smurolúíblöndunarefni.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjttíð. EB nr. C 162, 6. 6. 1996. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01/296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.719 - Röhm/Rohm and Haas, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Directorate B-Merger Task Force  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1049 Brussels

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjttíð. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

**Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram  
(Mál nr. IV/M.735 - BPB/Isover)**

96/EES/25/26

1. Framkvæmdastjórninni barst 31. 5. 1996 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(2)</sup> þar sem fyrirtækið Glasuld A/S undir yfirlýðum fyrirtækjasamstæðunnar Saint-Gobain öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins sameiginleg yfirlýðing yfir fyrirtækinu Gyproc Insulation Limited (GIL), sem er enskt dótturfyrirtæki BPB Industries plc (BPB) og Moy Insulation Limited (Moy), sem er írskt dótturfyrirtæki BPB, með hlutabréfakaupum.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Glasuld A/S: Framleiðsla og sala á glerull,
  - GIL: Framleiðsla og sala á steinull til einangrunar á húsum og iðnaðarvirkjum,
  - Moy: Framleiðsla og sala á steinull til einangrunar á húsum og iðnaðarvirkjum, og mottuvefnum,
  - BPB: Eignarhaldsfélag fyrir samstæðu fyrirtækja með hagsmuni víða um heim, einkum með gífsvörur, önnur byggingarefni, pappír og pappa.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjtið. EB nr. C 165, 8. 6. 1996. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01/296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.735 - BPB/Isover, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Directorate B-Merger Task Force  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1049 Brussels

(<sup>2</sup>) Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

**Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram  
(Mál nr. IV/M.745 - Bayernwerk/Gaz de France)**

**96/EES/25/27**

1. Framkvæmdastjórninni barst 30. 5. 1996 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(2)</sup> þar sem fyrirtækið Bayernwerk AG, München (D), undir yferráðum VIAG-samstæðunnar, öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins sameiginleg yferráð yfir Erdöl-Erdgas Gommern GmbH (EEG), Gommern (D), með hlutabréfakaupum. Hinn hluthafinn í EEG er Gaz de France Deutschland GmbH, Berlin (D), sem tilheyrir samstæðunni Gaz de France.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Bayernwerk AG: Orkuveita (rafmagn, gas), geymsla á jarðgasi, umbreyting á jarðgasi í orku, endurvinnsla og umhverfistækni,
  - Gaz de France Deutschland GmbH: Orkuveita, flutningur á fljótandi gasi, umbreyting á jarðgasi í orku og geymsla á jarðgasi.
  - Erdöl-Erdgas Gommern GmbH: Vinnsla, meðhöndlun og sala á olú og jarðgasi, leit og nýting á olú- og jarðgasslindum, geymsla á jarðgasi, umbreyting á jarðgasi í orku.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjttíð. EB nr. C 165, 8. 6. 1996. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01/296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.745 - Bayernwerk/Gaz de France, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Directorate B-Merger Task Force  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1049 Brussels

(<sup>2</sup>) Stjttíð. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjttíð. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.



**Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram  
(Mál nr. IV/M.764- St-Gobain/Poliet)**

96/EES/25/28

1. Framkvæmdastjórninni barst 3. 6. 1996 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup> þar sem fyrirtækið Compagnie de Saint-Gobain, öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins heildaryfirráð yfir fyrirtækinu Poliet SA, sem heyrir undir Paribas-samstæðuna, með hlutabréfakaupum.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Compagnie de Saint-Gobain: Framleiðsla og sala á m.a. byggingarefni, einangrunarvörum, umbúðavörum, rorum, glervörum og slípiefnum,
  - Poliet SA: Framleiðsla, dreifing og sala á byggingarefnum.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjtið. EB nr. C 168, 12. 6. 1996. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01/296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.764- St-Gobain/Poliet, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Directorate B-Merger Task Force  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1049 Brussels

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.